**FANNEY KRISTJÁNSDÓTTIR**

*Áhrifarík meðferð við ýmsum kvillum*

nám bílar ferðir börn

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS





**IÐNAÐARBLAÐIÐ**

*Raunveruleikinn vísindaskáldskap líkastur*

Sérblað um iðnað og iðnnám

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG





BLÁTT ÁFRAM

**Yfirstígum óttann**

Ráðstefna á vegum Blátt áfram um kynferðisofbeldi gegn börnum verður haldin 4. maí í Kennaraháskólanum.

Skráning á ráðstefnuna: www.blattafram.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. maí 2006 — 117. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## Auðvæðing kosningabaráttu?



„Við lifum á tímum heimsvæðingarinnar í viðskiptum," minnir Ólafur Hannibalsson á „og höfum séð hvernig alþjóðleg risafyrirtæki hafa teygt anga sína inn á öll svið mannlegrar tilveru og þá ekki síst stjórnmálanna."

Í DAG 20

## Ungskáld á uppleið

Hilmir Hrafn Hilmarsson semur ljóð á bæði íslensku og ensku og birtir þau á heimasíðu sinni.

FÓLK 46

## Íslenskir fjárfestar kepptu í London



Pamela Anderson í þotuliðinu sem flýgur með Icelandair á Gumball 3000.

FÓLK 46

## Arnór og Kenyon hittust



Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen, ræddi við Peter Kenyon, stjórnarformann Chelsea, á fundi í London í gær. Umræðuefnið var staða Eiðs Smára hjá félaginu.

ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG




**VINDASAMT Í DAG** verður austan eða suðaustan strekkingur eða allhvasst. Rigning eða skúrir víða um land fyrir hádegi en styttir upp norðan til nálægt hádegi. Annars áfram skúrir. Hiti 5-13 stig.

VEÐUR 4

# Undirskrift þriggja ráðherra véfengd

**Ríkisendurskoðandi skilar fjárlaganefnd nýrri álitsgerð þar sem gagnrýnd er heimild stjórnvalda til fjárskuldbindinga við smíði tónlistarhússins. Aðeins Alþingi getur samþykkt slíkar skuldbindingar, segir Einar Oddur Kristjánsson.**

**TÓNLISTARHÚS** Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi gengur á fund fjárlaganefndar Alþingis í dag og skilar henni álitsgerð um heimild fjármálaráðherra á fjárlögum til þess að greiða umsaminn hlut ríkisins í tónlistarhúsinu sem rísa á við austurhöfnina í Reykjavík.

Eftir því sem næst verður komist telur ríkisendurskoðandi meinbugi á því að gefa út heimild af slíkum toga án samþykkis Alþingis.

Einar Oddur Kristjánsson, varaformaður fjárlaganefndar, gagnrýndi skuldbindingar ríkisins ákaft við undirbúning og afgreiðslu fjárlaga. Taldi hann óheimilt samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins að skuldbinda ríkissjóð fyrir milljarða króna mörg ár fram í tímann.

Heimildin var sett á fjárlög í tengslum við samning ríkisins, Reykjavíkurborgar og Austurhafnar TR um byggingu tónlistarhúss við Reykjavíkurhöfn, en þar eru hafnar undirbúningsframkvæmdir.

Í sjöttu grein fjárlaga er fjármálaráðherra heimilað að greiða hlut ríkisins á grundvelli áðurgreinds samnings.

„Ég þykist vita að ríkisendurskoðandi staðfesti allt sem ég hef verið að segja," sagði Einar Oddur í samtali við Fréttablaðið í gær.

Í umræðum á Alþingi í október gagnrýndi Einar Oddur heimild fjármálaráðherra.

„Ég skal taka það fram hér, að fjármögnun þessa húss og þátttaka ríkisins í þeirri fjármögnun, hvort sem það er 45 prósent eða 55 prósent, hversu margir milljarðar sem það eru, getur aldrei haft gildi nema flutt sé um það lagafrumvarp, sérstök lög um þetta tónlistarhús. Skuldbinding ríkisins hefur ekkert gildi fyrr en Alþingi hefur samþykkt hana."

Stofnkostnaður við gerð tónlistar- og ráðstefnuhúss er áætlaður um 12,5 milljarðar króna og er þá ótalin smíði hótels í tengslum við bygginguna.

Samningur milli Portus-hópsins, sem átti vænlegasta tilboðið í tónlistarhúsið, og Austurhafnar-TR, framkvæmdafélags í eigu ríkis og borgar um byggingu tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar, var undirritaður í mars í fyrra, meðal annars af menntamálaráðherra, samgönguráðherra og fjármálaráðherra. **- jh**



**HELGUR MAÐUR Í NEPAL** Í Katmandú-dalnum í Nepal stendur Bodnath-stúpan, ein af mikilvægustu byggingum búddista þar í landi. Þessi helgi maður færði í gær fórnir við altari í stúpunni. Um þessar mundir vinna 250 sjálfboðaliðar og munkar að því að gera við rifur á stúpunni, sem er frá 14. öld. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**SILVÍA VIÐ MYNDBANDSGERÐ** Heimsækir Norðurlöndin, Litháen og Bretland á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Silvía Night gerir víðreist:

## Heimsækir keppnislöndin

**EUROVISION** Silvía Night heldur af landi brott í dag til að kynna Eurovision-lagið sitt, Congratulations. „Þegar fólk vissi að ég ætlaði að keppa í Eurovision varð það svo yfirfullt af eftirvæntingu. Það getur ekki beðið svo ég ákvað að fara út og minnka spennuna svolítið," sagði Silvía fyrir ferðina í gær.

Silvía heimsækir á næstu dögum Danmörku, Svíþjóð, Finnland, Litháen, Írland og Bretland. „Enginn skákar mér í Eurovision, því enginn keppendanna er góður, eða ætti ég frekar að segja að ég er bara svo djöfull góð," sagði Silvía Night á ensku því hún er hætt að tala íslensku: „Ég er bara guðleg vera sem tala tungumálið sem fólk talar í kringum mig." **- gag**

Yfirmaður utanríkismála ESB:

## Veit ekkert um fangaflug CIA

**EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP** Javier Solana, yfirmaður utanríkismála Evrópusambandsins, sagðist í gær ekki hafa neinar upplýsingar um að bandaríska leyniþjónustan CIA hefði stundað leyniflug með fanga til Evrópulanda né heldur að bandarískir leyniþjónustumenn hefðu stundað pyntingar á grunuðum hryðjuverkamönnum í evrópskum fangelsum.



**JAVIER SOLANA**

Þetta sagði hann á fundi með rannsóknarnefnd Evrópuþingsins, sem er að fara ofan í saumana á þessu máli. Nokkrir þingmenn sökuðu Solana um að víkja sér undan því að svara spurningum rannsóknarnefndarmanna. **- gb**

Berlusconi forsætisráðherra Ítalíu viðurkennir ósigur sinn og segir af sér:

# Viss um að sín verði saknað

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi gekk í gær á fund Carlos Azeglios Ciampis, forseta Ítalíu, og sagði af sér forsætisráðherraembættinu. Berlusconi hefur vikum saman neitað að viðurkenna ósigur sinn í þingkosningunum, sem haldnar voru 9. og 10. apríl.

„Þau eiga eftir að sakna mín," sagði hann stuttu áður en hann gekk á fund Ciampis, en eftir fundinn var hann kokhraustur og lofaði harðri stjórnarandstöðu. „Ég er ekkert að gefast upp," sagði Berlusconi.

„Lýðræðið heldur áfram, stundum hægt, en það gerist," sagði Romano Prodi, leiðtogi vinstrimanna, og fagnaði um leið ákvörðun Berlusconis.



**BERLUSCONI OG CIAMPI** Silvio Berlusconi hitti forseta Ítalíu, Carlo Azeglio Ciampi, í Rómarborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki var samt ljóst í gær hvort Ciampi forseti myndi veita Prodi stjórnarmyndunarumboð. Kjörtímabil Ciampis í forsetaembættinu rennur út 18. maí og hann hefur áður sagt að hann vilji láta arftaka sínum í forsetaembættinu það eftir að veita næsta stjórnarmyndunarumboð.

„Ég vona að þetta pólitíska tómarúm standi ekki lengi yfir," sagði Prodi og gerir sér vonir um að Ciampi muni snúast hugur. „Ég er reiðubúinn að taka við embætti en ég hef ekki nefnt nákvæma dagsetningu við Ciampi forseta hvenær ég vil taka við." **- gb**

Eignir bankanna aukast mikið:

## Hækkuðu um 1.330 milljarða

**VIÐSKIPTI** Eignir viðskiptabankanna þriggja og Straums eru komnar yfir 7.000 milljarða króna sem nemur sjöfaldri landsframleiðslu. Uxu þær um 1.330 milljarða á fyrsta ársfjórðungi þessa árs en til samanburðar voru hreinar eignir lífeyrissjóðanna 1.200 milljarðar um áramótin.

Þessi mikla aukning á fyrsta ársfjórðungi er fyrst og fremst rakin til gengislækkunar krónunnar en hún hefur valdið því að erlendar eignir og skuldir fyrirtækja hafa hækkað. Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, telur að þróunin verði sú sama á öðrum ársfjórðungi, enda hafi krónan lækkað áfram að undanförnu. **- eþa / Sjá Markaðinn**


**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG






## SPURNING DAGSINS?

*Páll, eiga landsmenn að fá afnot af afnotagjöldunum?*

Þeir fá afnot af þeim á hverju kvöldi.

Hugsanlegt er að Ríkisútvarpinu verði gert að endurgreiða hluta afnotagjalda ef Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að RÚV hafi þegið ólöglega ríkisaðstoð á árunum 1997 til 2005. Páll Magnússon er útvarpsstjóri.

Fjármálaráðherra lagði fram nýtt lagafrumvarp í gær:

# Olíugjaldið mun ekki hækka

**OLÍUVERÐ** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra lagði fram frumvarp til breytinga á lögum um olíugjald í gær þar sem lagt er til að tímabundin lækkun olíugjalds verði framlengd í hálft ár, eða til 31. desember 2006. „Ég held að það sé ekki skynsamlegt fyrir okkur að gera ráðstafanir sjálf til að hækka verð á eldsneyti,“ segir Árni en jafnframt að ekki séu forsendur til að skoða frekari lækkanir núna.

Samkvæmt lögum um olíugjald frá 2004 skal olíugjald vera 45 krónur á hvern lítra. Á þessu ákvæði laganna var gerð sú breyting í júlí 2005 að gjaldið var lækkað í 41 krónu í sex mánuði og voru aðstæður á mörkuðum ástæðan. Þessi lækkun var síðar framlengd til 1. júlí 2006.



**Á KEYRSLU** Vegna eldsneytishækkana er 700 þúsund krónum dýrara að keyra flutningabíl 100 þúsund kílómetra í dag en það var fyrir ári.

„Ef við horfum á tímabilið frá því að olíugjaldið var sett á árið 2005 og til dagsins í dag þá hefur rekstur á meðalstórum flutningabíl hækkað um sjö krónur á hvern ekinn kílómetra,“ segir Tryggvi Þór Ágústsson, forstöðumaður flutningasviðs Samtaka verslunar og þjónustu.

Hann telur að slíkur bíll aki um hundrað þúsund kílómetra á ári svo aukinn kostnaður vegna olíuverðshækkana er sjö hundruð þúsund krónur á hvern flutningabíl á einu ári. Þessi kostnaður getur hækkað um fjögur hundruð þúsund krónur á ári á hvern bíl ef tímabundin lækkun olíugjalds væri ekki framlengd. **- shá**

ESB-tilskipun um lífeyrissjóði:

# Fresturinn er útrunninn

**LÍFEYRISSJÓÐIR** Íslendingar og Norðmenn hafa ekki innleitt tilskipun um lífeyrissjóði frá ESB þó að frestur til þess hafi runnið út í lok september. Norðmenn hafa óskað eftir meiri tíma til að innleiða tilskipunina. Tilskipunin snýr ekki að sjóðum með skyldubundna aðild.

Maríanna Jónasdóttir, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, segir að tilskipunin breyti litlu fyrir Íslendinga þar sem hún snúi fyrst og fremst að starfstengdum lífeyrissjóðum þar sem atvinnurekendur og launþegar hafi sjálfviljugir gert samninga um lífeyristryggingar. **- ghs**

Réttarhöld í Dettifossmálinu:

# Ákærður á ný

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli Tryggva Lárussonar, sem hlaut sex ára fangelsi fyrir þátt sinn í innflutningi á tæplega átta kílóum af amfetamíni í fyrra, hefst 18. maí.

Tryggvi, sem hefur verið í gæsluvarðhaldi í fimmtán mánuði, var ákærður að nýju þar sem það þótti ekki afdráttarlaust í dómi héraðsdóms að Tryggvi hefði verið í Hollandi á þeim tíma sem fíkniefnin voru keypt þar.

Tryggvi hefur haldið því fram að hann hafi verið á Hróarskelduhátíðinni í Danmörku á þeim tíma sem fíkniefnin voru keypt í Hollandi. **- mh**



**KELDUR** Sýni úr fuglahræjum og fuglasaur bárust til landsins í gær.

Yfirdýralæknir um fuglaflensu:

# Yfir hundrað sýni neikvæð

**FUGLAFLENSA** Niðurstöður úr rannsókn á rúmlega 100 sýnum úr fuglahræjum og fuglasaur sem send voru utan nýlega bárust síðdegis í gær. Þau reyndust öll neikvæð, að sögn Halldórs Runólfssonar yfirdýralæknis.

Hátt á annað hundrað sýni hafa verið send utan og hafa þau öll reynst neikvæð. Spurður hvort menn væru ekki orðnir bjartsýnir á að fuglaflensan kæmi ekki hingað til lands kvað yfirdýralæknir erfitt að fullyrða um slíkt. Hún hefði ekki fundist í Bretlandi eða Noregi og það væru góð tíðindi. Vissulega yrðu menn vonbetri með hverjum deginum sem liði, en of snemmt væri að fullyrða neitt. **-jss**

# Þúsundir heimila missa vaxtabætur

**Hækkun fasteignaverðs og fasteignamats þurrkar út tugi og hundruð þúsunda króna vaxtabætur hjá þúsundum heimila. Pétur H. Blöndal, Sjálfstæðisflokki, segir að þingið hefði mátt vera á varðbergi. Stjórnarandstæðingar gagnrýna stjórnvöld hart.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstæðingar veittust hart að ríkisstjórninni á þingi í gær fyrir skerðingu vaxtabóta enda kæmi hún heimilum og ekki síst efnaminna fólki sérlega illa með aukinni greiðslubyrði samfara verðlagshækkunum.

Þetta kom fram í umræðum um breytingar á tekjuskatti fyrirtækja sem fjármálaráðherra mælti fyrir í gær, en það miðar að sveiflujöfnun við útreikninga á tekjuskatti af gengishagnaði.

Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að vaxtalækkun banka á húsnæðismarkaði gerði meira en að vega upp það sem fjölskyldur töpuðu með skerðingu vaxtabóta. „Auðvitað áttu þingmenn að vera vakandi yfir því þegar fasteignaverð hækkaði svona mikið og hækka mörkin í vaxtabótakerfinu gagnvart eignum.“

Atli Gíslason, vinstri grænum sagði að almenningi bráðlægi á leiðréttingu vegna sveiflna. Hækkun fasteignamats og verðhækkun á fasteignum hefði leitt til skerðingar á vaxtabótum sem lýsa mætti sem tifandi tímasprengju.

Hann tók dæmi af einstaklingum sem hann liðsinnti við skattframtöl. Skerðingin yrði umtalsverð þegar álagningarseðlar bærust í sumar. „Það setur fjárhagsáætlanir þeirra og íbúðakaup í uppnám,“ sagði Atli og spurði hvers vegna ekki hefði verið séð fyrir því að skerða ekki vaxtabæturnar.

Atli tilfærði dæmi af einstæðri móður með tvö börn sem fengið hefði fullar vaxtabætur, samtals 207 þúsund krónur árið 2005.



**HÆKKUN FASTEIGNAVERÐS** Veruleg hækkun fasteignaverðs útilokar að óbreyttu þúsundir einstaklinga frá vaxtabótum og rýrir kjör sem því nemur.

Skuldir og vaxtagjöld hennar nú væru nánast þau sömu en fasteignamat hefði hækkað um 4,1 milljón króna milli ára. Við þetta hefði, með einu pennastriki, verð á eignum hennar hækkað með þeim afleiðingum að hún fengi ekki neinar bætur nú. Annað dæmi hafði Atli af tæplega fimmtugum manni sem fékk liðlega 150 þúsund króna vaxtabætur í fyrra en fengi engar í ár vegna hækkunar á eignum.

„Hér er atvinnulífinu komið til hjálpar sem er dæmigert fyrir ríkisstjórnina. Hagstjórnin nær til þess,“ sagði Atli.



**PÉTUR H. BLÖNDAL**



**ATLI GÍSLASON**

Margir stjórnarandstæðingar tóku í sama streng og töldu ekkert síður auðvelt að koma til móts við heimilin í landinu eins og fyrirtækin líkt og gera ætti í frumvarpi fjármálaráðherra. **johannh@frettabladid.is**



**BIFREIÐIN VALT** Sautján ára ökumaður og jafnaldar hans sluppu vel þegar bifreiðin valt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Bílslys á Suðurlandsvegi:

# Fimm sluppu vel úr veltu

**LÖGREGLA** Stúlka með tveggja mánaða ökuleyfi velti jeppa er hún beygði af Suðurlandsbraut yfir á Vesturlandsveg til vesturs í gær.

Fjórir jafnaldrar stúlkunnar voru í bílnum en enginn slasaðist alvarlega.

Stúlkan fékk skurð á handlegg og hnykk á háls. Einn farþeganna kenndi eymsla í hné og fékk hnykk á háls. Hinir fengu skrámur. Gert var að sárum þeirra á slysadeild.

Lögreglan í Reykjavík rannsakar orsök veltunnar, en allir voru allsgáðir í bifreiðinni. **- gag**

## NOREGUR

**Bush hittir ekki Stoltenberg** Hvíta húsið hefur sent forsætisráðherra Noregs, Jens Stoltenberg, tilkynningu þess efnis að forsetinn sé of upptekinn næstu mánuðina til að hitta forsætisráðherrann. Telja norskir ráðamenn líklegra að ástæðan liggi í ákvörðun Stoltenbergs um að draga norska hermenn heim frá Írak, frekar en annríki Bandaríkjaforseta.

## HÉRAÐSDÓMUR

**Dæmdur fyrir ölvun og glæfraakstur** Þrjátíu og fimm ára gamall maður missir ökuréttindi sín í fimm mánuði fyrir glæfraakstur. Lögreglan handtók manninn eftir að hafa mælt hann á 132 kílómetra hraða. Maðurinn reyndist ölvaður. Honum er gert að greiða 90 þúsund krónur í sekt á næstu fjórum vikum, ella sitja inni í átta daga.




Gustssvæðið verður nýtt undir verslunar- og þjónustuhúsnæði:

# Vinna við skipulag að hefjast

**SKIPULAGSMÁL** Svæði það sem hestamannafélagið Gustur hefur nú undir hesthúsabyggð sína mun fara undir verslunar- og þjónustuhúsnæði, að sögn Gunnars I. Birgissonar, bæjarstjóra í Kópavogi.

„Það er að hefjast vinna við drög að skipulagi á þessu svæði,“ segir Gunnar. „Við verðum að hafa það á hreinu til að geta reiknað dæmið rétt út. Við vitum ekki ennþá hversu mikið rúmast af byggð á því, en það verður alltént það mikið að það kemur rétt út úr dæminu fyrir Kópavogsbæ.“

Spurður um hver staðan væri á eignarhaldi lóða sem á stæðu hús er „uppkaupsmenn“ hefðu keypt á sínum tíma segir Gunnar að Gustur hefði gert samkomulag við „uppkaupsmennina“ um að neyta forkaupsréttar á þeim 40 prósentum húsa í hverfinu sem þeir hefðu keypt. Forráðamenn félagsins hefðu síðan leitað til bæjarins um samvinnu í þessu máli.

Gunnar segir enn fremur að verið sé að skipuleggja nýtt svæði fyrir Gust á Kjóavöllum. Áætlað sé að ljúka því í sumar. Þá sé hægt að byrja að byggja þar á þessu ári, þannig að Gustsfélagar flytji 2007-2008.

Áætlað sé að hefja byggingaframkvæmdir á núverandi svæði um leið og hægt er. **- jss**



**GUNNAR I. BIRGISSON** Bæjarstjórinn í Kópavogi með tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. Hann segir Gust fá landsvæði á Kjóavölllum og skipulagning þess sé hafin.

*Íslenska ánægjuvogin*




# Ánægjan hvergi meiri!

Þegar IMG Gallup kannaði ánægju viðskiptavina banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni árið 2005 kom í ljós að ánægjan er mest með SPRON. Komdu í hóp ánægðustu viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu.

**Skiptu við SPRON!**




**Ánægjuvog banka og sparisjóða**
– einungis íbúar höfuðborgarsvæðisins 2005

spron
*– frelsi í bankaviðskiptum*

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 02.05.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 73,47 | 73,83 |
| Sterlingspund | 134,86 | 135,52 |
| Evra | 92,89 | 93,41 |
| Dönsk króna | 12,455 | 12,527 |
| Norsk króna | 11,945 | 12,015 |
| Sænsk króna | 9,98 | 10,038 |
| Japanskt jen | 0,6471 | 0,6509 |
| SDR | 108,57 | 109,21 |

*Gengisvísitala krónunnar*
128,8522

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sviptingar í bæjarmálunum í Ísafjarðarbæ samkvæmt könnun NFS:

# Hreinn meirihluti Í-listans

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR** Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er fallinn samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir NFS á fylgi flokka í Ísafjarðarbæ. Nýtt framboð Í-lista nær hreinum meirihluta og fengi fimm bæjarfulltrúa kjörna. Níu fulltrúar sitja í bæjarstjórn.

Í-listinn samanstendur af Samfylkingunni, Vinstrihreyfingunni - grænt framboð, Frjálslynda flokknum og óháðum. Samanlagt náðu þessir þrír flokkar 42,8 prósentum í sveitarstjórnarkosningunum árið 2002 og mælist Í-listinn með 52,1 prósent nú.

Báðir meirihlutaflokkarnir tapa fylgi frá seinustu kosningum. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með fjögur prósentum minna fylgi og fengi nú þrjá bæjarfulltrúa. Framsóknarflokkurinn tapar þremur og hálfu prósenti og næði einum manni inn.

Sigurður Pétursson, oddviti Í-lista, segir öflugan valkost kominn fram við þá flokka sem hafa stjórnað seinustu tíu árin. „Þetta er samhentur hópur af öflugu fólki með skýra stefnu. Hér hefur ríkt stöðnun og hægt að gera mun betur.“

Úrtakið var 600 manns og svarhlutfall 68 prósent. - sdg




Fuglaflensan:

## Sumir hunsa reglugerðina

**FUGLAFLENSA** Dæmi eru um að menn hafi ekki lokað fiðurfénað sinn inni þrátt fyrir gildandi reglugerð þar um, að sögn Halldórs Runólfssonar yfirdýralæknis, en hún tók gildi þegar viðbúnaðarstig við fuglaflensu var hækkað. Hann kvaðst ekki hafa fengið samantekt héraðsdýralæknanna enn.

„Héraðsdýralæknarnir eru að fara yfir þessi mál í sínum héruðum,“ sagði yfirdýralæknir. „Menn virðast bregðast vel við í langflestum tilvikum. Þó eru undantekningar þar á. Í þeim tilvikum gera dýralæknar kröfu um að þeir fari eftir reglugerðinni og komi fuglunum undir þak.“ - jss

Ránið á verkum Munch:

## Þrír dæmdir til fangelsisvistar

**NOREGUR, AP** Þrír menn voru í gær dæmdir fyrir norskum dómstólum fyrir stuldinn á meistaraverkum Edvard Munch, Ópinu og Madonnu, og hlutu þeir fjögurra til átta ára fangelsisdóm.

Verkunum var stolið úr Munch safninu í Osló í ágúst 2004. Þjófarnir gætu enn gengið lausir, því enginn hinna þriggja var fundinn sekur um þjófnaðinn, heldur aðild að honum.

Rúmar 24 milljónir króna eru í boði fyrir upplýsingar um hvar málverkin eru niðurkomin. - smk



**HEIMASÍÐAN OPNUÐ** Forsætisráðherra opnaði heimasíðuna með aðstoð barnanna.

Spes opna heimasíðu:

## Þakklátir fyrir góðar gjafir

**SAMFÉLAGSMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra opnaði í gær með hjálp barnanna á Grandaborg heimasíðu Íslandsdeildar Spes samtakanna. Við sama tækifæri veitti Osta- og smjörsalan samtökunum milljón krónur að gjöf.

„Þarna erum við Halldór samherjar en það fór afar vel á því að sá ráðherra sem beitt hefur sér hvað mest í þróunarmálum opnaði heimasíðuna,“ segir Össur Skarphéðinsson, formaður samtakanna. „Við erum einnig afar þakklátir fyrir það að margmiðlunarfyrirtækið Birtingarholt skyldi gefa okkur þessa heimasíðu einungis gegn innistæðu á himnum,“ segir formaðurinn. - jse



**ÚR FANGELSINU Á LITLA-HRAUNI** Biðtími eftir sálfræði- og geðlæknisþjónustu á Litla-Hrauni er of mikill að mati sérfræðinga í fangelsismálefnum. Þeir telja nauðsynlegt koma upp meðferðadeild.



# Geðþjónustu við fanga er mikið áfátt

**Biðtímar fanga eftir sálfræði- og geðlæknisþjónustu eru of langir að mati sérfræðinga í málefnum fanga. Brýnt að meðferðardeild verði komið upp fyrir fanga, segir Erlendur Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun.**

**FANGELSISMÁL** Fangar á Litla-Hrauni hafa þurft að bíða vikum, og jafnvel mánuðum saman, eftir því að fá sálfræði- eða geðlæknisþjónustu.

Biðtími eftir geðlæknisþjónustu er töluvert lengri en eftir sálfræðiþjónustu en Þórarinn Viðar Hjaltason, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, greindi frá því í viðtali við Fréttablaðið í gær að nauðsynlegt væri að stytta biðtíma fanga eftir viðtölum hjá sálfræðingi. Komið hefur fyrir, í einstaka tilvikum, að fangar hafi beðið í allt að fjórar vikur eftir því að fá viðtal hjá sálfræðingi. Að sögn Þórarins er reynt að bregðast við atvikum, þar sem brýn nauðsyn þykir til, með skjótum og skilvirkum hætti en um helmingur þeirra tilfella sem koma inn á borð sálfræðinga Fangelsismálastofnunar er vegna slíkra atvika.

Margrét Frímannsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hefur komið að vinnu sem miðar að því að efla heilbrigðisþjónustu við fanga. Hún telur brýnt að neyðaraðstoð við fanga sé í réttum farvegi. „Fangelsismálastofnun hefur unnið gott starf að undanförnu, þó að alltaf sé hægt að gera betur. Ég tel að það sé brýnt að sálfræðingar sem starfa í fangelsum geti brugðist fljótt við alvarlegum tilvikum sem upp koma hverju sinni.“ Margrét bendir á að átak í geðheilbrigðismálum innan fangelsa, sé nauðsynlegt til þess að fangar fái þá þjónustu sem þeir þurfi að fá. „Að mínu mati er bráðnauðsynlegt að geðlæknisaðstoð við fanga á Litla-Hrauni verði aukin. Fangar þurfa oftar en ekki á ríkri aðstoð geðlæknis að halda. Biðtíminn eftir geðlæknisþjónustu er oftar en ekki miklu lengri en eftir sálfræðiþjónustu. Þegar þessi mál eru skoðuð, þá sést hversu mikilvægt það er að koma upp meðferðardeild fyrir fanga.“



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR**



**ERLENDUR S. BALDURSSON**

Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun, telur biðtíma fanga eftir sálfræði- og geðlæknisþjónustu sýna hversu nauðsynlegt það sé að koma upp meðferðardeild. Þar gætu fangar, sem eiga við fíkniefnavanda að stríða, reynt að takast á við fíkniefnavandann um leið og þeir byrja að taka út sína refsingu. „Það liggur í augum uppi að meðferðardeild fyrir fanga sem eiga við fíkniefnavanda að stríða, myndi hjálpa þeim mikið. Það er stefnt að því að koma upp slíkri deild í framtíðinni. Það er alltaf hægt að gera betur í þessum málum.“ magnush@frettabladid.is

Frekari hækkanir á eldsneyti:

## Hækkun um tvær krónur

**NEYTENDUR** Lítrinn af 95 oktana bensíni á þjónustustöð Olíufélagsins, Esso, kostar 132,9 krónur eftir að fyrirtækið tilkynnti um enn frekari hækkanir á eldsneyti í gær.

Aðeins eru tvær vikur síðan lítrinn hækkaði um rúmar þrjár krónur og hefur því hækkað um rúmar fimm krónur alls á skömmum tíma. Eru ástæður þær sömu og verið hefur, spenna á mörkuðum erlendis auk aukinnar eftirspurnar á þessum árstíma. Önnur olíufélög höfðu ekki hækkað verð sín til jafns við Esso þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi. - aöe



**SKOKKAÐ Í MANHATTAN** Þykkan reyk lagði frá vöruhúsi í Brooklyn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vöruhús brann í Brooklyn:

## Þykkur reykur yfir New York

**NEW YORK** Þegar íbúar í New York vöknuðu í gærmorgun lagði þykkan reyk yfir borgina. Upptökin voru í Brooklyn þar sem eldur brann í vöruhúsi við East River.

Eldurinn komst í bensíntanka og urðu af miklar sprengingar. Mesta reykinn lagði þó af tjörukatli, sem eldur komst einnig í.

Tíu verkamenn unnu að því að tjarga þak vöruhússins þegar eldurinn kom upp, en þeir komust í tæka tíð úr allri hættu. - gb





**Umsóknarfrestur er til 29. maí.**
Allar nánari upplýsingar á www.ru.is og hjá námsráðgjöfum í síma 599 6200.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÚRKOMUSAMT** Nú er alvöru lægð við landið með stífum vindi allvíða. Það verður skúrakennt veður á landinu, síst þó fyrir norðan þar sem hann verður þurr að kalla, alltént síðdegis. Horfur eru á allmyndarlegum dembum þar sem þær pota sér niður. Í fyrramálið verður úrkomulítið en svo nálgast enn eitt úrkomubeltið landið sunnanvert síðdegis á morgun.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Austan strekkingur með skúrum. Hiti 7-10 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Allhvöss austan- eða suðaustanátt þegar líður á daginn.

*» föstudagur*




Suðaustan 5-10 m/s.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C skúrir | London | 18°C hálfskýjað | Alicante | 22°C skúrir |
| Billund | 18°C hálfskýjað | París | 25°C alskýjað | Róm | 21°C heiðskírt |
| Osló | 8°C skúrir | Frankfurt | 23°C hálfskýjað | New York | 19°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C hálfskýjað | Madríd | 17°C skúrir | San Francisco | 16°C þoka |
| Gautaborg | 14°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 21°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 31°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


NÓATÚN
Sprengjuverð
á Sterling grillum
verð 14.900 kr.
STERLING
Kaupauki!
Allt þetta fylgir með
MAARUD
Salt & pepper
GOÐI
Verðmæti ca. 6.000 kr.
Sterling grill númer 1104 - grillið kemur ósamsett í kassa.




## KJÖRKASSINN

*Óttastu frjálsa för verkafólks hingað til lands?*

| | |
|---|---|
| já | 63,2 |
| nei | 36,8 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eru hátíðarhöld vegna 1. maí tímaskekkja?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

vísir

Áhorf á fréttir NFS meira en kannanir gefa til kynna:

# Raunáhorf ríflega 33 prósent

**KANNANIR** „Athugasemdirnar hafa með það að gera að samkeppnisaðilar og Gallup kynna tölur um áhorf á aðalfréttatíma NFS án þess að reikna út heildaráhorf á öllum stöðvum,“ segir Sverrir Agnarsson hjá 365 miðlum.

Samkvæmt síðustu könnun IMG Gallup á sjónvarpsáhorfi landsmanna kemur fram að áhorf á aðalfréttatíma Nýju fréttastöðvarinnar, NFS, hafi verið rúm 27 prósent að meðaltali yfir vikuna þegar reyndin er að samanlagt áhorf mældist um 33,24 prósent. Segir Sverrir að sú prósenta sé fengin með því að leggja saman áhorf á alla miðla sem fréttatími NFS er sendur út á. „Rúmlega 27 prósenta áhorf mælist þegar aðeins er mælt áhorf á útsendingu Stöðvar 2 þegar reyndin er sú að fréttatíminn er einnig sendur út á Sirkus og á stöð NFS. Raunverulegt áhorf er því samanlögð sú tala en ekki eingöngu áhorfið á fréttatímann á Stöð 2.“



**NÝJA FRÉTTASTÖÐIN** Útsending fréttatíma NFS næst á þremur stöðvum en mælingar fara aðeins fram á einni þeirra.

Fréttir NFS eru í mikilli sókn samkvæmt þessum niðurstöðum en þess má geta að umrædd könnun var gerð áður en NFS fékk aðgang að dreifikerfi Símans sem auka mun dreifingu stöðvarinnar verulega.

Gert er ráð fyrir að 85 prósent heimila í landinu nái sendingum stöðvarinnar innan skamms tíma. **- aöe**

Fékk sex tonn á sig og slapp:

# Kraftaverk að ekki fór verr

**SLYS** Sex tonna steypuplata féll á starfsmann Ístaks á Keflavíkurflugvelli um kaffileytið í gær. Var í fyrstu talið að um mjög alvarlegt vinnuslys væri að ræða og var maðurinn fluttur í skyndi með sjúkrabíl til Reykjavíkur.

Að sögn læknis á slysadeild Landspítalans er hreint með ólíkindum hve vel maðurinn slapp en hann var sendur heim að lokinni skoðun, með lítilsháttar mar og skrámur.

Röð sérkennilegra atburða varð til þess að manninn sakaði lítið sem ekkert að sögn læknisins sem telur það hreint og klárt kraftaverk. **- sdg**

BÍLL DAGSINS

FORD 350 LARIAT

Nýskr 06.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 38 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.



**ÞINGFUNDUR** Formenn þingflokkanna og forseti þings koma saman til fundar í dag þar sem hugsanlega næst niðurstaða hvenær þinglok verða fyrir sumarið.

# Mögulegt að Alþingi fundi eftir kosningar

**Útilokað er að Alþingi ljúki á morgun. Allt stefnir í að hlé verði gert á laugardag og þingmenn komi aftur saman eftir kosningar svo að landsbyggðarþingmenn komist í kosningabaráttuna. Samkomulag er ekki í loftinu.**

**ALÞINGI** Útilokað er að Alþingi ljúki 4. maí. Í dag eða á morgun skýrist væntanlega hvenær þingi verður frestað og hvort samkomulag næst milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður vinstri-grænna, segir ekkert benda til þess að ríkisstjórnin vilji ná samkomulagi.



**ARNBJÖRG SVEINSDÓTTIR**



**HJÁLMAR ÁRNASON**



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

„Mjög þungskýjað og skyggni slæmt, útilokað að sjá út úr augum.“ Þannig lýsir Ögmundur Jónasson, formaður þingflokks vinstri-grænna, horfunum á Alþingi núna og segir ríkisstjórnina verða að gera upp við sig hvernig hún vilji hafa þinghaldið þar sem hún hafi hafnað öllu samkomulagi um lyktir þingsins.

Í dag verður fundur með formönnum þingflokkanna og forseta þingsins og þá næst hugsanlega niðurstaða hvenær þingi lýkur fyrir sumarið. Á fundi í gær áttu sér stað viðræður um að gera hlé á laugardag og koma saman aftur eftir sveitarstjórnarkosningar. Landsbyggðarþingmenn þrýsta á að komast heim í kosningabaráttuna.

„Ef þetta verður raunin þá veit maður ekki hvaða mál fara í gegn. Þá eru fimm vikur eftir og það er langur tími,“ segir Magnús Þór Hafsteinsson, formaður þingflokks Frjálslynda flokksins.

„Pókerinn er í gangi og menn sitja með pókerfés,“ segir Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins. „Miðað við þann fjölda þingmála sem eftir er má ætla að það eigi eftir að dragast því að ekki er búið að ná samkomulagi. Spurning er hvort tekið verði til óspilltra málanna eftir kosningar.“

Líklegt er að frumvarpið um RÚV nái í gegn fyrir helgi enda er það tilbúið í þriðju umræðu. Það mætir þó gríðarlegri andstöðu, sérstaklega meðal þingmanna vinstri-grænna. Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segir frumvarpið um RÚV fullklárað mál, „engin ástæða er til að ætla annað en að það klárist,“ segir hún.

Nefndadagur er í dag og má búast við að bæði ágreiningsmál og samkomulagsmál komi úr nefndum. Margrét Frímannsdóttir, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, telur ríkisstjórnina leggja áherslu á RÚV og frumvarp viðskiptaráðherra um Nýsköpunarmiðstöðina.

Önnur stór mál, sem áhersla er á að afgreiða, eru fjölmiðlafrumvarpið, frumvarp um málefni samkynhneigðra, Flugmálastjórn, Landhelgisgæsluna og lax- og silungsveiði. **ghs@frettabladid.is**

Samfylkingin | Reykjavík 2006



*Þjónustutrygging fyrir eldri borgara*

*kynntu þér stefnuskrána á www.xsreykjavik.is*

*Björk Vilhelmsdóttir*
*Formaður Velferðarráðs Reykjavíkur og félagsráðgjafi, 4.sæti*

Ráðherra segir misskilnings gæta vegna frumvarps um Nýsköpunarmiðstöð:

# Forsenda góðs árangurs

**STJÓRNMÁL** „Mér finnst athyglisvert að sama fólkið og talar um að stjórnsýslan verði að laga sig að breyttum aðstæðum setur sig svo upp á móti öllu þegar þar að kemur,“ segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra.

Frumvarp hennar um að steypa Byggðastofnun, Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins og Iðntæknistofnun í eina sæng Nýsköpunarmiðstöðvar, fer til enn einnar umræðu í iðnaðarnefnd Alþingis í dag. Samkvæmt heimildum verður reynt að afgreiða það úr nefndinni sem er forsenda þess að frumvarpið verði að lögum á yfirstandandi þingi eins og Valgerður gerir sér vonir um.

Óvíst er hvort það næst enda hafa flestir sérfræðingar sem fyrir nefndina hafa komið lagst gegn því en Valgerður vill meina að misskilnings ríki hjá mörgum. „Það verður að horfa á heildarhagsmunina í þessu. Frumvarpið á að einfalda stuðningskerfi við atvinnulífið frá því sem nú er og samræma betur atvinnuþróunarstarfsemi víða um landið. Þannig fæst fram ein stefna í þessum málum og það tel ég forsendu til að ná árangri í framtíðinni. **- aöe**

LAGERSALA

50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !

H&M ROWELLS

OPIÐ 11-19
FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

# Vaxtalaus tilboð

## á garðhúsgögnum




**TILBOÐ**
**8.999 kr**
Verð áður 12.999,-

### Square sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.

**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **3.699*** kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 36.990,-
Fullt verð 42.993,-

### Newbury Folding sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **1.799*** kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 17.990,-
Fullt verð 25.995,-

### Octagonal sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **5.499*** kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 54.990,-
Fullt verð 60.995,-

### Butterfly sett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði.



**Vaxtalaust tilboð!**
aðeins **8.299*** kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 82.990,-
Fullt verð 88.993,-

### Galway garðhúsgagnasett
Vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stækkanlegt borð 230x110 cm og 6 stillanlegir stólar með sessum.



Gildir til 7. maí eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ

1 *Bandarísk yfirvöld þora ekki að sleppa föngum sem þau hafa haldið í illræmdum fangabúðum til síns heima. Hvar eru fangabúðirnar?*

2 *35 voru myrtir í átökum í héraði í Indlandi þar sem múslimar eru í meirihluta og berjast fyrir sjálfstæði. Hvað heitir héraðið?*

3 *Íslenskir eigendur Stoke City vilja nú selja sinn hlut í knattspyrnufélaginu breska. Hver er stjórnarformaður Stoke City?*

SVÖR Á BLS. 38

Fertug kona hefur verið ákærð fyrir milljóna króna skjalafals:

# Sögð hafa falsað undirskrift

**DÓMSMÁL** Fertug kona er ákærð fyrir að falsa undirskrift manns á skuldaviðurkenningar í níu skipti fyrir milljónir króna. Hún neitaði sök í aðalmeðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Konan er ákærð fyrir að hafa falsað undirskrift mannsins á skuldabréf að upphæð 550 þúsund og notað í aprílmánuði 1996 í Landsbanka Íslands. Einnig er hún ákærð fyrir að hafa í þrígang framvísað skuldaábyrgðayfirlýsingu með falsaðri undirskrift hans vegna yfirdráttarheimildar á tékkareikningi hennar, fyrst fyrir 200 þúsund krónum og aftur tveimur árum síðar. Þá var yfirdrátturinn hálf milljón og enn ári síðar var yfirdrátturinn orðinn 800 þúsund krónur.



**TEKIÐ ÚT Á YFIRDRÁTTINN** Kona er ákærð fyrir að falsa undirskriftir manns margoft. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Árið 1998 framvísaði konan víxli að upphæð 270 þúsund í Sparisjóði Kópavogs og er sögð hafa falsað undirskrift mannsins þar. Hún er einnig ákærð fyrir að framvísa tveimur víxlum, öðrum að upphæð 640 þúsund en hinum upp á 650 þúsund krónur, með falsaðri undirskrift mannsins.

Konan er enn fremur ákærð fyrir að hafa árið 2000 notað skuldabréf hjá Fjárvangi sem nam tveimur milljónum vitandi að undirskriftin væri fölsuð. Síðast í lok janúar á síðasta ári framvísaði hún skuldaábyrðaryfirlýsingu vegna yfirdráttarheimildar sinnar, að fjárhæð 300 þúsund. - gag

Harmleikur í Sviss:

# Skíðadrottning skotin til bana

**SVISS, AP** Svissneska skíðakonan Corinne Rey-Bellet og bróðir hennar, Alain, voru skotin til bana á sunnudag á heimili foreldra þeirra í Les Crosets í Sviss. Móðir þeirra var lögð inn á spítala, alvarlega slösuð eftir árásina. Banamaðurinn hafði flúið staðinn er lögregla kom á vettvang en rannsókn hófst þegar í stað.

Erfiðlega gekk að ná tali af eiginmanni Bellets en talsmaður lögreglu sagði yfirvöld hafa mikinn áhuga á að finna hann. Tveggja ára gömlum syni hjónanna er haldið á öruggum stað. Rey-Bellet var silfurverðlaunahafi í bruni á heimsmeistaramótinu árið 2003.

Ákærður fyrir líkamsárás:

# Kjálkabraut 16 ára dreng

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugur maður hefur verið ákærður fyrir líkamsárás fyrir utan skemmtistað á Selfossi um miðjan janúar á þessu ári. Manninum er gefið að sök að hafa kýlt sextán ára dreng í andlitið með þeim afleiðingum að hann kjálkabrotnaði öðrum megin og hlaut sprungu í kjálka hinum megin.

Málið hefur verið þingfest í Héraðsdómi Suðurlands. Maðurinn neitaði sakargiftum fyrir dómi. - sdg

## KÚVEIT

**Lík sýnd almenningi** Fimm menn, þar af tveir útlendingar, voru hengdir í Kúveit í gær, fyrir morð, nauðganir og eiturlyfjasmygl. Yfirvöld í Kúveit ákváðu árið 2002 að sýna lík glæpamanna sem teknir hafa verið af lífi í refsingarskyni, í tilraun til að draga úr glæpum.



**SELTJARNARNES** Fjárhagsleg afkoma bæjarfélagsins hefur aldrei verið betri.

Ársreikningur Seltjarnarness:

# Afkoman aldrei betri

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Afkoma Seltjarnarnesbæjar hefur ekki áður verið jafn góð og á síðasta ári samkvæmt nýsamþykktum ársreikningi bæjarsjóðs.

Heildartekjur bæjarsjóðs og fyrirtækja námu rúmum tveimur milljörðum króna og var rekstrarniðurstaða aðalsjóðs jákvæð um 326 milljónir króna sem er töluvert hærra en á árið á undan. Næst þessi árangur á sama tíma og skattgreiðendur hafa notið góðrar fjárhagsstöðu með lækkun opinberra gjalda. - aöe

# Kjósendur snúa frá Verkamannaflokki

**Miklar hræringar eru þessa dagana hjá breskum stjórnvöldum, en þar fara sveitarstjórnarkosningar fram á morgun. Virðist Tony Blair forsætisráðherra ganga trauðlega að lagfæra álit almennings á Verkamannaflokknum.**

**BRETLAND** Þótt kosningarnar sem fram fara í Bretlandi á morgun, fimmtudag, séu ekki þingkosningar, þá telja stjórnmálaskýrendur að úrslit þeirra geti ráðið miklu, bæði um setu Tony Blair forsætisráðherra í stólnum, sem og um pólitíska framtíð tveggja ráðherra í bresku ríkisstjórninni.

Fylgi við Verkamannaflokkinn minnkar stöðugt og hafa hneykslismál John Prescott aðstoðarforsætisráðherra og Charles Clarke innanríkisráðherra ekki bætt þar um. Nýlegar skoðanakannanir sýndu að Íhaldsflokkurinn væri kominn allt að níu prósentum fram úr Verkamannaflokknum, sem jók á ótta Verkamannaflokksmanna um að þeir gætu misst tökin á 15 sveitarstjórnum þar sem flokkur þeirra er nú í meirihluta.

Fylgi landsmanna við Blair hefur hrapað undanfarið og er nú svo komið að 66 prósent Breta finnst hann hafa staðið sig illa í embætti, samkvæmt könnun sem Sunday Times birti um helgina. Hljóti Verkamannaflokkurinn fá atkvæði í kosningunum á morgun, gæti það orðið til þess að Blair setji dagsetningu á afsögn sína. Hann hefur lýst því yfir að hann muni stíga úr stólnum fyrir þingkosningarnar árið 2009, en hingað til ekki gefið nánari dagsetningu þar á.

Hneykslismál flokksins hafa heltekið breska fjölmiðla undanfarna daga. Í síðustu viku viðurkenndi Prescott að hafa haldið fram hjá eiginkonu sinni með ritara sínum um tveggja ára skeið, og um helgina sögðu fleiri konur frá kynferðissamböndum sínum við ráðherrann. Slúðurfréttablöð Breta hafa smjattað mjög á þessu máli og finnst koma vel á vondan, því þegar ráðherra í ríkisstjórn íhaldsmanna varð uppvís að framhjáhaldi og sagði af sér í kjölfarið, var Prescott einn harðasti gagnrýnandi hans. Nú fara fjölmargir fram á afsögn Prescotts, og er ráðherrann fyrrverandi þar einna fremstur í flokki.



**TONY BLAIR FORSÆTISRÁÐHERRA** Blair reynir nú af fremsta megni að flikka upp á ímynd Verkamannaflokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fara í Bretlandi á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



JOHN PRESCOTT



CHARLES CLARKE

Málið sem snýr að innanríkisráðherranum er heldur alvarlegra eðlis. Í síðustu viku kom fram að 1.023 glæpamönnum af erlendu bergi brotnu hefði verið sleppt úr haldi í Bretlandi á árunum 1999 til 2006, án þess að fjallað hefði verið um hvort reka ætti þá úr landi og hafa minnst fimm þeirra framið frekari glæpi í Bretlandi síðan þeim var sleppt. Þegar ljóst varð að Clarke hefði verið kunnugt um málið í þrjár vikur áður en hann sagði Blair frá því, jókst til muna þrýstingur á hann að segja af sér. Í gær fór leiðtogi Íhaldsflokksins, David Cameron, fram á frekari upplýsingar um málið. „Við höfum ekki fengið tæmandi upplýsingar um hverjir (glæpamennirnir) eru, hvar þeir eru og hvað hefur komið fyrir þá,“ sagði Cameron í samtali við BBC.

Haft hefur verið eftir leiðtoga frjálslyndra demókrata, Menzies Campbell, að málið hafi endanlega fyrirgert framtíð Clarke í embættinu.

smk@frettabladid.is







Sjálfstæðismenn segja fjármálastjórn borgarinnar afleita í ljósi góðæris:

# Skrumskæla niðurstöðurnar

**BORGARMÁL** „Framsetning sjálfstæðismanna skrumskælir trausta fjárhagsstöðu borgarinnar og er í hróplegu ósamræmi við þau fjárfreku kosningaloforð sem flokkurinn hefur gefið nú fyrir kosningar,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri vegna ásakana oddvita Sjálfstæðisflokksins að ársreikningur borgarinnar endurspegli slaka rekstrarniðurstöðu.

Samkvæmt útreikningum sem sjálfstæðismenn hafa gert kemur fram að rekstur borgarsjóðs fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er neikvæður meðan önnur sveitarfélög á suðvesturhorninu sýna jákvæða afkomu. Bendir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokks, á að hreinar skuldir borgarinnar lækkuðu ekki um 1,5 milljarða króna eins og haldið er fram í ársreikningi heldur hækkuðu um tvo milljarða króna að teknu tilliti til skuldbindinga sem alfarið er sleppt í útgefnum efnahagsreikningi.



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON

Þessu vísar borgarstjóri á bug og ásakar sjálfstæðismenn um sömu kúnstir við útreikninga sína. „Sérvaldar niðurstöður þeirra breyta ekki að skuldir borgarinnar lækkuðu árið 2005.“



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR

- aöe

NISSAN NOTE






# Krakkabíll með karakter

**Nýr fjölskyldubíll frá Nissan**

Nissan NOTE hefur alla kosti fjölskyldubíls og meira til: Öryggi, lipurð, kraft og þægindi. Það sem gerir NOTE að nýrri tegund fjölskyldubíls er sérhannað rými fyrir börnin, öðruvísi útlit og mikill persónuleiki. NOTE er bíll fyrir alla fjölskylduna, líka krakka með karakter!

| | Vél. | Hö. | Gírskipting | Verð |
|---|---|---|---|---|
| **NOTE Visia** | 1,4 | 88 | Beinskiptur | 1.740.000 kr. |
| **NOTE Visia** | 1,6 | 110 | Sjálfskiptur | 1.950.000 kr. |
| **NOTE Tekna** | 1,6 | 110 | Sjálfskiptur | 2.090.000 kr. |



Geymsluhólf - kælir fyrir drykki - öryggispúðar - dótahólf - borð - rúmgott farangursrými

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

| Umboðsmenn um land allt | Selfossi 482 3100 | Njarðvík 421 8808 | Akranesi 431 1376 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Reyðarfirði 474 1453 | Akureyri 461 2960 |
|---|---|---|---|---|---|---|

ENNEMM / SÍA / NM21420



**BÆNAGJÖRÐ** Hendur þessarar múslimsku konu eru þaktar hennalit þar sem hún biðst fyrir í helgidómi súfisma í Srinagarborg í Indlandi í gær. Súfismi er dulhyggjustefna innan íslam. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hjörleifur Guttormsson gagnrýnir frummatsskýrslu Alcoa á umhverfisáhrifum:

# Segir loftgæðin verða minni

**IÐNAÐUR** „Það er undarleg ráðstöfun að taka þurrhreinsun fram yfir vothreinsun vegna þess að í sjó komin eru öll efnin skaðlaus með öllu,“ segir Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur.

Hann gerir verulegar athugasemdir við frummatsskýrslu á umhverfisáhrifum sem Alcoa hefur nýlega lagt fram, hálfu ári eftir áætlun. Þar kemur meðal annars fram að fyrirtækið hafnar vothreinsun efna frá álverinu í Reyðarfirði og hyggst beita þurrhreinsun í staðinn. Það eykur losun brennisteins út í náttúruna margfalt samkvæmt útreikningum Hjörleifs. Loftmengun í Reyðarfirði verður því meiri og loftgæði eðlilega minni enda eykst heildarlosun brennisteinsdíoxíðs um 730 tonn frá því sem ráð var fyrir gert í upphafi. Mengunarreglur, til að mynda í Noregi, skylda álversframleiðendur til að nota vothreinsun.

Þetta er enn einn áfellisdómurinn yfir íslenskum stjórnvöldum að mati Hjörleifs. „Mín gagnrýni snýr meira að þeim en Alcoa. Mistök þeirra geta orðið afar dýrkeypt þegar upp er staðið enda átti eðlilega lögum samkvæmt að stöðva framkvæmdir þegar undanþága umhverfismats var gerð ómerk fyrir Hæstarétti síðasta sumar. - aöe



**ÁLVER ALCOA** Án vothreinsunar fara klukkustundargildi fyrir brennisteinsdíoxíð fimm sinnum yfir hættumörk samkvæmt útreikningum Alcoa. Engu að síður er það stefnan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Peningafals á Akranesi:

# Falsaðir 500 krónu seðlar

**LÖGREGLA** Falsaðir 500 krónu seðlar hafa komið fram í tveimur aðskildum tilvikum á Akranesi seinustu daga.

Tveir falsaðir seðlar fundust innan um fleiri í útibúi KB banka í seinustu viku þegar maður var að leggja inn peninga úr sjóði sem hann hafði umsjón með. Í seinna tilvikinu fundust þrír falsaðir seðlar við uppgjör eftir dansleik.

Að sögn Jóns Ólasonar, yfirlögregluþjóns á Akranesi, er auðvelt að sjá að þeir eru falsaðir. „Seðlarnir eru tölvuprentaðir á venjulegan pappír og allir með sama númer.“

Málið er í rannsókn. Peningafals getur varðað allt að tólf ára fangelsi. - sdg








**VILLEPIN OG SARKOZY** Forsætisráðherrann og innanríkisráðherrann hafa báðir þótt líklegir forsetaframbjóðendur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsætisráðherra Frakklands stendur enn í ströngu:

# Segir hneykslismál vera rógsherferð

**PARÍS, AP** Dominique de Villepin, forsætisráðherra í Frakklandi, segir nýjustu ásakanirnar á hendur sér vera ekkert annað en rógsherferð. Hann sagðist í gær ekki ætla að segja af sér, þrátt fyrir hneykslismál sem komið er upp í kjölfar þess að hann lét undan öflugum mótmælum gegn breyttri vinnulöggjöf fyrir fáeinum vikum.

Ásakanirnar ganga út á það að Villepin hafi með leynd farið fram á rannsókn á innanríkisráðherranum Nicholas Sarkozy, en þeir hafa báðir verið taldir líklegir frambjóðendur til forsetakosninga á næsta ári. Rannsóknin á Sarkozy var byggð á ásökunum um spillingu, sem enginn fótur reyndist svo fyrir.

Í gær sagðist Villepin ætla að sitja í embætti forsætisráðherra þegar kosningabaráttan um forsetaembættið hefst á næsta ári. Þar með þykir hann hafa tekið af skarið um að hann ætli ekki að bjóða sig fram til forseta, um leið og hann segist ætla að sitja af sér þennan storm í forsætisráðherrastólnum. - gb









# Hágæða múrvörur fyrir allar aðstæður

Múrbúðin býður aðeins viðurkenndar gæða múrvörur, meðal annars frá **Maxit**, stærsta múrvöruframleiðanda í Evrópu.




**Maxit Rep 980**
steiningar-
lím/þunnmúr




**Maxit IP22**
gifs sprautu-
múr




**Maxit IP 18**
sprautumúr, inni




**Maxit IP 14**
sprautumúr, úti




**Maxit EXM 702**
Þunnfljótandi
þanmúr. Undir
vélar og stöpla




**Trefjastyrktur múr** fyrir Serpo
múrkerfi á
einangrun




**Deka Fiber**
firnasterkur
trefjastyrktur
múr




**Maxit Steiningarlím**
**/filtmúr**
Verð pr. 25 kg
**kr. 1.380,-**




**Deka Hrað**
hraðharðnandi
viðgerðar-
blanda




**Deka Plug**
vatnsþéttimúr
Stoppar
rennandi vatn
á nokkrum sek.




**Deka Grip**
þanmúr fyrir
boltagöt o.fl.




**Grov Betong**
Gróf
múrblanda
fyrir allar
viðgerðir



**Deka Akryl**
alhliða
akrylgrunnur

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**




**MÚRBÚÐIN**

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



**VOR Í TÉKKLANDI** Þetta unga par var heldur betur rómantískt þar sem ljósmyndari festi það á filmu í Petringarðinum í miðborg Prag, höfuðborgar Tékklands, fyrr í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ígor Ívanov, framkvæmdastjóri rússneska þjóðaröryggisráðsins, gisti í Keflavík:

# Blandaði geði við gesti

**STJÓRNMÁL** Ígor Ívanov, framkvæmdastjóri rússneska þjóðaröryggisráðsins og fyrrverandi utanríkisráðherra, gisti óvænt á Hótel Keflavík í fyrrinótt ásamt 30 manna fylgdarliði.

„Það var hringt í okkur um klukkan sex í fyrrakvöld og við beðnir um að taka við honum ásamt 30 manna fylgdarliði og svo var hann kominn um klukkustundu síðar,“ segir Steinþór Jónsson hótelstjóri. Ívanov fór svo seinnipartinn í gær til Bandaríkjanna þar sem hann mun funda með ráðamönnum en þota hans þurfti að lenda hér vegna bilunar. Hann lét vel af dvölinni hér meðan hann beið eftir annarri þotu frá Moskvu að sögn Steinþórs. „Hann var mjög alþýðlegur og blandaði geði við hótelgesti og aðra og gekk svo hér um í grenndinni og þótti gott að anda að sér hreinu lofti.“

Hann ræddi hvorki við ráðamenn né blaðamenn á meðan á dvöl hans stóð.

Steinþór er ekki óvanur því að fræga fólkið banki upp á hjá honum en fyrir nokkrum árum leitaði John Travolta á náðir hans en varð þó frá að hverfa þar sem allt var uppbókað. „Það var því mikil gæfa að ekki var uppbókað núna en það hefur verið nær fullt hjá mér að undanförnu,“ segir hótelstjórinn. **- jse**



**STEINÞÓR JÓNSSON OG ÍGOR ÍVANOV** Hér sést hótelstjórinn ásamt Ívanov sem kom óvænt á Hótel Keflavík í fyrrakvöld og unir sér hið besta.

Svaf áfengissvefni á ferð:

## Bíllinn í gír á miðjum vegi

**DÓMSMÁL** Maður sem svaf áfengissvefni í bíl á helstu umferðargötu Selfoss hefur verið dæmdur til að greiða 130 þúsund í sekt. Hann missir ökuréttindin í tvö ár.

Lögreglan stöðvaði för mannsins að morgni 25. febrúar. Lögreglumenn komu að bifreiðinni þar sem hún hafði stöðvast rétt við gatnamót Tryggvagötu og Austurvegar. Bifreiðin, sem er sjálfskipt, var í gangi og í gír og var maðurinn sofandi í ökumannssæti hennar. Vínandinn í blóði mannsins nam 2,09 prómillum og 2,77 prómillum í þvagi hans. Leyfilegt magn má vera undir 0,5 prómillum. **- gag**


SAMKEPPNI UM NAFN

Félag járniðnaðarmanna og Vélstjórafélag Íslands hafa tekið ákvörðun um að sameinast í eitt félag. Ákveðið hefur verið að efna til samkeppni um nafn á nýja félagið og er öllum heimil þátttaka. Félagsmenn eru sérstaklega hvattir til að taka þátt. Nýtt félag verður lands- félag og verða félagsmenn þeir sem lokið hafa vélstjórnarnámi, iðnnámi í málm - og véltæknigreinum og veiðarfæragerð, einnig iðnnemar í greinunum og fleiri sem starfa í þessum eða skyldum greinum.

**Vegleg verðlaun eru í boði og er skilafrestur til 1. júní 2006.**
Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðum félaganna velstjori.is og metalnet.is eða í síma 562 9062 og 533 3044.

**Félag járniðnaðarmanna / Vélstjórafélag Íslands**



**Hver er stefna stjórnmálaflokkanna í málefnum fjölskyldunnar?**

**Opinn fundur**
fimmtudaginn 4. maí kl. 15:00 - 17:00
í húsi Íslenskrar erfðagreiningar

**Fundarstjóri** *Kristján Kristjánsson, fréttamaður*
**Ávarp foreldris** *Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður*

**Fulltrúar stjórnmálaflokkanna:**
**Björn Ingi Hrafnsson** *Framsóknarflokki*
**Dagur B. Eggertsson** *Samfylkingunni*
**Hanna Birna Kristjánsdóttir** *Sjálfstæðisflokki*
**Ólafur F. Magnússon** *Frjálslynda flokknum*
**Svandís Svavarsdóttir** *Vinstri hreyfingunni-grænu framboði*

**Börnin í fyrsta sæti**

VERNDUM BERNSKUNA
www.verndumbernskuna.is




**UMFERÐARSLYS Í REYKJAVÍK** Afleiðingar hraðaksturs hafa verið skelfilegar það sem af er ári. Rekja má tvö dauðaslys, innan bæjarmarka, til hraðaksturs.

# Ofsaakstur skapar hættu

**Lögreglan í Reykjavík stöðvaði tæplega níutíu ökumenn á yfir hundrað kílómetra hraða um helgina. Lögreglumenn hafa áhyggjur af vítaverðum akstri ökumanna sem ógna lífi fólks með aksturlagi sínu.**

**HRAÐAKSTUR** Lögreglan í Reykjavík stöðvaði tæplega níutíu ökumenn um síðastliðna helgi, innan bæjarmarka, sem allir óku á yfir hundrað kílómetra hraða. Samtals stöðvaði lögreglan 93 ökumenn og voru 88 af þeim á yfir hundrað kílómetra hraða.

Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðadeildar Lögreglunnar í Reykjavík, lýsti því yfir í viðtali við Fréttablaðið á dögunum að glannalegur akstur ökumanna væri viðvarandi vandamál.

Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu, sem fylgdust með umferð um helgina, segja ófremdarástand hafa verið á götum á höfuðborgarsvæðinu. „Við urðum varir við mikinn ökuhraða alla helgina. Talsvert var um ofsaakstur og mældust þó nokkrir á vítaverðum hraða. Ökumenn sem aka svona glannalega verða að hafa það hugfast að þeir eru að skapa stórhættu með aksturslagi sínu,“ sagði Sævar Finnbogason, varðstjóri í lögreglunni í Kópavogi en annasamt var hjá lögreglunni í bænum um síðastliðna helgi. Sérstaklega bar mikið á hraðakstri á stofnbrautum og var meðal annars einn ökumaður stöðvaður á 161 kílómetra hraða, þar sem hámarkshraði er 70.

Lögreglan á öllu höfuðborgarsvæðinu hefur að undanförnu fylgst náið með umferð og beitir með annars ómerktum bifreiðum í umferðinni, til þess að geta fylgst betur með því hvaða ökumenn hafa tilhneigingu til hraðaksturs.

Sturla Þórðarson, sækjandi hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, segir sláandi að heyra af því að ökumenn skuli keyra á um og yfir 160 kílómetra hraða á götum á höfuðborgarsvæðinu. „Löggæsluna þarf að efla til þess að hægt sé að fylgjast betur með ökumönnum sem stunda hraðakstur á götum. Auk þess þurfa viðurlög að vera í samræmi við hættuna sem skapast við hraðakstur.“

Lögreglan í Reykjavík fylgist náið með umferð á helstu stofnbrautum í Reykjavík auk þess sem að lögreglan í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur fylgist vel með umferðarhraða. **magnush@frettabladid.is**

**FIMM MESTU ÖKUNÍÐINGAR SÍÐUSTU ÞRIGGJA SÓLARHRINGA**

- 169 km/klst. Hámarkshraði 60 *Sæbraut*
  - Ökumaður fæddur 1987 *BMW-bifreið*
- 157 km/klst. Hámarkshraði 80 *Ártúnsbrekka*
  - Ökumaður fæddur 1987 *Mercedes Benz*
- 156 km/klst. Hámarkshraði 80 *Ártúnsbrekka*
  - Ökumaður fæddur 1981 *Honda Civic*
- 140 km/klst. Hámarkshraði 80 *Miklabraut*
  - Ökumaður fæddur 1987 *Opel Astra*
- 148 km. Hámarkshraði 80 *Ártúnsbrekka*
  - Ökumaður fæddur 1987 *Audi A3*

Svíar feta nýjar leiðir í íbúðablokkabyggingum:

# Framleiða íbúðir í verksmiðju

**SVÍÞJÓÐ, AP** Forsætisráðherra Svía, Göran Persson, opnaði formlega á dögunum nýja íbúðaverksmiðju í Hallstahammar, sem Svíar vona að muni umbylta byggingariðnaðinum.

Verksmiðjan, sem rekin er af sænska fyrirtækinu NCC AB, tekur einingahús skrefi lengra. Gert er ráð fyrir að þessi hús muni taka helmingi styttri tíma í framleiðslu, því verksmiðjan framleiðir 90 prósent íbúðablokkarinnar, þar með taldar pípulagnir og eldhúsinnréttingar. Svo er húsinu pakkað í flata kassa og sent á áfangastað, þar sem það tekur fjóra menn fjórar vikur að reisa fjögurra hæða íbúðablokk.

Gert er ráð fyrir að íbúðirnar verði ódýrari í sölu, því færri koma að byggingu þeirra, að sögn forstjóra NCC, Alf Göransson.

NCC hefur þegar byggt eina íbúðarblokk í Hallstahammar, sem er um 100 kílómetrum austan við Stokkhólm, og verið er að hefjast handa við að reisa tvær blokkir til viðbótar við Eskilstuna og Sundbyberg.

Gert er ráð fyrir að um 200 íbúðir verði búnar til í verksmiðjunni á þessu ári, en alls annar starfsfólk hennar um 1000 íbúðum á ári. NCC hefur þegar fengið pantanir fyrir 600 íbúðir á árinu 2007. **- smk**



**HÚSI SMELLT SAMAN** Sænskir verkamenn við störf að setja saman verksmiðjuframleidda íbúðablokk. LJÓSMYND/NCC AB

Ofsaakstur í Kópavogi:

# Á 161 kílómetra hraða

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Kópavogi stöðvaði bifreið í gær sem mældist á 161 kílómetra hraða á Reykjanesbraut, þar sem hámarkshraði er 70 kílómetra hraði.

Ökumaðurinn, sem stöðvaður var um sjö leytið í gærmorgun, var einn í bílnum.

Sævar Finnbogason, varðstjóri í lögreglunni í Kópavogi, segir það vera miður hversu oft lögreglan hefur afskipti af ökumönnum sem keyrum á miklum hraða innan bæjarmarka. „Því miður hefur það færst í vöxt að ökumenn stundi ofsaakstur innan bæjarmarka. Við biðlum til ökumanna, að þeir keyri hægar.“ **- mh**



**FRJÁLS BJÖRN** Vonast er til að pandan Xiang Xiang geti lifað villt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýstárleg náttúruvernd:

# Pöndu sleppt út í skóg í Kína

**KÍNA, AP** Kínverjar slepptu á föstudag pandabirni, sem allt sitt líf hefur lifað undir eftirliti manna í sérhönnuðum pöndugarði, út í bambusskóg þar sem skepnunni er ætlað að lifa frjálsri. Þetta er í fyrsta sinn sem reynt er að þjálfa pöndu fædda í dýragarði til að ganga sjálfala.

Xiang Xiang, sem er fjögurra ára gamalt karldýr, tölti út í skóginn og hóf að úða í sig bambussprotum, en síðustu þrjú árin hefur starfsfólk garðsins þjálfað hann í að lifa upp á eigin spýtur. Fylgst verður með honum með aðstoð gervihnatta, en senditæki er fest við hálsól sem hann ber.

Pandabirnir eru í útrýmingarhættu, og er Kína eini staðurinn þar þeir finnast villtir. Um 1600 birnir eru eftir í heiminum. **- smk**

## LÖGREGLUFRÉTT

**Keyrði út af** Um fimm leytið í fyrrinótt missti ökumaður bifreið sína út af veginum á Reykjanesbraut skammt frá Grindavíkurafleggjara. Tveir voru í bifreiðinni og sluppu þeir lítið meiddir. Bifreiðin var flutt af vettvangi með kranabifreið.

## ATHUGASEMD

**Engin samlegðaráhrif** Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Hákoni Ólafssyni, forstjóra Rannsóknarstofnunar Byggingariðnaðarins, að ekkert væri sameiginlegt með þeim þeim tveimur rannsóknastofnunum atvinnuveganna annars vegar og Byggðastofnun hins vegar en samkvæmt frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi er ætlunin að sameina þessar stofnanir í eina. Í athugasemd sem blaðinu hefur borist frá Hákoni segir að sú tilvitnun beri með sér misskilning blaðamanns, sem þurfi að leiðrétta: „Það sem ég sagði var að ég sæi ekki samlegðaráhrif af sameiningu rannsóknastofnananna og sjóðunum þremur sem ganga eiga inn í Nýsköpunarmiðstöðina þ.e.a.s. Byggðasjóður, Tækniþróunarsjóður og Tryggingasjóður Útflutnings. Það er hins vegar alveg ljóst að bæði Iðntæknistofnun (ITI) og Rb gegna mikilvægu hlutverki varðandi nýsköpun á landsbyggðinni eins og almennt í þjóðfélaginu,“ segir Hákon Ólafsson.





**FJÖR Í TÍVOLÍ** Þeir skemmtu sér vel, þessir Tívolífarar í Kaupmannahöfn sem hringsnérust í nýju tæki skemmtigarðsins, sem hlotið hefur nafnið Stjörnuflug. Tækið lyftir fólki upp í 70 metra hæð og snýst svo á allt að 70 kílómetra hraða á klukkustund. Það var fyrst tekið í notkun 1. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## HÚSAVÍKURBÆR, KELDUNESHREPPUR, ÖXARFJARÐARHREPPUR OG RAUFARHAFNARHREPPUR

Nýtt sveitarfélag verður til í sumar með sameiningu Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps.

Samhliða kosningunum 27. maí næstkomandi verður gerð skoðanakönnun á meðal íbúa sveitarfélaganna varðandi nafn á sameinað sveitarfélag. Nöfnin sem valið stendur um eru: Gljúfrabyggð, Norðausturbyggð og Norðurþing.

Samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaganna fjögurra þann 1. desember síðastliðinn var 3.031.

**KOSNINGAR 2006**
Bæjarstjórn Húsavíkur er nú skipuð níu bæjarfulltrúum og sami fjöldi verður í sameinuðu sveitarfélagi.

**Framsóknarflokkurinn**
**Efstu menn B-listans:**
**1. Gunnlaugur Stefánsson framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi, Húsavík.**
**2. Jón Grímsson vélstjóri, Kópaskeri.**
**3. Aðalsteinn J. Halldórsson stjórnmálafræðingur, Húsavík.**
**4. Hallveig B. Höskuldsdóttir hótelstjóri og bæjarfulltrúi, Húsavík.**
**5. Birna Björnsdóttir skrifstofustjóri og sveitarstjórnarmaður, Raufarhöfn.**

**Sjálfstæðisflokkur og óháðir**
**Efstu menn D-listans:**
**1. Jón Helgi Björnsson líffræðingur, Reykjahverfi.**
**2. Friðrik Sigurðsson bóksali, Húsavík.**
**3. Erna Björnsdóttir lyfjafræðingur, Húsavík.**
**4. Rúnar Þórarinsson oddviti, Öxarfirði.**
**5. Olga Gísladóttir, formaður Verkalýðsfélags Öxarfjarðar.**

**Samfylkingin og óháðir**
**Efstu menn S-listans:**
**1. Tryggvi Jóhannsson bæjarfulltrúi, Húsavík.**
**2. Þráinn Gunnarsson rekstrarstjóri, Húsavík.**
**3. Kristbjörg Sigurðardóttir verslunarstjóri, Kópaskeri.**
**4. Dóra Fjóla Guðmundsdóttir leikskólakennari, Húsavík.**
**5. Gunnar Bóasson bæjarfulltrúi, Húsavík**

**Vinstri grænir, umhverfisverndar- og félagshyggjufólk**
**Efstu menn V-listans:**
**1. Ásbjörn Björgvinsson forstöðumaður, Húsavík.**
**2. Aðalsteinn Örn Snæþórsson líffræðingur, Kelduhverfi.**
**3. Berglind Hauksdóttir nemi, Húsavík.**


# Síðustu sætin í maí og júní frá kr. 19.990

Heimsferðir bjóða síðustu sætin í sólina í maí og byrjun júní á ótrúlegu verði. Nú er sumarið komið á áfangastöðum okkar og frábært að njóta sumarsins á einum besta tíma ársins í sólinni.

**Rimini** Frá **kr. 29.995**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í viku. Stökktu tilboð, 17. og 24. maí.

| | |
|---|---|
| 17. maí | Nokkur sæti |
| 24. maí | Nokkur sæti |
| 31 . maí | Örfá sæti |
| 7 . júní | Örfá sæti |

**Fuerteventura** Frá **kr. 38.858**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í 6 nætur 21. júní, Oasis Royal.

| | |
|---|---|
| 23. maí | Uppselt |
| 30. maí | Uppselt |
| 6. júní | Uppselt |
| 7. júní | Örfá sæti |
| 13. júní | Uppselt |
| 20. júní | Uppselt |
| 21. júní | Nokkur sæti laus |

**Mallorca** Frá **kr. 32.995**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð í viku 25. maí.

| | |
|---|---|
| 25. maí | Nokkur sæti |
| 1. júní | Nokkur sæti |
| 8. júní | 14 sæti |

**Costa del Sol** Frá **kr. 29.990**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð í viku, 18. maí.

| | |
|---|---|
| 18. maí | Nokkur sæti |
| 25. maí | 16 sæti |
| 1. júní | Örfá sæti |
| 8. júní | 13 sæti |

**Króatía** Frá **kr. 39.990**
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í viku. Stökktu tilboð 17. maí.

| | |
|---|---|
| 17. maí | 14 sæti |
| 24. maí | 7 sæti |
| 31 . maí | 9 sæti |
| 7. júní | 15 sæti |

**Benidorm** Frá **kr. 19.990**
Flugsæti báðar leiðir, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 18. maí.
**Ath. einnig stökktu tilboð 18. og 25. maí frá kr. 29.995.**

| | |
|---|---|
| 18. maí | Nokkur sæti |
| 25. maí | Nokkur sæti |
| 1. júní | Nokkur sæti |

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is




**HÚSAVÍK** Húsavíkurkaupstaður er langstærsti þéttbýliskjarninn í nýju sameinuðu sveitarfélagi á Norðausturhorni landsins. Fjórir framboðslistar takast á um hylli kjósenda fyrir kosningarnar síðar í mánuðinum. Karlmenn eru í efstu sætum allra listanna.

# Sóknarfærin eru handan hornsins

**Fjögur sveitarfélög í Þingeyjarsýslum sameinuðust í janúar síðastliðnum. Samanlagður íbúafjöldi verður liðlega 3000 en þar af búa um 2400 á Húsavík.**

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006**
Húsavíkurbær, Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur og Raufarhafnarhreppur

**KOSNINGAR** Meirihluti íbúa Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps samþykkktu í janúar síðastliðnum sameiningu sveitarfélaganna. Sú bæjarstjórn sem tekur við í sumar verður því fyrsta bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags en íbúafjöldi sveitarfélagsins mun losa 3.000. Langflestir eða um 2.400 munu búa á Húsavík.

Fjórir framboðalistar eru komnir fram: Listi Framsóknarflokksins, Samfylkingarinnar og óháðra, Sjálfstæðisflokksins og óháðra og listi Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs. Ekki er að sjá að framboðunum eigi eftir að fjölga.

Allir listarnir bera keim af því að Húsavík er langfjölmennasti þéttbýliskjarni hins nýja sveitarfélags en Húsvíkingar eru í meirihluta á öllum listunum. Öll framboðin eiga það einnig sameiginlegt að konur eru í minnihluta.

Öll sveitarfélögin hafa staðið í varnarbaráttu á líðandi kjörtímabili hvað varðar íbúaþróun og áföll hafa riðið yfir í atvinnumálum svo sem lokun rækjuverksmiðju Íshafs á Húsavík og lokun fiskimjölsverksmiðjunnar á Raufarhöfn. Rekstur Húsavíkurbæjar hefur verið neikvæður undanfarin ár og svo bág var fjárhagsstaða Raufarhafnarhrepps í upphafi kjörtímabilsins að hreppurinn átti í vandræðum með að greiða starfsmönnum sínum laun. Á undanförnum mánuðum hefur hugsanlegt álver Alcoa við Húsavík glætt vonir íbúa svæðisins. Verði af framkvæmdum bíða mörg úrlausnarefni nýrrar bæjarstjórnar en jafnframt fjöldi sóknarfæra þar sem fólksfjölgun og þensla á flestum sviðum verður allsráðandi.
kk@frettabladid.is

Gunnlaugur Stefánsson B-lista:
## Atvinnumálin efst á blaði



Gunnlaugur Stefánsson, bæjarfulltrúi á Húsavík, er efsti maður á lista Framsóknarflokksins en hann skipaði annað sæti á Þ-listanum, sameiginlegum lista B- og D-lista, í síðustu kosningum. Hann segir atvinnumálin efst á blaði framsóknarmanna í þessum kosningum. „Við viljum vinna að framgangi stóriðju á Bakka og snúa þannig við íbúaþróuninni á svæðinu."

Gunnlaugur segir eitt af stóru málum kjörtímabilsins vera að sameina rekstur sveitarfélaganna og mikilvægt sé að gæta jafnræðis íbúanna. „Rekstur Húsavíkurbæjar hefur verið þungur og nauðsynlegt er að gera markvissar áætlanir til að ná tökum á rekstrinum."

Jón Helgi Björnsson D-lista:
## Fara yfir og bæta rekstur



Jón Helgi Björnsson, rekstrarhagfræðingur í Reykjahverfi, er efsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins og óháðra. Hann segir sjálfstæðismenn einkum leggja áherslu á þrennt fyrir komandi kosningar. „Huga verður vel að rekstri hins nýja sveitarfélags en núverandi meirihluti á Húsavík virðist hafa misst tökin hvað það varðar. Nýir aðilar verða að koma að rekstrinum," segir Jón Helgi.

D-listinn leggur áherslu á að sameiningin gangi áfallalaust og jafnræðis verði gætt á milli sveitarfélaganna.

„Síðan ætlum við sjálfstæðismenn að berjast fyrir stóriðju við Húsavík. Gangi þær væntingar eftir þarf ný sveitarstjórn að leysa mörg mál og meðal annars þarf að tryggja nægilegt framboð af lóðum, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki," segir Jón Helgi.

Tryggvi Jóhannsson S-lista:
## Nýta orkuna í uppbyggingu



Tryggvi Jóhannsson, starfsmaður Húsavíkurbæjar, skipar efsta sæti á lista Samfylkingarinnar og óháðra.

Tryggvi segir eitt af baráttumálum listans á næsta kjörtímabili verði að nýta jarðorkuna á svæðinu til atvinnusköpunar. „Við berum miklar væntingar til álvers Alcoa en jafnvel þó þeir gangi úr skaftinu eru önnur tækifæri sem við eigum að nýta. Við viljum líka efla ferðaþjónustuna sem og rótgrónar atvinnugreinar."

Bygging menningarhúss, í samvinnu við ríkið, er eitt af forgangsmálum listans, og jafnframt að öllum börnum standi til boða leikskólarými. „Við viljum skoða hvort hægt er að gera leikskólann gjaldfrían í áföngum og við viljum tryggja að nýtt sameinað sveitarfélag eigi góð samskipti og samvinnu við nágrannasveitarfélögin," segir Tryggvi.

Ásbjörn Björgvinsson V-lista
## Hvorki með eða á móti álveri



Ásbjörn Björgvinsson, forstöðumaður Hvalasafnsins á Húsavík, leiðir lista vinstri grænna. Hann segir félags- og umhverfismál helstu baráttumál VG . „Við viljum skoða frekari uppbyggingu á þjónustu fyrir eldri borgara og jafna aðstöðu fjölskyldufólks. Jafnframt viljum við halda áfram að þróa tilraunaverkefni sem lýtur að því að virkja öryrkja til starfa á ný."

Sérstaða VG felst ekki síst í afstöðu til hugsanlegs álvers við Húsavík. „Við tökum ekki afstöðu með eða á móti álveri að sinni og leggjumst ekki gegn því að þau mál verði skoðuð. Við komum hins vegar til með að veita nauðsynlegt aðhald til að hagsmunir samfélagsins, umhverfisins og náttúrunnar verði ekki fyrir borð bornir þegar taka þarf ákvörðun um framhald málsins," segir Ásbjörn.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## „ORÐRÉTT“

### *Manngæska*

**„Ef upp koma alvarleg atvik, þegar fangi þarf á bráðri hjálp frá sálfræðingi að halda, þá reynum við alltaf að bregðast fljótt við því.“**

ÞÓRARINN VIÐAR HJALTASON SÁLFRÆÐINGUR Á LITLA-HRAUNI UM SÁLFRÆÐIAÐSTOÐ FANGA. FRÉTTABLAÐIÐ.

### *Missa og ekki missa*

**„Það blasir einfaldlega við að Reykvíkingar og aðrir landsmenn munu missa flugvöllinn til Keflavíkur ef ekki er haldið fast á málum.“**

ÓLAFUR F. MAGNÚSSON, FRJÁLSLYNDA FLOKKNUM, UM REYKJAVÍKURFLUGVÖLL Í GREIN Í FRÉTTABLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BALDUR BRJÁNSSON LÍFSKÚNSTNER

# *Alltaf í sömu stærð af skóm*

„Það er komið sumar og stutt í að maður byrji í golfinu. Ég var að koma frá Kanaríeyjum svo ég er vongóður að maður komi sterkur undan vetri,“ segir Baldur Brjánsson sem íslensk þjóð þekkir best í hlutverki töframannsins. Ekki segist hann nota töfra við golfið en hefur þó náð góðri forgjöf, fór lægst niður í 7,2 en er núna með 11,3. „Síðustu þrjú ár hafa verið frekar í daufara lagi en það á að setja trukk í þetta núna.“ Baldur fer töluvert til útlanda til að þjóna golfgyðjunni og þá gjarna í hópi góðra vina. Hann segir það ómissandi að lengja sumarið í báða enda með golfferðum og njóta síðan þess besta yfir sumarið heima á Íslandi.

Baldur er dellukarl mikill og það er ekki síst þess vegna sem hann leiddist út í heim töfra og sjónhverfinga. „Ég held að ég hafi byrjað tólf ára, en þá bjó ég norður á Akureyri. Þá kom frændi minn frá Reykjavík og var besti töframaður í heimi að mínu mati. Ég varð alveg heillaður af þessum heimi og byrjaði að hrekkja pabba og mömmu. Ég lagðist svo í bækur til að læra meira og fór utan til að sjá aðra. Síðan leiddi eitt af öðru og maður fór að finna upp eigin brögð. Frægast varð þegar ég kveikti eldinn á þrjátíu metra færi.“ Spurður hvernig hann hafi farið að því segir Baldur að það leyndarmál fari með honum yfir móðuna miklu og blaðamaður skilur að spurningar hans um aðferðafræði töframannsins skila honum engu. Baldur á þrjá stráka, barnabörn, sem eru nýkomnir á æsingaaldurinn og er byrjaður að þjálfa þá í sjónhverfingum. Leyndarmálunum er því greinilega haldið innan ættarinnar.

Baldri er ekkert óviðkomandi því atvinna hans er allt það sem fellur til. Hann hlær þegar hann minnist á það að fólk spyrji hann gjarna hvort hann sé á bótum þegar hann getur ekki nefnt fastan vinnustað. Smíðar eru honum hugleiknar bæði sem atvinna og í tómstundum. Þar er efniviðurinn bæði viður og gull, því hann smíðar skartgripi þegar vel liggur á honum. „En það sem skiptir mestu er að ég er alltaf í sömu stærð af skóm,“ segir hann óræður og kveður hlæjandi.





**GRAFIÐ EFTIR GULLI** Unnið er á skurðgröfu í kjallara hússins við Hafnarstræti 1-3 b en inn í það er gengið frá Nausti, lítilli götu milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu. Grafið er hálfan metra ofan í jörðina til að hækka lofthæð hússins. Í því var spilasalurinn Gullnáman og því er vert að spyrja hvort gull leynist í kjallaranum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






**INGRID KUHLMAN** Fjölmargir Vestfirðingar hafa fengið að súpa af þekkingarbrunni Ingridar og nú fer hún til Patreksfjarðar í þarnæstu viku til að leiðsegja bæjarbúum við það að koma fram af sjálfsöryggi.

# Vestfirðingar í sjálfstyrkingu

**Vestfirðingar hafa lengi haft það orð á sér að vilja láta verkin tala og vera ekki með neitt múður. Ingrid Kuhlman, ráðgjafi hjá Þekkingarmiðlun, heldur senn til Patreksfjarðar til að kenna fólki að koma fram af sjálfsöryggi en hún telur tímabært að vestfirskir harðjaxlar fari að ræða hlutina.**

Ingrid Kuhlman hefur oft farið vestur á firði til að kenna fólki að koma fram af sjálfsöryggi en hún segir ekki veita af slíkri þjálfun hér á landi þar sem lítið hafi verið lagt upp úr slíkri fræðslu í skólum á árum áður og því hafi fáir fengið tilsögn í því að standa frammi fyrir fólki og tjá sig. Þann 16. maí mun Patreksfirðingum gefast tækifæri til að fá leiðsögn í því frá Ingrid.

„Bresk könnun hefur leitt það í ljós að 41 prósent aðspurðra bera



**FRÁ PATREKSFIRÐI**

mestan kvíðboga fyrir því að þurfa að standa frammi fyrir fólki og tala og það er engin ástæða til að ætla að þessu sé öðruvísi farið hér á landi,“ segir Ingrid.

En þarf fólk í sjávarþorpi þar sem allir þekkja alla leiðsögn í því að koma fram? Hefur það ekki ævilanga reynslu í því? „Það er nú þannig að það getur verið miklu erfiðara að tala til hóps fólks sem maður þekkir vel. Hver kannast ekki við það að verða feiminn þegar hann er að tala til fólks og sér mömmu gömlu meðal áheyrenda? Það er því engin minni þörf á þessu í minni samfélögum.“

En er það öðruvísi að kenna Vestfirðingum en öðrum þessa tækni? „Vestfirðingar eru harðduglegir og hafa löngum verið þekktir fyrir það að láta verkin tala og ekkert múður. Það er í sjálfu sér ágætt en sú staða kemur þó oft upp þar sem þörf er á því að ræða málin í stórum hópi eins og til dæmis á vinnustöðum. Það er því alveg tímabært að huga að því hvað maður hefur til brunns að bera þegar slíkar aðstæður koma upp,“ segir Ingrid. Námskeið hennar hafa yfirleitt verið vel sótt ,jafnvel í minni þorpum. „Ég hélt, til dæmis sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur á Tálknafirði og þá komu hátt í 30 konur. Karlmenn virðast hins vegar ekki vera jafn spenntir fyrir sjálfstyrkingarnámskeiðunum. Þeim finnst þeir ekkert þurfa á þeim að halda.“

Þekkingarmiðlunin er í samvinnu við Fræðasetur Vestfjarða og er það þessu samstarfi að þakka hversu víða og títt námskeiðin hafa verið haldin á Vestfjörðum.

**jse@frettabladid.is**

# Kóranar lagðir til hinstu hvílu

Fyrir fjórtán árum síðan kom pakistanski dráttarvélasölumaðurinn Allah Noor Davi auga á hvítskeggjaðan mann grafa Kóraninn, helga bók múslima, í grafreit nokkrum. Við þá sjón fékk Davi hugmynd: að útbúa neðanjarðarvölundarhús, þar sem fólk gæti lagt gamla Kórana til hinstu hvílu.

Samkvæmt íslam má ekki bara henda ónýtum Kórönum, heldur verður annað hvort að grafa bækurnar í grafreitum eða fleygja þeim í ár eða hafið, að sögn Davi. Því þótti honum upplagt að útbúa grafreit fyrir bókina helgu og hófst þegar handa við verkið.

Jarðgöng Davis, sem eru í Chiltan-fjöllunum, eiga engan sinn líka í Pakistan. Nú eru þau orðin nær tveggja kílómetra löng og samanstanda af 56 tengdum teppalögðum göngum þar sem ritningunni er staflað í taupokum meðfram veggjunum.



**KÓRANAHELLIR** Milljónir síðna úr Kóraninum hafa verið lagðar til hinstu hvíldar í þessum helli. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Allt að 200 gestir heimsækja göngin á degi hverjum og ekkert lát er á Kóranasendingum.

Að sögn Davis koma um 10 vörubílar í hverjum mánuði hlaðnir trúarritinu og síðum úr dagblöðum og tímaritum þar sem vitnað er í vers þess. Sendingarnar eru flokkaðar og bækur sem hægt er að endurnýta eru bundnar inn á ný og gefnar í moskur, skóla og til fátækra, en gamlir Kóranar, sumir allt að 300 ára, eru varðveittir undir gleri í göngunum. **- smk**

## Svona erum við

> Framboðslistar stjórnmálaflokka í sveitarstjórnarkosningum 2002




# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL. GREINING:** ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

# *Eru með tvo þriðju launamanna*

**Hvað er ASÍ?**

Alþýðusamband Íslands er stærsta fjöldahreyfing launafólks í landinu en félagsmenn þess eru tæp 89 þúsund talsins. Það þýðir að tveir af hverjum þremur launamanna sem eru í skipulögðum samtökum hér á landi eru félagsmenn sambandsins. Aðildarfélög ASÍ eru 82 en þau raða sér í sex landssambönd. Það stendur fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um réttindi þeirra. Það gegnir einnig upplýsingar-, ráðgjafar-, og aðhaldshlutverki gagnvart stjórnvöldum og stjórnarandstöðu.

**Hvenær var ASÍ stofnað?**

Það var stofnað 12. mars 1916 og var stofnfundur þess í Báruhúsinu í Reykjavík. Tuttugu fundarmenn sátu hann en þeir komu frá sjö félögum sem í voru samtals 1500 félagsmenn. Ottó N. Þorláksson var kosinn forseti og Ólafur Friðriksson varaforseti. Á fyrsta reglulega þingi ASÍ var hins vegar ritari sambandsins, Jón Baldvinsson, kosinn forseti og Jónas Jónsson frá Hriflu varaforseti.

**Hver eru helstu baráttumál ASÍ núna?**

Nú stendur sambandið fyrir átakinu Einn réttur – ekkert svindl. Átakið



miðar að því að uppræta undirboð og ólöglega atvinnustarfsemi með erlendu vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði. Forsvarsmenn ASÍ hafa lagt áherslu á að átakið beinist ekki gegn erlendu starfsfólki.

*heimild: www.asi.is*

## SPURT OG SVARAÐ

**FEMÍNISTAFÉLAG ÍSLANDS**



KATRÍN ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR

# *Langt í land*

Femínistafélag Íslands hlaut jafnréttisverðlaun Reykjavíkurborgar sem voru afhent nú í fyrsta skipti.

Að sögn Katrínar Önnu Guðmundsdóttur, talskonu félagsins, hefur öflug starfsemi átt sér stað og mikið framundan.

**Er félagið í samstarfi við hreyfingar erlendis?** Við erum ekki í beinu formlegu samstarfi við hreyfingar erlendis en við erum partur af samstarfi kvennahreyfinga í Evrópu sem eru að berjast gegn kynjabundnu ofbeldi. Og við fylgjumst vel með hvað er í gangi annars staðar. Sumir hópar innan félagsins hafa verið í samstarfi við hreyfingar erlendis, til dæmis karlahópurinn og ungliðahópurinn.

**Hvernig er staðan í jafnréttismálum á Íslandi miðað við Norðurlöndin?** Við erum á svipuðu róli á sumum sviðum og aftarlega á öðrum. Við erum í góðum málum varðandi feðraorlofið til dæmis. En aftur á móti er femínismi almennt séð útbreiddari á hinum Norðurlöndunum og meiri viðurkenning á vandanum. Enn er þó langt í land að jafnrétti sé á Norðurlöndunum sem teljast þó fremst í flokki vestrænna ríkja.



**ÚTLENDINGAR** „Erlendu starfsfólki hefur fjölgað stórkostlega og því mun fjölga enn frekar. Maður veltir fyrir sér eftirlitsskyldu og ábyrgð stjórnvalda," segir Aðalsteinn um áhrif þess að Íslendingar opni fyrir frjálsa för verkafólks. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Útlendingar eru þægari

**Íslendingar hafa boðið til veislu. Þegar veislugestirnir mæta er ekkert á borðum því að það er ekki búið að baka terturnar eða hita kaffið. Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, telur að Íslendingar verði óviðbúnir þegar erlent starfsfólk flæðir inn í landið.**



FRÉTTASKÝRING

GUÐRÚN HELGA SIGURÐARDÓTTIR
ghs@frettabladid.is

Stjórnvöld hafa ákveðið að opna fyrir frjálsa för verkafólks og býst Aðalsteinn við að fólk flæði inn í landið á næstu mánuðum og misserum því að atvinnuleysi er mikið víða í Evrópu en lítið hér á landi. Aðalsteinn bendir á að Íslendingar hafi nú fjölmennasta hóp erlendra starfsmanna af öllum Norðurlandaþjóðunum, útlendingar eru hér um sjö prósent af vinnumarkaði.

Aðalsteinn er undrandi og gagnrýninn á sofandahátt íslenskra stjórnvalda. Hann er til dæmis hissa á því að samfélagsbreytingin sem verður vegna frjálsu fararinnar eigi ekki að kosta krónu og það þrátt fyrir að stjórnvöld ætli að auka eftirlitsskyldu hjá Vinnumálastofnun svo dæmi sé nefnt.

### Fólk á betra skilið

„Á hinum Norðurlöndunum er talað um að þetta sé stórt vandamál en við Íslendingar, sem tökum á móti flestum, ætlum að opna vinnumarkaðinn enn frekar meðan sumar aðrar Norðurlandaþjóðir sporna við og setja stífar reglur," segir hann.

„Erlendu starfsfólki hefur fjölgað stórkostlega og því mun fjölga enn frekar. Maður veltir fyrir sér eftirlitsskyldu og ábyrgð stjórnvalda, hvort það eigi til dæmis ekki að aðlaga fólk að íslensku þjóðfélagi," segir Aðalsteinn og líkir þessu við veisluboð.

„Þegar veislugestirnir mæta er ekkert á borðum og ekkert tilbúið. Það er hvorki búið að baka terturnar né hita kaffið. Stjórnvöld hyggjast ekkert gera til að taka á móti þessu fólki hvað varðar íslenskukennslu og aðlögun að íslensku þjóðfélagi. Þetta fólk á betra skilið en það fær hér. Hér er ekkert gert," segir hann.

### Vinnumálastofnun verður löggan

Aðalsteinn vitnar í greinargerð með frumvarpinu um frjálsa för verkafólks og segir að það eigi ekki að kosta krónu að taka á móti fólkinu. „Hvernig stendur á því að það á að opna landið án þess að það kosti krónu að taka á móti gestunum? Hver er ábyrgð stjórnvalda og atvinnurekenda? Vinnumálastofnun á til dæmis að vera í eftirlitshlutverki og ég spyr hvernig eigi að mæta því. Vinnumálastofnun verður löggan á vinnumarkaðnum. Hvaða þekking er þar til staðar varðandi ráðningarsamninga og kjarasamninga?"

Aðalsteinn gagnrýnir hversu skyndilega málið hafi verið afgreitt gegnum þingið stuttu fyrir þinghlé og telur alþingi setja niður við slík vinnubrögð. Hann hefði viljað fresta frjálsri för og nota tímann til að undirbúa breytinguna, skipuleggja móttöku fólksins, tryggja eftirlitsskylduna og gefa stéttarfélögunum tóm til að skoða þessi mál.

Þarf fólk sem kemur hingað í stuttan tíma til að vinna einhverjar sérstakar móttökur?

„Hingað kemur fólk sem fer til baka og fólk sem sest hér að. Atvinnuleyfum fjölgar nánast látlaust þannig að það þarf að gera átak í þessum málum. Ég hef trú á því að atvinnuleysi aukist og að það verði Íslendingarnir sem fari halloka. Tilhneigingin er sú að atvinnurekendur vilja frekar útlendinga en Íslendinga í vinnu því að útlendingarnir eru þægara fólk," segir hann.

### Fara fram hjá kerfinu

Aðalsteinn segir frá því að atvinnurekandi hafi hringt í sig nýlega til að kanna hvort hann mætti ráða erlenda verkamenn upp á 300 krónur á tímann þegar lágmarkslaunin eru 630 krónur. „Ég sagði honum að ég myndi kæra hann um leið. Hann fór þá að velta fyrir sér hvort hann gæti verið með þetta fólk í starfskynningu í sumar. Atvinnurekendur eru að leita leiða til að fara fram hjá kerfinu."

## UMSÓKNUM FJÖLGAR

Umsóknum um kennitölur hefur fjölgað verulega hjá Hagstofunni undanfarið ár. Biðtími eftir afgreiðslu kennitölunnar er venjulega aðeins þrír virkir dagar en nú tekur fimm og upp í tíu virka daga að afgreiða kennitölurnar. Jóna Garðarsdóttir, deildarstjóri hjá Hagstofunni, segir að þetta sé fyrst og fremst vegna erlendra starfsmanna í stórum verkefnum fyrir austan.



**EFTIR Á AÐ BAKA OG HELLA UPP Á** „Þegar veislugestir mæta er ekkert á borðum og ekkert tilbúið. Það er hvorki búið að baka terturnar né hita kaffið," segir Aðalsteinn Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur.



FIMM FRÉTTIR
Alla virka daga kl. 17
NFS digital ísland vísir VEFTV


3 risa XL eldhúsrúllur
3 Eldhúsrúllur BÓNUS
Nýtt í Bónus!
3 XL rúllur 298 KR.
EKKERT BRUÐL
FROSINN FOLALDA FRAMPARTUR
Þjóðlegt og þægilegt!
FROSINN FOLALDA FRAMPARTUR 499 kg KR.
...fyrir góðan dag!
FROSIN, VERKUÐ SVIÐ 398 KR. KÍLÓVERÐ
bonus.is
BÓNUSFETI 199 KR. 250g
BÓNUS FETA
Tilboð vikunnar
KS svið
KÓTELETTUR Í RASPI frá Kjarnafæði
KJARNAFÆÐI
ERAN/Landlist
Bónus GRILL svínalærissneiðar og svínahnakkasneiðar
KÓTELETTUR Í RASPI 1199 KR. 25% afsláttur við kassann Merkt verð 1599kr.
BÓNUS SVÍNAGRILL LÆRIS-/HNAKKASNEIÐAR 899 kg KR.
Nýtt í Bónus!
EKKERT BRUÐL
Frosnar túnfisksteikur, fínar á grillið eða pönnuna!
TÚNFISK
FROSIN TÚNFISKSSTEIK 99 KR. 250g
FROSINN LAMBABÓGUR 599 kg KR.
Frosinn KS lambabógur
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 1298 KR. 900g
Kartöflu salat
KF SALAT 98 KR. 350g
www.bonus.is
FROSNAR OG FRÁBÆRAR DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Útlendingar sem eru hér við störf hafa ekki tekið vinnu frá Íslendingum.

# Óttinn við hið óþekkta

Þann 1. maí urðu þau tímamót að borgarar átta þjóðlanda bættust í hóp þeirra þjóða sem geta komið til Íslands og stundað hér atvinnu án takmarkana. Það kom skýrt fram í ræðum þann dag að fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar eru um margt uggandi yfir þessari þróun. Óttinn beinist að því að kjarasamningar verði brotnir á útlendingum, sem hingað koma, með þeim afleiðingum að kjör muni almennt versna, og að til lengri tíma geti vera þeirra á íslenskum vinnumarkaði aukið atvinnuleysi meðal heimamanna.

*Þvert á móti er erfitt að gera sér í hugarlund að íslenskt samfélag væri hreinlega starfshæft án erlends vinnuafls. Allt frá sjúkrahúsunum til byggingasvæða um land allt eru útlendingar ómissandi hjól til að halda vélinni gangandi.*

Full ástæða er til að taka þessar áhyggjur alvarlega og ljóst er að álagið á Vinnumálastofnun og verkalýðshreyfinguna við eftirlit með því að kjarasamningar séu virtir mun síst minnka við þessar breytingar.

Hitt er svo annað mál að varla hefði verið hægt að finna heppilegri tímapunkt en nú til að auka frelsi í flæði vinnuafls til landsins. Hlutfall útlendinga á íslenskum vinnumarkaði hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum og er nú orðið um 7 prósent, sem er það hæsta á Norðurlöndum. Á sama tíma hefur dregið svo úr atvinnuleysi að það mældist aðeins 1,6 prósent síðastliðinn febrúar.

Við mat á vinnumarkaði er gjarnan litið svo á að þegar atvinnuleysi er komið niður fyrir 2 prósent séu í raun fleiri farnir að vinna en virkilega vilja það. Ef það er rétt má fullyrða að enginn af öllum þeim mikla fjölda útlendinga sem er hér við vinnu hafi tekið starf frá Íslendingi.

Þvert á móti er erfitt að gera sér í hugarlund að íslenskt samfélag væri hreinlega starfshæft án erlends vinnuafls. Allt frá sjúkrahúsunum til byggingasvæða um land allt eru útlendingar ómissandi hjól til að halda vélinni gangandi.

Þetta er mikilvæg staðreynd sem ekki er víst að allir geri sér grein fyrir, að minnsta kosti ekki ef hafðar eru í huga neikvæðar niðurstöður könnunar sem Ásgeir Hannes Eiríksson, veitingamaður og fyrrverandi alþingismaður, lét gera á dögunum og sýndi að ótrúlega hátt hlutfall þjóðarinnar ber í brjósti sér neikvæðar tilfinningar gagnvart útlendingum sem hafa kosið að setjast hér að eða sækja vinnu. Það þarf að vinna á móti þeim tilfinningum með öllum tiltækum ráðum.

„Okkur ber að gæta systra okkar sem bræðra, innlendra og erlendra," sagði Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, formaður Landssambands íslenskra verslunarmanna, í 1. maí ávarpi sínu á Ingólfstorgi þegar hún lýsti áhyggjum sínum yfir því að erlent starfsfólk væri ráðið hér á launum undir lágmarkstöxtum. Vonandi geta sem flestir gert þessi orð Ingibjargar að sínum í sem víðustu samhengi.




Er jeppinn tilbúinn fyrir sumarið?

31" 14.882,-
32" 15.661,-
33" 15.900,-
35" 16.870,-

Gerið verðsamanburð

NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000


## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Meðbyr**
Frambjóðendur til borgarstjórnar eru óþreyttir við að lýsa þeim mikla meðbyr sem framboð þeirra njóta meðal borgarbúa og reynist auðvelt að túlka niðurstöður skoðanakannana sér í hag. „Mér þykja þetta spennandi niðurstöður og við í Samfylkingunni eigum mikið inni," sagði Dagur B. Eggertsson eftir síðustu könnun Fréttablaðsins. Fylgi flokksins hafði dalað frá könnuninni þar á undan. „Okkur frambjóðendum fannst þetta frábær endir á skemmtilegri viku og við finnum svo sannarlega fyrir auknum meðbyr," sagði Björn Ingi Hrafnsson á sunnudag þó að hann kæmist ekki í borgarstjórn samkvæmt nýrri könnun Gallup. „Framboð frjálslyndra og óháðra í Reykjavíkurborg er í góðri sókn," segir á vef Frjálslynda flokksins þó að glæný könnun sýni að flokkurinn missi fulltrúa sinn úr borgarstjórn. „Andrúmsloftið er með okkur. Aldan undir iljunum, kröftug og sterk," segir Svandís Svavarsdóttir á bloggsíðu sinni um stöðu VG. „Stemningin með Sjálfstæðisflokknum," er fyrirsögn frétta á vef flokksins eftir nýju Gallup-könnunina.

**Mótbyr**
Nokkur hundruð manns komu saman í miðborg Reykjavíkur þann fyrsta maí og hlýddu á ávörp verkalýðsforingja, tónlist og gamanmál. Tugir tóku þátt í hátíðarhöldunum á sumum stöðum landsbyggðarinnar en sífellt fjölgar þeim stöðum þar sem hvorki er efnt til kröfuganga né baráttufunda. Lauslegir útreikningar benda til að saman talið hafi rúmlega eitt þúsund manns tekið þátt í hátíðarhöldum verkalýðsfélaganna. Er það um eitt prósent allra félagsmanna Alþýðusambandsins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sem verður að teljast æði lágt hlutfall.



**Ein fréttastofa RÚV**
Meðal þess sem hugsanlega kann að breytast verði frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið að lögum er að rekin verði ein fréttastofa innan veggja Efstaleitisins í stað tveggja eins og nú er. Fréttastofur Útvarps, undir stjórn Óðins Jónssonar, og Sjónvarps, undir stjórn Elínar Hirst, eru aðskildar en tilheyra báðar fréttasviði RÚV sem Bogi Ágústsson stýrir. Á göngunum er skrafað um að þessu fyrirkomulagi verði breytt, ef og þegar RÚV verður hlutafélag, og í framtíðinni verði ein fréttastofa og einn fréttastjóri. Skrafhreifa greinir þó á um hverju þessara þriggja verði falið að stýra sameiginlegri fréttastofu eða hvort Páll Magnússon útvarpsstjóri kýs að finna einhvern annan til verksins.



**bjorn@frettabladid.is**

# Auðvæðing kosningabaráttu?

Í DAG
TENGSL FJÁRMAGNS OG LÝÐRÆÐIS



ÓLAFUR HANNIBALSSON

*Átök á heimsvísu á næstu áratugum munu ekki snúast um hugmyndafræði, heldur orkulindir.*

Íslenskir stjórnmálaflokkar úthluta sjálfum sér á fjórða hundrað milljóna króna af skattfé landsmanna til starfsemi sinnar. Í því efni hafa þeir farið að fordæmi allra lýðræðisþjóða á Vesturlöndum, sem hafa talið einsýnt að starfsemi stjórnmálaflokka sé svo snar þáttur lýðræðisins, að réttlætanlegt sé að styrkja hana af almannafé svo að síður sé hætta á að flokkarnir ánetjist fjársterkum öflum og fari, meðvitað eða óméðvitað, að ganga erinda þeirra við margs konar lagasetningu og stjórnsýsluákvarðanir. En alls staðar annars staðar en hér fylgir þessu að fjárreiður stjórnmálaflokkanna séu uppi á borðinu samkvæmt þeirri gullnu reglu, að tengsl peninga og stjórnmála skuli vera gagnsæ og þola dagsins ljós.

Jafnframt hefur sú regla verið innleidd um alla Evrópu að stjórnmálaflokkarnir skuli hafa jafnan, ókeypis aðgang að ljósvakamiðlum ákveðinn tíma fyrir kosningar, en sneiða hjá rándýrum auglýsingaherferðum, sem reynslan hefur sýnt að vilja fara úr böndunum í hita leiksins, og orðið til að steypa flokkum í stórskuldir. Þannig er komið til móts við kröfur flokkanna um að fá að koma boðskap sínum á framfæri gegnum ljósvakamiðlana – en á jafnréttisgrundvelli og án stórra fjárútláta.

Þjóðarhreyfingin – með lýðræði ákvað að vekja athygli flokkanna og íslenskra kjósenda á því hvernig lýðræðisþjóðirnar í kringum okkur hafa talið rétt að skipa þessum málum, ýmist með lagasetningu eða frjálsu samkomulagi flokkanna innbyrðis, og skrifaði því öllum formönnum flokkanna bréf og fór fram á það að þeir gerðu með sér slíkt samkomulag fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí. Óskað var eftir svari mánuði fyrir kosningar, 27. apríl. Er skemmst frá því að segja, að enginn þeirra sá ástæðu til að svara þessu erindi okkar, þótt talsmenn þeirra allra – nema Framsóknarflokksins – hafi tekið því með jákvæðum hætti – að því tilskildu að enginn skoraðist úr leik. Annar maður á lista Framsóknarflokksins hér í borginni, Óskar Bergsson, sá hins vegar ástæðu til þess í grein hér í blaðinu að reyna að gera þetta framtak okkar tortryggilegt og gefa í skyn að með þessu værum við að þjóna annarlegum hagsmunum.

Ég get fullvissað Óskar um að okkur gekk ekki annað til en einlægar áhyggjur af afleiðingum þess að óheftur ribbaldakapítalismi fengi að leika lausum hala í íslenskri kosningabaráttu og gæti þannig gert út um það, hvaða flokkar og stjórnmálaöfl fara hér með völd, og öðlast um leið möguleika á að beita þessum öflum í sína þágu. Sumum kann að finnast að í borgarstjórnarkosningunum sé ekki eftir þeim stórhagsmunum að slægjast að stórfyrirtæki væri reiðubúið að greiða auglýsingaherferð einhvers stjórnmálaflokks í von um að hann hefði úrslitaáhrif á afgreiðslu mála hjá borginni,

Við skulum því setja upp ímyndað dæmi. Segjum sem svo að flokki, sem sáralítils fylgis nyti í skoðanakönnunum, tækist með vel heppnaðri auglýsingaherferð að komast í oddaaðstöðu í borginni og fengi þar með borgarstjóraembættið. Hann myndaði meirihluta með flokki sem ekki hefði trú á hæfni frjáls hagkerfis til að mynda hálaunuð störf. Eina leiðin til að skaffa störf væri framhald stóriðjustefnu; uppbygging 5, 10, eða 15 álvera um allt land og til þess væri fórnandi að selja til þeirra orku á tombóluprís. Eins og allir vita hafa Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun ekki gengið fyllilega í takt í þeim efnum á undanförnum árum, Orkuveitan verið í nokkurri samkeppni við Landsvirkjun og lagt kapp á að kaupa orkuréttindi víða um landið, þannig að nú eru þessi fyrirtæki sambærileg að stærð. Segjum svo að við sömu öfl réðu landstjórninni og borginni og þau stefndu að því að einkavæða Landsvirkjun og bjóða hið einkavædda fyrirtæki til sölu á heimsmarkaði. Mundi ekki einhverjum álrisanum þykja það tilvinnandi fórnarkostnaður að borga reikninginn af einni eða tveimur auglýsingaherferðum smáflokksins í von um að þessu lík staða gæti komið upp?

Sem betur fer er þetta langsótt röksemdafærsla. En við lifum á tímum heimsvæðingarinnar í viðskiptum og höfum séð hvernig alþjóðleg risafyrirtæki hafa teygt anga sína inn á öll svið mannlegrar tilveru og þá ekki síst stjórnmálanna. Hugveitur í Bandaríkjunum, hvort sem þær teljast á hægri væng eða vinstri, eru sammála um það að átök á heimsvísu á næstu áratugum muni ekki snúast um hugmyndafræði, heldur orkulindir. Þess vegna er það ekki „nútímalegt" að neita alfarið að setja ribbaldakapítalismanum eðlilegar skorður á stjórnmálasviðinu. Það er gamaldags og forneskjulegt, já, og beinlínis háskalegt. Það er of seint að byrgja brunninn þegar barnið er dottið ofan í.

# Hreinar línur - velferð - umhverfi - atvinna

UMRÆÐAN
KRISTÍN SIGFÚSDÓTTIR FRAMBJÓÐANDI SKRIFAR UM UMHVERFISMÁL

Brýnasta úrlausnarefni í umhverfismálum á Akureyri er að draga úr svifryksmengun svo andrúmsloft á Akureyri standist heilbrigðiskröfur sem gerðar eru í þéttbýli í Evrópu. Helstu leiðir til úrbóta: gjörbreyttar og tíðar almenningssamgöngur, sem kostaðar verða alfarið úr sameiginlegum sjóðum, notkun loftbóludekkja í stað nagladekkja hér innanbæjar og hreinsun gatna. Einnig þarf að flýta uppbyggingu hjóla- og göngustíga og tengja þá betur saman.

Trúlega kæmi sér þó best viðhorfsbreyting til þess að ganga frekar í vinnu og skóla, heldur en aka fyrir þá sem það geta. Það bætti í senn andrúmsloftið og lýðheilsu bæjarbúa. Setja þarf upp mælistöð sem mælir ástand andrúmsloftsins og gefa bæjarbúum upplýsingar þá daga sem svifryk og önnur efnasambönd fara yfir heilsuverndarmörk. Mæla þarf hauggas frá sophaugum á Glerárdal. Hanna umhverfisvísa, sem nýtist til að meta ástand, árangur og viðhorf.

Akureyringar eiga að vera til fyrirmyndar í endurvinnslu, svo sem moltugerð. Þeir þurfa að draga úr úrgangi, flokka mikið meira en gert er og útbúa jarðgerðarstöð á láglendi í stað þess að láta berjast við jarðgerð í 250 m hæð yfir sjávarmáli. Jarðgerðarstöð sem væri með upphituð plön og nýtti jarðhita til að flýta jarðgerðinni hluta ársins. Þannig yrði jarðgerðarstöð þrifalegt, lyktarlaust svæði engum þyrnir í augum, heldur þrifalegur 6-10 manna vinnustaður. Yfirbyggðir skálar ásamt tromlum og tækjum sem til þyrfti, yrði forsenda fyrir rekstri og öllum skilyrðum til reksturs slíks staðar yrði fullnægt.

Gera þarf stórátak í frágangi og umhirðu opinna svæða og nýta þau enn betur en gert hefur verið. Umhverfisþáttum má gera skarpari skil í allri stefnumótun og skipulagsvinnu líkt og þegar Árni Steinar var umhverfisstjóri bæjarins. Ný vistvæn atvinnutækifæri tengjast vel skipulögðum svæðum. Fyrirtæki sem sýna frumkvæði í umhverfisvænum háttum eiga að njóta hvatningar og styrkja frá ákveðnum umhverfissjóði. Akureyringar eiga skilið að fá fólk í bæjarstjórn sem vill og getur gert talsvert betur í umhverfis- og atvinnumálum en fráfarandi bæjarstjórn.

*Höfundur skipar 2. sæti á V-lista Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á Akureyri.*

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## ALLT HITT

**BÖRN FERÐIR NÁM BÍLAR**

**UNICEF,** Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi , kynnir stuðning fjölda íslenskra fyrirtækja og einstaklinga við stórt styrktarverkefni Barnahjálparinnar í Nígeríu á opnum fundi sem haldinn verður á morgun, fimmtudaginn 4. maí klukkan 10.30, í nýju húsnæði Lýsis hf. að Fiskislóð 5.

**Mímir** - símenntun býður upp á vornámskeið í japönsku þar sem farið verður í grundvallaratriði í japanskri málfræði og orðaforða. Námskeiðið hefst 10. maí og líkur 7. júní en kennt verður á mánudögum og miðvikudögum frá klukkan 19.00 til 20.30.



**Norræna** verður í þurrkví dagana 13. til 19. maí vegna viðhalds og verður því engin ferð farin frá Íslandi þá viku. Næsta ferð Norrænu frá Seyðisfirði verður farin 24. maí.

**Bifreiðauppboð** Vöku eru oftast haldin fyrsta laugardag hvers mánaðar en stundum færast þau til. Ekkert uppboð verður haldið á laugardaginn næsta en þess í stað verður uppboðið haldið 20. maí næstkomandi.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 3. maí, 123. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.53 | 13.25 | 21.58 |
| Akureyri | 4.25 | 13.09 | 21.56 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Fanney Kristjánsdóttir lærir höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Áhrifarík meðferð við ýmsum kvillum

***Fanney Kristjánsdóttir lærir höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð á námskeiðum hjá Upledger-stofnuninni á Íslandi.***

Ástæðan fyrir því að Fanney fór að læra höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð var sú að mamma hennar sendi hana á kynningarnámskeið síðasta haust. „Ég féll strax fyrir þessu og vissi að þetta væri eitthvað sem ég vildi læra betur,“ segir Fanney.

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð er kennd á námskeiðum hjá Upledger-stofnuninni á Íslandi. „Námskeiðin eru haldin reglulega en það verða alltaf að líða svona þrír mánuðir á milli þeirra námskeiða sem tekin eru til þess að nemendurnir nái að melta allt sem búið er að kenna þeim og æfa sig . Námið er lágmark fimmtán mánuðir en við ráðum því svolítið hvað við tökum mikið og hvort við klárum öll námskeiðin,“ segir Fanney.

Höfuðbeina- og spjaldhryggjarmeðferð er notuð við ýmsum kvillum sem hrjá fólk. „Meðferðin er mikið notuð við bakverkjum, mígreni, krónískum bólgum, meiðslum sem taka sig upp aftur og aftur og nánast hverju sem er,“ segir Fanney.

Fanney segir að meðferðin felist í þrýstingi á ákveðna staði líkamans. „Ég snerti þann sem ég hef til meðferðar með fimm gramma þrýstingi á hina ýmsu staði á líkamanum og í vissum stellingum. Með snertingunni býð ég líkamanum í raun og veru að lækna sig sjálfur.“

Fanney stefnir á að ljúka öllum námskeiðunum sem boðið er upp á hjá Upledger-stofnuninni. „Þegar ég hef lokið náminu get ég til dæmis opnað eigin stofu þar sem ég fæ fólk til meðferðar en svo kemur það líka fyrir að fólk sem hefur lært þetta fari að starfa inni á sjúkrahúsum.“

*emilia@frettabladid.is*


## Litrík sumarföt og skór



IANA

Laugaveg 53 • S: 552 3737

Opið mán-fös frá 10-18 og lau. 10-16

# MAZDA TRIBUTE

Eigum til afhendingar strax, nokkra vel útbúna bíla á 31" dekkjum.

Umboðsaðilar: SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bíasalan Ós - Akureyri Sími 462 1430



X4 ehf.

Opið virka daga 10:00 - 18:30
Laugardaga kl. 12:00 - 16:00

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**












Eyþór undir stýri á bílnum sem hann og tengdafaðir hans breyttu á einum og hálfum mánuði. FRETTABLAÐIÐ/GVA

# Bíllinn tilbúinn morguninn fyrir fyrstu ferðina

*Eyþór Guðnason breytti fjallajeppa sínum sjálfur.*

Flestir bíleigendur hafa einhverntíma tekið upp skiptilykil og skrúfjárn til að eiga lítið eitt við bifreið sína. Sumir ráða meira að segja við flestar einfaldar viðgerðir sjálfir, og svo er það fólk eins og Eyþór Guðnason.

18. janúar fékk hann splunkunýja Toyotu Tacoma bifreið úr skipi. Þremur og hálfum tímum síðar var hún komin inn í skúr þar sem Eyþór og tengdafaðir hans gerðu úr henni fullvaxinn fjallajeppa.

„Hann var keyrður fjörutíu kílómetra þegar hann var kominn inn á gólf,“ segir Eyþór. „Konan var ekki einu sinni búin að fá að taka í hann. Við vorum svo í einn eða einn og hálfan mánuð að breyta honum, unnum bara í þessu eftir klukkan níu á kvöldin. Konan fór svo á honum í kvennaferð ferðaklúbbsins 4x4, það var fyrsta ferðin á bílnum og hann kláraðist bara morguninn fyrir ferðina.“

Toyota Tacoma eru ekki algeng sjón á götum landsins enda tiltölulega stutt síðan sú fyrsta var flutt til landsins. „Þetta eru skemmtilegir bílar með skemmtilegar vélar og fullt af afli. Það minnir á gamla Willys-andann að keyra þá hvað kraftinn varðar, nema hvað Toyotan er hlaðin þægindum,“ segir Eyþór um bílinn sem er með 4 lítra V6 mótor sem telur heil 245 hestöfl og vegur fullbreyttur aðeins 2.140 kg. „Mönnum leiðist ekki á botngjöf,“ segir Eyþór. „Og eyðslan er ekki mikil, nema í fyrstu ferðinni reyndar. Þá var ég með allt í botni allan tímann til að rassskella ferðafélagana,“ bætir hann við á léttu nótunum.

Breytingin á Tacomunni fól meðal annars í sér að henni var lyft um 8 cm á yfirbyggingu. Færa þurfti boddífestingar að framan og klippa heil ósköp úr bílnum í kringum framdekkin. Afturhásingin var færð aftur um 8,5 cm og til að byrja með var flatjárnsfjöðruninni skipt út fyrir gorma og svokallaðar four-link-stífur. Síðar var gormunum skipt út fyrir loftpúða. Í afturdrifinu er rafmagnslæsing staðalbúnaður en Eyþór setti íslensku Algripslæsinguna í framdrifið. Til að ráða við allra þyngstu færðina var líka settur milligír í bílinn. „Þetta er eina Tacoman sem er komin með milligír. Þeir sem hækkuðu sínar ekki á yfirbyggingu hafa ekki pláss fyrir hann,“ segir Eyþór sem ber bílnum góða söguna eftir breytingu.

Eyþór hefur átt jeppa síðan 1984 og deilir jeppa- og útivistaráhuganum með konu sinni. „Þetta er auðveldara af því að hún hefur svo mikinn áhuga líka, hún fer ein í nokkrar ferðir á ári. Handlagnir einstaklingar eiga alveg að geta breytt bíl eins og við gerðum, en maður þarf að vita hvað maður er að gera, ég hef smíðað nokkra bíla á undan þessum,“ segir Eyþór og bætir við að hann hafi ekki nákvæma tölu á klukkutímunum sem fór í breytinguna, „en þeir voru ansi margir.“

einareli@frettabladid.is



Þarna er Eyþór búinn að eiga bílinn í þrjá og hálfan tíma, og strax byrjaður að rífa hann í sundur fyrir breytinguna.



Yfirbyggingin var hækkuð um 85 mm, vatnskassi síkkaður og festingar fyrir hann styrktar.



Hér er búið að færa festingar fyrir yfirbygginguna upp og aftur og klippa úr brettum að framan.



Afturfjöðrunin í smíðum. Þetta eru svokallaðar fourlink-stífur.



Skipta þurfti út bremsudiskum og -dælum til að koma 15 tommu felgum undir bílinn.



Á fullri ferð á Gæsavatnaleið um páskana.












# Bush býður afslátt af skatti

***Bandarískir kaupendur tvinnbíla og dísilbíla geta nýtt sér kaupin til að fá endurgreitt frá skattinum.***

George Bush Bandaríkjaforseti hefur farið mikinn undanfarnar vikur til að tryggja löndum sínum hagkvæmar eldsneytislausnir og minnka þannig áhyggjur þeirra af stríðrekstri hans í Mið-Austurlöndum.

Síðasta útspil hans er skattaafsláttur fyrir þá sem kaupa tvinnbíla og nýjustu kynslóð dísilbíla. Þegar hver ákveðin tegund hefur selst í 60.000 eintökum fjarar skattaafslátturinn af henni út.

Bush hefur fengið bágt fyrir þetta útspil, eins og önnur, á þeim forsendum að tillagan sé hliðhollari erlendum bílaframleiðendum vegna þess að litið sé á þá sem háþróaðri og vænlegri kosti en bandaríska keppinauta.

Eldsneytisverð í Bandaríkjunum hefur sjaldan eða aldrei verið hærra. Bíleigendur í Kaliforníu eru sumir farnir að grípa til þess ráðs að verða viljandi bensínlausir á leið til eða úr vinnu. Á þjóðvegunum eru sérstakir aðstoðarmenn á ferðinni sem gefa nauðstöddum eitt gallon af bensíni, um 3,8 lítra, sem er fjármagnað með opinberum sjóði.



Bush reynir hvað hann getur að auðvelda Bandaríkjamönnum að velja aðrar leiðir en ofurdýrt bensín, en uppsker lítið annað en skömm í hattinn. MYND/AP

Margir hinna bensínlausu viðurkenna fúslega að þeir hafi viljandi látið klárast úr tankinum því bensínið sé einfaldlega of dýrt, enda kostar lítrinn um 47 krónur í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar af fara um 20 prósent í skatta og opinber gjöld.



Mazda5 er ekki bara notadrjúgur heldur líka öruggur.

## Mazda5 öruggur

FÆR HÆSTU EINKUNN Í ÖRYGGISPRÓFUNUM Í JAPAN OG EVRÓPU.

Mazda5 hlaut nýverið sex stjörnur af sex mögulegum í öryggisprófunum á vegum japanskra umferðaröryggisyfirvalda, J-Ncap. Hann er þar með fyrsti fjölnotabíllinn sem fær hæstu einkunn í öryggisprófunum bæði í Evrópu og Japan.

Bíllinn hafði áður, síðasta haust, hlotið fimm stjörnur af fimm mögulegum í sambærilegum prófunum evrópsku umferðareftirlitsstofnunarinnar, Euro NCAP.

Öryggiskerfi Mazda5 er hannað með það fyrir augum að taka á sig þau högg sem á bílinn geta komið og beina þeim fram hjá farþegum bílsins. Þannig er til dæmis sérstaklega styrktur undirvagninn hannaður til að dreifa höggi frá hlið eftir endilöngum bílnum og draga þar með úr áhrifum höggsins þar sem það kom á bílinn. Svipað gildir með högg framan á bílinn, en þar vinna loftpúðar, öryggisbelti og sérstök hönnun saman að því að auka öryggi bílstjóra og farþega.

Þá er hemlunarvegalengd bílsins með þeim stystu sem mælst hafa hjá fjölnotabílum. Mazda5 þurfti einungis 41,8 metra til að hemla úr 100 km hraða.



Fornbílaeigendur fjölmenna í skoðun laugardaginn 6. maí
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fornbíladagur 2006

***Frumherji opnar tvær skoðunarstöðvar sérstaklega fyrir fornbíla.***

Laugardaginn 6. maí verður sérstakur fornbíladagur hjá Frumherja hf. í Reykjavík og á Akureyri. Þetta er þriðja árið í röð sem slíkur dagur er haldinn í Reykjavík en í fyrsta skipti á Akureyri. Þá verða skoðaðir allir glæsilegustu fornbílar landsins í eigu félagsmanna í Fornbílaklúbbi Íslands og Fornbílaklúbbi Akureyrar.

Á Hesthálsi í Reykjavík hefst skoðunin klukkan níu um morguninn og er búist við að allt að eitt hundrað bílar verði skoðaðir. Á Akureyri hefst skoðunin klukkan eitt og er reiknað með milli tuttugu og þrjátíu bílum til skoðunar. Að venju verður boðið upp á drykki og meðlæti, auk sýningar á ýmsum skemmtilegum munum sem tengjast þessum gömlu bílum.

Rétt er að vekja athygli á því að félagar í Fornbílaklúbbnum annars staðar á landinu munu njóta sömu kjara á skoðun bíla sinna á mánudeginum þar á eftir, eða fyrsta opnunardag stöðvar ef ekki er opið á mánudeginum.

**Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar**



**Partur-Spyrnan-Lyftarar** • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

**LOFTDÆLA**
**er nauðsynlegur búnaður**

*fyrir dekkin á bílnum, gúmmíbátinn, vindsængina í útilegunni, dekkin á reiðhjólinu eða mótorhjólinu*



VIAIR 420C **24.053 kr.** | VIAIR 450H **27.767 kr.** | VIAIR 500C **36.904 kr.**

**Þessar dælur koma í VIAIR töskum með öllum nauðsynlegum búnaði**



**VIAIR-taska fylgir** | VIAIR 90P **10.500 kr.** | VIAIR 100P **11.537 kr.**



38" dekk 3-15 pund á 2 mín

VIAIR 300P **19.900 kr.** | VIAIR 400P **27.767 kr.** | VIAIR 440P **27.767 kr.**

KAUPAUKI

Öllum loftdælum fylgir
**DEKKJAVIÐGERÐARSETT**
meðan birgðir endast!

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-011 KC

NOTUÐ TÆKI



**HYUNDAI 170W**
árg. 2004 - Vst. 2.400



**JCB 3CX**
árg.1999 - Vst.5.100



**JCB JS330 LC**
árg.1999 - Vst.9.400



**JCB 3CX**
árg.1996 - Vst.9.400



**Bobcat 328**
árg. 2000 - Vst.1.600

VÉLAVER HF

Símar 588 2600
og 893 1722
www.velaver.is

**Búðu** til tékklista áður en þú heldur af stað í ferðalag. Með þeim hætti gleymirðu engu sem máli skiptir.

## Hvert ertu að fara?

# Fólkið er það sem gerir borg að borg

***Oddný Sturludóttir er nýkomin frá New York og er að skipuleggja ferð til Frakklands næsta sumar.***

„Ég er nýkomin heim úr ákaflega mikilli draumaferð,“ segir Oddný en hún var í New York í eina viku um páskana. Snorri Sturluson, bróðir Oddnýjar, hefur búið í New York í nokkur ár og hana hefur lengi langað í heimsókn til hans. „Ég hefði nú sennilega farið þó að hann hefði ekki verið þar því New York er ein af þessum borgum sem allir verða að heimsækja einhvern tímann,“ segir hún.



Oddný Sturludóttir hreifst mjög af New York þegar hún var þar á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Oddný segist ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum með New York. „Ég komst að því mér til mikillar skemmtunar að það sem gerir borg að borg er ekkert endilega háu húsin og stóru göturnar heldur fólkið og það var það sem ég var langhrifnust af.“

Í sumar ætlar Oddný síðan að fara í ferðalag til Frakklands. „Í Frakklandi ætla ég að vera við ströndina með alla fjölskylduna og barnsfaðir minn og fjölskylda hans sem býr í Þýskalandi ætlar að vera þar með okkur.“

Oddný hefur oft farið til Frakklands og mikið verið í París. „Ég fór til dæmis í útskriftarferð til Parísar og þá hittum við Gérard Lemarquis, frönskukennara í MH, sem lóðsaði okkur um alla borgina og sýndi okkur staði sem finnast ekki í túristabókum og það var einn alskemmtilegasti skoðunartúr sem ég hef á ævi minni farið í,“ segir hún.

Oddný segir að henni finnist París ofsalega falleg borg en hún viðurkennir þó að hún sé hrifnari af New York. „París er svolítið eins og gömul frænka á meðan New York er eins og skemmtileg vinkona.“

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Inga kveðst hafa gaman af því að ganga og hlakkar til að gera meira af því. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Með óbilandi áhuga á ferðum

***Listakonan Inga Ragnarsdóttir er að ljúka námi við leiðsögumannaskólann og er nýkomin úr fjórðu ferð sinni til Kína, þeirri þriðju sem fararstjóri.***

„Kínaferðirnar eru fyrst og fremst menningarferðir,“ segir Inga sem starfar á vegum utanlandsdeildar Ferðaþjónustu bænda. „Við kynnumst landinu og þjóðinni og upplifum kínversku hámenninguna sem er einstök því hún hefur lifað af umrót aldanna.“ Inga kveðst hafa fengið pólitískan áhuga á Kína í menntaskóla og athyglin hafi beinst aftur að landinu þegar hún fór að læra keramik. „Kína er vagga keramiksins. Kínverjar voru mörgum öldum á undan Evrópubúum í leirvinnslu,“ upplýsir hún og segir það að skoða leirherinn í Xi'an einn af hápunktum Kínaferðanna. „Leirherinn er frá því 220 árum fyrir Krist en fannst ekki fyrr en 1974 og er meðal merkustu fornleifafunda í heiminum.“



Á siglingu um Yanzefljótið.



Inga í Kína með hópi Íslendinga og kínverskum fararstjóra í apríl 2006.



Leirherinn er frá því 220 fyrir Krist. Hermennirnir eru um 6000 og hver og einn með sitt svipmót.

Inga hefur búið í Þýskalandi frá því hún lauk námi við listaakademíuna í München 1987 og á þar mann og börn. Hún hefur alltaf komið heim á sumrin og reyndar oft á veturna líka til að sinna ýmsum verkefnum og kenna við Myndlista- og handíðaskólann. En hvað kom til að hún dreif sig í leiðsögumannaskólann?

„Það er nokkur aðdragandi að því. Ég hef haft gaman af ferðalögum frá því ég var lítil og var í ferðast með foreldrum mínum. Síðar fór ég sjálf að kynnast öðrum löndum og læra tungumál. Ég hef líka kennt og það starf er svolítið skylt leiðsögumennsku. Á sumrin fékk ég fólk hingað í heimsókn bæði frá Noregi og Þýskalandi og sýndi því landið mitt og í framhaldi af því fékk ég tækifæri til að fara með þýska ferðamenn um landið. Þannig þróaðist þetta. Mig langaði alltaf í leiðsöguskólann en hafði ekki tækifæri til þess fyrr en í haust að ég lét verða af því.“

Inga segir mikið að læra í skólanum enda verði leiðsögumenn að vita nánast allt! Námið skiptist í almenna leiðsögn, gönguleiðsögn og afþreyingarleiðsögn og hún valdi gönguleiðsögn. „Þetta er búið að vera mikið ævintýri. Við erum búin að taka kúrsa í jöklaferðum og vetrarferðum, læra að velja vöð og spá í veðrið ásamt mörgu öðru,“ segir Inga og bætir við að lokum: „Ferðamennskan verður að vera virkilegt áhugamál hjá fólki til að leiðsögumannsnám og starf nái til þess, því það er krefjandi. Leiðsögumaður þarf að vera mikið að heiman, hafa gaman af því að umgangast fólk og helst að geta leyst úr öllum vanda.“

*gun@frettabladid.is*




allt atvinna
Alla sunnudaga



Stærri húsin eru með háhraða-internettengingu, heitan pott á veröndinni, sjónvarp og DVD-spilara og uppþvottavél.

# Skógarþorp í Grímsnesi

***Að Minni-Borg í Grímsnesi eru ný frístundahús til útleigu með öllum þægindum.***

Um tvenns konar hús er að ræða á Minni-Borg. Annars vegar vönduð 80 fermetra heilsárshús til dags-, helgar- og vikuleigu þar sem áhersla er lögð á þægindi og þjónustu. Hins vegar 30 fermetra hús sem sjö saman mynda þorp með stígum og skógi á milli. Hægt er að leigja þau hvert fyrir sig og einnig saman ef áhugi er fyrir hendi.



Í skógarþorpinu er hellutorg með þremur heitum pottum, útigrilliog setuaðstöðu undir seglþaki.



Lítil verönd fylgir hverju húsi í skógarþorpinu og skjólveggir eru víða.



Flóki Inn er við Flókagötuna.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hagkvæm gisting og heimilisleg

NÝ KEÐJA GISTIHEIMILA SEM BER HEITIÐ INNS OF ICELAND HEFUR VERIÐ STOFNUÐ AF FOSSHÓTELUM.

Inns of Iceland-hótelin eiga það sammerkt að vera ódýr og heimilisleg og eru ætluð þeim sem sækjast eftir gistingu á hagkvæmum kjörum. Þau bjóða eingöngu upp á herbergi án baðs. Þau hótel sem þegar eru komin í keðjuna eru Flóki Inn á Flókagötu 1 og 5 sem er opið allt árið og Garður Inn við Hringbraut sem er opið júní, júlí og ágúst.

# Á ferð um Ísland

HANDBÓK MEÐ HEITINU Á FERÐ UM ÍSLAND ER NÝKOMIN ÚT, SEXTÁNDA ÁRIÐ Í RÖÐ.

Í bókinni er umfjöllun um hvern landshluta, þjónustulistar eru uppfærðir árlega í samstarfi við heimamenn, ásamt kortum þar sem gististaðir, tjaldsvæði og sundlaugar eru númeraðar á svæðum utan þéttbýlis. Sambærileg kort eru einnig í bókinni frá helstu þéttbýlisstöðum landsins. Fremst í bókinni er að finna ýmsan fróðleik um land og þjóð, það helsta sem er á döfinni í sumar, afþreyingu og margt fleira. Þá er einnig að finna hálendiskafla með hálendiskorti og þjónustulistum.




Á ferð um Ísland hefur aldrei verið stærri en nú eða 224 bls. Bókin kemur út hjá Útgáfufélaginu Heimi og er gefin út á þremur tungumálum; íslensku, ensku og þýsku. Enska útgáfan, Around Iceland, hefur komið út samfellt í 31 ár en þýska útgáfan Rund um Island kemur nú út í 9. sinn. Ritunum er dreift í 90.000 eintökum á alla helstu ferðamannastaði landsins sem eru um fimm hundruð talsins. Fjöldi ljósmynda er í bókunum, meðal annars eftir Pál Stefánsson ljósmyndara Heims. Þá má geta þess að þær eru birtar í vefútgáfu á www.heimur.is/world Ritstjóri þeirra er Ottó Schopka.



Ein vinsælasta ganga Útivistar er í Selvog.

# Gengið um gíga og hraun

***Selvogsgatan verður gengin næsta sunnudag 7. maí á vegum Útivistar.***

Leiðin yfir heiðina frá Bláfjallavegi í Selvog hefur uppá margt að bjóða enda hefur hún verið ein hin vinsælasta sem Útivist hefur boðið uppá til dagsgöngu gegnum tíðina. Selvogsgatan heitir hún og er hin gamla kaupstaðarleið Selvogsbúa í Hafnarfjörð. Landslagið er fjölbreytt sem farið er um, hraun og gígar, dalir og skörð auk þess sem þar eru ýmis merki um mannaferðir fyrri tíma, för sjást mörkuð í hraunið og vörður og drykkjarsteinar verða á vegi ferðalanga. Vegalengd leiðarinnar er 17 km og miðað er við að fara hana á 6 klukkustundum. Hækkun er 300 m, öll í upphafi ferðar. Brottför í ferð Útivistar á sunnudaginn er frá BSÍ kl. 10.30.



**Ryksuguhljóð** róar ungabörn. Hávaðinn minnir þau á lætin í móðurkviði.








Tinna og Tanja eru mjög ánægðar í Melaskóla og ætla að verða kennarar þar í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Safna peningum handa fátækum börnum

***Tanja Dóra Benjamínsdóttir og Tinna Dröfn Benjamínsdóttir eru sex ára tvíburasystur. Þær eru að klára fyrsta bekk í Melaskóla núna í vor.***

Tanja og Tinna eru saman í bekk og þær segjast læra ýmislegt í skólanum. „Við lærum að gera stafi og þannig,“ segir Tanja. „Svo lærum við um hnöttinn og mínus og plús,“ bætir Tinna við.

Systurnar segjast þurfa að læra tölvert heima. „Við þurfum að lesa og svo þurfum við að skrifa í skriftarbók og svo þurfum við að teikna mynd þegar við erum búnar að skrifa,“ segir Tanja. „Þegar maður er búinn með tuttugu bækur þá fer maður á bókasafnið og fær að velja sér nýjar bækur,“ segir Tinna. „Nei þegar maður er búinn með hundrað bækur,“ leiðréttir Tanja hana og segist vera komin upp í bók númer fimmtíu.

Stelpurnar fara með skólabíl í skólann á morgnana. „Við sitjum alltaf við hliðina á bestu vinkonu okkar, Glafki,“ segir Tinna. „Þegar skólinn er búinn förum við í selið og svo kemur mamma og sækir okkur,“ segir Tanja.

Stundum fara stelpurnar líka í kirkju eftir skóla. „Þar lærum við um sögur af Jesú og svo eigum við að teikna myndir í bók,“ segir Tanja. „Svo fara stelpurnar stundum í leiki og stundum fara strákarnir í leiki og svo er kirkjan bara búin,“ segir Tinna.

Tvíburasysturnar eru mjög meðvitaðar um að ekki hafi allir það jafn gott og þær og um daginn héldu þær tombólu til að safna peningum fyrir fátæk börn. „Við söfnuðum peningum fyrir að gefa dótið. Maður þarf að borga tíu krónur til að fá miða og það stendur númer á miðanum og svo tekur maður dótið sem sama númer stendur á,“ segir Tanja. „Við settum dótið sem við vorum hættar að nota á tombóluna og létum borga tíu krónur, en við fengum tvo fimmkalla frá Elísabetu því það er það sama og tíu,“ segir Tinna. „Við ætlum svo að gefa fátæku börnunum peningana til að geta keypt eitthvað,“ segir Tanja. „Við eigum líka systur sem á heima á Indlandi og er mjög fátæk og við erum alltaf að gefa henni pening og fullt af fötum og helling af mat svo hún geti fengið sér eitthvað að borða,“ segir Tinna. „Við vorum sko að gera tombólu til að senda henni pening af því að hún á enga foreldra,“ segir Tanja.

Tanja og Tinna ætla báðar að verða kennarar þegar þær verða stórar. „Ég mundi vilja kenna krökkum í öðrum bekk,“ segir Tinna. „Mér finnst sko ekki gaman að kennararnir mega bara fara upp stigann í Melaskóla og borða uppi en ekki við, og svo var amma hennar Elsu að gefa þeim mat og þá fékk Elsa að fara upp og það er svindl því við fáum aldrei að fara,“ segir Tanja og er mikið niðri fyrir og Tinna bætir því við að þær ætli að verða kennarar í Melaskóla svo að þær fái líka að fara upp stigann og borða uppi.

Sumarið er að nálgast og stelpurnar hlakka til þess að fara í sumarfrí. „Kannski förum við til Vestmannaeyja,“ segir Tinna. „Svo þegar sumarfríið er búið þá förum við í annan bekk og það verður gaman,“ segir Tanja og Tinna tekur undir það.

*emilia@frettabladid.is*

Móðurást
Erum að taka upp nýja sendingu af Carters ungbarnafatnaði
• www.modurast.is
• Hamraborg 7
• Kópavogi
• Sími 564 1451

Full búð
af glæsilegum sumarfatnaði og útifatnaði
Fatnaður fyrir 0 – 16 ára
Ný lína fyrir krakka yfir kjörþyngd frá 8-16 ára
collexion
DIESEL
FRANSA
Freeze
XBOYZ
ducky beau
TICKET TO HEAVEN
RÓBERT BANGSI ...og unglingarnir
Hlíðarsmára 12 • Sími: 555-6688

allt tilboð
Alla föstudaga

15% afsláttur af öllum barnafatnaði frá Noppies um helgina, komdu og gerðu góð kaup á krúttlegustu barnafötunum
Full búð af flottum og vönduðum meðgöngufatnaði
Verið hjartanlega velkominn!
tvö líf
Holtasmári 1 • Sími 517 8500 www.tvolif.is
Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum




**Heilinn** brennir glúkósa til að fá orku. Borðaðu nóg af ávöxtum og hafðu súkkulaði með þér í prófin.


Kallý og Ella hittust í síðasta skiptið á Pizza Hut og fengu sér að borða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ætla að hittast áfram

***Katrín Dagmar Jónsdóttir og Elínborg Lorens eru þátttakendur í Mentorverkefninu Vináttu. Fréttablaðið hefur fylgst með þeim í vetur en nú er verkefninu lokið hjá þeim.***

Mentorverkefninu lauk formlega með grillveislu í Húsdýragarðinum fyrir alla mentora og börn sem hafa tekið þátt í því í vetur. „Veðrið var reyndar alveg brjálað og það var haglél með höglum á stærð við borðtennisbolta,“ segir Kallý. Grillveislan var því haldin inni í tjaldi og þar fór skipulögð dagskrá fram. „Sagan af Hans klaufa var lesin og konan sem las hana þurfti að stoppa því að það heyrðist ekkert í henni fyrir haglélinu,“ segir Ella og hlær. Kallý segir að þrátt fyrir veðrið hafi veislan samt heppnast vel „Allir skemmtu sér bara mjög vel og fengu pylsur og Svala og fylgdust með skemmtiatriðinum.“

Kallý og Ella hafa hist einu sinni í viku í allan vetur og gert margt skemmtilegt saman. Þær hafa farið á skauta, í keilu og á snjóþotu í Ártúnsbrekkunni. Fyrir jólin bökuðu þær piparkökur saman og svo hafa þær farið í bíó og á Idol í smáralind. Stundum hafa þær líka bara notið þess að vera saman heima í rólegheitunum. „Mér finnst þessar stundir sem við höfum bara verið heima hjá mér í tölvunni og að spjalla eftirminnilegastar,“ segir Kallý og Ella tekur undir það.

Kallý og Ella hafa náð mjög vel saman í vetur og eru orðnar góðar vinkonur. „Mér finnst dálítið leiðinlegt að þetta sé búið en við ætlum samt að hittast áfram,“ segir Ella.

Ella er að fara að flytja upp á Akranes í sumar en ætlar að koma í bæinn að hitta Kallý þegar tími gefst til. „Kallý ætlar líka stundum að koma til mín,“ segir hún. „Við fórum saman upp á Akranes um daginn og heimsóttum afa og ömmu Ellu sem búa þar og ég fékk að sjá húsið sem hún flytur í og skólann,“ bætir Kallý við. Stelpurnar eru mjög ánægðar með Mentorverkefnið Vináttu. „Þetta er búið að vera mjög gaman,“ segir Ella og Kallý tekur undir það. „Langflestir mentorarnir fá einingar fyrir að taka þátt í verkefninu og þetta er ekki þessi hefðbundni áfangi þar sem maður fer í próf heldur er þetta áfangi þar sem maður er bara að leika sér og kynnast nýjum einstaklingi sem er alveg ómetanlegt,“ segir Kallý.

Kallý og Ella mæla hiklaust með Mentorverkefninu Vináttu fyrir alla en næsta haust fer verkefnið aftur í gang með nýjum mentorum og börnum.

*emilia@frettabladid.is*


Kallý og Ella fóru í keilu í vetur og stóðu sig mjög vel. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Kallý og Ella hafa náð mjög vel saman í vetur og eru orðnar góðar vinkonur. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL


Stelpurnar bökuðu piparkökur saman fyrir jólin heima hjá Kallý. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Stelpurnar skemmtu sér vel í grillveislu Mentorverkefnisins Vináttu í Húsdýragarðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Lítið um lausnir

Samevrópsk rannsókn á lesblindu og námi í erlendum tungumálum var gerð vorið 2004 en niðurstöður hennar liggja nú fyrir.

Þrjú lönd tóku þátt í rannsókninni en það voru Austurríki, Danmörk og Ísland. Alls svöruðu 148 enskukennarar í 72 skólum könnuninni í löndunum þremur. Spurningarnar fjölluðu um viðhorf og stefnu skólanna gagnvart lesblindum nemendum, hvað væri gert til að auðvelda þeim nám í erlendum tungumálum og viðhorf tungumálakennara til nemenda sem eru lesblindir.

Niðurstöðurnar sýna að meirihluti skólanna viðurkennir að erfitt sé fyrir lesblinda nemendur að læra erlend tungumál. Þá töldu flestir þátttakendanna að það væri mikilvægt fyrir lesblinda að læra erlent tungumál og þeir ættu að gera það í almennum bekk. Þó að enskukennararnir sem tóku þátt í rannsókninni viðurkenni flestir veita þurfi lesblindum nemendum sérstaka aðstoð virðast fáir bjóða upp á hana. Það eru fáir kennarar sem nota aukatíma eða sérverkefni og enn færri passa upp á að nemendur með lesblindu hafi aðgang að sérhönnuðum lausnum. Margir veita nemendunum þó aðstoð með því að veita þeim aðgang að hljóðbókum. Samkvæmt niðurstöðunum virðast tungumálakennarar ekki vita hvers vegna lesblindir nemendur eiga erfitt með að læra nýtt tungumál eða hvaða málfarslegu þætti þeir eigi að leggja áherslu á.

Þykja þessar niðurstöður sýna fram á að tungumálakennarar hafi hvorki nægan tíma né kunnáttu til að veita lesblindum nemendum þá aðstoð sem þeir þurfa. Hægt er að kynna sér niðurstöður rannsóknarinnar frekar á vef Kennaraháskólans, www.khi.is.


Kennarar hafa hvorki tíma né kunnáttu til að veita lesblindum nemendum sérhæfða aðstoð við tungumálanám.

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

„...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ...“
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

„Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður.“
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

„Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara.“
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

3. vikna hraðnámskeið **13. júní**

Akureyri 3. vikna hraðnámkeið **17. maí**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**

**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

**Ferðalangar frá 66° norður**

**Alliance française í Reykjavík skipuleggur dvöl í Frakklandi 16. - 27. júní fyrir 20 manna hóp.**

**20% afsláttur**

**fyrir alla þá sem innrita sig og greiða fyrir 9. maí 2006.**

Alliance Française

Netfang: alliance@af.is

Veffang: www.af.is



Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 13.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16

## notaðir bílar Ingvar Helgason

SO119 Opel Astra Coupe nýskr.11/00 bs. Ek.85.þús.km. Verð.1.120.000.Tilboð.890.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

RH771 Opel Zafira Comfort nýskr.06/00 bs. Ek.150.þús.km. Verð.1.090.000.Tilboð.870.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

YS787 Isuzu Trooper 3.0 31" nýskr.10/02 ssk. Ek.105.þús.km. Verð.2.380.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

PS075 Nissan Terrano Sport 31" nýskr.05/04 bs. Ek .35.þús. km. Verð .2.790.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

NA928 Isuzu Trooper 3.0 32" nýskr.06/99 bs. Ek.99.þús.km. Verð. 1.450.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

ZT749 Toyota Land Cruiser 100 B 33" nýskr.12/99 ssk. Ek.109.þús.km. Verð.3.250.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

OM449 Ford Focus nýskr.01/05 ssk. Ek.11.þús.km. Verð.1.790.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

VU812 Nissan Double Cab E 31" nýskr.04/05 bs. Ek. 25.þús. km. Verð. 2.430.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

## notaðir bílar Ingvar Helgason

AT827 Subaru Impreza GX nýskr.02/01 ssk. Ek.80.þús.km. Verð.1.080.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

TX180 Subaru Legacy Wagon nýskr.07/02 bs. Ek.93.þús.km. Verð.1.220.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

YY191 Toyota Avensis 1.8 nýskr.06/01 bs. Ek.113.þús.km. Verð.890.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

ZM974 Nissan Almera GX nýskr.06/00 bs. Ek.150.þús.km. Verð.390.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

MY847 Nissan Micra GX nýskr.12/02 bs. Ek.26.þús.km. Verð.790.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

NZ025 Subaru Legacy Wagon nýskr.08/98 ssk. Ek.140.þús.km. Verð.790.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

UT116 Mazda 626 nýskr.08/97 ssk. Ek.120.þús.km. Verð.650.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

## notaðir bílar Ingvar Helgason

OV022 Saab 9-3 nýskr.02/99 bs. Ek.102.þús.km. Verð.1.120.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

MY947 Cadillac SRX V8 AWD nýskr.11/03 ssk. Ek.29.þús.km. Verð.4.380.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

PH272 Nissan MURANO nýskr.06/05 ssk. Ek.6.þús.km. Verð.4.480.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

ZU646 Opel Astra 1.6GL nýskr.12/00 bs. Ek.114.þús.km. Verð.650.000.Tilboð.440.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

OR277 Renault Megane Scenic 4x4 nýskr.10/02 bs. Ek.104.þús.km. Verð.1.130.000.Tilboð.880.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

MK966 Nissan Terrano Sport nýskr.05/04 bs. Ek.33.þús.km. Verð.2.790.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

DA196 Nissan Micra GX nýskr.12/00 bs. Ek.78.þús.km. Verð.490.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

AA558 Subaru Legacy Wagon nýskr.09/04 ssk. Ek.31.þús.km. Verð. 2.160.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

## notaðir bílar Ingvar Helgason

UH227 Nissan X-Trail Sport nýskr.04/02 bs. Ek.93.þús.km. Verð.1.490.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

RT998 Nissan Terrano 2.7 TDI nýskr.09/04 bs. Ek.53.þús.km. Verð. 2.890.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

UK395 Toyota RAV4 nýskr.06/04 ssk. Ek.20.þús.km. Verð.2.790.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

NM277 Subaru legacy Wagon luxury nýskr.12/04 ssk. Ek.25.þús.km. Verð.2.370.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

KK472 Mitsubishi Pajero TDI 32" nýskr.02/97 ssk. Ek.195.þús.km. Verð.1.160.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

AE722 Nissan Almera SLX nýskr.08/99 ssk. Ek.135.þús.km. Verð.530.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

ZT845 Subaru Legacy Wagon nýskr.04/99 ssk. Ek.147.þús.km. Verð.880.000.Tilboð.580.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

## notaðir bílar Ingvar Helgason

OA770 Subaru Impreza GL nýskr.12/97 bs. Ek.139.þús.km. Verð.550.000.Tilboð.390.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

ZZ825 Nissan Micra GX nýskr.07/01 ssk. Ek.71.þús.km. Verð.690.000. Tilboð.570.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

BV398 Volkswagen Passat 1.8 comfort line nýskr.08/98 bs. Ek.134.þús.km. Verð.790.000.Tilboð.550.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

NO001 Volkswagen Bora nýskr.06/03 ssk. Ek.36.þús.km. Verð.1.440.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

YP571 Opel Astra 1.8 ENJOY nýskr.10/05 ssk. Ek.12.þús.km. Verð.1.880.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

DE241 Nissan 350Z nýskr.03/05 bs. Ek.6.þús.km. Verð.4.080.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

OT180 Peugeot 406 nýskr.07/00 bs. Ek.88.þús.km. Verð.780.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

AN047 Opel Corsa-C nýskr.02/97 bs. Ek.108.þús.km. Verð.270.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

## notaðir bílar Ingvar Helgason

UB218 Daewoo Lanos nýskr.03/99 bs. Ek.56.þús.km. Verð.360.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

LM400 Subaru Legacy Wagon nýskr.08/01 ssk. Ek.84.þús.km. Verð.1.330.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

YP961 Suzuki Baleno stw 4x4 nýskr.06/98 bs. Ek.130.þús.km. Verð.580.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

YI099 Land Rover Range Rover nýskr.10/98 ssk. Ek.141.þús.km. Verð.1.960.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

PB115 Nissan Almera SLX nýskr.04/98 ssk. Ek.140.þús.km. Verð. 450.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

BI967 Honda HR-V nýskr.01/03 ssk. Ek.61.þús.km. Verð.1.440.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

VU138 Peugeot 307 nýskr.07/05 bs. Ek.8.þús.km. Verð.1.480.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

UV373 Opel Astra 1.6GL nýskr.06/00 bs. Ek.97.þús.km. Verð.680.000.Tilboð.470.000 Allt að 100%.Lánamöguleikar, sími 525-8020

**Ingvar Helgason**
**Sævarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 525 8000**
**www.ih.is**

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

MAXWELL HOUSE
Gott til síðasta dropa

Miðvikudagur 3. maí 2006 – 16. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir

**Nemar rýna í bankana**
Útlendingarnir fengju falleinkunn 10






**Breytingastjórnun**
Sögur þjóna nýjum tilgangi



18



**KÁRI STEFÁNSSON** Kári er forstjóri DeCode.

## Enn tapar DeCode

Tap DeCode Genetics, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, nam á fyrsta ársfjórðungi þessa árs 20,3 milljónum Bandaríkjadala, eða tæplega 1,5 milljörðum íslenskra króna. Samkvæmt árshluta uppgjöri sem birt var í gær nam tap á sama tíma í fyrra 16,9 milljónum dala.

Í tilkynningu til Nasdaq kauphallarinnar segir fyrirtækið meira tap skýrast af auknum kostnaði við rannsóknir og þróunarstarf í lyfjaframleiðslu.

Þá jukust tekjur fyrirtækisins og námu á fyrsta ársfjórðungi 10,1 milljón Bandaríkjadala eða tæpum 740 milljónum króna. Á sama tíma í fyrra voru tekjurnar 9,5 milljónir dala. **- óká**

## Sjóvá selt

Milestone ehf., sem er í eigu Karls Wernerssonar og fjölskyldu, hefur keypt 33,4 prósenta hlut Glitnis banka í Sjóvá. Milestone átti fyrir 66,6 prósenta hlut í Sjóvá og hefur því keypt félagið að fullu. Söluverðið var 9,5 milljarðar og innleysir Glitnir á yfirstandandi ársfjórðungi rúmlega 2,4 milljarða króna í söluhagnað.



**KARLWERNERSSON, STJÓRNARFORMAÐUR MILESTONE** Milestone, sem er í eigu Karls og fjölskyldu, hefur keypt allan hlut Glitnis banka í Sjóvá.

Samhliða viðskiptunum kaupir Glitnir banki hlut Milestone í fjárfestingarfélaginu Mætti hf. sem félögin eiga til helminga eftir viðskiptin. Hyggjast þau eiga í áframhaldandi samstarfi sín á milli um fjárfestingar í gegnum það. **- hhs**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Methagnaður Straums** | Straumur-Burðarás hagnaðist um 19,1 milljarð króna á fyrsta ársfjórðungi og jókst hagnaður um 317 prósent á milli ára.

**Bætir við** | Oddaflug, eignarhaldsfélag Hannesar Smárasonar, hefur bætt við sig 4,73 prósenta hlut í FL Group og á eftir kaupin 23,63 prósent af heildarhlutafé félagsins.

**Umfram væntingar** | Hagnaður KB banka hefur aldrei verið meiri á einum ársfjórðungi eða 18,8 milljarðar og jókst um tæp 70 prósent milli ára.

**Metviðskiptahalli** | Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um 13,4 milljarða króna í mars. Í mars í fyrra var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 6,3 milljarða.



**Enginn ávinningur** | Aðalhagfræðingur Seðlabankans, Arnór Sighvatsson, telur hættu á að sjálfstæður gjaldmiðill hér á landi auki fremur sveiflur en dragi úr þeim.

**Promens kaupir** | Promens, dótturfélag Atorku Group, hefur eignast allt hlutafé í Elkhart Plastics (EPI) sem rekur fjórar hverfisteypuverksmiðjur í Bandaríkjunum.

**Uppgjör Ticket** | Hagnaður sænsku ferðaskrifstofunnar Ticket á fyrsta ársfjórðungi nam um 13,1 milljón SEK á móti 7,2 milljónum SEK hagnaði á sama tímabili árið 2005.

**Bakkavör kaupir** | Bakkavör hefur keypt breska fyrirtækið New Primebake sem er stærsti framleiðandi brauðvara í Bretlandi og veltir 4,6 milljörðum króna á ári.

# Eignaaukning bankanna ríflega landsframleiðslan

## Bankastjóri Landsbankans telur að þær aukist enn frekar á öðrum ársfjórðungi vegna veikingar krónunnar. Samanlagður hagnaður fjármálafyrirtækja yfir 60 milljarðar.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Eignir bankanna og Straums halda áfram að vaxa hratt. Á fyrsta árshluta hækkuðu þær um 1.330 milljarða króna sem er aukning um ríflega landsframleiðslu. Til samanburðar nam hrein eign lífeyrissjóðakerfisins 1.200 milljörðum um síðustu áramót samkvæmt tölum frá Seðlabankanum. „Auðvitað er það þannig með okkar efnahagsreikning, eins og með allra íslenskra fyrirtækja í dag sem eiga mikið af erlendum eignum og skuldum, að þeir þenjast út með veikingu krónunnar,“ segir Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans.

Stór hluti af stækkun eigna bankanna á fyrstu þremur mánuðunum er tilkomin vegna lækkunar krónunnar. Sigurjón segir að gera megi ráð fyrir að þetta haldi áfram á öðrum ársfjórðungi í samræmi við þróun gjaldeyrismarkaða að undanförnu.

Samanlagður hagnaður viðskiptabankanna þriggja og Straums-Burðaráss var yfir 61 milljarður króna á fyrstu þremur mánuðum ársins. Öll félögin skiluðu methagnaði á einum ársfjórðungi og voru öll uppgjörin yfir væntingum meðaltalsspáa greiningardeilda bankanna. Þegar bornar eru saman endanlegar niðurstöður og afkomuspár kemur í ljós að hagnaður varð 10,5 milljörðum meiri en spáð hafði verið. Þannig var afkoma KB banka 3,4 milljörðum króna umfram spár, hagnaður Straums var 3,1 milljarði meiri, Glitnir var 2,5 milljörðum fyrir ofan spár markaðsaðila og Landsbankinn 1,3 milljörðum.

Allir stærstu tekjuþættir viðskiptabankanna jukust verulega á milli ára, hvort sem um er að ræða hreinar vaxtatekjur, þóknanatekjur eða tekjur af verðbréfaeign og öðrum fjárfestingum. Vöxtur tekna kemur að miklu leyti erlendis frá og verður varla langt að bíða að yfir helmingur rekstrartekna allra bankanna komi þaðan.

Þrátt fyrir að allir bankarnir hafi skilað góðum tölum hafa þeir lækkað eftir birtingu afkomutalna. Úrvalsvísitalan hafði lækkað nú rúm tvö prósent eftir hádegi í gær og leiddu fjármálafyrirtækin lækkunina. **Sjá nánar bls. 2**

**HAGNAÐUR FJÁRMÁLA-FYRIRTÆKJANNA** (UPPHÆÐIR Í MILLJÓNUM

| | Hagnaður á fyrsta ársfjórðungi | Meðaltalspár bankanna | Hagnaður umfram spár |
|---|---|---|---|
| Glitnir | 9.098 | 6.495 | +2.603 |
| Landsbankinn | 14.276 | 12.930 | +1.346 |
| KB banki | 18.798 | 15.399 | +3.399 |
| Straumur | 19.080 | 15.911 | +3.169 |
| **Alls** | **61.252** | **50.735** | **+10.517** |

# Svíar kveikja á Kaupþingi banka

Viðskipti með bréf Kaupþings banka hafa stóraukist í OMX-kauphöllinni í Stokkhólmi samkvæmt færslutölum frá fyrsta ársfjórðungs þessa árs.

**FJÖLDI VIÐSKIPTA MEÐ BRÉF KAUPÞINGS BANKA**

| Ársfj. | ICEX | OMX |
|---|---|---|
| Q1 2005 | 2.850 | 1.184 |
| Q2 2005 | 2.644 | 1.021 |
| Q3 2005 | 3.013 | 1.390 |
| Q4 2005 | 2.988 | 1.712 |
| Q1 2006 | 8.173 | 6.791 |

*Heimild: Kaupþing banki*

Þau hafa nálægt því sexfaldast miðað við sama ársfjórðug í fyrra, en þá voru 1.184 færslur skráðar í OMX miðað við 6.791 á nýliðnum ársfjórðungi.

Jónas Sigurgeirsson framkvæmdastjóri samskiptasviðs í KB banka segir að eftir sem áður sé stærstur hluti verðmætis viðskiptanna með bréf bankans í kauphöllinni hér heima, eða um 90 prósent, þar sem hér sé höndlað með fleiri hluti. „En 45 prósent af fjölda færslna er hins vegar í Svíþjóð,“ segir hann og telur að í því megi merkja nokkra þróun.

„Aukningin í fjölda viðskipta er mun meiri í Svíþjóð og kauphöllin þar farin að vega meira í viðskiptum með bréf félagsins. Þau voru alltaf um þrjú til fimm prósent af virði þeirra, en eru nú komin upp í 10 prósent.“ Jónas segir bankann fagna auknum áhuga í Svíþjóð. „Fólk er búið að vera að fylgjast með okkur síðustu ár og áhuginn er að kvikna,“ segir hann.

Kaupþing banki var skráður í kauphöllina hér heima árið 2000 en í kauphöllina í Stokkhólmi í desember árið 2002. **- óká**

GOTT FÓLK McCANN




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. apríl – 2. maí 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 4% | 21% |
| Alfesca | 0% | -4% |
| Atorka Group | 8% | -6% |
| Bakkavör | 2% | -4% |
| Dagsbrún | -6% | -6% |
| FL Group | -3% | 2% |
| Flaga | 16% | -18% |
| Glitnir | -1% | -2% |
| KB banki | 0% | 2% |
| Kögun | 0% | 21% |
| Landsbankinn | -2% | -13% |
| Marel | 1% | 12% |
| Mosaic Fashions | -3% | -4% |
| Straumur | 1% | 6% |
| Össur | -2% | -4% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Hagnaður Glitnis þrefaldast milli ára

## Hagnaður 2,5 milljörðum yfir spám. Gengishagnaður 2,3 milljarðar í Noregi.

Glitnir skilaði um 9,1 milljarðs hagnaði á fyrsta ársfjórðungi sem er þrefalt meiri hagnaður en á sama tíma í fyrra. Meðaltalsspár KB banka og Landsbankans hljóðuðu upp á tæpa 6,5 milljarða þannig að uppgjörið er langt umfram spár.

Hreinar vaxtatekjur Glitnis voru 7.830 milljónir króna á ársfjórðungnum og hækkuðu um 75 prósent á milli ára. Hreinar þjónustutekjur voru 5.626 milljónir og hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum, eins og hlutabréfum og skuldabréfum, voru 3.229 milljónir króna. Er það aukning um 159 prósent. Hreinar rekstartekjur voru um 17,3 milljarðar króna og jukust því um 109 prósent milli ára.

**AFKOMA GLITNIS Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI OG SPÁR**

*(í milljónum kr.)*

| | |
|---|---|
| Hagnaður | 9.098 |
| Spá KB banka | 6.960 |
| Spá Landsbankans | 6.030 |
| Meðaltalshagnaður | 6.495 |

Rekstarkostnaður á tímabilinu var 5.873 milljónir og hækkar um 39 prósent frá sama tímabili í fyrra.

Í tilkynningu frá bankanum segir að 60 prósent hagnaðar fyrir skatta komi erlendis frá, þar af 3,3 milljarðar frá fjárfestinga- og alþjóðasviði. Gengishagnaður í Noregi var 2,3 milljarðar króna.

Heildareignir bankans voru 1.836 milljarðar í lok mars og jukust um fjórðung frá áramótum. Lækkun íslensku krónunnar skýrir að hluta til þennan vöxt.

Eigið fé bankans jókst um 31 prósent frá áramótum, eða um 27 milljarða, og var 111 milljarðar í lok mars. Að hluta til kemur aukningin vegna hlutafjáraukningar. - eþa



**NÍU MILLJARÐA HAGNAÐUR** Afkoma Glitnis var þrefalt hærri á fyrsta ársfjórðungi en á sama tíma í fyrra. Hagnaður var langt umfram væntingar.


**GOTT UPPGJÖR LANDSBANKANS** Hagnaður jókst um 136 prósent milli ára og var sá mesti frá upphafi á einum árshluta.

# Hagnaður LÍ eykst um 136 prósent

## Uppgjörið vel fyrir ofan væntingar. Tekjur erlendis frá nema helmingi rekstrartekna.

Hagnaður Landsbankans nam tæpum 14,3 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi sem er mesti hagnaður bankans á einum árshluta. Til samanburðar hagnaðist bankinn um sex milljarða á sama tímabili fyrir ári síðan. Aukningin er 136 prósent.

Uppgjörið er umfram spár hinna bankanna; KB banki reiknaði með 13,4 milljarða króna hagnaði en Glitnir bjóst við 12,5 milljörðum.

Arðsemi eigin fjár eftir skatta er 63,5 prósent á ársgrundvelli.

Hreinar vaxtatekjur bankans voru 8.934 milljónir og meira en tvöfölduðust milli ára, þjónustutekjur voru 6.857 milljónir og fjárfestingatekjur, til dæmis gengishagnaður, voru 11.150 milljónir. Alls námu hreinar rekstrartekjur tæpum 27 milljörðum króna og jukust um 111 prósent milli ára.

Tekjur bankans af erlendri starfsemi hafa aukist jafnt og þétt og eru nú um helmingur af hreinum rekstartekjum.

Rekstargjöld voru 8.088 milljónir og tvöfaldast frá fyrra ári. Virðisrýrnun útlána, eða framlag í afskriftarreikning, nam 1.555 milljónum.

Eignir bankans voru um 1.770 milljarðar þann 31. mars og hafa hækkað um 26 prósent frá áramótum. Eigið fé bankans stóð í 117 milljörðum.

Eiginfjárhlutfall (CAD) bankans var þrettán prósent og hefur lækkað lítillega frá áramótum. Hlutfallið hefur styrkst á öðrum ársfjórðungi með sölu á eignarhlut í Carnegie. eþa

**AFKOMA LANDSBANKANS Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI OG SPÁR**

*(í milljónum kr.)*

| | |
|---|---|
| **Hagnaður** | **14.276** |
| Spá Glitnis | 12.468 |
| Spá KB banka | 13.392 |
| Meðaltalshagnaður | 12.930 |

# Eignir LSR, LV og Gildis jukust um 123 milljarða

## Framúrskarandi ávöxtun innlendra hlutabréfa skilar sér í metávöxtun. Hreinar eignir vaxa um 19-26 prósent milli ára.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Hreinar eignir stærstu lífeyrissjóðanna jukust um 19-26 prósent milli áranna 2004 og 2005. Þetta samsvarar því að heildareignir tíu stærstu sjóðanna hafi aukist um 184 milljarða króna. Eignir þriggja stærstu lífeyrissjóðanna, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) og Gildis lífeyrissjóðs, jukust um rúma 123 milljarða króna á síðasta ári en þeir bera höfuð og herðar yfir aðra íslenska lífeyrissjóði hvað stærð varðar. Eignir LSR hækkuðu um 48 milljarða, eignir LV um 40 milljarða og eignir Gildis um 35 milljarða.

Eignir lífeyrissjóða breytast annars vegar með þeirri ávöxtun sem fæst af verðbréfum og öðrum eignaflokkum, en hins vegar með iðgjöldum og lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga.

Innlend hlutabréf, sem vega þungt í eignasafni lífeyrissjóðanna, skiluðu frábærri ávöxtun á síðasta ári, þriðja árið í röð, en Úrvalsvísitala Kauphallar Íslands hækkaði um 64,7 prósent. Nafnávöxtun af innlendum hlutabréfum var um 72 prósent hjá Gildi og LV en LSR sýndi 63 prósenta raunávöxtun af innlendum hlutabréfum.

Jafnframt sýndu stærstu sjóðirnar metávöxtun. Gildi sýndi hæsta raunávöxtun af þeim sjóðum sem hafa birt uppgjör sín, tæplega átján prósenta raunávöxtun, raunávöxtun LV var yfir sextán prósent og LSR, Lífeyrissjóður Norðurlands og Samvinnulífeyrissjóðurinn skiluðu yfir fjórtán prósenta ávöxtun að raunvirði.

Ætla má að sameiningarmál verði áberandi innan lífeyrissjóðakerfisins á næstu misserum, þannig að sjóðirnir stækki en þeim fækki að sama skapi. Almenni lífeyrissjóðurinn stækkaði umtalsvert með sameiningu við Lífeyrissjóð lækna á síðasta ári, Frjálsi tók yfir Lífeyrissjóð Bolungarvíkur um síðustu áramót og nú stendur til að sameina Lífeyrissjóðinn Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðinn, sem eru í níunda og tíunda sæti yfir stærstu lífeyrissjóði landsins.


**VIÐ ELLIHEIMILIÐ GRUND** Góð ávöxtun var hjá stærstu lífeyrissjóðum landsins milli áranna 2004 og 2005, en í eignasafni sjóðanna vega þungt innlend hlutabréf.

**TÍU STÆRSTU LÍFEYRISSJÓÐIRNIR Í ÁRSLOK 2005**

| Lífeyrissjóður | 2005* | 2004* | Raunávöxtun |
|---|---|---|---|
| LSR | 227,4 | 179,8 | 14,0% |
| LV | 191,0 | 150,7 | 16,1% |
| Gildi | 181,3 | 145,8 | 17,8% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 71,9 | 59,8 | 12,0% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 64,4 | 51,7 | 11,6% ** |
| Lífeyrissjóður Norðurlands | 47,5 | 39,2 | 14,0% |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 44,8 | 35,7 | 11,0% *** |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 41,4 | 33,8 | 13,3% |
| Lífiðn | 33,4 | 27,2 | 11,3% |
| Samvinnulífeyrissjóðurinn | 28,9 | 24,3 | 14,2% |
| Alls | 932 | 748 | |

** Heildareignir í milljörðum*
*** Raunávöxtun af Ævisafni 1*
**** Raunávöxtun hjá Frjálsa 1*
*Heimild: Ársskýrslur lífeyrissjóðanna*



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 32475 05/2006






## 124 SINNUM TIL TUNGLSINS

Starfsemi okkar teygir sig víða og hefur sannað gildi þess að fá góða hugmynd frá Íslandi. Einstakt leiðakerfi með skiptistöð á Keflavíkurflugvelli, tíðar áætlunarferðir í farþegaflugi og fjölþætt þjónusta í frakt- og leiguflugi eru grundvöllur að velgengni okkar og sífellt aukinni hlutdeild á alþjóðamarkaði. Samtals flugu vélar á vegum Icelandair Group 47.485.000 km árið 2005 sem samsvarar því að flogið væri 124 sinnum fram og til baka til tunglsins.

ICELANDAIR GROUP

# Minni halli í haust

Mikinn vöruskiptahalla á fyrsta fjórðungi ársins má að verulegu leyti skýra með auknum innflutningi á fjárfestingar- og rekstrarvörum og samdrætti í öllum helstu flokkum útflutningsvara. Í Morgunkorni Glitnis banka segir líklegt að samdrátturinn sé tímabundinn. Er vitnað til sundurliðunar Hagstofunnar á inn- og útflutningi en þar kemur fram að innflutningur hafi aukist um 22 prósent frá sama tíma í fyrra. Á sama tíma dróst útflutningur hins vegar saman um 5 prósent. Verðþróun á erlendum mörkuðum varð til þess að verðmæti útflutnings jókst um tæplega 4 prósent en verðmæti innflutnings um 29 prósent, að því er fram kemur í Morgunkorninu.

Þá segir að verðþróun á alþjóðamörkuðum hafi verið hagstæð undanfarin misseri, jafnt á áli sem sjávarafurðum, og allar líkur eru á að halli á vöruskiptum minnki verulega þegar líða tekur á árið, sér í lagi ef hægir á innflutningi neysluvara. Á næsta ári muni svo enn draga úr vöruskiptahallanum þegar álver og virkjun á Austurlandi verði fullbúin auk þess sem líkur séu á að hægi á fjárfestingum í húsnæði. - jab

# Atlantic orðað við Denerco Oil

## Umsvif færeyska félagsins myndu margfaldast.

Atlantic Petroleum, færeyska olíuleitarfélaginu í Kauphöllinni, hefur verið boðið að leggja fram kauptilboð í danska olíufélagið Denerco Oil samkvæmt frétt Jótlandspóstsins.

Denerco er í samstarfi við fimm olíu- og gasleitarfyrirtæki í danska, þýska, hollenska og breska hluta Norðursjávar auk þess sem það stundar olíuleit í Óman. Það velti 1,2 milljörðum danskra króna í fyrra og nam hagnaður fyrir skatta 400 milljónum danskra króna. Danska olíufyrirtækið er því miklu stærra en Atlantic sem er enn tekjulaust.

Danske bank, LD, Monberg & Thorsen eru þrír stærstu hluthafarnir í Denerco með samanlagt 77 prósent hlutafjár en mikil hækkun olíuverðs ku vera ástæða þess að eigendur bjóða félagið til sölu.

Hafa eigendur sett sig í samband við nokkur félög sem kunna að vera áhugasöm um að leggja fram tilboð. Í frétt Jótlandspóstsins kemur fram að Shell, Statoil og Norsk Hydro telji Denerco Oil vera of lítinn bita en bæði bresk og hollensk félög hafa verið nefnd sem mögulegir kaupendur ásamt Atlantic. - eþa



**OLÍUBORPALLUR** Denerco er í samstarfi við fjölda olíu- og gasleitarfyrirtækja í Norðursjó. Nordicphotos/AFP

# Geest engin endastöð

Með kaupunum á Laurens Patisseries, einum stærsta framleiðanda eftirrétta í Bretlandi, bætist fjórða fyrirtækið við Bakkavararsamstæðuna eftir að félagið eignast Geest fyrir ári í einni stærstu yfirtöku Íslandssögunnar.

Kaupverðið á Laurens er 17,6 milljarðar og verður það greitt að hluta með nýju hlutafé.

Hin félögin eru Hitchen Foods í Bretlandi, sem framleiðir ferskt niðurskorið grænmeti, 40 prósenta hlutur í kínverska salatfyrirtækinu Creative Food, en dótturfélag Bakkavarar og Glitnis stóð að þeim kaupum, og New Primebake, einn stærsti framleiðandi kældra brauðvara á Bretlandseyjum.



**BAKKABRÆÐUR Í INNKAUPUM** Frá því að Bakkavör tók yfir Geest hafa fjögur ný fyrirtæki bæst að hluta eða öllu leyti við samstæðuna.

Ágúst Guðmundsson, stjórnarformaður Bakkavarar, hefur sagt að félagið vilji styrkja stöðu sína enn frekar á sviði tilbúinna matvæla í Bretlandi en þessi hluti markaðarins vex mun hraða en matvælamarkaðurinn í heild. - eþa

**FJÁRFESTINGAR BAKKAVARAR FRÁ GEEST-YFIRTÖKUNNI**

| Fyrirtæki | Framleiðsla | Kaupdagur | Kaupverð* |
|---|---|---|---|
| Hitchen Foods | Ferskt niðurskorið grænmeti og salat | 17.10.2005 | 4,7 |
| Creative Foods (40%) | Salöt fyrir veitingahúsakeðjur | 24.3.2006 | Trúnaðarmál |
| Primebake | Kældar brauðvörur | 27.4.2006 | Trúnaðarmál |
| Laurens Patisseries | Kældir eftirréttir | 30.4.2006 | 17,6 |

** í milljörðum króna*

# Baugur orðaður við HoF

Breskir fjölmiðlar fullyrtu í gær að Baugur undirbúi nú yfirtökutilboð í bresku verslunarkeðjuna House of Fraser. Telja þeir er að Baugur muni gera tilboð sem hljóði upp á 309 milljónir punda á næstu dögum. Hlutabréf í House of Fraser, sem skráð er í kauphöllina í London, hækkuðu mikið í gær eftir að fyrirtækið tilkynnti um viðræður sem hugsanlega gætu leitt til yfirtöku keðjunnar. Gengi bréfanna í gær fór hæst í 130 pens á hlut en stóð í 127,25 pensum eða 8,25 prósenta hækkun á hlut um tvöleytið í gær.



Í apríl keypti Baugur 9,48 prósenta hlut í House of Fraser sem á og rekur 61 verslun í Bretlandi og á Írlandi. Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Baugs í Bretlandi, hafði lítið að segja um málið. „Þetta er áhugavert fyrirtæki sem býr yfir mjög góðu vörumerki. Það er það sem við höfðum að leiðarljósi við kaupin á hlut okkar í síðastliðnum mánuði. En um síðustu sögusagnirnar á markaðnum vil ég ekkert segja.“ - hhs

# Tekjurnar minnka með minni halla

## Efnahagsspár gera ráð fyrir að á næsta ári dragi hratt úr innflutningi vara á borð við bíla og heimilstækja. Um leið verður ríkið af tekjum í formi innflutningsgjalda.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Í nýrri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir töluverðum samdrætti í innflutningi á næsta ári vegna áhrifa af gengi krónunnar og minnkandi umsvifa og eftirspurn í hagkerfinu. Þar verður ríkið af umtalsverðum tekjum.

Á móti kemur að útflutningsgreinarnar njóta góðs af gengislækkun krónunnar, segir í nýrri þjóðhagsspá og gert ráð fyrir nokkurri verðmætaaukningu í útflutningi þegar á þessu ári. Á næsta ári er er svo spáð umtalsverðri aukningu í útflutningi, bæði í magni og verðmæti. „Þá munu stóriðjuframkvæmdir undanfarinna ára skila af sér ríflega helmingsmagnaukningu í álútflutningi.

Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur á greiningardeild Glitnis banka, segir ljóst að töluvert af tekjuauka ríkissjóðs á síðasta ári sé til kominn af auknum innflutningi. „Ef skoðað er vörugjald af bifreiðum varð þar 60 prósenta aukning rétt eins og í innflutningi á bifreiðum. Þar er um að ræða nokkuð stórar tölur og sjálfsast stærsti pósturinn sem tengist beinum innflutningi,“ segir hann og telur því ljóst að þegar hægist á í neyslu dragist saman tekjur ríkisins bæði af innflutninggjöldum og virðisaukaskatti. „Svo kemur á móti að gengisfall krónunnar hjálpar útflutningnum þótt dragi úr innflutningi og þar koma náttúrlega skatttekjur líka.“ Jón Bjarki sagði þó erfitt að vega þær tölur saman.

Bílar vega nokkuð þungt í tekjum ríkissjóðs, en af bifreiðagjöldum er ætlað að ríkið hafi tekjur upp á um 19,5 milljarða fyrir árið 2005. Árið áður námu þær tekjur 12 milljörðum og 8,6 milljörðum króna árið 2003.



**NÝIR BÍLAR Á HAFNARBAKKANUM Í REYKJAVÍK** Gengisþróun krónunnar gerir að verkum að stórdregur úr innflutningi á næsta ári. Ríkið verður því af tekjum um leið og viðskiptahalli minnkar. Markaðurinn/GVA

Þorsteinn Þorgeirsson, skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, segir að í útreikningum þjóðhagsspár ráðuneytisins sé gert ráð fyrir áhrifum af viðsnúningi í utanríkisviðskiptum, en áréttar að allar spár um tekjur ríkisins séu breytingum háðar enda verði ekki samþykkt á Alþingi fjárlög fyrir næsta ár fyrr en í haust. Í nýgerðri þjóðhagsáætlun ráðuneytisins er hins vegar gert ráð fyrir að á þessu ári verði rúmlega 26 milljarða króna afgangur á ríkissjóði, en snúist svo í tæplega 12 milljarða króna halla á næsta ári. Þar kemur þó til meira en tekjutap vegna minni innflutning, þv´þá er líka gert ráð fyrir áhrifum tveggja prósenta lækkunar á tekjuskatti og útgjöldum vegna framkvæmda sem áður hefur verið frestað til að slá á þenslu.



**JÓN BJARKI BENTSSON**

Himinn og haf – SÍA

Ekki bara spari að spara!

Stuttur skuldabréfasjóður
**11,33% nafnávöxtun***

* frá 01.01.2006–01.04.2006 á ársgrundvelli.



spron VERÐBRÉF

„Að mínu mati hentar Vigor Viðskiptahugbúnaður
öllum fyrirtækjum sem vilja öflugt, öruggt
og ekki síst stöðugt fjárhagskerfi.“

Bjarni Sólbergsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Orkubús Vestfjarða



# Til vitnis um íslenskt hugvit

## Vigor Viðskiptahugbúnaður

**Öflugasti íslenski viðskiptahugbúnaðurinn**

Vigor viðskiptahugbúnaður frá TM Software er ein öflugasta viðskiptahugbúnaðarsvíta sem hefur alfarið verið þróuð og framleidd á Íslandi. Vigor er hagkvæm lausn sem uppfyllir flestar kerfisþarfir fyrirtækja og stofnana.

Innleiðing íslensks hugbúnaðar í fyrirtæki og stofnanir hefur ótvíræða kosti í för með sér þar sem viðskiptavinir hafa beinan aðgang að þeim sem þróað hafa kerfið og þurfa ekki að eltast við flókin samskipti við erlenda hönnuði.
Þetta gefur einnig aukinn stöðugleika og meiri möguleika á sérlausnum sem henta þínu fyrirtæki.

**Vigor viðskiptahugbúnaður**

- Fjárhags- og viðskiptakerfi
- Fylgirita- og samþykktarkerfi
- Áætlanakerfi
- Greiningarskýrslur
- Greiðslukerfi
- Innheimtukerfi
- Eignakerfi
- Verkbókhald
- Forðabókhald
- Sölukerfi
- Vörukerfi
- Innkaupakerfi
- Launakerfi

**Sérlausnir**

- Orkureikningakerfi
- Skaðabótakerfi
- Aksturskerfi
- Gámaleigukerfi
- Kæligeymslukerfi
- Áhaldaleigukerfi

TM Software, framleiðandi Vigor viðskiptahugbúnaðar, er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins og hefur hlotið viðurkenningu sem eitt af framsæknustu fyrirtækjum Evrópu. Um 460 manns starfa hjá TM Software.

**TM Software** | Business Solutions    Holtasmári 1 | 201 Kópavogur | Sími 545 3000 | Fax 545 3001 | vigor@t.is | www.t.is

# Skýrari launakjör

Stjórn bandaríska fjármálaeftirlitsins, SEC, hefur lagt til breytingar á lögum um launakjör stjórnenda hjá fyrirtækjum í Bandaríkjunum. Markmið breytinganna er að draga fram í dagsljósið kaupréttarákvæði, lífeyrisgreiðslur, og önnur hlunnindi stjórnenda fyrirtækjanna til að svipta hulunni af raunverulegum launakjörum þeirra. Búist er við því að hluthafar fyrirtækjanna verði ánægðir með breytingarnar sem vonast er til að verði að lögum á næsta ári.

Mörg fyrirtæki hafa þegar gert launakjör stjórnendanna gegnsærri, en önnur fyrirtæki reyna enn hvað þau geta til að fela þau með flóknum bókhaldsklækjum, að mati SEC, sem hefur þrýst á fyrirtæki síðastliðin 14 ár að fá skýrari upplýsingar um raunveruleg kjör og hlunnindi stjórnenda fyrirtækja í Bandaríkjunum. - jab



**BANDARÍKJADOLLARAR** Bandaríska fjármálaeftirlitið vill gera launakjör stjórnenda hjá fyrirtækjum gegnsærri.

# Minni sala á lófatölvum

Sala á lófatölvum hefur minnkað mikið og er spáð að salan muni halda áfram að dragast saman á næstunni.

Samkvæmt upplýsingum samtakanna Handheld Qview, sem safna upplýsingum um sölu á lófatölvum, seldust 1,5 milljónir stykkja á fyrsta ársfjórðungi 2006. Það er 22,3 prósenta samdráttur frá sama tíma í fyrra.

Á síðasta ári seldust 7,5 milljón lófatölvur en það er 16,7 prósentum minna en árið 2004.

Samdrátturinn varð mestur á fyrsta ársfjórðungi 2006 hjá hátæknifyrirtækjunum Dell, sem hefur 11,4 prósenta markaðshlutdeild á lófatölvumarkaðnum, og Hewlett-Packard, sem hefur 26,2 prósenta markaðshlutdeild. Sala á lófatölvum dróst saman um 33,8 prósent hjá Dell en 30,3 prósent hjá Hewlett-Packard. Þriðji stóri framleiðandi lófatölva í heiminum er Acer, sem hefur 6,5 prósenta markaðshlutdeild en sala á lófatölvum dróst saman um 10,8 prósent hjá fyrirtækinu á fyrsta ársfjórðungi. Eina fyrirtækið sem horfði fram á betri tíð var hátæknifyrirtækið Mio, sem jók sölu á lófatölvum um 84,4 prósent á fyrstu þremur mánuðum ársins. Fyrirtækið hefur einungis 3 prósenta hlutdeild á markaði með lófatölvur.

Talið er að ástæðan fyrir samdrætti í sölu á lófatölvum sé sú að farsímar eru orðnir fullkomnari og geta orðið framkvæmt flest það sem hægt er að gera með lófatölvum. - jab



**LÓFATÖLVA** Sala á lófatölvum hefur dregist saman milli ára.

# Microsoft undir væntingum

Hagnaður bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft Corp. jókst um 16 prósent á síðasta ársfjórðungi. Helsta ástæða aukningarinnar er meiri eftirspurn fyrirtækja og einstaklinga eftir hugbúnaði fyrirtækisins. Í afkomuspá fyrirtækisins kemur hins vegar fram að hagnaður fyrirtækisins hafi verið minni en sérfræðingar gerðu ráð fyrir. Í kjölfarið lækkaði gengi hlutabréfa í fyrirtækinu um sex prósent á fjármálamörkuðum á Wall Street vegna þessa.

Að sögn bandarískra fjármálasérfræðinga er mikil þróun í gangi innan veggja fyrirtækisins og dregur það úr vexti fyrirtækisins. Þá sé von á nokkru meiri vexti fyrirtækisins á næstu tveimur árum en fjöldi nýrra forrita frá Microsoft munu líta dagsins ljós á árinu. Þar á meðal er nýjasta stýrikerfið, Windows Vista. - jab



**BILL GATES, STOFNANDI OG STJÓRNARFORMAÐUR MICROSOFT** Hagnaður Microsoft var undir væntingum fjármálasérfræðinga á síðasta ári.

# Pútín skammaður

Klara Furse, forstjóri Kauphallarinnar í Lundúnum í Bretlandi (LSE), skrifaði Vladimír Pútín, forseta Rússlands, bréf í síðustu viku þar sem hún skammaði hann fyrir að koma í veg fyrir að bandaríski fjárfestirinn William Browder geti sinnt starfi sínu í Rússlandi.

Browder, sem hefur breskt vegabréf, stýrir einum stærsta hlutabréfasjóði Rússlands, Hermitage Capital Management, sem meðal annars er stór hluthafi í rússneska gasfyrirtækinu Gazprom. Hann var stöðvaður á Sheremetyevo-flugvellinum í Moskvu í nóvember síðastliðnum og meinað að koma inn í landið af öryggisástæðum. Honum hefur enn ekki verið hleypt inn í landið þrátt fyrir tilraunir ýmissa ráðamanna, svo sem Jacks Straw, utanríkisráðherra Bretlands.

Í afriti af bréfi Furse, sem breska fjármálablaðið Financial Times hefur komist yfir, segir að ef hindra eigi starf eins stærsta fjárfestis í Rússlandi þá séu það mjög neikvæð skilaboð og geti komið í veg fyrir að aðrir fjárfestar hugsi sig tvisvar um áður en þeir kaupa í rússneskum fyrirtækjum.

Stjórn LSE vildi hvorki játa því né neita hvort forstjóri Kauphallarinnar hefði sent bréfið til Pútíns. - jab



**WILLIAM BROWDER** Browder stýrir einum stærsta hlutabréfasjóði Rússlands en hefur verið meinað að koma til landsins síðan í nóvember.



**GEORGE BUSH** Bandarískir bílaframleiðendur vilja ræða við forsetann um erfiðleika sína og upptöku eldsneytisblöndu.

# Bílaframleiðendur ræða við Bush

## Bandarískir bílaframleiðendur vilja minnka eftirspurn eftir hefðbundnu eldsneyti

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Æðstu stjórnendur þriggja bílaframleiðenda í Bandaríkjunum munu funda með George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, 18. maí næstkomandi og ræða við hann um orku- og lífeyrissjóðsmál og um að fara að nota bensínblöndu til að draga úr eftirspurn eftir hefðbundnu eldsneyti.

Að sögn bandaríska dagblaðsins New York Times er um að ræða stjórnendur hjá General Motors, Ford og Chrysler Group. Bílaframleiðendurnir eru sagðir hafa lengi leitað eftir því að ræða við forsetann vegna óhagstæðrar stöðu þeirra á heimamarkaði. Fyrirtækin öll hafa tapað umtalsverðri markaðshlutdeild í Bandaríkjunum og skilað tapi í kjölfar harðnandi samkeppni við erlenda bílaframleiðendur, ekki hvað síst frá Japan. Á meðal þess sem staðið hefur í bílaframleiðendunum eru auknar lífeyrissjóðsskuldbindingar, sem leggjast þungt á fyrirtækin og hafa skilað sér í dýrari bílum. Segja þeir að japanskir bílaframleiðendur glími ekki við sama vanda og því séu japanskir bílar ódýrari.

Þá hyggjast bílaframleiðendurnir ræða við forsetann um notkun etanólblandaðs eldsneytis, sem kallast E85, en það er talið minnka þörf Bandaríkjamanna fyrir hefðbundið eldsneyti. Ford og General Motors hafa framleitt bíla með vélum fyrir eldsneytisblönduna og Chrysler greindi frá því í síðustu viku að fyrirtækið hefði í hyggju að hefja framleiðslu á slíkum bílum. Hins vegar eru engar reglugerðir til í Bandaríkjunum um verðlagningu á slíku eldsneyti auk þess sem engar bensínsstöðvar selja slíkan orkugjafa. Vona bílaframleiðendurnir að með fundinum verði stigið skref í þá átt að fjölga bílum sem ganga fyrir blöndu af etanóli og hefðbundnu bensíni og muni niðurstaðan verða sú að eftirspurn eftir hefðbundnu eldsneyti minnki.

Að sögn New York Times hefur forsvarsmönnum erlendra bílaframleiðenda, s.s. Toyota, ekki verið boðið til fundarins. Toyota er um þessar mundir að opna sjöttu verksmiðjuna í Bandaríkjunum og leitar eftir staðsetningu fyrir sjöundu verksmiðjuna. General Motors og Ford hafa á sama tíma neyðst til að draga saman seglin, loka verksmiðjum og segja upp fjölda starfsfólks.

12,2%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun í apríl 2006 á ársgrundvelli

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

GEIMSTOFAN


Aðeins það besta fyrir baðherbergið
d line
Heimsklassa hönnun
ASETA
BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI
Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

# Skype á lista Time

Tveir frændur okkar Íslendinga eru í flokki með hundrað áhrifamestu kaupsýslumönnum í heimi í nýjasta tölublaði bandaríska vikuritsins Time. Mennirnir eru Daninn Janus Friis og Svíinn Niklas Zennström, sem fundu upp netsímahugbúnaðinn Skype og gerir netverjum kleift að nýta tölvur sínar til að hringja sín á milli með þartilgerðum símtækjum án þess að greiða fyrir það sérstaklega. Þeir Friis og Zennström eiga heiðurinn að öðrum hugbúnaði, sem þó er öllu vafasamari. Það er hinn geysivinsæli skráaskiptihugbúnaður Kaaza, sem þeir bjuggu til árið 2001.

Í umsögn Time, sem setur þá Friis og Zennström í flokk með frumkvöðlum, segir að þeir séu hugsjónamenn sem hafi umturnað fjarskiptaiðnaðinum. Netuppboðsvefurinn Ebay keypti Skype af þeim félögum á 2,9 milljarða Bandaríkjadala á síðasta ári.

Friis er annar Daninn til að komast á lista Time yfir áhrifamestu menn í heimi. - jab



**STÚLKA MEÐ SKYPE-SÍMA** Höfundar netsímahugbúnaðarins Skype eru á lista yfir áhrifamestu kaupsýslumenn ársins að mati Time.

# Góð spá fyrir Asíu

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF) spáir 7 prósenta hagvexti á árinu í Asíu. Hagvöxtur hefur aukist mikið í álfunni á síðastliðnum árum, sér í lagi vegna mikils útflutnings á raftækjum. Spáir IMF að útflutningurinn muni halda áfram að aukast á næstunni. Það eina sem getur dregið úr frekari hagvexti er hækkun á olíuverði en innanlandsmarkaðir í Asíu gætu þurft að hækka verð á eldsneyti í takt við erlenda markaði. Sé það verkefni ríkisstjórna í löndum álfunnar að koma í veg fyrir aukna verðbólgu vegna þessa. M.a. verði að hvetja fólk til þess að draga úr neyslu og spara. Þessi ráð eigi þó fremur við Kínverja en aðra íbúa álfunnar, að sögn IMF.

Þá segir í spá IMF að þrátt fyrir fremur jákvæða spá verði Asíulöndin að halda áfram að greiða niður skuldir sínar jafnframt því að bæta kjör og menntun íbúa landanna. - jab



**ÚR VERSLUN Í PEKING Í KÍNA** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir Kínverja verða að draga úr neyslu og auka sparnað.

# Hagfræðingurinn John Kenneth Galbraith látinn

## Einn af áhrifamestu hagfræðingum síðustu aldar er látinn. Hann fjallaði m.a. um aukið bil á milli ríkra og fátækra.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

John Kenneth Galbraith, einn af áhrifamestu hagfræðingum síðustu aldar, lést á Mount Auburn sjúkrahúsinu í Cambridge í Bandaríkjunum á laugardag, 97 ára að aldri. Galbraith fæddist í Ontario í Kanada 15. október árið 1908. Foreldrar hans voru innflytjendur frá Skotlandi.

Galbraith útskrifaðist með B.Sc. gráðu frá landbúnaðarháskólanum í Ontario árið 1931 og doktorsgráðu í hagfræði frá Berkeley-háskóla í Kaliforníu í Bandaríkjunum þremur árum síðar. Sama ár bauðst honum staða til eins árs við háskólann í Cambridge í Bretlandi. Þar komst hann í kynni við kenningar breska hagfræðingsins Johns Maynard Keynes og gerðist ötull fylgismaður hans. Eftir það kenndi hann við nokkra háskóla en árið 1943 settist Galbraith í ritstjórastól bandaríska viðskiptatímaritsins Fortune og stýrði hann því allt fram til 1948 er hann gerðist prófessor í hagfræði við Harvard-háskóla. Þeirri stöðu hélt hann þar til hann lét af störfum fyrir aldurs sakir árið 1975.

Galbraith var öflugur penni en hann skrifaði um 40 bækur um efnahagsmál og ríflega þúsund blaða- og tímaritsgreinar um ýmis málefni á ferlinum. Eitt af þekktustu verkum hans eru þrjár tengdar bækur um bandarísk efnahagsmál, sem hann skrifaði á árunum 1952 til 1967. Þar fjallaði hann meðal annars um velferðarkerfið og aukið bil á milli ríkra og fátækra í Bandaríkjunum eftir seinni heimsstyrjöld. Eitt rita Galbraiths, Iðnríki okkar daga, kom út í íslenskri þýðingu í flokki lærdómsrita á vegum Hins íslenska bókmenntafélags árið 1970. Bókin er ágrip sem Galbraith skrifaði sjálfur upp úr þekktustu bók sinni, The New Industrial State, sem kom út þremur árum áður, fyrir breska lesendur sína. Í umsögn um bókina segir að þar sé fjallað um eðli kapítalisma og sósíalisma.




**JOHN KENNETH GALBRAITH** Galbraith var einn af þekktustu hagfræðingum síðustu aldar og skrifaði um 40 bækur um efnahagsmál og ríflega þúsund blaða- og tímaritsgreinar um ýmis málefni. Mynd/AP






## Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2005

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals | Lsj. hjúkr.-fræðinga | LSR & LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld | 9.326,4 | 2.349,8 | 664,2 | 12.340,3 | 230,8 | 12.571,1 |
| Lífeyrishækkanir | 0,0 | 4.868,5 | 0,0 | 4.868,5 | 364,6 | 5.233,1 |
| Uppgreiðslur og innb. v/skuldbindinga | 0,0 | 7.934,6 | 0,0 | 7.934,6 | 393,7 | 8.328,3 |
| Lífeyrir | (267,9) | (12.096,2) | (55,1) | (12.419,1) | (833,9) | (13.253,1) |
| Fjárfestingatekjur | 10.154,1 | 25.139,4 | 408,8 | 35.702,3 | 2.933,7 | 38.635,9 |
| Fjárfestingagjöld | (171,6) | (395,1) | (1,6) | (568,3) | (47,0) | (615,2) |
| Rekstrarkostnaður | (51,2) | (168,0) | (4,8) | (224,1) | (20,0) | (244,1) |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | 18.989,8 | 27.633,0 | 1.011,5 | 47.634,3 | 3.021,9 | 50.656,1 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | 48.484,7 | 128.105,4 | 3.271,1 | 179.861,1 | 15.519,9 | 195.381,0 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | 67.474,4 | 155.738,4 | 4.282,6 | 227.495,4 | 18.541,8 | 246.037,2 |

## Efnahagsreikningur 31.12.2005

| | A-deild LSR | B-deild LSR | Séreign LSR | LSR samtals | Lsj. hjúkr.-fræðinga | LSR & LH samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjárfestingar | 65.955,4 | 152.858,9 | 4.238,7 | 233.053,0 | 17.791,2 | 240.844,3 |
| Kröfur | 548,4 | 318,0 | 2,1 | 868,5 | 6,3 | 874,8 |
| Aðrar eignir | 1.166,1 | 3.249,2 | 72,6 | 4.487,9 | 816,6 | 5.304,5 |
| **Eignir samtals** | 67.669,9 | 156,426,1 | 4.313,4 | 228.409,4 | 18.614,2 | 247.023,5 |
| Skuldir | 195,5 | 687,7 | 30,8 | 914,0 | 72,4 | 986,4 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | 67.474,4 | 155.738,4 | 4.282,6 | 227.495,4 | 18.541,8 | 246.037,2 |
| **Eignir utan efnahagsreiknings** | | | | | | |
| Krafa á launagreiðendur vegna lífeyris | | 155.662,7 | | 155.662,7 | 20.411,6 | 176.074,3 |

## Kennitölur 2005

| | A-deild | B-deild | Séreign leið I | Séreign leið II | Séreign leið III | LSR samtals | Lsj. hjúkr.-fræðinga |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 18,8% | 19,1% | 13,5% | 9,0% | 8,4% | 18,9% | 18,5% |
| Hrein raunávöxtun | 14,0% | 14,2% | 8,8% | 4,6% | 3,9% | 14,0% | 13,7% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára * | 5,3% | 6,6% | 3,5% | 7,4% | 5,8% | 6,3% | 6,1% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 10 ára ** | 5,7% | 5,9% | | | | 5,7% | 5,8% |
| Verðbréfaeign í íslenskum krónum (%) | 67,4% | 73,1% | 69,3% | 81,4% | 100% | 71,4% | 69,1% |
| Verðbréfaeign í erlendum gjaldmiðlum (%) | 32,6% | 26,9% | 30,7% | 18,6% | 0,0% | 28,6% | 30,9% |
| Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga | 18.858 | 7.646 | 2.304 | 782 | 285 | 26.504 | 765 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 546 | 9.282 | 9 | 3 | 15 | 9.989 | 521 |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,09% | 0,12% | 0,12% | 0,13% | 0,15% | 0,11% | 0,12% |

* Meðaltal hreinnar raunávöxtunar hjá Séreign LSR er reiknað frá stofnun einstakra leiða.

** 10 ára meðaltal er eingöngu birt fyrir þær deildir sem hafa starfað í 10 ár eða lengur. Hjá A-deild LSR er meðaltalið reiknað frá stofnun 1997.

## Lífeyrisskuldbindingar skv. tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2005

| | A-deild LSR |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | 19.497,2 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum (%) | 39,2% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | (7.313,7) |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum (%) | -3,6% |

*Í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2005, efnahagsreikningi 31.12.2005 og lífeyrisskuldbindingum skv. tryggingafræðilegri úttekt 31.12.2005 eru fjárhæðir gefnar upp í milljónum króna.*

## Besta ávöxtun í sögu LSR og LH

Ávöxtun LSR og LH á árinu 2005 var sú besta frá upphafi. Nafnávöxtun nam 18,9% hjá LSR og 18,5% hjá LH. Hrein raunávöxtun var 14,0% hjá LSR og 13,7% hjá LH. Sjóðirnir leggja áherslu á að fylgja vel mótaðri fjárfestingarstefnu og hafa að leiðarljósi að verðbréfasöfn sjóðanna séu vel dreifð með tilliti til áhættu.

### Stjórn LSR

Maríanna Jónasdóttir, stjórnarformaður
Birna Lárusdóttir
Eiríkur Jónsson
Gunnar Björnsson
Páll Halldórsson
Sigrún V. Ásgeirsdóttir
Trausti Hermannsson
Ögmundur Jónasson

### Stjórn LH

Ásta Möller, stjórnarformaður
Elsa B. Friðfinnsdóttir
Jóhannes Pálmason
Maríanna Jónasdóttir

Framkvæmdastjóri
Haukur Hafsteinsson

### Ársfundur 17. maí

Ársfundur LSR og LH verður haldinn miðvikudaginn 17. maí nk. á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Fundurinn er opinn öllum sjóðfélögum og launagreiðendum.

LSR
LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA RÍKISINS

Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100 • Fax: 510 6150 • lsr@lsr.is • www.lsr.is

# Útlendingarnir fengju falleinkunn

**Landsbankinn þarf að sýna fram á traustari og dreifðari tekjumyndun til að standa jafnfætis hinum stóru bönkunum. Hópur viðskiptadeildarnema á Bifröst bar saman íslenska og erlenda banka í misserisverkefni. *Óli Kristján Ármannsson* hitti hópinn sem furðar sig á vinnubrögðum erlendra greiningardeilda.**

„Samanburður íslenskra og erlendra banka“ heitir misserisverkefni fimm viðskiptanema við Viðskiptaháskólann á Bifröst sem skilað var í byrjun þessa mánaðar. Fyrir verkefnið sem er í skýrsluformi fengu nemarnir níu í einkunn, þá hæstu sem gefin er.

„Við höfum haldið hópinn og nú fengið níuna tvisvar í röð,“ segir Heiðar Lár Halldórsson stoltur, en ásamt honum unnu verkefnið Bjarni Þór Einarsson, Haukur Skúlason, Kristján Örn Jónsson og Orri Sigurðsson. „Efnið völdum við af því að umræðuefnið var heitt og okkur lék forvitni á að vita hvað stæði á bak við gagnrýni sem komið hefur fram hjá erlendum greiningardeildum á íslensku bankanna,“ bætir Kristján Örn við. „En fyrir leikmann getur verið erfitt að átta sig á því.“

**FJÁRFESTINGARNAR ERU ARÐBÆRAR**

Aðalviðfangsefni skýrslunnar er að meta rekstur og markaðsaðstæður stóru bankanna hér og þeir þættir skoðaðir með hliðsjón af rekstri þriggja erlendra banka, Goldman Sach's, Deutsche Bank og Jyske Bank. Niðurstaðan er sú að nokkru muni á íslensku bönkunum í skipulagi og þá sérstaklega á Kaupþingi banka og Glitni, meðan Landsbankinn sé líkari Kaupþingi banka. Þá kom einnig í ljós að Kaupþing banki og Deutsche Bank eru líkir að uppbyggingu. „Báðir bankar byggja afkomu sína að verulegu leyti á gengishagnaði auk þess sem tekjumyndun og dreifing þeirra er mjög áþekk en báðir sækja þeir um 30 prósent tekna sinna á heimamarkað. Fjármögnun þeirra er þó nokkuð ólík þar sem Kaupþing banki fjármagnar sig mikið til með útgáfu skuldabréfa en Deutsche Bank fjármagnar sig mest með innlánum sem gerir endurfjármögnun hans traustari,“ segir í skýrslunni.

Þeir félagar furða sig á hvernig bankarnir voru settir undir einn hatt í erlendri gagnrýni, en við skoðun segja þeir að komið hafi í ljós að slík nálgun standist engan veginn. Þeir segja kerfisáhættu bankakerfisins almennt ofmetna þó finna megi í henni sannleikskorn, sér í lagi í áhyggjum af horfum á hlutabréfamarkaði hér. Þá er komist að þeirri niðurstöðu að Kaupþing banki og Glitnir standist fyllilega alþjóðlegan samanburð í rekstri, en Landsbanki Íslands þurfi að sýna fram á traustari og dreifðari tekjumyndun til að standa þeim jafnfætis. Þeir segja gríðarlegan vöxt erlendra skulda bankanna til kominn vegna bæði beinna og óbeinna fjárfestinga erlendis, en telja skuldirnar þó ekki gagnrýniverðar þar sem fjárfestingarnar virðist hafa skilað framúrskarandi arðsemi, sem sjáist vel í uppgjörum bankanna.

**CAD-HLUTFALL* BANKA BORIÐ SAMAN**

| Banki | Hlutfall |
|---|---|
| Deutsche Bank 13,5% | |
| Kaupþing banki 12,2% | |
| Landsbankinn 13,1% | |
| Glitnir 12,6% | |
| Jyske Bank 11,4% | |

**CAD hlutfallið segir til um eiginfjárstöðu banka og þarf að vera yfir átta prósentum. Mörkin eru sett til þess að bankarnir geti stjórnað lausafjárstöðu sinni og staðið við ótímabærar skuldbindingar.*

*Heimild: Íslenskir bankar, misserisverkefni við Viðskiptaháskólann á Bifröst, vor 2006.*



**FENGU NÍU FYRIR VERKEFNI Á BIFRÖST** Kristján Örn Jónsson, Heiðar Lár Halldórsson, Orri Sigurðsson, Bjarni Þór Einarsson og Haukur Skúlason fengu hæstu einkunn fyrir misserisverkefni við viðskiptadeild Viðskiptaháskólans á Bifröst. Þeir báru íslensku bankana saman við erlenda banka. MARKAÐURINN/VILHELM



**Í BANKANUM** Íbúðalán, segja höfundar verkefnis um samanburð á bönkum, vera lágt hlutfall af heildareignum þeirra. Það sé þó líklegt til að hækka því margt bendi til að Íbúðalánasjóður hverfi í náinni framtíð að fullu af þeim markaði.



**VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN Á BIFRÖST** Oft á tíðum eru misserisverkefni í viðskipta- og lögfræðideild Viðskiptaháskólans á Bifröst unnin í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir í lok hvers misseris í fjögurra til sex manna hópum. MARKAÐURINN/VILHELM

Strákarnir segja hins vegar ljóst að bankarnir búi við töluverða gjaldeyrisáhættu þar sem íslenska krónan sé bæði lítill og sveiflukenndur gjaldmiðill. „Eigið fé bankanna er í krónum, en mikið af eignum og skuldum í erlendri mynt. Þetta þýðir að veikari króna lækkar eiginfjárhlutfallið,“ segir Heiðar, en Haukur bætir við að á móti komi að jákvæður gjaldeyrismunur geri að verkum að hagnaður bankanna aukist og þar með eigið fé þeirra og þannig nái þessir hlutir að jafna sig dálítið út. „Bankarnir eru mjög vel staðsettir hvað varðar þennan jákvæða gjaldeyrismun, þeir eiga allir þrír fleiri eignir á móti skuldum erlendis.“ Þá segja þeir algengt að bankar verji sig gegn gjaldmiðlaáhættu og segja krónuna bjóða upp á ákveðna spákaupmennsku. „Svo getur líka verið að slíkt sé bara hluti af þeirra vörn, eða eignastýringu að vera viðbúnir svona skellum.“

**HÆGIR Á VEXTINUM**

Gagnrýni erlendra greiningardeilda rekja strákarnir til skýrslu Fitch 21. febrúar þar sem horfum á lánshæfismati ríkissjóðs var breytt úr jákvæðum í neikvæðar. Í verkefninu notuðust þeir því við líkan Merrill Lynch við að meta kerfisáhættu og komust meðal annars að því að auknar skuldir heimilanna mætti að mestu rekja til breyttra aðstæðna á fasteignamarkaði og benda á að eignir hafi líka aukist á móti skuldum. Þá telja þeir áhyggjur af fasteignaverði ekki eiga við rök að styðjast þar sem þær hafi verið leiðrétting á of lágu fasteignaverði sem ólíklegt sé að gangi til baka. Þeir telja hins vegar áhyggjur af lækkandi hlutabréfaverði réttmætar því ætla megi að vöxtur sé bundinn í gengi hlutabréfa sem útlit er fyrir að ekki muni hækka jafnhratt og áður, meðal annars vegna versnandi lánakjara bankanna.

En þegar skýrslunni sleppir taka strákarnir jafnvel enn dýpra í árinni í hneykslan sinni á skrifum erlendu greiningardeildanna. „Ef þær kjósa að fara í samanburð á borð við að bera saman landsframleiðslu og skuldir bankanna má benda á að hagnaður bankanna árið 2005 nam 10 prósentum af landsframleiðslu og leitun að öðru eins,“ segir Heiðar og strákarnir hlæja við. „Þetta er náttúrlega bara heimskulegur samanburður og við teljum allt að því kjánalegt að halda því fram að bankarnir megi ekki verða svo stórir að ríkið geti ekki hlaupið undir bagga með þeim,“ bætir hann við og strákarnir taka undir og telja ljóst að banki yrði ekki lengi að flytja sig úr landi ef hann teldi smæð ríkisins hamla vexti hans. „Svo má náttúrlega líta til Lúxemborgar og Sviss og bera þar saman landsframleiðslu og stærð banka. Þetta er náttúrlega bara gert til að ná fram skellifyrirsögnum,“ segja þeir og bæta við að matsfyrirtækið Moody's hafi komist að svipaðri niðurstöðu og þeir hafi gert í skýrslu sinni nú. „Skýrslan okkar kom út þriðja apríl og Moody's birti daginn eftir lánshæfismat sitt fyrir bæði ríki og banka. En niðurstaðan er að ekkert sé í raun athugavert við stöðu bankanna sem skili mjög góðri afkomu, en umræðan undanfarnar vikur og mánuði hafi gert að verkum að ekki sjái fyrir endann á því hvort um tjón sé að ræða, hvort skrifin séu spádómur, sem rætist af því einu að hafa verið settur fram,“ segir Heiðar og telur verulega hafa skort á allan rökstuðning í neikvæðu skrifunum. „Það er dylgjað og allir settir undir sama hattinn. Þetta eru ófagleg vinnubrögð, segja strákarnir og telja að sérfræðingar greiningardeildar Danske Bank hefðu trúlega fengið falleinkunn á Bifröst fyrir svarta skýrslu sína. Strákarnir töldu hins vegar allir að bankarnir hér hefðu tekið allt of seint við sér í að bregðast við neikvæðum skrifum sem hafist hafi með hroðvirknislegri skýrslu Royal Bank of Scotland í október í fyrra. „Samt urðu þeir varir við að kjör þeirra versnuðu, en gerðu ekkert fyrr en bylgjan fór öll af stað eftir áramót.“

**BANKARNIR HAFA ÓLÍKA TEKJUMYNDUN**

„Tekjur banka eru aðallega þrískiptar, vaxtamunur, þóknanir og gengishagnaður,“ áréttar Heiðar og segir tekjur Kaupþings banka vel dreifðar, með starfstöðvar á öllum Norðurlöndunum, auk Bretlands og Lúxemborgar, en um 30 prósent af tekjum komi héðan frá Íslandi. Í skýrslunni kemur fram að meirihluti tekna bankans komi frá Bretlandi og stafar það mestmegnis af gengishagnaði þar, en gengishagnaður sé um 42 prósent af tekjum Kaupþings banka. „Hjá Deutsche Bank er það hlutfall 38 prósent, en það skýrir léleg grunnafkoma bankans,“ segir Heiðar og félagar hans taka undir að kostnaðarhlutfall erlendu bankanna sé töluvert meira en þeirra íslensku. „Þegar gengishagnaður er tekinn frá kemur í ljós að grunnafkoma Deutsche Bank er í raun óviðunandi,“ segir Haukur.

Meirihluti tekna Landsbankans er svo héðan, eða rúmlega 82 prósent og segja strákarnir gengishagnað vega þar þyngst eða um 34 prósent af heildartekjum bankans. Jafnframt benda þeir á að um 20 milljarðar af 21 milljarðs króna gengishagnaði bankans á síðasta ári hafi komið frá Íslandi.

Glitni banka segja strákarnir svo frábrugðinn hinum að því leyti að gengishagnaður hans sé minni, en stór hluti tekna bankans komi héðan eða 45 prósent. Þeir segja árangur bankans af stöðutöku í hlutabréfum á síðasta ársfjórðungi síðasta árs vera slakan, en helstu tekjur bankans séu vaxtatekjur hér og í Noregi, um 46 prósent af heildartekjum hans. „Allir bankarnir hafa tekjur erlendis frá en Kaupþing banki einna mest, eða um 70 prósent. Landsbankinn hefur um 18 prósent tekna sinna erlendis frá og Glitnir um 55 prósent,“ segja þeir félagar og bæta við að Jyske Bank hefur um 90 prósent tekna sinna í heima fyrir í Danmörku og þar með sé markaðsáhætta hans mest. „Tekjudreifing Jyske Bank er hins vegar frekar líkari tekjudreifingu Glitnis þar sem meginuppistaða tekna hans er komin af vaxtatekjum eða um 49 prósent.“

Strákarnir benda á að bæði Kaupþing banki og Glitnir séu með minna tap af útlánum en Deutsche Bank, sem sýni að áhættustýring bankanna sé góð. Hins vegar segja þeir að þar sem yfir 80 prósent af tekjum Landsbankans komi frá Íslandi mætti kalla tekjudreifingu bankans fremur einhæfa og að markaðsáhætta útlána sé veruleg. „Stærstur hluti lána Glitnis fer til Íslands og Noregs, ef talin eru með útlán til Danmerkur þá eru þar nær 90 prósent af heildarútlánum bankans. Ætla mætti að þessi svæði séu mjög tengd efnahagslega og áhætta í útlánadreifingu því töluverð,“ segja þeir ennfremur.



Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR

# Afmælisgjöfin þín frá okkur

apollo 20 ÁRA

**Apollo fagnar nú 20 ára afmæli sínu á Norðurlöndum. Íslenskum sólarförum er boðið í veisluna, sem haldin verður á Svartahafsströnd Búlgaríu í allt sumar. Í stað þess að þiggja afmæliskveðjur frá ykkur viljum við gera okkar til að sem flestir sæki veisluna. Hér er afmælisgjöfin okkar til ykkar.**





## 1.

### Engin gengishækkun!

Þeir sem panta og staðfesta ferðapöntun með greiðslu staðfestingargjalds í síðasta lagi 15. maí fá ferð sína á óbreyttu verði!

## 2.

### 5.000 kr. afsláttur á mann!

2ja og 3ja vikna ferðir 6. júní-25. júlí.

Gististaðir: Central, Dunav, Sredetz, Ballaton, Pliska og Longoza.

Nýir gististaðir (sjá heimasíðu okkar): Fiesta, Flamingo, New Jupiter og Kotva.

Í öllum tilfellum er takmarkaður fjöldi herbergja/íbúða í boði og fyrstur kemur, fyrstur fær.

## 3.

### Óvissuferðir á broslegu verði

Apollo Smile eru óvissuferðir fyrir þá sem vilja fyrst og fremst komast í sólina og á ströndina en leggja síður áherslu á gististaði.

Þú getur valið um gæði gistingarinnar

- *Apollo Smile – 3 sólir:* Gististaðurinn fær 3 sólir í gæðakerfi Apollo (milli-flokkur). **Vikuverð frá 42.700 kr. á mann í tvíbýli.***
- *Apollo Smile:* Gististaðurinn fær 2 sólir í gæðakerfi okkar. **Vikuverð frá 39.700 kr. á mann í tvíbýli.***
- *Óvissuferðir:* Við tryggjum svefnpláss með lágmarksþægindum. **Vikuverð frá 45.200 kr. á mann í tvíbýli.**

*Netverð með sköttum










**Náðu þér í bækling!**

Esso

*Bæklingar liggja frammi á völdum Esso-stöðvum:*

**Reykjavík:** Ártúnshöfði og Fossvogur.
**Hafnarfjörður:** Lækjargata
**Akureyri:** Leiruvegur

**Bókaðu núna!**
www.apollo.is

apollo

**5 100 300 www.apollo.is**

Langferðir ehf., Holtasmára 1, 201 Kópavogur



# Ísland lagt á *hringborð E*

Economist mun halda ráðstefnu hér á landi þar sem brotnar verða til mergjar ýmsar spurnin hagkerfisins. Aðdragandinn nær rúm tvö ár aftur í tímann. *Hafliði Helgason* fjallar um koman spjall við **Þór Sigfússon** sem ýtti hugmyndinni úr vör og **Neil Prothero**, sérfræðing í málefnu

Á bak við frábærlega skrifaðar greinar Economist eru ekki bara velskrifandi blaðamenn. Blaðið heldur úti öflugri sveit sérfræðinga sem greina hagkerfi og atvinnugreinar.

Innan þeirrar deildar er teymi sem stendur fyrir ráðstefnum um allan heim. Svonefndu hringborði Economist. Ísland og íslenskt viðskipta- og efnahagslíf er viðfangsefni hringborðs Economist sem haldið verður hér 15. maí. Hringborðið er það fyrsta sem tímartitið heldur á Norðurlöndunum.

**„Economist sendir þetta til fimmtán þúsund forystumanna fyrirtækja. Ísland kemst því inn á skrifborð fimmtán þúsund forystumanna fyrirtækja í Evrópu og í Bandaríkjunum. Þeir gætu svo ekki verið heppnari með tímasetninguna þar sem Ísland er mikið í umræðunni.“**

Tímasetningin getur vart verið betri því kastljósið hefur beinst að Íslandi í umræðu um viðskipti og efnahagsmál síðustu vikur og mánuði. Hringborðið á sér þó miklu lengri aðdraganda þannig að tilviljun ein ræður því að hringborðsumræðurnar lenda í brennidepli umræðunnar.

Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár, og fyrrverandi framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs er upphafsmaður þess að hringborðið er haldið hér. Hann setti sig í samband við Economist fyrir rúmum tveimur árum, eða í ársbyrjun 2004.

### SÍMINN TEKINN UPP

„Kveikjan að þessu var sú að umræðan um Ísland var að aukast og hún var upp og niður. Við töldum að vandinn væri að erfitt væri að fá þá sem hefðu vigt til að fjalla um okkur. Menn voru að reyna að kynna landið í gegnum eigin ráðstefnur, þar sem viðskiptalífið kynnti sig, annað hvort á vegum atvinnulífsins eða sendiráðanna. Það vantaði að hafa þetta með meiri alþjóðlegum blæ. Í framhaldi af því sló ég á þráðinn.“

Þór segir aðdragandann langan. „Við kynntum fyrir þeim hvernig við sæjum þetta fyrir okkur. Þeir voru inná því að Ísland væri kynnt í þessu samhengi sem „The Nordic Tiger“. Þá skiptir ekki máli þó að við séum að ganga í



**ÞÓR SIGFÚSSON, FYRRVERANDI FRAMKVÆMDASTJÓRI VIÐSKIPTARÁÐS** Hringdi í Economist og vakti áhuga þeirra. Niðurstaðan varð sú að landið komst á kortið hjá þessu virta tímariti sem heldur fyrstu hringborðsumræður sínar um íslenskt viðskipta- og efnahagslíf.

gegnum þessa ókyrrð núna. Það stendur eftir að hjá Economist eru menn áhugasamir um þetta módel, Íslandslíkanið.“

Hann segir að kynningarvægið á alþjóðavettvangi sé gríðarlegt af slíku hringborði. „Economist sendir þetta til fimmtán þúsund forystumanna fyrirtækja. Ísland kemst því inn á skrifborð fimmtán þúsund forystumanna fyrirtækja í Evrópu og í Bandaríkjunum. Þeir gætu svo ekki verið heppnari með tímasetninguna þar sem Ísland er mikið í umræðunni.“

### ATHYGLIN VAR BYRJUÐ

Þór segir að tímasetningin sé góð fyrir Íslendinga. „Það gat ekki verið hentugri tímasetning fyrir okkur á fá slíkan alþjóðlegan stimpil sem ráðstefna á vegum aðila eins og Economist er. Þar við bætist að blaðamenn Economist beina sjónum sínum að landinu.“

Þór segir að Economist hafi sýnt Íslandi áhuga vegna umsvifa íslenskra kaupsýslumanna erlendis og einkum í Bretlandi. „Það var farið að spyrjast út víða og meðal blaðamanna að það eru þættir hér sem eru breytur sem kannski fáir eru að hugsa um, en skipta kannski öllu máli fyrir árangur Íslands. Við erum ung þjóð með trausta lífeyrissjóði. Vinnumenning hér er með þeim hætti að atvinnuþátttaka er meiri en í nokkru OECD-landi. Þetta kveikir dálítið í mönnum. Menn eru leiðir á að horfa alltaf á sömu tölurnar og sjá þetta sem vísbendingu um að það þurfi að horfa til annarra þátta þegar metinn er hagvöxtur næstu tíu ára. Til dæmis að hér sé frumkvöðlaára sem tvímælalaust hefur einkennt okkur að undanförnu.“

Þór segir að áhugi sé talsverður á smærri löndum og efnahagsþróun þeirra. „Þessi lönd eru eins og módel af stærri löndum og ég held að það

meistarinn.is
Þar sem þú finnur meistara og fagmenn til verksins

**Styrkir í boði til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað**

Framtíð iðnaðar veltur á menntun og mannauði. Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus tækifæri til vaxtar, nýsköpunar og útrásar. Mikilvægt er að nemendum í iðn- og starfsnámi standi til boða námsefni við hæfi. Samtök iðnaðarins auglýsa eftir umsóknum um styrki til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað. Sjá nánar á **www.si.is**.



IDAN.IS
veldu þér framtíð

[ SÉRBLAÐ UM IÐNAÐ OG IÐNNÁM – MIÐVIKUDAGUR 3. MAÍ 2006 ]

# iðnaðarblaðið



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## EFNISYFIRLIT

ÉG GÆTI ÉTIÐ ÞIG
*Súkkilaðitær* BLS. 2

FRAMÞRÓUN Í IÐNMENNTUN
*Fræðslusetrið Iðunn* BLS. 2

ATVINNUMÖGULEIKUM FJÖLGAR
*Kvikmyndagerð* BLS. 4

TJALD ÁN FYLGIHLUTA
*Sniðug lausn* BLS. 6

GRUNNUR AÐ GÓÐRI ÚTFLUTNINGSVÖRU
*Gullsmíði* BLS. 7

FAGLEGAR OG LÖGLEGAR
*Snyrtifræðingar* BLS. 10



SMEKKVÍSI SKIPTIR MÁLI
*Nám í útstillingum* BLS. 10

SJALDAN FELLUR EPLIÐ LANGT FRÁ EIKINNI
*Fetað í spor föðurins*
BLS. 11

RAUNVERULEIKINN VÍSINDASKÁLDSKAP LÍKASTUR
*Hátæknilegt gervihné*
BLS. 12

TRAUST MENNTUN FYRIR UNGT FÓLK
*Tækni-og verkfræðideild HR* BLS. 14

0101010ATGC10101010ATGC
1010ATG
01010A
10ATG
01010101010ATGC1010
01010ATGC10ATGC0
0101010ATGC
010ATGC1010
ATGC01010A

**Framtíðin er í okkar höndum**

Áskorun til ríkisstjórnarinnar frá 16. janúar ásamt upplýsingum um stefnu SI og tillögur er að finna í heild sinni á www.si.is



SI
Samtök iðnaðarins
Samtök íslenskra líftæknifyrirtækja
Samtök sprotafyrirtækja
Samtök upplýsingatæknifyrirtækja

# Framþróun í iðnmenntun í heild sinni

Fjögur fræðslusetur hafa sameinað starfsemi sína í fræðslusetrinu Iðunni, að Hallveigarstíg 1, sem verður opnað í dag.

Iðan fræðslusetur verður opnað í dag að Hallveigarstíg 1. Þetta er samstarfsverkefni fræðslumiðstöðva fjögurra iðngreina, þ.e. málmiðnaðarins, byggingariðnaðarins, hótel- og veitingaiðnaðarins og prenttæknistofnunar. Hildur Elín Vignir, nýskipaður framkvæmdastjóri Iðunnar, segir að með þessari sameiningu sé vonast til að ná ákveðinni hagræðingu í rekstri og auknum slagkrafti varðandi framþróun í iðnmenntun í heild sinni.

Hildur hefur um árabil verið viðriðin starfsþróunar- og endurmenntunarmarkaðinn hérlendis. Hún hefur nýlokið starfi sem forstöðumaður þjálfunarlausna hjá IMG, en hefur einnig starfað sem fræðslustjóri, fyrst hjá Eimskipafélaginu og síðan Íslandsbanka. Hildur er bæði menntaður kennari og starfs- og námsráðgjafi og starfaði í grunnskólum Reykjavíkur áður en hún fór til starfa hjá Eimskipafélaginu.

„Í gegnum starf mitt hjá IMG vann ég töluvert með fræðslumiðstöðvum iðnaðarins og vissi af þessari sameiningu sem til stóð og þeim markmiðum sem henni er ætlað að ná. Ég hef mikla trú á því að sameiningin muni skila iðnaðinum miklu þegar til lengri tíma er litið og fannst því einstakt tækifæri fólgið í því að fá að taka þátt í þessu nýja starfi, auk þess sem þetta er ákveðin áskorun fyrir mig."

Fyrsta verkefni nýráðins framkvæmdastjóra verður að kortleggja þá starfsemi sem farið hefur fram í mismunandi fræðslustofnunum síðustu ár og skoða hvar sameiginleg tækifæri liggja. Starfsemin verður skipulögð með þetta fyrir augum og reynt að nýta það sem gefið hefur góða raun. „Það besta hjá einum verður innleitt hjá öðrum, en allt miðar þetta að því að byggja upp góða stofnun," segir Hildur.

Eins og fyrr sagði eru fræðslumiðstöðvar fjögurra iðngreina að sameinast í Iðunni, en Hildur segist vonast til að fleiri iðngreinar sjái hag sinn í því að starfa undir þessari regnhlíf í framtíðinni. „Hlutverk fræðslusetursins er m.a. fólgið í því að vinna að endur- og símenntun iðnaðarmanna, vera ráðgefandi fyrir fyrirtæki og starfsmenn í iðnaðinum varðandi uppbyggingu menntastefna og á víðari grundvelli. Síðast en ekki síst að vera ráðgefandi fagaðili gagnvart iðnaðilum og leiðandi afl í stefnumótun á námi meistaranema," segir Hildur. Að mati hennar bendir þetta allt saman til að aðrar iðngreinar eigi fullt erindi í samstarf með Iðunni.



Hildur Elín Vignir, framkvæmdastjóri fyrir framan Iðuna, nýtt fræðslusetur fjögurra iðngreina, sem verður opnað á Hallveigarstíg 1 í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hérna sést Oddný Magnea með súkkulaðimolana sem hún bjó til sjálf með sérhönnuðum mótum og hannaði umbúðir utan um. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ég gæti étið þig

Oddný Magnea Arnbjörnsdóttir tekur afsteypur af líkamshlutum og notar sem súkkulaðimót

„Ég gæti étið þig", er yfirskrift lokaverkefnis Oddnýjar Magneu Arnbjörnsdóttur, nema í þrívíðri hönnun úr Listaháskóla Íslands. Með heitinu er verið að vísa í gamalt orðatiltæki sem hefur táknræna merkingu og er viðhaft þegar einhver þykir nógu góður til að vera ætilegur. Oddný hefur hins vegar kosið að gera orðatiltækinu bókstafleg skil með verkefni sínu sem samanstendur af súkkulaðimolum sem líta út eins og líkamshlutar á borð við tennur, varir og ungbarnatær.

Oddný segir áhuga hennar á mannslíkamanum, einkum húðinni, hafa verið kveikjuna að hugmyndinni. „Ég fór að skoða bækur sem sýndu skreytilist frá því í gamla daga, þá einkum ígreypta hluti, og fannst vera ákveðin samsvörun á milli þeirra og mannslíkamans með öllum sínum mynstrum. Auk þess fannst mér áhugavert að nota í verkefnið eitthvert form í algjörlega óbreyttri mynd. Með það að leiðarljósi fór ég að taka afsteypur af líkamshlutum og þegar upp var staðið fannst mér tilvalið að nota þær sem súkkulaðimót."



Á þessari mynd sjást varir í nokkrum litbrigðum.

Segja mætti að niðurstaðan sé ögrandi eftirréttur, því þarna á sér stað hugmyndafræðilegur samsláttur vinsællrar markaðsvöru tengdri nautunum og einnar helstu bannhelgi Vesturlanda, nefnilega mannáts. Enda er ekki reynt að fela líkindin og súkkulaðimolarnir hafðir eins líkir fyrirmyndinni og unnt er. Neysla molanna ætti því að vekja blendnar tilfinningar hjá neytendum.

Ekki er nóg með að Oddný hafi gert mótin sjálf heldur bjó hún einnig til súkkulaðið úr þar til gerðum hráefnum og hannaði umbúðirnar utan um það. „Ég vildi vinna verkefnið þannig að ég gæti gert þetta sjálf frá a til ö svo ég hefði í lokin vöru tilbúna í dreifingu til endursöluaðila. Þannig vildi ég geta komið fullbúinni vöru frá mér, þótt ég útiloki alls ekki samstarf við sælgætisframleiðendur sé gagnkvæmur áhugi fyrir hendi. En það er eitthvað sem á bara eftir að koma í ljós og væri gaman að skoða," segir hún að lokum.



Afsteypur eru teknar af raunverulegum líkamshlutum og þær notaðar sem súkkulaðimót. Hér má t.d. sjá ungbarnatær sem eru aðeins ein þeirra neysluvara sem Oddný hefur búið til. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heildarlausnir
Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
'Á góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is




Frumkvöðlahugsun er grundvallarþáttur í fyrirtækjamenningu Össurar hf. Við leitumst sífellt við að yfirstíga hið ómögulega, finna nýjar og betri lausnir og nýta þekkingu okkar á sem hugvitsamlegastan hátt. Allt starf Össurar hf. einkennist af metnaði og er helgað fólki sem vill njóta sín til fulls.

ÖSSUR®

www.ossur.com

*Líf án takmarkana*

# Dugar skammt að geta lagt rör og brotið veggi

Rafvirkjun er ein þeirra iðngreina sem hafa þróast hratt.

Ein af þeim iðngreinum sem kenndar eru við Iðnskólann í Reykjavík er rafvirkjun en hún hefur tekið örum breytingum undanfarin ár og áherslur í kennslu og námsefni hafa breyst. Skúli Skúlason, nemi í rafvirkjun við skólann, lýkur sveinsprófi í júní til að útskrifast, en blaðamaður ræddi við Skúla til að fræðast betur um þessa atvinnugrein og átta sig á því með hvaða hætti hún er að þróast.

Samkvæmt Skúla er hægt að velja tvenns konar námsleiðir í rafvirkjun við Iðnskólann í Reykjavík. „Í öðru tilviki ertu meira í vinnu en í skóla, eða í þrjú ár af fjórum þar sem þér eru eingöngu kenndir verklegu þættirnir," segir Skúli. „Þannig sleppurðu við verklegu hliðina í skólanum. Í hinu tilvikinu er þessu nánast öfugt farið. Námið er í báðum tilvikum góður undirbúningur fyrir atvinnumarkaðinn, en það hefur hins vegar breyst gífurlega undanfarin ár."

„Nú er okkur kennt að leggja röralagnir og kapla, gerð rafmagnstaflna, hvernig skal tengja þær og setja upp öryggi. Svo erum við farnir að læra mikið á iðntölvustýringar svokallaðar, en með því á ég við að okkur sé nú kennt hvernig tæki á borð við verksmiðjufæribönd virka o.s.frv. Í stuttu máli sagt er meiri áhersla lögð á tæknilega þáttinn í náminu en áður tíðkaðist, sem sést af því að tölvukennsla og forritun gegna orðið stóru hlutverki. Það dugar skammt að geta aðeins lagt rör og brotið veggi, ef svo má að orði komast", segir Skúli og hlær.

Gerðar eru miklar kröfur til nema sem eru að útskrifast í rafvirkjun í Iðnskólanum og því til staðfestingar má nefna að Skúli fékk það lokaverkefni að hanna heilt rafkerfi í einbýlishús. Hann þurfti að leggja rafmagn og samskiptalagnir og setja upp loftnet, síma og svokölluð instabus-kerfi, sem er á einföldu máli miðstýrt kerfi sem nota má til að stjórna ljósum, hita og jafnvel rafknúnum gluggatjöldum séu þau fyrri hendi í húsnæðinu. Þótt slík kerfi séu ekki á allra færi vegna kostnaðar njóta þau töluverðra vinsælda hérlendis um þessar mundir og fer eftirspurn eftir þeim vaxandi. „Þess vegna þurfum við orðið að læra á uppsetningu þeirra," segir Skúli. Þetta sýnir einfaldlega hve brýn nauðsyn er á breyttum áherslum í námi eins og rafvirkjun þar sem stöðugt þarf að mæta breyttum þörfum markaðsins.



Skúli Skúlason er að útskrifast í rafvirkjun frá Iðnskólanum í Reykjavík. Á myndinni sést hann tengja ljós við svokölluð instabus-kerfi sem njóta mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


Kerrur í miklu úrvali!

- Jeppakerrur
- Fólksbílakerrur
- Bílaflutningakerrur
- Kerrur með uppákeyrslubúnaði fyrir smávélar og mótorhjól.



VÉLAR & ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is




Böðvar Bjarki Pétursson, kvikmyndagerðarmaður og eigandi Kvikmyndaskóla Íslands, segir atvinnumöguleikum fjölga í kvikmyndaiðnaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Atvinnumöguleikum í kvikmyndagerð fjölgar

Kvikmyndaskóli Íslands býður nemendum upp á þrjár nýjar brautir í haust.

Það er óhætt að segja að kvikmyndaiðnaðurinn hafi vaxið jafnt og þétt hérlendis undanfarin ár. Það sýnir sig m.a. í því að árlegur fjöldi framleiddra kvikmynda verður að teljast hár miðað við höfðatölu. Þá hefur gott gengi íslenskra kvikmyndagerðarmanna úti í heimi opnað augu erlendra starfsbræðra þeirra fyrir þeim möguleikum sem hér eru fyrir hendi. Líkt og í öðrum iðngreinum þar sem framleiðsla eykst kallar þetta á fleiri fagaðila.

Kvikmyndaskóli Íslands hefur um árabil sinnt því brýna hlutverki að búa Íslendinga undir þessa þróun og hefur í þau fjórtán ár sem skólinn rekur sögu sína útskrifað eitthvað á 3.000 nemendur. Böðvar Bjarki Pétursson, eigandi Kvikmyndaskóla Íslands, segir ásóknina í skólann aldrei hafa verið meiri því nú sé barist um þau sæti sem þar standa til boða.

Samkvæmt Böðvari Bjarka er margt á döfinni hjá skólanum. Undanfarin þrjú ár hefur hann boðið upp á starfsmenntabraut, sem felst í fjögurra anna námi sem lýkur með prófi. Vegna mikillar ásóknar stendur nú til að víkka út starfsemi skólans með stofnun þriggja nýrra námsbrauta næsta haust, er snúa að handritsgerð, hönnun og leiklist og almannatengslum. Handritabraut segir sig nokkuð sjálf, en það er rétt að Böðvar Bjarki útskýri aðeins betur hvað átt er við með hinum tveimur.

Hönnunarbrautina segir Böðvar Bjarki vera einstaka í sinni röð þar sem þar er blandað saman þremur meginþáttum, þ.e. kvikmyndatöku, leikmynda- og búningahönnun, og tölvu- og grafískri vinnslu. Þannig er í raun verið að svara þörfum iðnaðarins á hvorn veginn sem er. Komið er til móts við þá sem hafa áhuga að nýta tölvukunnáttu sína innan kvikmyndagerðar og eins er verið að skapa vinnuafl hérlendis fyrir umsvifamikil fyrirtæki á borð við Latabæ og CCP.



Kvikmyndaskóli Íslands hefur boðið upp á tveggja ára starfsmenntabraut. Í haust stendur til að stofna þrjár nýjar brautir við skólann, þar sem kennd verða handritsgerð, hönnun og leiklist og almannatengsl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það sama gildir í raun um leiklistar- og almennatengslabraut Kvikmyndaskólans", segir Böðvar Bjarki. „Þarfir viðskiptavina okkar ráða för, þ.e. nemenda sem og markaðarins sjálfs enda er skólinn einkarekinn þjónustustofnun. Með brautinni viljum við skapa markvissari leiklistarkennslu en áður hefur þekkst á framhaldsskólastigi, þannig að ekki er verið að tefla henni fram gegn leiklistardeild Listaháskóla Íslands. Þar sem námið tekur tvö ár viljum við hafa brautina breiða og hugsum hana því líka sem góðan undirbúning fyrir þá sem hafa áhuga á fréttamennsku. Þeir sem útskrifast af þessari braut verða því ekki titlaðir leikarar, heldur kvikmyndagerðarmenn."

Ekki þarf að þreyta inntökupróf til að fá inngöngu í skólann, en skilyrði er að nemendur hafi lokið 30 einingum á framhaldsskólastigi áður auk þess sem til stendur að setja á aldurstakmark. Samkvæmt Böðvari Bjarka ljúka nemendur sem samsvarar 70 einingum í haldbæru námi á framhaldsskólastigi þegar þeir útskrifast, þar sem grunnþekking á myndmiðlum ein og sér nýtist víða. Útskrifaðir nemendur fá inngöngu í Félag kvikmyndagerðarmanna, FK.

„Við ætlum okkur stóra hluti í þeim störfum sem eru að verða til í kringum iðnaðinn og fylgjum nemendum okkar vel eftir út á atvinnumarkaðinn. Við erum þegar í formlegu samstarfi við helstu ljósvakamiðla og kvikmyndagerðarfyrirtæki hérlendis um starfsmenntun nemenda okkar sem hefur gengið vel." Böðvar Bjarki hvetur alla þá sem eru áhugasamir um kvikmyndagerð og þá atvinnumögleika sem eru að opnast í bransanum að kynna sér skólann betur.

# *Nýir fisléttir tímar!*

## Fjölbreytt íslensk framleiðsla


**Brunnur** ø 1000 mm


**Brunnur** ø 1000 mm


**Brunnur** ø 600 mm


**Brunnur** ø 600 mm


**Brunnur** ø 400 mm


**Kapalbrunnur** ø 1000 mm


**Framlenging** ø 600 mm


**Keila** ø 600 / 1000 mm

**Allar okkar vörur til fráveitulagna þola þyngstu umferð ökutækja!**


**Framlenging** ø 400 mm


**Vatnslásbrunnur**


**Fituskilja**


**Vatnsgeymir**


**Sandföng**


**Sandskilja**


**Járnbentir brunnhringir**


**Járnbent lok**


**Sambyggð sand- og olíuskilja**


**Rotþró**


**Frauðplast**


**Takkamottur**


**Vegatálmar**




ISO 14001
*Vottað umhverfisstjórnunar-kerfi síðan 1999*

# BORGARPLAST HF.

Sefgarðar 1-3a • 170 Seltjarnarnes • Sími 561 2211 • Fax 561 4185 • borgarplast@borgarplast.is
Sólbakki 6 • 310 Borgarnes • Sími 437 1370 • Fax 437 1018 • ag@borgarplast.is

IST ISO 9001
*Vottað gæðakerfi síðan 1993*

**www.borgarplast.is**



Tjaldið má líka nota sem hálfgerðan regnjakka. Rétt er að taka fram að tjaldið á myndunum er þó frumgerð og því ekki fullþróað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Lögun tjaldsins verður til þess að það brýtur betur af sér vind. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Tjald án fylgihluta

Stefán Pétur Sólveigarson hefur fundið upp sniðuga lausn fyrir þá sem vilja ferðast án mikils búnaðar.



Tjaldið er fislétt eins og hér sést þar sem hönnuðurinn Stefán Pétur Sólveigarsson tjaldar með einföldum handtökum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stefán Pétur Sólveigarson er nýútskrifaður í þrívíðri hönnun af hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands, en lokaverkefni hans er útivistartjald sem er sérstætt fyrir þær sakir að það er án allra fylgihluta og því fislétt.

Stefán segir hugmyndina að tjaldinu hafa sprottið upp úr leikjum með hringi, en sé hringjum snúið nógu hratt myndi þeir svokallaðan sameindarhring. Þannig hafi þetta byrjað og sé í raun eðlilegt framhald af áhuga hans á því að skapa furðulega hluti, en námið hafi gefið honum gott frelsi til þess.

„Með tjaldinu vildi ég skapa eitthvað nytsamlegt, eitthvað sem jafnvel mætti framleiða ef út í það væri farið," segir Stefán. „Ég ákvað því að gera rannsókn á einföldum tjöldum, áþekkum tjaldinu mínu, að því leytinu til að þau rétta sjálf úr sér. Athugun mín leiddi í ljós að öllum tjöldum sem ég skoðaði fylgdu aukahlutir í einhverri mynd, svo sem poki utan um tjaldið eða dúkur til að verja það fyrir rigningu. Ég ákvað því að hanna tjald sem væri laust við allan fylgibúnað."

Nú mætti ætla að tjald af þessu tagi myndi ekki henta vel í íslenskri veðráttu þar sem rok og rigning ræður gjarnan ríkjum, en Stefán segir lögun tjaldsins koma í veg fyrir að það fjúki þar sem það er lægra að aftan en framan og brjóti því vindinn mjög vel, auk þess sem það er fest niður með stögum. Samt sem áður sé alltaf erfitt að tjalda í roki og þar sé tjaldið engin undantekning.

Tjaldið er tilvalið fyrir einstaklinga og pör, en ekki er mikið pláss fyrir bakpoka innan í því enda segir Stefán að það sé ekki hugsað fyrir bakpokaferðalög. Þar er þó ekki öll sagan sögð því tjaldið er líka gætt þeirri nýjung að samanbrotið má nota það sem eins konar regnjakka eða herðaslá, þannig að það býr yfir margs konar notagildi. Því er bara að bíða og sjá hvort tjald án fylgihluta verði nýjasta æðið sem grípur um sig á meðal Íslendinga.




VIÐ MIÐLUM ORKU

Í næstum 60 ár höfum við miðlað raforku til landsmanna. Dreifikerfið okkar er afar víðfeðmt og á seinni árum hafa jarðstrengir tekið við hlutverki háspennulína í stórum stíl og aukið öryggi í afhendingu rafmagns.

Geturðu hugsað þér daglegt líf án rafmagns?

RARIK
lifandi afl




Bjarkey Björnsdóttir uppgötvaði að hún hafði áhuga fyrir rennismíði þegar hún hóf nám í málmiðnum við Iðnskólann í Reykjavík. Hér sést hún að störfum við rennibekkinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kona í karlaveldi

Enn eitt karlavígið fellur. Fyrsti kvennemandinn útskrifast í rennismíði frá Iðnskólanum í Hafnarfirði.

Bjarkey Björnsdóttir er ein þeirra nema sem útskrifast nú úr Iðnskólanum í Hafnarfirði en hún er fyrsti kvennemandinn sem lýkur þar námi í rennismíði af málmiðnadeild. Því mætti segja að þar með sé ákveðið blað brotið í sögu skólans. En hvað réði því að Bjarkey valdi sér námsgrein sem hingað til hefur verið þéttsetin af karlmönnum?

„Ætli það hafi ekki verið forvitni sem rak mig áfram inn á þessa braut til að byrja með", svarar Bjarkey. „Eins og svo margir aðrir hafði ég ekki hugmynd um út á hvað námið gekk. Ég hafði reyndar áhuga á að vinna með málma og ákvað því að fara í grunndeild málma. Í framhaldi af því ákvað ég að prófa rennibekk og uppgötvaði strax hversu vel hann átti við mig."

„Námið reyndist síðan vera margþætt og skemmtilegt, þar sem við lærum sitt lítið af hverju. Við lærum t.a.m. um rafmagn og vélar og hvernig nota á rennibekk ásamt bóklegu námi. Námstíminn skiptist í tvö ár í grunndeild, eitt ár í sérdeild, samning hjá meistara og loks sveinspróf. Ekki er krafist að nemendur skili sérstöku lokaverkefni heldur er horft til frammistöðu í námi."

Aðspurð segir Bjarkey að rennismíði opni nemendum margar dyr bæði að öðru námi sem og atvinnulífinu. Sjálf er hún komin með vinnu á renniverkstæðinu hjá Marel og getur þess að kennarar deildarinnar séu iðnir við að fylgja nemendum úr garði. „Þeir hafa lagt sig fram við að hjálpa nemendum að finna atvinnu við sitt hæfi og bent fyrirtækjum sem til þeirra hafa leitað á duglega nemendur." Hún hvetur því fólk á öllum aldri að kynna sér námið, bæði karla og konur.

# Gullsmíði grunnur að góðri útflutningsvöru

Undirbúningur að samkeppni í gullsmíði stendur yfir. Vegleg verðlaun eru í boði fyrir besta verkið.


Láki-1. Sigurverk í flokknum kvenlegasti vínflöskutappinn frá árið 1999. Hönnuður er Anna María Sveinbjörnsdóttir gullsmiður. MYND/MAGNÚS HJÖRLEIFSSON

Félag íslenskra gullsmiða undirbýr nú af fullum krafti samkeppni á meðal félagsmanna sinna, sem haldin verður í haust. „Keppni af þessu tagi hefur verið haldin einu sinni áður, eða 1999, fyrir hartnær sjö árum," segir Halla Bogadóttir formaður félagsins. „Hún er því haldin annað veifið gagnstætt reglulegum yfirlitssýningum á verkum gullsmiða. Dómnefnd verður skipuð, sem kemur til með að setja keppendum leikreglur. Verkin verða metin út frá þeim auk þess sem val á sigurvegara ræðst af hönnun, hugmyndaauðgi, stíl og möguleika á framleiðslu verksins."


Hugrekki. Sigurverkið í flokknum karlmannlegasti vínflöskutappinn frá árinu 1999. Hönnuður er Páll Sveinsson gullsmiður. MYND/MAGNÚS HJÖRLEIFSSON

„Síðast þegar keppnin fór fram var þemað víntappar og brugðum við þá á það ráð að stilla verkunum til sýnis í landganginum í flugstöð Leifs Eiríkssonar. Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Það hreinlega rigndi yfir okkur fyrirspurnum í kjölfarið, ekki hvað síst frá erlendum aðilum sem vildu afla sér frekari fróðleiks um gullsmíði hérlendis."

Í ár er þema keppninnar skírnargjafir og er farið fram á við keppendur að þeir reyni að finna nýja fleti á þeim. „Hingað til hefur hönnun skírnargjafa einskorðast nokkuð við gerð krossa svo dæmi séu nefnd. Því væri gaman að sjá hvað fólki dettur í hug þegar því er gefið fullt frelsi til listrænnar tjáningar. Ef vel


Halla Bogadóttir, formaður Félags íslenskra gullsmiða. FRETTABLADID/E.ÓL

til tekst er fyrrnefndur möguleiki á framleiðslu og eins eru í boði vegleg verðlaun. Í valinu felst auðvitað líka ákveðinn gæðastimpill fyrir sigurvegarann," segir Halla.

Það er rétt að taka fram að eingöngu félagsmenn eru þátttökuhæfir.

## Spennandi iðnnám

Iðnskólinn í Hafnarfirði:

BYGGINGA- OG MANNVIRKJANÁM. Námið hefst með einnar annar sameiginlegu grunnnámi en að því loknu velja nemendur fagnám í húsasmíði, húsgagnasmíði, málaraiðn, múraraiðn, pípulögnum eða veggfóðrun/dúkalögn. Fagnámið skiptist í tvennt, annars vegar bóklegt og verklegt nám í skóla og hins vegar vinnustaðanám. Skólinn býður fagnám í húsasmíði, húsgagnasmíði og pípulögnum. Heildarnámstími er að jafnaði 4 ár og þar af er samningsbundið vinnustaðanám 72-96 vikur eftir iðngreinum. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.



RAFIÐN. Rafiðngreinum er skipt í tvo flokka, veikstraum sem rafeindavirkjun fellur undir og sterkstraum sem rafveituvirkjun, rafvélavirkjun og rafvirkjun falla undir. Við skólann er hægt að klára samningsbundið nám í rafvirkjun og fyrrihluta náms í rafeindavirkjun, en fyrsta árið er sameiginlegt og kallast grunndeild rafiðna. Almennt markmið með námi í rafiðngreinum er að nemar hafi við námslok öðlast nauðsynlega fræðilega og faglega þekkingu og þjálfun til að gegna störfum faglærðra við framleiðslu á raforku, raflagnir, uppsetningu/tengingu, bilanagreiningu og þjónustu við rafknúnar og rafeindastýrðar vélar, tæki, mannvirki og



hvers konar búnað. Heildarnámstími er að jafnaði 4 ár og þar af er samningsbundið vinnustaðanám 24-72 vikur eftir iðngreinum. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðninni og til inngöngu í nám til iðnmeistaraprófs.

Tekið af vefsíðu Iðnskólans í Hafnarfirði.




Íslenskt atvinnulíf árið 2010 óskar eftir...

... verk- og tæknifræðingum til starfa. Í boði eru spennandi störf í alþjóðlegu umhverfi. Mikil erlend samskipti. Færni í ensku og spænsku skilyrði en kunnátta í kínversku og hindí æskileg. Mjög góð laun. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða nám sem veitir ungu fólki aðgang að þessum störfum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAG UM EFLINGU VERK- OG TÆKNIMENNTUNAR
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SI Samtök iðnaðarins
HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

# Frá

Stefna Alcoa Fjarðaáls er að fjárfesta til framtíðar í öflugu þekkingarsamfélagi bæði innan og utan fyrirtækisins. Nú þegar hefur fyrirtækið lagt um 140 milljónir króna til samfélagsmála. Slík fjárfesting skilar sér í verðmætum mannauði sem aftur styrkir samfélagið enn frekar. Starfsmenn eru hvattir til að sinna samfélagsmálum og Fjarðaál greiðir styrki með þeim starfsmönnum sem vinna í þágu góðgerðarsamtaka. Þannig á samfélagið allt að njóta góðs af.



Nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar.



## Jafnvægi

**Kyn og aldur**
Starfsmenn Fjarðaáls eiga að endurspegla og efla samfélagið. Æskilegt er að kynjahlutfall verði sem jafnast og öll störf í álverinu henta jafnt konum sem körlum. Jafnframt er stefnt að góðri aldursdreifingu og eðlilegri endurnýjun í fyrirtækinu.



## Bakgrunnur

**Menntun og reynsla**
Margvísleg og spennandi störf verða í boði hjá Fjarðaáli. Við ætlum að mynda samhentan hóp fólks með fjölbreytta menntun og reynslu. Tæplega 40% starfsmanna verða með háskólamenntun eða iðnmenntun. Öll störf í fyrirtækinu verða góð störf.



Hluti af mannauðs- og samfélagsteyminu, við Upplýsingamiðstöð Fjarðaráls, með álverið í baksýn.

## Liðsvinna

**Ferli og teymi**
Í álverinu í Fjarðabyggð verður unnið samkvæmt verkferlum í sjálfstýrðum teymum með víðtæk verksvið. Í teymunum verða leiðtogar sem styðja liðsmenn og sjá til þess að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu. Kjarnateymum verður skipt upp í álframleiðslu, málmvinnslu og framleiðsluþróun. Stoðteymi og þekkingarsetur veita kjarnateymum stuðning. Stöðugt verður leitast við að styrkja teymin og bæta verkferlin. Teymin munu sjálf koma að ráðningu nýrra liðsmanna þegar störf losna.

**Fjölbreytni og fjölhæfni**
Öll störf í álverinu eru fjölbreytt og munu allir starfsmenn takast á við ólík viðfangsefni. Að auki verður árlega boðið upp á nokkur starfsþjálfunartækifæri, þar sem áhugasamir starfsmenn fá þjálfun og reynslu á nýjum starfsvettvangi í 12 mánuði. Slík starfsþjálfun verður til dæmis á sviði öryggis-, umhverfis-, mannauðs- og gæðamála.



Þjálfun starfsmanna getur verið margþætt. Sálfræðingurinn og fræðslustjórinn, Steinþór Þórðarson, er hér ásamt leiðbeinanda á reykköfunaræfingu í Kanada.



Aðalheiður Vilbergsdóttir með son sinn, Birki Inga Óskarsson. Aðalheiður stýrir skrifstofu Fjarðaáls á Reyðarfirði.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ALC 31742 03/2006

# samfélagi til mannauðs



## Tengsl

**Samstarf og samráð**
Áhersla verður lögð á að starfsmenn þekki sem best allar hliðar starfseminnar. Teymin munu hafa með sér náið samstarf og samráð um mál sem varða allt fyrirtækið og umhverfi þess. Allt að fimmtungi vinnutíma síns munu framleiðslustarfsmenn vinna í hópum að ýmsum sameiginlegum málum, svo sem umhverfis-, samfélags- eða gæðamálum.



Birkir Einar Gunnlaugsson mættur á knattspyrnuæfingu í Fjarðabyggðarhöllinni, kannski fullsnemma.



Rekstrarhagfræðingurinn, Bob Roy, ætlar að miðla starfsmönnum Fjarðaáls af langri reynslu sinni næstu tvö árin.

## Ræktun

**Hollusta og heilsuvernd**
Starfsmönnum Alcoa Fjarðaáls á að líða vel í vinnunni. Í álverinu verður heilsusetur með hjúkrunarfræðingi og öðrum heilbrigðissérfræðingum. Í mötuneyti verður boðið upp á hollt og gott fæði undir leiðsögn næringarráðgjafa. Fjarðarál styður einnig heilsurækt starfsmanna.

**Jafnvægi vinnu og einkalífs**
Alcoa Fjarðaál á að vera fjölskylduvænn vinnustaður. Hvað í því felst nákvæmlega verður starfsmanna að ákveða í sameiningu. Hluti af þjónustu við starfsmenn mun einnig standa fjölskyldum þeirra til boða.

## Öryggi

**Vinnutilhögun og vinnutími**
Störf í áliðnaði eru örugg og vinnutíminn yfirleitt fyrirsjáanlegur. Álið verður að framleiða allan sólarhringinn, allt árið um kring. Í boði verða einnig hlutastörf fyrir fólk sem á erfitt með að vinna á vöktum eða vera í fullu starfi.

Stefán Guðjónsson, kerfisfræðingur, mun vinna við eitt af stærstu og öflugustu upplýsingakerfum á Íslandi.



Mannauðsfræðingurinn, Sigurður Ólafsson, í Aflhúsi Iceland Spa & Fitness á Reyðarfirði.

## Tækifæri

**Þjálfun og fræðsla**
Fræðslusetur verður starfrækt í álverinu og allir starfsmenn fá víðtæka þjálfun og fræðslu. Margir munu fá þjálfun í öðrum álverum Alcoa og um 40 erlendir sérfræðingar munu aðstoða við gangsetninguna.

**Þekking og starfsþróun**
Allir starfsmenn Fjarðaáls eiga að fá tækifæri til að leysa fjölbreytt og krefjandi verkefni og vaxa og dafna í starfi. Starfsmenn munu öðlast verðmæta þekkingu sem á að nýtast til framþúðar bæði innan og utan fyrirtækisins.

**Kaup og kjör**
Íslenskur áliðnaður hefur greitt samkeppnishæf laun og starfsmannavelta í greininni hefur verið lítil.



Sören Kristinsson, sonur Ellenar Sæmundsdóttur, starfsmanns Fjarðaáls.

## Við tökum vel á móti þér

Við leggjum mikið upp úr því að finna rétt fólk í rétt störf. Rétta fólkið getur haft mjög ólíka menntun og reynslu. Menntun getur verið fengin úr skóla lífsins og fólk getur hafa öðlast mikilvæga reynslu í gegnum uppeldis- eða félagsstarf. Ráðningarferlið er staðlað og allir umsækjendur eru boðaðir í viðtal. Umsóknum þarf að fylgja ferilskrá. Svæðisvinnumiðlun Austurlands aðstoðar umsækjendur á Austurlandi við að gera ferilskrá.

## Viltu vera í liðinu okkar?

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá Fjarðaáli. Fæst okkar hafa starfað áður í álveri. Við tökum öll þátt í að móta nýtt fyrirtæki frá grunni. Við ætlum að vinna saman og læra hvert af öðru. Við ætlum að fara nýjar leiðir í stjórnun og skipulagi. Allir starfsmenn verða í lykilhlutverki. Styrkur fyrirtækisins verður í liðsheildinni.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

# Faglegar og löglegar

## Félag íslenskra snyrtifræðinga vekur athygli á fagmennsku og fjölbreytni starfsins.

Snyrtifræði er ein þeirra greina sem fellur undir svokallaðan þjónustuiðnað, þar sem viðskiptavinum er boðið upp á sérhæfða þjónustu sniðna að þörfum einstaklingsins. Undanfarið hefur borið nokkuð á auglýsingaherferð á vegum Félags íslenskra snyrtifræðinga, undir slagorðinu Faglegar og löglegar, þar sem neytendum er bent á hvaða aðilar tilheyri félaginu. Anna María Jónsdóttir, snyrtifræðingur og stjórnarmeðlimur í Félagi íslenskra snyrtifræðinga, segir að markmið auglýsinganna sé í raun tvíþætt. Bæði sé vakin athygli á starfandi fagaðilum hérlendis og eins því fjölbreytilega starfi sem snyrtifræðingar inna af hendi.

Aðspurð segir Anna María að því miður séu dæmi þess að ólöggiltir aðilar titli sig sem snyrtifræðinga. Í þeim tilvikum sé helst um að ræða fólk sem lokið hafi námskeiðum sem uppfylla ekki tilskild skilyrði, til að mynda námskeið sem eru of stutt miðað við venjubundinn námstíma. Þó verði að fara varlega í að fella dóma yfir þessu fólki, þar sem námskeiðahaldarar hafi jafnvel talið því trú um að það útskrifist sem snyrtifræðingar þótt raunin sé önnur.

„Snyrtifræði er löggilt atvinnugrein og hana mega eingöngu þeir stunda sem lokið hafa sveinsprófi annað hvort hérlendis eða í sambærilegum skólum erlendis,“ segir Anna María. „Fyrir þá sem hafa hug á að stunda nám í snyrtifræði á Íslandi stendur valið á milli Fjölbrautarskólans í Breiðholti og Snyrtiskólans í Kópavogi. Munurinn á milli skóla er m.a. sá að Snyrtiskólinn er einkaskóli þar sem námstími er skemmri en í Fjölbrautarskólanum. Skýringin á þessu er m.a. sú að dæmigerður kennsludagur í Snyrtiskólanum er lengri en í Fjölbrautarskólanum. Þá er nám Snyrtiskólans dýrara enda skólinn einkarekinn eins og áður sagði og því ekki ríkisstyrktur.“ Anna María segir að báðar leiðir séu góðar og gildar enda skili þær aðilum sömu réttindum.

„Það er líka rétt að taka fram, að í báðum tilvikum er gert ráð fyrir því að einstaklingar séu vel að sér í ýmsum námsgreinum sem lúta að heilbrigðiskerfinu áður en formlegt nám hefst og má þar nefna líffræði, efnafræði og sjúkdómafræði. Þetta er gert svo að snyrtifræðingar séu vel undir það búnir að takast á við það fjölbreytilega starf sem bíður þeirra að námi loknu,“ segir Anna María. „Starf snyrtifræðinga er nefnilega ekki eingöngu bundið við förðun eins og margir vilja halda heldur kemur meira til, húðmeðferðir af ýmsum toga o.s.frv. Þá kemur kunnátta í rafmagnsfræði einnig að góðum notum þar sem notkun alls kyns raftækja þykir orðið eðlilegur hluti af starfinu. Slíkur undirbúningur verður gjarnan útundan á námskeiðunum sem ekki uppfylla okkar skilyrði og



„Starf snyrtifræðinga er ekki eingöngu bundið við förðun eins og margir vilja halda heldur kemur meira til,“ segir Anna María stjórnarmeðlimur í Félagi íslenskra snyrtifræðinga og eigandi Lauga Spa. FRETTABLADID/GVA






Heiða hefur haft í nógu að snúast. Hér sést hún fyrir framan útstillingu sem hún gerði fyrir nýopnaða Spú-útnik verslun á Laugavegi 28. FRETTABLADID/ANTON

# Smekkvísi skiptir máli

## Nám í útstillingum er fjölbreyttara en margan gæti grunað.

Útstillingar er ein námsgreina sem Iðnskólinn í Hafnarfirði býður upp á. Margir eiga kannski erfitt með að gera sér í hugarlund hvers konar nám sé um að ræða og ímynda sér að það krefjist varla meira en minniháttar getu til að stilla búðarginum út í glugga. Heiða Agnarsdóttir útskriftarnemi af útstillingadeild gerir lítið úr svoleiðis mýtum og segir fleira fólgið í náminu.

„Við lærum allt frá því að binda almennilegan hnút með gyrni til þess að pinna rétt á plötur. Svo lærum við teikningu, litafræði og formfræði svo dæmi séu nefnd. Auk þess kjósa sumir að blanda öðru listnámi saman við námið, en sjálf hef ég einblínt á útstillingarnar,“ segir Heiða.

„Í sjálfu sér er kannski ekki um flókið nám að ræða, en það krefst engu að síður ákveðinna námshæfileika og svo verður fólk að hafa þetta í sér. Það sýnir sig einfaldlega í muninum sem greina má á gluggaútstillingum á Laugaveginum, svo nærtækt dæmi sé tekið. Sumar útstillingarnar eru listilega vel útfærðar á meðan aðrar eru hálfgert klúður.“ Heiða bendir jafnframt á að gluggaútstilingar séu aðeins einn angi af þessu námi og tekur innanbúðarútstillingar sem dæmi um aðra hlið þess. „Það vill nefnilega oft gleymast að það er sægur af fólki sem hefur atvinnu af því að stilla vörum innanhúss í verslunum. Hlutirnir raða sér ekki af sjálfu sér í IKEA eða Hagkaup heldur kemur þar fagmenntað fólk við sögu.“

„Í sumum tilvikum er um að ræða fagfólk sem er kallað erlendis frá og á það oft við í tilvikum þegar um erlendar verslunarkeðjur er að ræða, þar sem útstillingarnar eiga að líkjast sem mest erlendu fyrirmyndinni. En slíkir aðilar hafa oft lokið námi í svokölluðu „fashion merchandising,“ sem líta má á sem framhaldsnám af þessu tveggja ára námi sem ég er að ljúka, þar sem meira er farið í markaðsfræði og sölutækni.“

Spennandi verður að sjá hvort kennsla í slíku námi verði tekin upp hérlendis, en það gæti aftur þýtt fleiri atvinnutækifæri fyrir íslenska útstillingarmenn.



Oddur Pétursson hafði öðlast góða reynslu í smíði hjá föður sínum áður en hann hóf nám í húsasmíði við Iðnskólann í Reykjavík. Af þeirri ástæðu lýkur hann náminu á styttri tíma en venja gerir ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni

Oddur Pétursson nemi í húsasmíði fetar í fótspor föður síns.

Oddur Pétursson stundar nám í húsasmíði við Iðnskólann í Reykjavík. Faðir Odds er húsasmiður og segir hann áhugann fyrir náminu hafa kviknað þegar hann vann hjá föður sínum á sumrin. Hann hafi prófað nám í öðru en fljótlega uppgötvað að áhuginn var fremur fyrir húsasmíði. Reynslan kemur Oddi til góða því hann sleppur þar af leiðandi við eins árs grunnnám og nær að klára námið á þremur önnum með þéttsetinni töflu.

Í vetur hefur Oddur lært að smíða verkfæraskáp, skúffu og stól svo dæmi séu nefnd, en það er gert svo nemendur fái tilfinningu fyrir verkfærunum, segir Oddur. Svo spilar kunnátta á vélar og í teikningu stórt hlutverk, bætir hann við. Næsta verkefni verður að byggja bústað, með klæðningum, gluggum og öðru sem fellur undir svið húsasmíði, þannig að af nógu er að taka. Þetta sýnir einfaldlega hversu fjölbreytilegt og skemmtilegt námið er að mati Odds.

Að skólanámi loknu tekur við tæplega fimmtán mánaða reynslutími sem Oddur þarf að vinna, en yfirleitt er það um 18 mánaða langt. „Svo er það sveinsprófið", segir hann. „Eftir það taka við tvö ár í vinnu áður en meistaranám hefst." Samkvæmt Oddi þurfa menn að hafa meistaranámið að baki til að vera með einkarekið fyrirtæki, en í því eru meðal annars kenndir kúrsar þar sem áhersla er lögð á bókfærslu og rekstur. Oddur segir að nemendur verði sjálfir að finna sér meistara, en hann er svo heppinn að geta leitað til föðurhúsa í því tilviki.

Hvað framtíðinni viðvíkur segist Oddur ekki hafa áhuga á að starfa við uppslátt með hamar og nagla og telur að hann muni líklega snúa sér að sérsmíði á gluggum og hurðum. Það eigi hug hans allan eins og staðan sé nú og hann telur að fátt muni breyta því.

# Spennandi iðnnám

Iðnskólinn í Reykjavík:

KLÆÐSKURÐUR OG KJÓLASAUMUR. Klæðskerar og kjólameistarar eru víða að störfum. Þeir vinna á hönnunardeildum við sniðagerð og tæknilega hönnun, við búningasaum í leikhúsum og fyrir kvikmyndir. Einnig starfa þeir sem sjálfstæðir atvinnurekendur. Nemendur af fataiðnabraut Iðnskólans í Reykjavík hafa hlotið viðurkenningar fyrir hönnun og sauma bæði hér heima og erlendis.

ALMENNT NÁM. Almennar bóklegar greinar eru hluti af námi á öllum brautum Iðnskólans í Reykjavík. Allt almenna námið er matshæft á milli áfangaskóla. Einnig er hægt að stunda nám í almennum greinum einvörðungu í eina til fjórar annir. Það getur hentað nemendum sem ekki hafa gert upp við sig hvað þeir vilja læra.

Á almenna sviðinu er í boði viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum í samræmi við auglýsingu nr. 371/2001 frá menntamálaráðuneytinu. Nemendum er ráðlagt að skipuleggja viðbótarnám sitt til stúdentsprófs eftir kröfum þess háskóla eða háskóladeildar sem þeir hyggjast stunda nám við.

Tæknibraut er fyrst og fremst undirbúningur náms í Tækniháskóla Íslands en veitir einnig inngöngu í verkfræðideild og fleiri deildir á háskólastigi. Á tæknibraut verða aðeins innritaðir nemendur sem hófu nám í IR haustið 2003 eða



fyrr. Við hlutverki tæknibrautar taka stúdentspróf af starfsnámsbrautum.

GULL- OG SILFURSMÍÐI. Starfið er einkum að hanna og smíða gripi úr þessum tveimur málmtegundum en þó vinna gullsmiðir einnig úr öðrum efnum. Vinnan gerir miklar kröfur um skapandi og frjóa hugsun og margir gullsmiðir hafa náð langt á erlendum mörkuðum.

Gull- og silfursmíði er bæði verklegt og bóklegt nám. Mikil áhersla er á hönnun, efnisfræði og teikningar. Til að læra gull- og silfursmíði þarf að fá fjögurra ára námssamning hjá meistara og lýkur náminu með sveinsprófi.




# Engin takmörk

Framtíð iðnaðar veltur á menntun og mannauði. Aukin þekking gefur iðnaðinum takmarkalaus tækifæri til vaxtar, nýsköpunar og útrásar. Iðnfyrirtæki treysta á öflugt rannsókna- og menntakerfi.

SI
Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is

# Magnþrungnar ljósmyndir

Fagstefna og afmælishátíð Ljósmyndarafélags Íslands er haldin 13-14. maí nk.

Í ár eru 80 ár liðin frá stofnun Ljósmyndarafélags Íslands, og af því tilefni verður haldin fagstefna og afmælishátíð dagana 13.-14. maí næstkomandi á vegum Eimskips og Ljósmyndarafélagsins.

„Við erum með dagskrá báða daga, sem segja mætti að sé með tvískiptu móti“, segir Gunnar Leifur Jónasson formaður félagsins. „Fagstefna laugardagsins er haldin á Grand Hótel í Reykjavík og er eingöngu miðuð við atvinnumenn í ljósmyndun, bæði fyrir félagsmenn og fagaðila sem standa utan félagsins.“



Mynd eftir Grétu Guðjónsdóttur ljósmyndara, myndin er ein þeirra sem sýndar verða á sýningunni.

Fagstefnan hefst um morguninn með aðalfundi, en honum fylgja svo öflugir fyrirlesarar víðsvegar utan úr heimi. Má þar nefna þekkta og virta ljósmyndara eins og Piu Sönströd og Christopher Morris. Á milli atriða verður tilkomumikil myndasýning úr tímaritunum Hasseblad og Phase One. Loks má nefna vörukynningu þar sem sýndar verða ýmsar tækninýjungar, þar á meðal þráðlaust stúdíó frá Canon sem boðar byltingu í stafrænu umhverfi.



Ljósmynd eftir Eggert Jóhannesson.



Gunnar Leifur Jónasson, formaður Ljósmyndarafélags Íslands, sem í samvinnu við Eimskip stendur fyrir fagstefnu og afmælishátíð dagana 13.-14. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á sunnudeginum verður afmælishátíðin sett klukkan 13, en hún er haldin í Hvammi og opin öllum sem hafa áhuga að mæta. Vegleg og vönduð ljósmyndabók hefur verið sett saman af þessu tilefni, en í henni gefur að líta verk eftir félagsmenn í Ljósmyndarafélagi Íslands. Verður bókin höfð til sýnis á hátíðinni. „Dagskrá sunnudagsins er stíluð á neytendur, þar sem ljósmyndanám verður m.a. kynnt og myndir af íslenskri náttúru sýndar,“ segir Gunnar. Ókeypis er inn á hátíðina.



Ljósmynd eftir Fróða Jónatan Grétarsson.



Hér sést Sigurborg Arnarsdóttir við rafeindastýrðu hnén, sem vakið hafa mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Raunveruleikinn vísindaskáldskap líkastur

Össur ehf. vekur alþjóðlega athygli fyrir hönnun rafeindastýrðra stoðtækja.

Össur ehf. hefur verið leiðandi fyrirtæki á sviði heilbrigðismála hérlends sem og úti í heimi, m.a. vegna framleiðslu á stoðtækjum fyrir fatlaða. Á dögunum var Össur eitt þeirra 36 fyrirtækja sem WEF útnefndi sem frumkvöðla á sviði orku, líftækni, heilbrigðis og upplýsingatækni. Ef marka má orð Sigurborgar Arnarsdóttur, upplýsingafulltrúi Össurar, er fyrirtækið enn í örum vexti og eru ýmsar nýjungar á döfinni, einkum þeim sem lúta að rafeindastýrðum vörum.

„Ég vil byrja á að segja hversu ánægð við erum með að vera í hópi þeirra fyrirtækja sem WEF valdi,“ segir Sigurborg. „Útnefningin sýnir einfaldlega að tekið er eftir þeirri tækni sem við búum yfir og erum að þróa. Á það náttúrulega einkum við um nýju rafeindastýrðu vörurnar frá okkur, eins og gervihnén Rheo Knee og Power Knee.“

Aðspurð um gerð hnjánna segir Sigurborg að í síðara tilvikinu er reynt að líkja sem mest eftir raunverulegu hné þannig að sá sem ber það finni sem minnst fyrir muninum. „Lítill skynjari er festur á heilbrigða fótlegginn sem les hreyfingu hans og sendir boð til gervihnésins. Við það verður samsvörun á milli fótleggja. Þannig má nýta gervihnéð til að lyfta sér upp, gagnstætt því sem áður var þegar menn urðu að gera það með heilbrigða fætinum og draga síðan hinn upp. Þetta nýtist vel þegar gengið er upp stiga eða brekkur.“

„Vara af þessari gerð er enn sem komið er mjög dýr í framleiðslu og því ekki á færi allra að festa kaup á henni,“ segir Sigurborg. „Eins og staðan er sjáum við ekki fyrir okkur að það breytist nema tryggingafélögin skerist í leikinn. Það er auðvitað samfélaginu í hag að skila sem flestum vinnufærum einstaklingum út í atvinnulífið og þessi vara myndi vafalaust hjálpa mörgum við að yfirstíga þær hindranir sem þeir mæta í daglegu lífi. En það er þó einnig mikilvægt að hafa hugfast að með gerð þessa útbúnaðar erum við náttúrulega búin að ná ákveðinni tækni sem nýtist okkur í önnur verkefni. Segja mætti að verið sé að gefa tóninn fyrir það sem koma skal í þessum geira.“

Framleiðsla á vörum frá Össuri fer bæði fram í höfuðstöðvum fyrirtækisins að Grjóthálsi 5, þar sem 260 starfsmenn vinna, og einnig erlendis, en fyrirtækið hefur verið öflugt í að ryðja sér braut inn á erlendan markað. Það hefur Össur m.a. gert með því að kaupa framleiðslufyrirtæki erlendis og reynt að nýta sér sérþekkingu þarlendra starfsmanna á ríkjandi markaðslögmálum, sem er að mati Sigurborgar ein besta aðferð til að ná sterkri stöðu á erlendum vettvangi.

# Áfangaskipt gæðavottun

Tillaga Samtaka iðnaðarins að nýju fyrirkomulagi á upptöku gæðastjórnunar innan fyrirtækja.

„Áfangaskipt gæðavottun er sértækt verkefni,“ segir Ferdinand Hansen, verkefnisstjóri og ráðgjafi í gæðastjórnun hjá Samtökum atvinnulífsins. „Aðdragandi hennar er sá að frá árinu 1998 hafa samtökin aðstoðað og hvatt félagsmenn sína til að taka upp aðferðafræði gæðastjórnunar,“ segir Ferdinard.

Frá 1999 hafa samtökin lagt þeim iðnaði sem er í kringum mannvirkjagerð lið, með því að láta honum í té drög að gæðakerfum. „Ekki er hægt að láta menn fá fullmótað gæðakerfi upp í hendurnar, því innihald gæðakerfis lýsir því hvernig fyrirtæki er rekið og er það mjög mismunandi eftir rekstraraðilum,“ segir Ferdinard. Samkvæmt Ferdinand gekk vel að kynna þetta því um það bil hundrað fyrirtæki úr þessum geira hafa tekið þátt.

„Okkur þótti hins vegar upptaka gæðakerfa hjá öðrum iðngreinum ganga heldur seint fyrir sig,“ segir Ferdinand. Síðast þegar málm- og skipaiðnaðurinn fór í gegnum ákveðna forkönnun, kom til dæmis í ljós að þar vantaði einnig skerpingu á stjórnun, skilgreiningum og öðru slíku til að auka framleiðini.

Ferdinand álítur að seinagangurinn megi að hluta rekja til þess að menn hafi miklað þetta örlítið fyrir sér. „Við komumst að því að áfangaskipt gæðakerfi gæti verið lausnin.“ Áfangarnir eru fjórir, en þeir tveir fyrstu eru grunnur að því sem koma skal.

Þegar aðilar frá gæðaeftirliti Samtaka iðnaðarins fara í fyrirtæki til að athuga hvort farið sé eftir settum reglum, er gefið út vottorð eða viðurkenning á hverjum áfanga sem náð er. „Þetta kemur öllum til góðs þar sem verkkaupar hafa gert aukna kröfu í samningum sínum við verktaka um að þeir framvísi gögnum sem sýna að þeir geti afgreitt þau verkefni sem þeir eru ráðnir í,“ segir Ferdinard.

Þótt drögin að gæðakerfum eigi sér sjö ára sögu, er verið að hrinda hugmyndinni um áfangaskipta gæðavottun í gang. Ferdinand telur að hún muni vafalaust hljóta góðar undirtektir. Þeir aðilar sem fengið hafa vottorð munu líkast til auglýsa það. Auk þess munu Samtök iðnaðarins birta á vef sínum lista yfir þá félagsmenn sem vottorðin hafa öðlast. Við það má bæta að árleg úttekt verður gerð á starfssemi fyrirtækja til að sjá hvort reglum gæðastjórnunnar sé fylgt eftir, en fyrirtæki missa viðurkenninguna ef í ljós kemur að þau uppfylla ekki hæfisskilyrði.



Ferdinand Hansen, verkefnisstjóri og ráðgjafi í gæðastjórnun hjá Samtökum atvinnulífsins, hefur átt þátt í því að þróa nýja áfangaskipta vottun í gæðastjórnun. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNES LONG

# Veldu þér framtíð!

Á Íslandi eru um áttatíu iðn- og starfsgreinar kenndar við tólf iðn- og verkmenntaskóla. Bíður tækifærið þín í einhverri þessara greina? Að loknu námi gefast tækifæri til vel launaðra starfa þar sem árangurinn er m.a. mældur í kílóum og metrum.

Þín bíður spennandi nám í þessum skólum:



Reykjavík
Iðnskólinn í Reykjavík, www.ir.is
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, www.fb.is
Borgarholtsskóli, www.bhs.is

Hafnarfjörður
Iðnskólinn í Hafnarfirði, www.idnskolinn.is

Reykjanesbær
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, www.fss.is

Akranes
Fjölbrautaskóli Vesturlands, www.fva.is

Ísafjörður
Menntaskólinn á Ísafirði, www.fvi.is

Sauðárkrókur
Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra, www.fnv.is

Akureyri
Verkmenntaskólinn á Akureyri, www.vma.is

Neskaupsstaður
Verkmenntaskóli Austurlands, www.va.is

Selfoss
Fjölbrautaskóli Suðurlands, www.fsu.is

Veldu þér framtíð. Láttu ekki framtíðina velja þig!

IÐNSKÓLAFÉLAGIÐ

IÐAN.IS
Veldu þér framtíð!

# Traust menntun fyrir ungt fólk

Bjarki A. Brynjarsson, forseti tækni- og verkfræðideildar HR segir mikla eftirspurn eftir fólki sem menntað hefur sig í tækni og verkfræði. Margir séu komnir með vinnu áður en námi lýkur.



Bjarki A. Brynjarsson segir að Háskólinn í Reykjavík sæki nú mikið fram í tækni- og verkfræðigreinum. Hér sést hann við störf með nemendum sínum. FRETTABLADID/ANTON

Á síðasta ári gerðust þau tíðindi að Háskólinn í Reykjavík og Tækniháskóli Íslands sameinuðu starfssemi sína undir nafni fyrrnefnda skólans. Bjarki A. Brynjarsson, átti þátt í sameiningunni en hann hefur síðan þá unnið ötull að uppbyggingu tækni- og verkfræðideildar skólans sem hann er nú forseti yfir. Í viðtali við Iðnaðarblaðið segir Bjarki frá því öfluga starfi sem fram fer innan deildarinnar og hversu miklu máli námið skiptir fyrir iðnaðinn.

„Við sameininguna rann tæknifræði, lífeinda- og geislafræði og frumgreinasvið gamla Tækniháskólans saman við tölvunarfræði Háskólans í Reykjavík, svo að úr varð ný tækni- og verkfræðifræðideild,“ segir Bjarki. „Á sama tíma var hafin uppbygging fimm nýrra greina í verkfræði, sem nú eru kenndar við skólann. Það er að segja fjármála-, rekstrar-, hugbúnaðar-, heilbrigðis- og iðnaðarverkfræði.“

Starfsemi deildarinnar er sem stendur í nokkrum húsum. „Í sumar verður hagræðing á ríkjandi fyrirkomulagi en þá munum við flytja verk- og tölvunarfræðinám í Morgunblaðshúsið þegar blaðið flytur starfsemi sína annað,“ segir Bjarki. „Kennslustofur verða á fyrstu hæð, starfsmenn á annari og svo verður hrint af stað frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi sem tengist inn í deildina og höfð verður í turninum ofan á fyrstu tveimur hæðunum. Þar erum við að byggja upp rannsóknarstarf af fullum krafti og erum að ráða til okkar úrvalsfólk hvaðanæva að úr heiminum, enda fylgjumst við vel með því sem er að gerast erlendis,“ segir hann.

Bjarki segir að ímynd skólans hafi til þessa verið sterklega tengd viðskiptagreinum, en telur framangreint sýna að skólinn sæki nú mikið fram í tækni- og verkfræðigreinum. „Ásóknin í námið hefur verið góð og höfum við þar af leiðandi náð settum markmiðum, en alls stunda 1.100 nemendur nám við deildina,“ segir hann. „Er hún þar með orðin að stærstu deild innan Háskólans í Reykjavík.“

„Við viljum þó hvetja ungt fólk til þess að vera enn duglegra að sækja þessar greinar. Fjöldi nemenda á háskólastigi í landinu hefur aukist hratt, en aukningin hefur ekki verið alveg sú sama í tækni- og verkfræðigreinum. Skortur á fagmenntuðu fólki á þessu sviði hefur auðvitað þau áhrif að nýsköpun er ekki nógu mikil í samfélaginu en þessar greinar eru forsenda hennar. Samanborið við nágrannalönd okkar, er hlutfall nema í tækni- og verkfræðinámi lágt.“

„Það er skortur á fólki í framhaldsskólum sem tekur stærðfræði og raungreinar sem undirstöðu, sem er aftur forsenda þess að geta stundað þetta nám. Ég sakna þess líka að sjá ekki fleiri konur í náminu.“ Bjarki telur félagslegar ástæður liggja þar að baki, en segir að konur sem þegar stundi nám í þessum greinum standi sig aftur á móti vel. „Nemendurnir sem sköruðu til dæmis fram úr í verkfræðináminu núna síðast og hlutu verðlaun eru úr hópi kvenna,“ segir hann.

Bjarki álítur að fólk geri sér almennt heldur ekki grein fyrir því hversu vel launuð störf eru í tækni- og verkfræðigeiranum. Þar sem mikil eftirspurn er eftir fólki með menntun á þessu sviði, séu margir komnir með vinnu áður en námi lýkur. Þetta sé traust undirstöðumenntun fyrir ungt fólk. Við það má bæta að í bígerð er atvinnuþjónusta fyrir nemendur á leið út á atvinnumarkaðinn. Bjarki segir að það sé mikill áhugi á að fylgja nemendum eftir. Útskrifaðir nemendur geti alltaf leitað til skólans, svipað og þegar einstaklingar leita til síns banka. Nemendur slíti því ekki alveg tengslin við útskrift og geti líka alltaf bætt við sig þekkingu með símenntun.

Að lokum bendir Bjarki á að búið sé að þróa gott þriggja ára langt iðnaðarnám sniðið að þörfum útivinnandi fólks, en Samtök iðnaðarins áttu stóran þátt í að koma því af stað. „Þetta er tækninám sem brúar bil á milli iðnaðarmanna og verkfræðinga og veitir aukinn styrk ofan á þá menntun sem þeir hafa þegar. Þeir fá meistararéttindi sem þegar hafa lokið sveinsprófi. Þetta er spennandi nýjung fyrir þennan markhóp sem hefur tekið vel við sér því nú eru um 200 hundruð iðnaðarmenn sem stunda fjarnám ásamt vinnu sinni. Þeir mæta tvisvar sinnum á önn í stöðuúttekt, en vinna annars allt í fjarnámi á netinu. Segja mætti að með þessu móti hafi nýjum krafti verið hleypt í námið enda opnar þetta ótal aðra möguleika fyrir iðnaðarmenn. Þetta hentar iðnaðarmönnum vel sem hafa ekki komist frá vegna eftirspurnar á vinnumarkaði,“ segir Bjarki.


fjölbreytt nám
við allra hæfi

almennt svið
Almennar bóklegar greinar eru hluti af námi á öllum brautum skólans. **Allt almenna námið er matshæft á milli skóla eftir því sem við á.** Einnig er hægt að stunda nám í almennum greinum í eina til fjórar annir. Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

sérdeildasvið
Á sérdeildarsviði eru tvær brautir: **Starfsdeild • Nýbúabraut.** Auk þess er endurhæfingarnám Janusar (rekið í tengslum við skólann). Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

hönnunarsvið
Á hönnunarsviði eru fjórar brautir: **Listnámsbraut** (almenn hönnun og keramik) **• Hársnyrting • Fataiðnabraut** (klæðskurður og kjólasaumur) **• Gull- og silfursmíði.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

upplýsinga- og margmiðlunarsvið
Á upplýsinga- og margmiðlunarsviði eru þrjár brautir: **Upplýsinga- og fjölmiðlabraut • Tækniteiknun • Margmiðlunarskólinn.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

fjarnám
Fjarnám er áhugaverður kostur fyrir þá sem ekki geta nýtt sér staðbundið nám, t.d. vegna vinnu eða búsetu. Í fjarnáminu er boðið upp á **fjölbreytt námsúrval í bóklegum og fagbóklegum greinum** ásamt ýmsum greinum meistaranámsins.

rafiðnasvið
Á rafiðnasviði eru eftirtaldar brautir: **Grunnnám rafiðna • Rafvirkjun • Rafeindavirkjun • Rafvélavirkjun • Rafveituvirkjun Símsmíði.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

byggingasvið
Á byggingasviði eru fimm iðnbrautir í framhaldi af grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina: **Húsasmíði • Húsgagnasmíði • Múrsmíði • Málun • Veggfóðrun og dúklagningar.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

tölvusvið
Á tölvusviði er ein braut: **Tölvubraut** sem býður upp á sérhæfingu í **forritun** og **netkerfum.** Stúdentspróf af list- og starfsnámsbraut.

meistaranám
Meistaraskólinn er sérstakur skóli fyrir þá sem lokið hafa sveinsprófi í sínum iðngreinum og vilja afla sér kunnáttu til að **reka eigin fyrirtæki og réttinda til að taka nema.**

kvöldskóli
Í kvöldskólanum er boðið upp á margvíslegt nám, bæði **fagnám** og **almennt nám.**

***3. og 4. maí, kl. 12–16:***
*Innritun fyrir alla aðra en þá sem ljúka grunnskólaprófi í vor.*

***12. maí:*** *Innritun hefst í fjarnám og í kvöldskólann á vef skólans* ***www.ir.is***
*Einnig verður innritað í kvöldskólann í ágúst.*

*Allar nánari upplýsingar á* ***www.ir.is*** *og á skrifstofu skólans, síma 522 6500*

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Skólavörðuholti | 101 Reykjavík
Sími 522 6500 | Fax 522 6501
www.ir.is | ir@ir.is



Svíf þú inn í svefninn
í RB rúmi
Hjónarúm
180x200 cm
Verð frá kr.
74.100,-
án fylgihluta
Nolte rúm
Verð frá kr.
58.000,-
án dýna
160x200 cm
Úrvalið er hjá RB
Hjá okkur er fjölbreytnin í fyrirrúmi. Þú velur það sem þér hentar: Springdýnur, tvöfaldar fjaðradýnur, sérhannaðar sjúkradýnur með varmaklæðningu eða Super deluxe og Grand deluxe springdýnur með tvöföldum mjúkum yfirmottum.
Sælurúm
Verð frá kr.
160.000,-
Stærðir: 80-90-1.20,-1.30 cm.
Opið á laugardögum kl. 10-14
RAGNAR BJÖRNSSON ehf.
Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.
Sængurfatnaður og fylgihlutir
Rúmteppi, púðar, pífur, sængurverasett, lök, dýnuhlífar, náttborð, kommóður og margt fleira.
Dalshrauni 8
220 Hafnarfirði
Sími: 555 03 97
Fax: 565 17 40
www.rbrum.is

# VIÐ VINNUM UM VERÖLD ALLA

## – og þróum og seljum vinnslulausnir fyrir matvælaiðnað á heimsvísu

Marel afhendir framleiðslu sína til yfir 60 landa og rekur 20 dótturfyrirtæki í 5 heimsálfum. Grunnurinn að velgengni fyrirtækisins liggur í nánu samstarfi við helstu matvælaframleiðslufyrirtæki og samhentum hópi 1.200 starfsmanna.

Marel





**Marel hf.** | Austurhrauni 9 | 210 Garðabæ | Sími: 563 8000 | info@marel.com



# conomist

ar um stöðu viðskiptalífsins og
i hringborð Economist og átt
íslands hjá Economist.

sé meðal annars ástæðan fyrir því að Economist sýndi þessu svo mikinn áhuga.

**ÞURFUM AÐ GERA MEIRA**

Þór segir að hugmyndir hafi verið uppi um að halda hringborðið í London. „Við lögðum á það áherslu að það væri spennandi að halda þetta hér. Icelandair sýndi þessu strax mikinn áhuga sem hjálpaði til. Þeir höfðu áhyggjur af því að þátttakan yrði minni ef hringborðið yrði hér. Það kemur hins vegar á daginn að þátttakan er vel viðunandi miðað við fyrsta fund og fyrirhöfnina við að koma til Íslands. Ég held að við munum sjá hér fleiri erlenda viðskiptamenn á þessum fundi en nokkrum öðrum sem haldinn hefur verið um Ísland og íslenskt viðskiptalíf.“

Þór segir að auk athyglinnar sem ráðstefnan veki sé ekki síður mikill fengur í öllum þeim fjölda frá Economist sem hafi myndað tengsl á Íslandi og aukið þekkingu sína á því sem hér hefur verið að gerast. „Við þurfum að gera miklu meira af svona hlutum.“

Hringborð Economist er enginn hallelújasamkoma. Búast má við að ýmsum spurningum verði velt upp um þá þætti í hagkerfinu og viðskitpalífinu sem bæði ógna og skapa ný tækifæri. Sérfræðingar Economist, Nenad Pacek framkvæmdastjóri hjá greiningarteymi Economist og Neil Prothero sérfræðingur í málefnum Íslands hjá blaðinu, munu fjalla um hvers vegna viðskiptalífið hafi sprungi út á undanförnum misserum og hvort vöxtur hagkerfisins sé viðvarandi. Jafnframt munu þeir velta fyrir sér stöðu Íslands í alþjóðasamfélaginu.

Erlendir gestir úr efra stjórnendalagi alþjóðlegra fyrirtækja munu halda erindi og taka þátt í umræðum. Má þar nefna Bernt Reitan frá Alcoa, Thomas Pickering frá Boeing og Sven Estwall frá Vísa í Evrópu.

**MIKILVÆGAR SPURNINGAR**

Forsætisráðherra, fjármálaráðherra og formaður Samfylkingarinnar verða á meðal gesta. Auk þess munu nokkrir úr forystusveit íslenskrar útrásar taka þátt í umræðum og flytja erindi. Má þar nefna Hannes Smárason, Jón Ásgeir Jóhannesson og Svöfu Grönfeldt.

Við hrinborðið munu menn velta fyrir sér grundvallarspurningum fyrir framtíð þjóðarinnar svo sem hvort við séum samkeppnishæf á heimsvísu og hvað laði erlent fjármagn til landsins og hvað beri að varast í þeim efnum.

Þá munu brenna á fundarmönnum spurningar sem hafa verið áberandi í umræðunni um Ísland eins og hvort smæð hagkerfisins ógni okkur, sveiflur þess og framtíðarhorfur. Skilvirkni fjármálaumhverfisins fyrir atvinnulífið verður einnig á dagskrá og sú óhjákvæmilega spurning sem æ oftar skýtur upp kollinum. Hvort Ísland eigi að ganga í Evrópusambandið.

**Vinnumenning hér er með þeim hætti að atvinnuþátttaka er meiri en í nokkru OECD-landi. Þetta kveikir dálitið í mönnum. Menn eru leiðir á að horfa alltaf á sömu tölurnar og sjá þetta sem vísbendingu um að það þurfi að horfa til annarra þátta þegar metinn er hagvöxtur næstu tíu ára. Til dæmis að hér sé frumkvöðlaára sem tvímælalaust hefur einkennt okkur að undanförnu.**

# Umræðan um Ísland yfirdrifin

Neil Prothero er hagfræðingur í greiningarteymi Economist. Greining á Íslandi er á hans könnu og hann hefur fylgst með efnahagslífinu hér um skeið. Auk Íslands ber hann ábyrgð á greiningu sænska hagkerfisins og því austurríska. Hann segir umræðu um Ísland að undanförnu hafa verið yfirdrifna og ástæðan fyrir því sé að margir sem ekki hafi fylgst með hagkerfinu og íslensku bönkunum séu nú að greina þá í fyrsta skiptið.



**NEIL PROTHERO** Greinandi hjá Economist sem fylgist með íslenska hagkerfinu. Hann segir margt lofa góðu um framtíðina, þrátt fyrir augljóst ójafnvægi í augnablikinu.

„Það er erfitt að festa algjörlega hendur á umræðunni um íslenskt efnahagslíf að undanförnu. Hún hefur komið á óvart. Það er augljóslega skortur á jafnvægi í hagkerfinu sem er fylgifiskur mikils vaxtarskeiðs í efnahagslífinu síðustu þrjú til fjögur ár. Þetta má auðvitað merkja í miklum viðskiptahalla og verðbólguþrýstingi,“ segir Neil Prothero. Hann segir að umræðan hafi farið af stað þegar matsfyrirtækið Fitch breytti horfum sínum á lánshæfi ríkissjóðs úr stöðugum í neikvæðar.

„Ég tel að umræðan hafi verið yfirdrifin, án þess að það sé einhverjum einum að kenna. Fram til þessa hefur ekki verið mikið fjallað um Ísland á heimsvísu þar til upp á síðkastið. Allt í einu er Ísland aftur og aftur á forsíðum blaða svo sem Financial Times. Það er því sífellt fleira fólk að átta sig á því að þið eruð til.“

**MIKLAR BREYTINGAR**

Neil segir að við þessa auknu athygli séu fleiri að fjalla um Ísland og þá leiði af sjálfu sér að þar fari margir sem ekki hafi fylgst mikið með íslensku efnahagslífi. „Ísland er lítið hagkerfi og menn hafa tilhneigingu til að túlka tölur um hagkerfið í samhengi við stærri hagkerfi þar sem samanburður á tæplega við. Það þarf að fara varlega í að túlka stærðirnar í íslensku hagkerfi og þær þarf að skoða í samhengi við styrk hagkerfisins“ Hann segir miklar breytingar hafa orðið á hagkerfinu síðustu fimmtán árin. „Munurinn er mikill og landið hefur verið að fjölga stoðum hagkerfisins og ráðist í jákvæðar breytingar á fjármálakerfinu með afnámi hafta og frelsisvæðingu. Ísland hefur fylgt alþjóðlegri þróun í þessum efnum.“

Viðskiptahalli hagkerfisins er gríðarlegur. Neil segir að breytingar á krónunni hafi gríðarleg áhrif á svo lítið hagkerfi með hlutfallslega mikinn inn- og útflutning. „Breytingar á genginu nú gerðust hins vegar á skemmri tíma og fyrr en flestir bjuggust við.“ Hann segir að það hafi legið ljóst fyrir að styrkur krónunnar myndi ekki verða sá sem hann var til lengdar. „Stíflan brast. Þannig hegðar gjaldeyrismarkaður sér oft, sérstaklega varðandi lítið hagkerfi eins og Ísland.“

Eitt af því sem skýrsluhöfundar Danske Bank litu til sem meiriháttar ógnunar stöðugleika eru erlendar skuldir þjóðarinnar. Þær nema um þrjú hundruð prósent af landsframleiðslu. „Það er augljóst að erlendar skuldir einkageirans eru mikla. Mikill hluti þessara skuldbindinga eru fjármagnaðar erlendis og vegna erlendra eigna og koma því ekki við hagkerfið. Það er erfitt að spá nákvæmlega hvað á eftir að gerast og það er augljóst að þið þurfið að glíma við óstöðugleika. Það hefur verið ljóst um langan tíma. Það virðist vera að færast meiri ró yfir, en það er erfitt að segja til um hvað gerist á næstunni.“

**LANGUR AÐDRAGANDI**

Hringborð Economist er það fyrsta sem blaðið heldur á Norðurlöndum. Ísland er smæsta hagkerfi Norðurlanda. „Norðurlöndin eru spennandi svæði. Það hefur margt gerst þar. Ísland er svæði sem hefur verið í örum vexti og því höfðum við áhuga á að bregða ljósi á þær breytingar sem hafa orðið og hvort áfram verði haldið á sömu braut.“

Norðurlöndin, Bretland og Ísland hafa verið við ágætt lífsmark í hagrænu tilliti meðan meginland Evrópu hefur verið í hægagangi. „Mörg þessara landa hafa dregið lappirnar í endurbótum á kerfinu svo sem á vinnumarkaði og þessi lönd glíma við mikið atvinnuleysi. Norðurlöndin hafa ráðist í endurbætur og aukið sveigjanleika og það hefur skilað sér í hagkerfinu. Ísland býr við lítið atvinnuleysi og mestu atvinnuþátttöku innan OECD. Þar við bætist að þjóðin er ung og yngri en í nágrannalöndum ykkar.“

Neil segir eitt af því sem margir velti fyrir sér sé hvernig það sé mögulegt að íslendingar spretti fram svo skyndilega með erlendum fjárfestingum og mikla fjármuni. „Það eru margir samverkandi þættir og þetta á sér mun lengri aðdraganda, en flestir gera sér grein fyrir. Það er margt mjög margt lofandi fyrir íslenska hagkerfið.“

Hann segir sprengjuna á húsnæðismarkaði með innkomu bankanna hafa ýtt af stað mikilli skuldaaukningu einstaklinga á skömmum tíma og aukið skammtímavanda í hagkerfinu. „Það verður forvitnlegt að sjá hvað gerist á næstu tveimur til þremur árum. Það má búast við nýjum stórframkvæmdum, en það er gott fyrir hagkerfið að ná slaka áður en það fer af stað aftur. Hversu sterk krónan varð sýnir að menn verða að gá að sér því svo sterkur gjaldmiðill veldur skakkaföllum í öðrum atvinnugreinum.“

Neil segir tímana framundan spennandi. Hann segir að þó umræðan um banka og hagkerfið á Íslandi hafi verið yfirdrifin og neikvæðnin meiri en efni stöðu til, þá kunni það að verða til góðs. „Svo kaldhæðið sem það nú hljómar, þá gæti umræðan orðið til þess að menn gæti að sér og stígi varlega til jarðar sem ég verð að segja að er í sjálfu sér gott.“

**Breytingar á genginu nú gerðust hins vegar á skemmri tíma og fyrr en flestir bjuggust við. ... Stíflan brast. Þannig hegðar gjaldeyrismarkaður sér oft, sérstaklega varðandi lítið hagkerfi eins og Ísland.**

# Átak gegn Microsoft

Hópur manna í Massachusetts í Bandaríkjunum, sem andsnúinn er Microsoft, hefur hrint í framkvæmd átaki sem á að stuðla að því að fá netverja til að hætta að nota Internet Explorer-vafrann frá Microsoft og fara að rápa um netið með Firefox-vafranum frá Mozilla. Átakið nefnist Explorer Destroyer.

Forsvarsmenn hópsins segja marga hafa lengi langað til að skipta um vafra. Nú sé rétti tíminn til þess því þeir fái borgað fyrir ómakið. Hópurinn nýtir sér nýtt tól frá Google til þess arna, en hver sá sem fer á vefsvæði Google og sækir sér þaðan vafrann frá Firefox fær greiddan 1 bandaríkjadal, jafnvirði rétt tæpra 75 króna.

Vefsvæði hópsins er www.explorer-destroyer.com. - jab

**MERKI FIREFOX** Þeir sem vilja skipta um vafra fá 75 krónur fyrir ómakið.

# Gamlar tölvur

Skólar í Bretlandi eiga í mesta basli með tölvukost sinn, að því er fram kemur í árlegri skýrslu Becta, ríkisstofnunar sem hefur umsjón með tölvumálum breskra menntastofnana, sem kemur út í vikunni. Í skýrslunni kemur fram að þótt tölvum hafi stórfjölgað í breskum skólum þá hafi lítið gerst síðustu árin og eru tölvur orðnar allt að þriggja ára gamlar í mörgum þeirra.

Þá segir að nemendum hafi fjölgað meira en sem nemur fjölgun tölva í breskum skólum síðastliðin ár og og því séu margir nemendur um hverja tölvu. Í breskum barnaskólum eru rúmlega sex nemendur um hverja tölvu en í breskum gagnfræðaskólum deila 3,7 nemendur með sér einni tölvu. - jab



**GAMLAR TÖLVUR Í INNKAUPAKERRU** Yfirvöld í Bretlandi telja að of gamlar tölvur séu í mörgum breskum skólum.

# Fleiri leikir í bíó

## Kvikmyndaframleiðendur telja að myndir sem byggja á tölvuleikjum verði vinsælar á næstu árum.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Svo virðist sem vinsældir hryllingsmyndarinnar Silent Hill, sem byggir á samnefndum tölvuleik frá árinu 1999, hafi ýtt heldur betur við kvikmyndaframleiðendum í Bandaríkjunum. Myndin var frumsýnd í Bandaríkjunum um þarsíðustu helgi og skilaði 20,2 milljónum dala í kassann fyrstu sýningarhelgina. Um þessar mundir er verið að ræða um framhald kvikmyndarinnar.

Sjö kvikmyndir, sem byggðar eru á tölvuleikjum, eru nú í vinnslu og vonast menn eftir meiri aur í kassann þrátt fyrir að aðlögun tölvuleikja fyrir hvíta tjaldið hafi alla jafna ekki gefist vel.

Myndirnar sem um ræðir eru DOA: Dead or Alive, sem frumsýnd verður í ágúst og á næsta ári verða frumsýndar myndirnar Halo, sem Peter Jackson, leikstjóri þríleiksins um Hringadróttinssögu og risaapann King Kong framleiðir, og Spy Hunter. Þá er búist við að seint á næsta ári verði þriðja myndin frumsýnd, sem gerð er eftir tölvuleikjunum óhugnanlegu, Resident Evil. Sömuleiðis er í vinnslu gerð kvikmyndar sem byggir á tölvuleik sem fjallar um Lísu og ævintýri hennar eftir að hún sneri aftur frá Undralandi. Auk þessa er Paul W. S. Anderson, sem leikstýrði Resident Evil: Apocalypse, sagður vera að gera kvikmynd eftir leiknum Castlevania, sem fjallar um heila fjölskyldu af vampírubönum sem eltir uppi vampíruna Drakúla. Enn hefur ekkert verið gefið upp um væntanlegan frumsýningardag en búist er við að myndin nái álíka vinsældum og Silent Hill.

Þeir sem fylgst hafa með þróun tölvuleikja og kvikmyndaaðlögunar segja að tölvuleikjaunnendur bíði spenntir eftir kvikmyndum sem gerðar séu eftir tölvuleikjum og sé næsta öruggt að þær slái í gegn á meðal fólks á aldrinum 18 til 35 ára.

Engin kvikmynd sem gerð hefur verið eftir tölvuleik hefur náð jafn miklum vinsældum og kvikmyndin Lara Croft: Tomb Raider, sem frumsýnd var árið 2001 og skilaði 131 milljón bandaríkra dala í kassann.

Kvikmyndagerðarmenn eru sagðir bíða spenntir eftir næstu kynslóð leikjatölva á borð við PlayStation 3 og fleiri gerðum en öll myndvinnsla er sögð verða mun betri en tölvuleikjaunnendur hafa fram til þessa átt að venjast.

Paul W. S. Anderson, leikstjóri Castlevaniu, segir að þar sem leikirnir komi til með að líkjast kvikmyndum að gæðum þá verði kvikmyndagerðarmenn að koma til móts við nýja tækni með betri kvikmyndaaðlögun.



**ÚR TÖLVULEIKNUM DOOM 3** Samnefnd kvikmynd eftir þessum vinsæla tölvuleik var frumsýnd á síðasta ári.

LÆGRI KOSTNAÐUR
FYRIR ÞITT FYRIRTÆKI

GLITNIR KYNNIR FYRIRTÆKJAVILD

Fyrirtækjavild samanstendur af bankaþjónustu Glitnis, fjármögnunarþjónustu hjá Glitni Fjármögnun og tryggingaþjónustu hjá Sjóvá.

Fyrirtækjavild eykur fríðindi þeirra fyrirtækja sem nýta sér heildarþjónustu bankans. Þjónustan skiptist í þrjú stig eftir umfangi viðskipta – **Vild, Gullvild** og **Platínumvild**.

- **Betri kjör**
- **Betri þjónusta**
- **Aukin fríðindi**
- **Afsláttarkjör**
- **Heildaryfirsýn yfir fjármálin í Fyrirtækjabankanum**
- **Aukin þægindi með banka og tryggingar á sama stað**

Kynntu þér kosti Fyrirtækjavildar hjá fyrirtækjafulltrúum okkar í síma 440 4000 eða á glitnir.is.

FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN
ER OKKAR VERKEFNI

FYRIRTÆKJAVILD

SÖGUHORNIÐ

# Fann upptök Nílarfljóts

Á morgun eru liðin 179 ár frá fæðingu breska landkönnuðarins Johns Hannings Speke, sem fann Viktoríuvatn í Mið-Afríku er hann leitaði að upptökum Nílarfljóts. Speke fæddist í Bideford í Devonskíri í Bretlandi hinn 4. maí árið 1827. Hann var liðsforingi í breska hernum í Punjap í Indlandi árið 1844, þá 17 ára gamall og ferðaðist hann víða í starfi sínu, meðal annars til Tíbet og Himalayafjalla. 28 ára gamall gekk hann til liðs við landa sinn, landkönnuðinn Richard Burton, og fór ásamt honum í könnunarleiðangur til Sómalíu. Lenti Speke í átökum við Sómala, sem tóku hann höndum og misþyrmdu. Meðal annars var spjótum stungið í hann auk þess sem félagi hans særðist alvarlega í andliti. Þeir flýðu úr haldi og sneru aftur til Bretlands. Speke var fljótur að jafna sig og gerðist sjálfboðaliði í breska hernum árið 1855 og barðist ásamt Tyrkjum og fleiri bandalagsherjum gegn yfirráðum Rússa á Krímskaga.

Í jólamánuðinum 1856 tók hann boði Burtons um að fara enn á ný til Afríku, í þetta sinn til að leita að stórum stöðuvötnum í Mið-Afríku, sem sögð voru vera til. Helsti tilgangur fararinnar var að finna stöðuvatnið Nyassa, en talið var að þar væri að finna upptök Nílar.

Þeir Speke og Burton könnuðu austurströnd Afríku í hálft ár, frá upphafi árs 1857, í þeim tilgangi að finna hentugustu leiðina inn í land. Í júní fóru þeir svo frá Tansaníu í leit að vatninu. Þeir Burton veiktust báðir alvarlega af hitabeltissjúkdómum. Speke hlaut meðal annars tímabundna blindu auk þess sem hann missti heyrn á öðru eyra eftir að bjalla fór inn í það. Í febrúarmánuði árið 1858 komu þeir síðan að Tanganyikavatni og voru fyrstu Vesturlandabúarnir sem þangað komu. Speke sá hins vegar ekki vatnið þar eð hann þjáðist enn af blindunni. Þar heyrðu þeir um annað stöðuvatn, sem sagt var mun stærra. Burton var hins vegar of veikur til að halda förinni áfram og fór Speke því einn síns liðs inn í land. Nokkrum mánuðum síðar fann hann að lokum Nyassavatn, sem hann gaf heitið Viktoríuvatn til heiðurs Viktoríu Bretlandsdrottningu. Búnaður Spekes hafði hins vegar týnst á leiðinni og því gat hann ekki mælt stærð vatnsins með viðunandi hætti.

Þegar Speke sneri aftur gerði hann Burton grein fyrir fundinum og kenningu sinni að þar væri að finna upptök Nílarfljóts. En fáir trúðu orðum hans, þar á meðal Burton. Til að slá á efasemdaraddirnar fjármagnaði breska landfræðingafélagið aðra för Spekes til vatnsins til að skera úr um deilumálið.

Speke og leiðangursmenn hans kortlögðu Viktoríuvatn að hluta árið 1862. Í sama leiðangri fann Speke að lokum foss sem rann úr vatninu út í Nílarfljót og nefndi hann vatnsfallið Riponsfoss. Speke hafði hug á að fylgja fljótinu niður til ósa þess en varð að gefa áætlanir þess efnis upp á bátinn vegna ættbálkaóeirða.


**BÁTAR Á VIKTORÍUVATNI** Vatnið liggur að þremur Afríkuríkjum enda eitt af stærstu stöðuvötnum í heimi.

Uppgötvunin sannfærði ekki Burton og aðra meðlimi breska landfræðingafélagsins. Hinn 16. september árið 1864 hugðist Speke halda opinberan fyrirlestur um Viktoríuvatn og upptök Nílarfljóts. Honum tókst hins vegar ekki verk sitt því degi fyrir fyrirlesturinn varð hann fyrir skoti úr eigin byssu og lést af völdum sára sinna, 37 ára að aldri. Ekki er ljóst hvort um slysaskot hafi verið að ræða eða sjálfsmorð. Granítsúla var reist til minningar um þennan þekkta breska landkönnuð og stendur hún í Kensingtongarði í Lundúnum.

a Rekstrarverkfræðistofan Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is
Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl

Öflugar gröfur!


VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Skýrsla, hringborð og uppgjör banka hjálpa til við að snúa umræðunni:

# *Viðskiptalífið snýr vörn í sókn*

**Hafliði Helgason**

Í dag verður kynnt í New York skýrsla sem Frederic Mishkin, prófessor við Colombiuháskóla í New York hefur unnið um íslenskt viðskipta og efnahagslíf.

Skýrslan er unnin að beiðni hagsmunaaðila á Íslandi og er viðbragð við neikvæðri umræðu sem verið hefur um íslenskt viðskiptalíf bæði erlendis og hér heima.

Niðurstaða þessa virta fræðimanns er ekki ljós þegar þetta er skrifað, en búast má við því að skýrslan muni vekja nokkra athygli og verða til þess fallin að umræðan færist í átt til meiri raunveruleika en verið hefur. Sú skoðun er byggð á þeirri sannfæringu að þrátt fyrir ójafnvægi í hagkerfinu sé í því mikill styrkur og fjármálakerfið standi traustum fótum.

Uppgjör fyrsta ársfjórðungs bankanna styðja þá skoðun að áhætta þeirra af innlendum sveiflum sé mun minni en af hefur verið látið. Þannig var ávöxtun innlendra eigna bankanna fremur rýr á fyrsta ársfjórðungi. Hlutabréfamarkaður hækkaði mun minna en ofaldir fjárfestar eiga að venjast og gjaldmiðillinn rýrnaði verulega. Það er því ánægjulegt að sjá að öll fjármálafyrirtækin hafa skilað afkomu umfram spár greiningaraðila.

Samanlagður hagnaður banka á fyrsta ársfjórðungi er tíu og hálfum milljarði umfram spár og hagnaðurinn yfir sextíu milljarðar. Mikill gengishagnaður einkennir uppgjör bankanna sem fyrr, en í þetta skiptið eru það erlendar eignir sem gefa af sér. Uppgjörin sýna glöggt þá grundvallarbreytingu sem orðið hefur á skömmum tíma. Ekki þarf að leita langt aftur til þess að forsvarsmenn stærstu fyrirtækja landsins ljómuðu af gleði vegna árshagnaðar sem nam einu prósenti af ársfjórðungshagnaði fjármálafyrirtækjanna.

**Samanlagður hagnaður banka á fyrsta ársfjórðungi er tíu og hálfum milljarði umfram spár og hagnaðurinn yfir sextíu milljarðar. Mikill gengishagnaður einkennir uppgjör bankanna sem fyrr, en í þetta skiptið eru það erlendar eignir sem gefa af sér. Uppgjörin sýna glöggt þá grundvallarbreytingu sem orðið hefur á skömmum tíma.**

Árangurinn nú mun hjálpa í erlendri umræðu um íslenskt viðskipta- og atvinnulíf. Líklegt er þó að bankarnir þurfi að sýna góðan rekstur á næstu mánuðum til að vinna sig í gegnum neikvæða umræðu síðustu mánaða.

Skýrsla Mishkin's og ráðstefna Economist sem haldin verður um miðjan maí eru mikilvæg innlegg í umræðuna. Hvort tveggja mun leiða til jarðbundnari og yfirvegaðri umræðu um viðskiptalífið. Það er mikil þörf á slíkri umræðu og gott að sjá að forystufólk íslensks viðskiptalífs hefur tekið umræðuna alvarlega og lagst á árar til að upplýsa umheiminn um þann raunveruleika sem býr að baki viðskiptaævintýri síðustu ára.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

"Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður."
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

"Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara."
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

3. vikna hraðnámskeið **13. júní**

Akureyri 3. vikna hraðnámkeið **17. maí**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**

**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Enginn er annars bróðir í leik

Mikill kraftur og elja hefur einkennt framgöngu íslensks athafnafólks undanfarin ár. Upp úr 1990 hófu íslensk fyrirtæki að hasla sér völl í æ ríkari mæli á erlendri grund. Fjármálastofnanir hér á landi hafi stutt dyggilega við bakið á þessum frumkvöðlum. Þær hafa jafnframt samhliða styrkt undirstöður eigin starfsemi með fjölgun starfsstöðva erlendis, fjölgun tekjustofna með nýjum starfssviðum og með ráðningu hæfra starfsmanna. Mikil hækkun á hlutabréfum íslenskra fyrirtækja undanfarin ár endurspeglar þessa þróun. Allir landsmenn hafa notið góðs af þeim ávinningi. Þar af leiðir að allir hafa hag af því að svo verði áfram. Það traust sem íslenskt viðskiptalíf nýtur erlendis er fjöregg þjóðarinnar. Falli skuggi á það traust er það ekki einkamál fjármálastofnana og athafnafólks. Málið varðar okkur öll.

ORÐ Í BELG



**Gunnar Árnason**
Sérfræðingur efnahagsmála hjá SPV

**FLEIRI FJÖREGG**

Landsmenn eru hluthafar í íslenskum fyrirtækjum með beinum hætti og í gegnum réttindi og eignir í lífeyrissjóðakerfinu. Einkar vel hefur tekist til við uppbyggingu lífeyriskerfisins með sjóðssöfnun. Þannig er hvorki þörf og einum gert skylt að leggja fyrir jafnóðum til að mæta útgreiðslum þegar komið er á eftirlaunaaldur. Gegnumstreymiskerfi, sem er andstæða sjóðssöfnunar, hefur verið við lýði í mörgum af nágrannalöndum okkar um langt skeið. Það hefur leitt til þess að lífeyrissjóðakerfið þar er á brauðfótum. Við blasir ekkert nema þrot, þar sem fólk á vinnumarkaði þarf að standa undir greiðslum til stöðugt vaxandi hóps eftirlaunaþega. Heildareignir íslenskra lífeyrissjóða voru tæplega 1200 milljarðar króna um síðustu áramót. Enginn ætti því að þurfa að horfa öfundaraugum til annarra þjóða sem sumar hverjar búa einnig yfir digrum sjóðum.

**STIGIÐ Á TÆR**

Það ætti að vera öllum ljóst hverjir hafa farið fremstir í flokki í útrás íslenskra fyrirtækja sem aukið hefur velmegun hér á landi. Tal um að of geyst hafi verið farið og nú beri að hægja á ber vott um lítinn skilning á aðstæðum. Nær væri að hvetja fólk til frekari afreka með hagstæðara skattumhverfi atvinnurekstrar til jafns við það sem best gerist annars staðar og leggja kapp á að skapa fleiri hálaunastörf hér á landi. Það dylst engum að íslenskt athafnafólk og fjármálastofnanir að baki þeim hafa á leið sinni stjakað við öðrum. Slíkt gerist líka á hlaupabrautinni. Ef keppandi er kominn heilum hring á undan og er við það að taka fram úr aftur er eðlilegt að keppinauturinn láti finna fyrir sér.

Erlendar fjármálastofnanir og viðskiptaaðilar hafa misst spón úr aski sínum samhliða íslenskri útrás. Viðskiptavinir hafa fært sig um set, viðskiptasambönd hafa rofnað og fjárfestingatækifæri hafa farið forgörðum. Viðbrögð erlendra fjölmiðla, banka og greiningarfyrirtækja bera þess merki að mörgum svíður þetta sárt. Sumir hafa farið offari í sinni umfjöllun. Dapurlegra er þó að aðilar hér á landi hafa kosið að enduróma illa ígrundaðar yfirlýsingar og órökstudda gagnrýni erlendra samkeppnisaðila.

Framhjá því verður ekki litið að erlend matsfyrirtæki hafa nýverið réttilega bent á atriði sem betur mega fara. Þær ábendingar snúa að ríkisfjármálum og stjórn peningamála og bankakerfinu og rekstri einstakra fjármálastofnana. Það yrði að teljast yfirlætisháttur að taka slíkar athugasemdir ekki til rækilegrar skoðunar.

**UTAN LANDHELGI**

Styrkur íslenskra fjármálastofnana er meiri en áður og þekking og reynsla íslenskra athafnafólks fer vaxandi. Staða ríkissjóðs er jafnframt ákaflega sterk. Unnið hefur verið ötullega að því undanfarnar vikur að vekja enn frekari athygli á þessum staðreyndum. Skynsemi og yfirvegun er besta vopnið í baráttunni. Karp við öfundarmenn er tímasóun. En það kann að vera við rammann reip að draga. Sá veruleiki sem við höfum upplifað undanfarnar vikur er hugsanlega að vissu marki kominn til að vera. Skortstaða norska olíusjóðsins í skuldabréfum íslenskra fjármálafyrirtækja kann að valda mönnum heilabrotum. En hvaða lögsögu höfum við Íslendingar í því máli? Nákvæmlega enga. Líklegt má telja að slíkt endurtaki sig fremur en að mögulegt sé að útiloka slík viðskipti. Við þurfum að laga okkur að breyttum aðstæðum. Því fyrr því betra.

**BLESSUÐ KRÓNAN**

Mikill viðskiptahalli hefur verið viðvarandi hér á landi um langt skeið og við slíkar aðstæður gefur gengi gjaldmiðilsins undan að lokum. Gengi krónunnar hefur að undanförnu lækkað umtalsvert. Sú þróun var fyrirsjáanleg en telja má líklegt að það styttist í að jafnvægi verði náð. Við núverandi aðstæður fá hugmyndir um upptöku Evru byr undir báða vængi. Vangaveltur um að Ísland gangi í Evrópusambandið í skjóli fjölmargra undanþága eru væntanlega eins fjarri hinu sanna og hugsast getur – skilyrðislaus aðild er mun raunhæfara vinnulíkan. Umrótið á fjármálamörkuðum undanfarnar vikur verður ekki skrifað alfarið á krónuna. Rök má færa fyrir því að lágvaxtaumhverfi evrópska seðlabankans undanfarin ár hefði kynt enn frekar undir þá þenslu sem við verðum nú að horfast í augu við þrátt fyrir ítrekaðar stýrivaxtahækkanir Seðlabanka Íslands.

**RÍKIÐ OG BANKI BANKANNA**

Færa má rök fyrir því að Seðlabankann hafi skort stuðning þeirra sem stjórna ríkisfjármálum í baráttu sinni við verðbólguna. Sjálfsagt hefði bankinn átt að kveða fastar að orði í yfirlýsingum sínum og aðgerðum og fyrr. En það er auðvelt að fella dóma. Mestu skiptir nú mat á framhaldinu og viðeigandi viðbrögð. Rýmri aðgangur almennings að lánsfé á betri kjörum en áður á vissulega sinn þátt í því að verðbólga hefur mælst of mikil um langt skeið. Stjórnvöld riðu á vaðið með verulegri hækkun hámarkslána Íbúðalánasjóðs. Þau hafa nú ákveðið að rýmka enn útlánamörk og slaka á kröfum um tryggingar. Núverandi fyrirkomulag á rekstri sjóðsins er ekki vænlegt til framtíðar. Það hefur verið bent í skýrslum erlendra matsfyrirtækja. Mikilvægt er að ríkissjóður dragi úr afskiptum sínum af húsnæðismarkaðnum sem fyrst. Það er eðlilegt framhald og í fullu samræmi við minnkandi ríkisafskipti af fjármálamarkaði. Hlutdeild sjóðsins á íbúðalánamarkaði er nú um 40% og fyrsti áratugur nýrrar aldar er nú þegar rúmlega hálfnaður.

## UM VÍÐA VERÖLD

### *Kannabis fyrir sjúka*

**Economist** | Breska vikuritið Economist gerir notkun kannabisefna að umfjöllunarefni í nýjasta tölublaði sínu. Þar segir að ef kannabis myndi skyndilega finnast falið í fjallshlíð þá myndi það heyra til stórtíðinda í læknavísindunum. Læknar og aðrir sérfræðingar í heilbrigðisgeiranum myndu ausa lofi á hæfileika þess til að lina sársauka og þjáningar vegna ýmissa sjúkdóma, m.a. krabbameins. Staðreyndin sé hins vegar sú að heilbrigðisyfirvöld margra landa setja kannabisefni í flokk með hættulegum fíkniefnum. Þar fara bandarísk stjórnvöld fremst í flokki, að mati tímaritsins. Sannleikurinn er hins vegar sá að efnið hefur fylgt mannkyni í þúsundir ára og velti það fremur á stjórnvöldum en öðrum að viðurkenna það sem lyf svo sjúklingar víða um heim þurfi ekki að útvega sér það eftir krókaleiðum.

### *Netbólan snýr aftur*

**Fortune** | Netbólan, sem sprakk með látum skömmu eftir síðustu aldamót með skelfilegum afleiðingum, er komin aftur, að sögn bandaríska vikuritsins Fortune. Í nýjasta tölublaði tímaritsins segir að hér eru fyrirtækja sem hafi lítið dagsins ljós í netbólunni hafi horfið á braut og eftir standi tækninýjungar sem muni verða til næsta aldarfjórðunginn. Þá segir enn-fremur að fjárfestar ættu í raun að sjá hag sínum borgið með fjárfestingum í nýjum net- og tæknifyrirtækjum. Nú sitji mun fleiri fyrir framan tölvurnar en áður auk þess sala á tækjum á borð við gsm-síma og iPod-spilara hafi margfaldast á milli ára. Litlar líkur eru taldar á sprengingu netbólunnar með jafn slæmum afleiðingum og um aldamótin og ættu fjárfestar að vera öruggari nú en áður dembi þeir sér í nethafið á ný, að sögn blaðsins.




ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Öryggi á eigin vegum

**ÖRUGG FYRIRTÆKI**

Átak Markaðarins og Sjóvá

Frá því Sjóvá lýsti yfir áhuga á einkarekstri umferðarmannvirkja á borð við Suðurlandsveg yfir Hellisheiði hafa margir spurt mig hvers vegna Sjóvá hafi áhuga á uppbyggingu og rekstri umferðarmannvirkja? Í athugunum sem félagið hefur gert á slysum á Suðurlandsvegi kemur í ljós að á helstu stofnbrautum út úr höfuðborginni, eins og Suðurlandsvegi, verða mörg alvarleg slys. Á árinu 2004 er áætlað að kostnaður samfélagsins vegna tjóna á Suðurlandsvegi hafi numið um einum milljarði. Sjóvá hefur áætlað að kostnaður tryggingafélaganna hafi verið um 600 milljónir króna. Bætt umferðarmannvirki og umferðargæsla á Suðurlandsvegi gætu lækkað tjón um allt að 2-300 milljónir króna á ári. Það er því mikið í húfi fyrir félag á borð við Sjóvá að framkvæmdum sem þessum sé flýtt eins og kostur er.

Það er að mörgu leyti gagnlegt að einkaaðilar komi með meiri þunga að uppbyggingu og rekstri umferðarmannvirkja. Með einkaframkvæmd væri hægt að létta á opinberum sjóðum, flýta mikilvægri framkvæmd og breyta að nokkru áherslum og forgangsröðun í uppbyggingu innviða. Með einkaframkvæmd mætti hugsanlega flýta heildarframkvæmdinni, þ.e. alla leið austur á Selfoss um allt að 7-10 ár.

En yrðu vegfarendur varir við að Sjóvá starfrækti Suðurlandsveg í stað ríkisins? Í fyrsta lagi þá tel ég að félagið mundi leggja meiri áherslu á viss öryggisatriði á veginum, eins og vegrið, upplýsingaskilti, lýsingu og reyna um leið að auka bil á milli bifreiða sem aka um veginn. Starf Vegagerðarinnar hefur að mörgu leyti verið til fyrirmyndar í sambandi við aukna upplýsingagjöf á vegum en meira má gera. Í öðru lagi er ekkert launungarmál að aukin áhersla yrði á umferðargæslu. Ný og glæsileg fjögurra akreina braut á ekki að vera til þess að stuðla að hraðakstri heldur þvert á móti að draga úr slysum á fólki og að ökumenn aki eftir aðstæðum. Eðlilegt kann að vera að greiðslur ríkisins til eiganda vegarins tækju að einhverju leyti mið af tjónatíðni. Ef þannig yrði háttað málum þyrfti umferðargæslu í anda Blönduóslögreglunnar! Það er til mikils að vinna eftir fjögur banaslys og 470 slys eða óhöpp á Suðurlandsvegi síðustu fjögur ár. Samkeppnisstaða svæðanna fyrir austan batnar auðvitað mikið við tilkomu betri umferðarmannvirkja en ekki ef alvarlegum slysum á íbúum heldur áfram að fjölga á veginum.

Það er ánægjulegt að fjölmargir aðilar fyrir austan og ýmis fjármála- og stórfyrirtæki hérlendis hafa sýnt því áhuga að taka þátt í einkarekstri umferðarmannvirkja. Það eru mörg fyrirtæki sem vilja fjárfesta í öryggi og nýrri hugsun við uppbyggingu og rekstur umferðarmannvirkja – hugsun sem gengur út á að bíða ekki eftir ríkinu.

**Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvár.**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

## Fuglaflensa á markaði

Ég er umkringdur kjúklingum á þessum markaði og það sem er verra er að þeir virðast vera með fuglaflensu eða einhverja andskotans uppdráttarsýki.

Ég verð að játa að þetta er ein af þessum fáu vikum í lífi mínu þar sem ég hef tapað peningum. Ekki það að ég sé eitthvað órólegur yfir því, heldur er það alveg fáránlegt að tapa peningum þegar maður gerir það sem er rétt og skynsamleg.

Mér tókst að næla mér í nokkrar kúlur í erlendum lánum þegar vísitalan var komin vel niður. Allt í góðu með það ég er í plús í gjaldeyrinum. Svo var maður búinn að sitja og reikna út bankana á fullu og orðinn alveg sjúr á því að þeir yrðu yfir spánum. Hvað gerist svo? Ég hafði auðvitað alveg ríflega rétt fyrir mér, en þá beila allir aumingjarnir út og selja markaðinn niður.

Andskoti sem það getur verið þreytandi stundum að vera einn af fáum með viti. Vinur minn sem er með absalút tóneyra var einhvern tímann að útskýra fyrir mér hvernig það væri fyrir sig á íslenskan meðaldægurlagasöngvara. Nú skil ég hvað hann átti við.

Maður situr og horfir í gegnum holt og hæðir á þessum helvítis markaði og veit nákvæmlega hvaða lögmál eru að verki. Eina sem maður gleymir að reikna með er að söngvararnir þar eru meira og minna laglausir og þegar svo er þá er hinn hreini tónn falskur.

Það er ekkert við því að gera annað en að vona að menn finni á endanum tóntegundina og nái að syngja almennilegan söng í kjölfarið. En af því að maður gerði ráð fyrir að taugaveiklunin væri ekki að baki, þá er maður með nóg á hliðarlínunni sem maður mætir með þegar kórinn virðist vera farinn að syngja í takt og sæmilega hreint.

Það tekur tíma að koma þessu samansafni af tónblindum hræðslupúkum í almennilegt form. Maður verður þá bara að sætta sig við að tapa á meðan. Undanfarið hefur maður þreskt kornið strax eftir sáningu. En nú er vaxtartíminn hægari og kannski þarf maður að bíða til haustsins áður en maður getur tekið eitthvað inn í hlöðu. Maður verður bara að vona að einhverjir kjúklinganna verði enn á lífi.

**Spákaupmaðurinn á horninu**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




AURASÁLIN

## Fólkið vill kreppu

**Þá hefur komið** í ljós að bankarnir eru búnir að græða 42 milljarða króna það sem af er árinu. Eins og venjulega er um nýtt met að ræða en ólíkt síðustu misserum þá bregðast fjárfestar við af fyrirlitningu og lækka verðið á þeim dag frá degi.

**Aurasálin er ein af þeim fáu** sem skilur bæði upp og niður í íslenskum fjármálamarkaði og þess vegna koma þessar lækkanir henni ekkert á óvart. Fjárfestar eru orðnir þreyttir á miklum hagnaði og vilja sjá aðrar áherslur í rekstri fyrirtækja. Aurasálin telur að eina leiðin fyrir íslensk fyrirtæki til að auka verðmæti sitt á hlutabréfamarkaði sé að draga verulega úr hagnaði en einbeita sér þess í stað að góðmennsku í garð viðskiptavina sinna.

**Það verður fróðlegt** að sjá hvaða íslenskt fyrirtæki verður fyrst til að átta sig á þessari breyttu stemningu fjárfestanna. Einhver bankinn hlýtur fljótlega að taka ákvörðun um að jafna útláns- og innlánsvexti. Actavis gæti ákveðið að gefa fólki lyf á framleiðsluverði og Bakkavör ætti auðvitað að taka ákvörðun um að senda öllum einhleypum Íslendingum ársbirgðir af örbylgjumat úr Tesco. Dagsbrún hlýtur að íhuga að gefa allri þjóðinni aðgang að Sýn fyrir HM í Þýskalandi – en það ætti að vera hægt að fjármagna það með gróðanum af útgáfu dagblaða í Danmörku. Væri það ekki viðeigandi að allt yrði ókeypis á Íslandi vegna þess að íslensk fyrirtæki græða svo vel á gömlu herraþjóðinni?

**En hvað svo sem verður** þá er Aurasálin óhrædd við framtíðina. Henni hefur alltaf fundist uppsveifla í efnahagslífinu óþægileg. Henni líður best í skarpri niðursveiflu þegar fólkið í kringum hana er ekki síkaupandi jeppa og stækkandi hjá sér sólpallana eða kaupandi sumarbústaði. Nei – þá er Aurasálin sáttari þegar allir berjast í bökkum og þjóðin herðir sultarólina í sameiningu.

**Sennilega er þetta ástæðan** fyrir því að íslensk fyrirtæki á markaði hrynja í verði þrátt fyrir methagnað. Fólk og fjárfestar vilja ekki þetta endalausa góðæri. Eftirspurn eftir hallæri er orðin svo mikil að fjárfestar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að framkalla kreppu. Það væri því sennilega nær fyrir bankana að taka þátt í leiknum og framkalla tap á þessu ári – svona eins og tíu milljarða á haus.

**Mest er gaman** ef margir fara á hausinn og ríkisstjórnin grípur til aðgerða – svokallaðra bjargráða. Nú er rétta stemningin til þess að Íslendingar fái aftur notið stjórnvisku pólitíkusa í almennilegri kreppu. Opinber lán til atvinnuveganna, gengisfellingar, höft á gjaldeyrisviðskipti og verðlagseftirlit. Það er það sem fólkið vill – og þess vegna lækka hlutabréfin.

# Söguformið þjónar nýjum tilgangi

**Að nota sögur til að varpa nýju ljósi á hlutina er ekki nýtt af nálinni. Breski frumkvöðullinn Margaret Parkin segir þær hins vegar líka gott hjálpartæki innan fyrirtækja og stofnana, ekki síst við stjórnun breytinga. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir hitti Parkin og fékk að heyra meira.**



FRUMKVÖÐULLINN OG RÁÐGJAFINN MARGARET PARKIN Segir góða sögumenn hafa hæfileikann til að vekja ímyndunarafl hlustenda sinna með lifandi máli sínu og lýsingum og fá þá til að lifa sig inn í söguna og samsama sig henni. Þennan hæfileika kennir hún viðskiptavinum sínum að nýta í störfum sínum til að koma skilaboðum áleiðis á áhugaverðan og eftirminnilegan hátt.

Margaret Parkin er ráðgjafi og eigandi Training Options sem er ráðgjafarfyrirtæki á sviði fræðslu og stjórnunar. Hún vinnur með einstaklingum og hópum innan fyrirtækja sem þurfa hjálp við að bæta samskiptin, efla leiðtogahæfileika sína eða eru í breytingaferli af einhverju tagi. Kenningar Parkin ganga út á að nýta það sem fylgt hefur manninum svo langt aftur sem menn muna – að segja sögur.

Parkin hefur skrifað þrjár metsölubækur um notkun söguformsins innan fyrirtækja sem notið hafa mikilli vinsælda í Bandaríkjunum og Kína og hafa verið þýddar á fimm tungumál. Hún er jafnframt mikilsmetinn fyrirlesari og eyðir drjúgum hluta tíma síns í að ferðast heimshorna á milli og kynna kenningar sínar. Parkin var stödd hér á landi nýverið til að leiðbeina á námsstefnunni „Stjórnun breytinga“ sem Lectura stóð fyrir. Það var því vafalaust mikill fengur að fá hana hingað til lands fyrir þá sem starfa á sviði mannauðsstjórnunar og aðra sem leitast við að ná því besta fram í sjálfum sér og sínu fólki.

### AÐ ÚTSKÝRA HIÐ ÓÚTSKÝRANLEGA

„Sögumenn hafa um aldir hjálpað fólki að skilja flókin atriði með því að útskýra hið óútskýranlega í gegnum sögur. Það sem sögumenn til forna gerðu ómeðvitað hefur síðan verið staðfest með nútímarannsóknum á starfsemi heilans, að námshæfnin og minnið eru hvað virkust þegar bæði heilahvelin eru notuð á sama tíma. Upplýsingarnar sem við fáum eru settar í stærra samhengi þegar um einhverja nýbreytni er að ræða þegar heilinn er í afslöppuðu ástandi. Góðir sögumenn hafa hæfileikann til að vekja ímyndunarafli hlustenda sinna með lifandi máli sínu og lýsingum og fá þá til að lifa sig inn í söguna og samsama sig henni,“ segir Parkin sem kennir viðskiptavinum sínum að nýta þennan hæfileika í störfum sínum innan fyrirtækja til þess að koma skilaboðum áleiðis á áhugaverðan og eftirminnilegan hátt. „Helsti tilgangurinn með þessari nálgun er að hjálpa fólki að sjá hlutina í nýju ljósi sem getur verið afar frelsandi,“ segir Parkin.

Til útskýringar nefnir hún dæmi um hvernig meðlimir hóps bregðast við séu þeir spurðir hvernig hópastarf gangi fyrir sig. Hún segir flesta orðna svo vana því að svara spurningum um sjálfa sig, starf sitt og fyrirtækið sem þeir starfa hjá á ákveðinn hátt, að svarið gefi oft lítið til kynna hvað viðkomandi finnst í raun og veru og hvað megi betur fara. Ef saga með mismunandi persónum sé hins vegar sett upp og reynt að skilgreina innan hópsins hver gegnir hvaða hlutverki innan hennar komi oftar en ekki upplýsingar í ljós sem myndu ekki endilega gera það annars. „Ef þú ert að lýsa ímynduðum persónuleika ertu frekar til í að láta eitthvað flakka heldur en ef þú ert að tala um þig sjálfan. Það er fólki eðlilegt að álíta að því fylgi meiri áhætta. Að tala í myndlíkingum hjálpar okkur að halda þessari öruggu fjarlægð,“ segir Parkin og bætir við að með því að stíga út fyrir sitt venjulega hugsanamunstur á þennan hátt geti hópurinn séð hlutina á allt aðra vegu. Notkun myndlíkingarinnar hjálpi því að tjá sig um atriði sem það á annars ef til vill erfitt með að tjá sig um.




**HÖFUNDUR ÞRIGGJA METSÖLUBÓKA** Parkin hefur skrifað þrjár metsölubækur um notkun söguformsins innan fyrirtækja sem notið hafa mikilli vinsælda í Bandaríkjunum og Kína og hafa verið þýddar á fimm tungumál.

### HJÁLPARTÆKI VIÐ BREYTINGASTJÓRNUN

Vinna Parkin fer að miklu leyti fram með stjórnendum, ráðgjöfum eða starfsmannastjórum sem standa frammi fyrir breytingum og þurfa að leiða aðra í gegnum slíkt ferli. Hún kennir þeim að nota söguformið í bland við aðrar aðferðir til þess að auðvelda starfsmönnum umskiptin. „Fólki er eðlilegt að fara í vörn þegar það stendur frammi fyrir því að gera eigi breytingar á högum þess innan fyrirtækis. Það að notast við sögur getur hjálpað því að sjá vandamál eða verkefni frá nýju sjónarhorni og leysa þau á skapandi hátt. Sögurnar geta komið skilaboðum á framfæri á hátt sem ekki er ógnandi en vekur á sama tíma viðkomandi til umhugsunar.“

Parkin segir einn af kostum þess að nota söguformið jafnframt vera sveigjanleikann sem af því hlýst. Innan þess megi finna fjöldann allan af gagnlegum aðferðum og samlíkingum sem innleiða megi til að hjálpa einstaklingum, starfsmönnum og fyrirtækjum í gegnum breytingar. Þannig megi til dæmis nota sögur til að ræða framtíð fyrirtækja á skýran og áhugaverðan máta, til að draga fram viðhorf starfsmanna til breytinga, til að efla kynningu á væntanlegum breytingum og til að hvetja einstaklinga til að ræða og deila með öðrum tilfinningum eins og hræðslu eða áhyggjum vegna breytinganna. Hún segir söguformið máttuga leið til samskipta og ekki of ágengt stjórnunartæki. Sögur geti jafnframt varpað ljósi á flókin atriði á þann hátt að engum finnst sér vera ógnað en að sama skapi vakið fólk til umhugsunar. „Margir segjast aldrei hafa heyrt um þessa nálgun fyrr, eins og þetta sé eitthvað nýtt. Svo er auðvitað alls ekki, enda hafa sögur verið notaðar í þúsundir ára við að einfalda flókin atriði og hjálpa fólki í gegnum breytingar. Nýjungin sem frá mér er komin er að færa söguformið inn í viðskiptaheiminn.“




BESTA RÁÐIÐ

# Að halda ró sinni

Björgólfur Jóhannsson, sem tók við starfi forstjóra Icelandic Group í síðasta mánuði, segir það ráð sem hann reyni að fara eftir, hvort sem er í vinnu eða daglega lífinu, eiga sérstaklega við stöðuna sem blasir nú við í íslensku atvinnulífi. „Ég myndi segja að það sé mikilvægt að halda ró sinni og vera yfirvegaður, það þykir mér eiga vel við núna, miðað við hvernig markaðurinn hefur látið.“ Björgólfur segir þetta alltaf eiga við og ekki síst í stjórnun fyrirtækja frá degi til dags.



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON, FORSTJÓRI ICELANDIC GROUP** Hefur bæði séð það bjartara og svartara og segir mikilvægast að halda ró sinni þegar markaðurinn hagar sér eins og nú.

Björgólfi þykir nóg um þau læti sem markaðurinn hefur sýnt af sér að undanförnu og segir ekki laust við að menn séu að „tapa sér“. „Það eru náttúrlega aðilar á markaðnum sem hafa aldrei séð hlutina nema á uppleið. Ég er orðinn svo gamall í hettunni og búinn að sjá þetta svo oft, bæði svartara og bjartara, svo ég hef engar áhyggjur.” Hann segir sveiflurnar hið eðlilegasta mál og kippir sér ekki upp við yfirvofandi niðursveiflu, enda muni hún örugglega jafna sig því það geri hún alltaf. - hhs

GLÆSILEGIR FISKRÉTTIR



Á GRILLIÐ Í OFNINN
Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1 S:587-5070

SUZUKI
SUZUKI OZARK QuadRunner



JAPÖNSK GÆÐI - EINSTAKT VERÐ!
SUZUKI OZARK er fjölhæft fjórhjól sem hentar vel bæði til leiks og starfs. SUZUKI ending og gæði á verði sem ekki hefur sést áður.
Aðeins Kr. 485.000- eða Kr. 389.558- án vsk.

SUZUKI UMBOÐIÐ EHF
KAPLAHRAUN 1, 220 HAFNAFJÖRÐUR
SÍMI: 565 1725, WWW.SUZUKI.IS

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.
MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

FISKRÉTTIR Á GRILLIÐ
KRYDDLEGIN LAX OG
LÚÐA STÓR HUMAR
RISAHÖRPUSKEL
RISARÆKJUR

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

Lyftaraeigendur athugið!

Lyftaragafflar
Allar algengustu stærðir lyftargaffla og gaffallása


Lyftarasæti
með og án fjöðrunnar

Viðhaldsfríar keðjur og keðjulásar

Drifkeðjur
lyftarakeðjur

Lyftaradekk
á flestar gerðir lyftara. Svört og strikafrí.


VÉLAR & ÞJÓNUSTA
Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is

## FÓLK Á FERLI

**RAGNAR ÞÓRIR** Guðgeirsson hefur tekið við forstjórastarfi IMG á Íslandi og hann mun jafnframt stýra fjármálum samstæðunnar.



Innan IMG á Íslandi eru IMG Gallup, IMG ráðgjöf og ráðningarstofur IMG. Ragnar er viðskiptafræðingur frá HÍ og löggiltur endurskoðandi. Hann starfaði við endurskoðun hjá KPMG frá 1989 til 1998 en þá hann tók hann að sér uppbyggingu og stjórnun ráðgjafarsviðs KPMG. Eftir samruna IMG og KPMG Ráðgjafar í ársbyrjun 2005 stýrði hann stoðdeildum félagsins auk þess að stýra verkefnum á sviði ráðgjafar. Frá nóvember 2005 hefur hann stýrt ráðgjafarstarfsemi IMG. Ragnar er kvæntur Hildi Árnadóttur og eiga þau tvö börn.

**KRISTINN TRYGGVI** Gunnarsson tekur við framkvæmdastjórn ráðgjafarsviðs IMG ráðgjafar. Innan ráðgjafarsviðs



eru hópar sem sinna meðal annars ráðgjöf á sviði stefnumótunar, árangursstjórnunar, mannauðsmála, stjórnendaþjálfunar, fjármála, upplýsingatækni og verkferla. Kristinn er með BS-próf í viðskiptafræði frá University of North Carolina og MBA-gráðu frá University of Georgia. Hann starfaði hjá Íslandbanka frá 1991 til 1998, lengst af sem útibússtjóri í Garðabæ og Kópavogi. Á árunum 1998 til 2002 starfaði hann hjá SPRON sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og síðar sem framkvæmdastjóri markaðssviðs. Hann hóf störf hjá IMG árið 2003 sem ráðgjafi á sviði stefnumótunar, markaðsmála og viðskiptatengsla. Kristinn er kvæntur Guðrúnu Högnadóttur og eiga þau tvær dætur.

**EINAR EINARSSON** hefur tekið við framkvæmdastjórn á rannsóknarsviði sem



starfar undir merkjum IMG Gallup. Undir rannsóknarsviði eru meðal annars markaðs- og vinnustaðarannsóknir, fjölmiðla- og viðhorfskannanir ásamt ýmiss konar þjónustumælingum. Þessi starfsemi er í samstarfi við erlend samstarfsfyrirtæki, svo sem Gallup og AC Nielsen. Einar er viðskiptafræðingur að mennt og hefur starfað hjá IMG frá árinu 1993. Frá 1997 til 2004 stýrði Einar einkum verkefnum á sviði markaðsgreiningar í samstarfi við AC Nielsen. Einar var áður einn af tveimur aðstoðarframkvæmdastjórum IMG Gallup. Hann er kvæntur Hildi Pálsdóttur og eiga þau fjórar dætur.

**AUÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR** hefur tekið við nýju starfi þjónustustjóra hjá IMG á



Íslandi. Þjónustudeild annast framkvæmd markaðsmála, útgáfumála og ritstjórn á ytri vef félagsins, ásamt ýmsum innri þjónustuþáttum. Auður hóf störf hjá KPMG Ráðgjöf árið 2000 á sviði umbrots og grafískrar hönnunar og sinnti því starfi fyrir KPMG í heild. Hún gegndi sams konar starfi hjá IMG þar til hún tók við starfi þjónustustjóra. Sambýlismaður Auðar er Unnar Friðrik Pálsson og eiga þau eitt barn.

**ÓLAFUR RÓBERT** Rafnsson hefur tekið við nýju starfi framkvæmdastjóra



Kerfisveitunnar ehf. Kerfisveitan hefur í nokkur ár leigt aðgang að MS Axapta-bókhaldskerfinu og á síðasta ári bætti hún hýsingu á Cognos-hugbúnaði, fyrir viðskiptavini IMG, við þjónustuframboðið. Nú mun Kerfisveitan einnig taka við verkefnum á sviði rekstrar innri upplýsingakerfa IMG og Capacent í Danmörku. Ólafur hefur lokið tölvunámi við Rafiðnaðarskólann. Hann hóf störf hjá KPMG árið 2000, þar sem hann stýrði uppbyggingu upplýsingakerfis fyrirtækisins á Íslandi í samræmi við kröfur KPMG International. Síðustu tvö ár hefur hann starfað hjá IMG Ráðgjöf við ráðgjöf á sviði upplýsingaöryggis og reksturs upplýsingakerfa. Sambýliskona Ólafs er Guðný Ósk Garðarsdóttir og á hún tvö börn.

**DAVID ZELL** hefur verið ráðinn yfirmaður lánastarfsemi og sambankalána í útibúi



Glitnis í London. David verður einnig staðgengill framkvæmdastjóra útibúsins. David Zell hefur víðtæka reynslu af störfum á fjármálamarkaði í London og á meginlandi Evrópu. Hann hefur komið að umfangsmiklum endurfjármögnunarverkefnum, fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja og fjármögnun fyrirtækjakaupa. Áður en David hóf störf hjá Glitni var hann framkvæmdastjóri hjá WestLB í London þar sem hann var yfir sambankalánum í Vestur-Evrópu og víðar. David þróaði sambankalánastarfsemi WestLB og leiddi stór verkefni fyrir viðskiptavini eins og Deutsche Bahn, Gazprom og TUI/Thompson Travel. Áður en David réðst til WestLB var hann framkvæmdastjóri lánastarfsemi Citigroup í 10 ár ásamt því að stýra sambankalánum í Þýskalandi, Sviss og á Ítalíu og fyrir heilbrigðisgeirann í Evrópu.

**JÓHANNA Á** Bergi hefur verið ráðin forstjóri Faroe Ship frá og með 22.



maí næstkomandi. Jóhanna tekur við af Árna Joensen sem fer á eftirlaun eftir tæplega 30 ára starf sem forstjóri fyrirtækisins. Jóhanna á Bergi útskrifaðist frá Danish school of Export and Marketing árið 1994 og lauk mastersnámi í stjórnun frá Robert Gordon University í Skotlandi 2004. Hún er í dag sölu- og markaðsstjóri hjá P/F JFK í Færeyjum og hefur áður starfað sem sölustjóri hjá P/F kósin Seafood og sölustjóri hjá Faroe Seafood í Frakklandi. Hún er stjórnarformaður verslunarskóla Færeyja auk þess að eiga sæti í stjórnun nokkurra færeyskra fyrirtækja. Faroe Ship er leiðandi flutningsfyrirtæki í Færeyjum og dótturfélag Eimskips sem hefur undanfarið aukið verulega umsvif sín í Færeyjum með kaupum á landflutningafyrirtækjunum Heri Thomsen og Farmaleiðum. Jóhanna á Bergi mun leiða sameiningu og samþættingu á starfsemi Eimskips í Færeyjum með það að markmiði að auka og bæta núverandi þjónustu í flutningum og vörustjórnun.

## Nýr stjóri í Kringlunni

Sigurjón Örn Þórsson, sem var aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, tekur formlega við starfi framkvæmdastjóra verslunarmiðstöðvarinnar Kringlunnar á næstunni af Erni Kjartanssyni sem hefur haldið til Fasteignafélagsins Stoða.

Sigurjón er kunnur úr heimi kaupmennskunnar, enda rak hann Herragarðinn um árabil. **- eþa**

## Sjónvarp í beinni yfir EDGE-kerfið

Á reglubundinni ráðstefnu fyrirtækja sem nota símbúnað frá sænska fyrirtækinu Ericsson sem haldin var nýverið var meðal annars fjallað um Mobile TV eða „farsjónvarp“. Ráðstefnur sem þessar eru haldnar tvisvar á ári og farið yfir möguleikana sem nýjasta tækni hefur að bjóða.

Í erindinu um „farsjónvarpið“ gerðu sérfræðingar fyrirtækisins tilraun með beina sjónvarpsútsendingu í GSM-síma í gegn um EDGE-flutningskerfið, en í því er flutningshraðinn 240 kílóbit á sekúndu. Vel þótti takast til, en sýnt var efni frá erlendum sjónvarpsstöðvum á borð við CNN. Ekki er langt síðan símafyrirtækin stóru hér tóku upp EDGE-gagnaflutningskerfi fyrir farsíma, en það þykir stórauka



**FARSJÓNVARP Í KYNNINGU** Juan-Antonio Ibanez frá Ericsson fer yfir möguleika í sendingum yfir EDGE-gagnaflutningskerfi farsíma. Markaðurinn/Heiða

þjónustumöguleika í kerfinu, þó að hraðinn sé ekki nema brot af því sem fyrirheit eru gefin um í þriðju kynslóð farsímakerfa.

Að þessu sinni hélt Og Vodafone ráðstefnu fyrirtækjanna, en hún fór fram á hótel Nordica í Reykjavík. **- óká**

Starfsmannastjórnun

Hvernig velur þú hæfasta fólkið
og þjálfun sem nýtist vel?


Albert Arnarson


Baldur G. Jónsson


Jón Kr. Gíslason

Hagvangur býður þér á morgunverðarfund á Nordica hotel, fimmtudaginn 11. maí, kl. 8-10.

**Fjallað verður** um mats- og þróunarstöðvar (e. assessment center, development center) sem bjóða upp á gagnlegustu aðferðina til að greina hæfni einstaklinga við ráðningar og stöðuhækkanir, sem og þjálfunarþörf og skipulagningu starfsferils.

**Rætt verður** um hvað felst í aðferðinni og hvernig skipulag og uppbygging þarf að vera. Kynnt verða helstu verkfæri sem notuð eru, svo sem persónumat, greindarpróf og sértæk verkefni. Einnig verður rætt um matsstöðvar í íslensku atvinnulífi með tilliti til hagnýtingar og kostnaðar.

**Fyrirlesarar:**
Albert Arnarson, M.Sc. í vinnusálfræði, ráðgjafi hjá Hagvangi
Baldur G. Jónsson, M.Sc. í vinnusálfræði og MBA, verkefnastjóri ráðgjafasviðs Hagvangs

Jón Kr. Gíslason, starfsmannastjóri Össurar fjallar um nýtingu mats- og þróunarstöðva hjá Össuri.

**Mats- og þróunarstöðvar auðvelda fyrirtækjum að:**
- Ráða hæfustu starfsmennina og þróa starfsferil þeirra
- Skipuleggja arftakakerfi
- Þjálfa starfsmenn til stjórnunarstarfa
- Skipuleggja þjálfun út frá hagsmunum fyrirtækisins

Fundurinn hefst með morgunverði kl. 8.00 og honum lýkur kl. 10.00.
Vinsamlegast staðfestu komu þína með því að senda tölvupóst á netfangið **berglind@hagvangur.is** fyrir 10. maí.
Nánari upplýsingar á hagvangur.is

HAGVANGUR
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

# SPRENGITILBOÐ

## Allt að 50% afsláttur í eina viku



Smákistlar 995 kr



**Sófaborð, leður** 87x56x56
Verð 14.500.-
**Nú 7.250.-**

**Opnanlegir kollar** 30x
Verð 3.900.-
**Nú 1.950.-**



**Feng Shue kommóður**

**hæð 50cmx30cm** verð ~~4.900~~ nú 2.900
**hæð 70cmx30cm** verð ~~6.900~~ nú 4.900
**hæð 90cmx35cm** verð ~~8.900~~ nú 5.900



**Kommóða 46x91**
Verð 19.900.-
**Nú 9.900.-**



**Leðurkommóða 45x83**
Verð 15.500.-
**Nú 9.900.-**



1928
VERSLUN • VÖRUHÚS



**Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480**

**Opið Mán. - fös. 10-18 • Lau: 11-16 • Sun: 13-15**

# Verðtryggingin dregur úr óvissu

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Gylfa Magnússonar*

*deildarforseta viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.*



**Hvað er verðtrygging?**

Verðtrygging lána felur í sér að lánsupphæðin og afborganir hækka í takt við hækkun verðlags eins og hún er mæld með vísitölu neysluverðs. Á Íslandi er hún nánast reglan í lánssamningum í innlendri mynt til langs tíma en henni má líka koma við í ýmsum öðrum samningum.

**Hvenær var verðtryggingin tekin upp hér á landi og hvernig var ástandið áður en hún var tekin upp?**

Verðtrygging lána varð algeng hérlendis eftir að svokölluð Ólafslög leyfðu hana árið 1979. Það eru þó til ýmis eldri dæmi um verðtryggingu lána, t.d. voru gefin út verðtryggð spariskírteini fyrir þennan tíma. Áður en verðtrygging varð almenn þá var það nánast reglan að sparifé og lán brunnu upp í verðbólgu, þ.e. verðbólgan rýrði höfuðstólinn. Nafnvöxtum var haldið lágum af stjórnvöldum, yfirleitt mun lægri en sem nam verðbólgu. Framboð af sparifé varð eins og við er að búast lítið við þessar aðstæður og því lítið til af lánsfé og það skammtað.

**Hverjir eru kostir og gallar verðtryggingar?**

Kostir verðtryggingar lána eru fyrst og fremst þeir að hún dregur úr óvissu eða áhættu um raunvirði greiðslna af lánum. Það kemur bæði lánveitendum og lántakendum vel og veldur því að vaxtabyrði ætti að jafnaði að vera lægri en ella þegar allt er reiknað, þ.e. bæði vextir og verðbætur. Það er líka auðveldara að hafa greiðslubyrðina jafna þegar til lengdar lætur ef lán eru verðtryggð en þegar þau eru það ekki. Gallar verðtryggingar eru einnig nokkrir. M.a. er nokkuð óhagræði af því að vera í reynd með tvo innlenda gjaldmiðla, bæði verðtryggða krónu og óverðtryggða.

**Hver eru áhrif verðtryggingar á peningastefnuna?**

Samspilið þarna á milli er flókið. Almennt hefur peningastefna Seðlabankans mun meiri áhrif á vexti óverðtryggðra lána til skamms tíma en verðtryggðra lána til langs tíma. Peningastefnan hefur líka áhrif á verðlag sem aftur hefur áhrif á verðbætur. Seðlabankinn þarf að horfa til alls þessa og raunar fleiri þátta þegar stefnan í peningamálum er mörkuð.

**Hvaða áhrif hefur verðtrygging in á neytendur?**

Það er erfitt að rekja í stuttu máli en verðtryggingin hefur fyrst og fremst áhrif á lántakendur og lánveitendur, þ.m.t. sparifjáreigendur og eigendur lífeyrissjóða. Hún hefur þar með áhrif á nánast alla landsmenn.



**VERÐTRYGGING** hefur meðal annars áhrif á afborganir af húsnæðislánum.

# Er verðtrygging vond?

**Verðtryggingin reyndist vel til að slá á óðaverðbólguna hér á landi á áttunda áratug síðustu aldar. Margir telja hana úrelta en aðrir vara við afnámi hennar. *Jón Aðalsteinn Bergsveinsson* rýndi í verðtrygginguna og leitaði svara.**

Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings banka, velti fyrir sér kostum og göllum verðtryggingar á banka og neytendur í ræðu sinni á ráðstefnu Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja á fimmtudag í síðustu viku. Hreiðar sagði m.a. að þegar verðtryggingin var tekin upp hér á landi árið 1979 hafi hún að mörgu leyti hentað vel til að koma böndum á þá óðaverðbólgu sem hafi verið hér á landi árin á undan. Á meðal kosta verðtryggingarinnar sé að hún eyði óvissu í lánaviðskiptum hérlendis og leiði til betri lánakjara.

„Eftir að millibankamarkaður komst á nútímalegt form búum við í raun við tvískipt fjármálakerfi þar sem annars vegar eru viðskipti með lausafé og víxla og hins vegar verðtryggð lánaviðskipti. Ljóst er að Seðlabankinn hefur veruleg áhrif á hið fyrra en á í miklum erfiðleikum með það síðara,“ sagði Hreiðar Már. Að hans sögn er staðan hér á landi orðin sú að Seðlabankinn þarf að fara með stýrivexti í tveggja stafa tölu til að hafa áhrif á raunvaxtaferillinn. Svo mikil hækkun hafi gríðarleg áhrif á nafnvaxtamarkaðinn, sér í lagi á krónuna. Nafnvextir eru nú fimm sinnum hærri hér á landi en á evrusvæðinu og hafi reynslan margsinnis sýnt, að mikill vaxtamunur á milli landa geti ávallt af sér flökt og óstöðugleika af gjaldeyrismarkaði.

Hreiðar sagði ennfremur að menn veltu alltaf fyrir sér orsök og afleiðingu. Hafi verið gripið til verðtryggingar sem svars við óstöðugleikanum á árum áður. „En getur verið að nú sé svo komið að verðtryggingin sé orðin orsakavaldur?“ spurði Hörður. „Mér finnst að við höfum í rauninni það versta úr báðum heimum. Annað hvort verðum við að grípa til einhverra aðgerða til þess að bæta áhrifamátt peningamálastefnunnar hérlendis og minnka þá til dæmis vægi verðtryggingar hérlendis eða stíga skrefið til fulls og sameina íslenska myntsvæðið við hið evrópska og taka upp evru.

MÁLIÐ ER *Verðtrygging*

Hreiðar sagði það hins vegar mikinn miskilning að almenningur finni ekki fyrir verðbólgu ef verðtrygging verði ekki til staðar og benti á að hún komi sér vel í dag þar sem greiðslubyrði heimilanna sé mun stöðugri nú en ella.

**NAUÐSYNLEGT AÐ OPNA UMRÆÐUNA**

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbéfafyrirtækja (SBV), segir erindi Hreiðars Más mikilvægt innlegg í umræðuna um kosti og galla verðtryggingar. Ekki hafi verið rætt um það innan samtakanna hvort verðtryggingin geri Seðlabankanum erfitt fyrir í baráttunni við verðbólguna. „Það sem mér finnst skipta máli er að í fyrsta lagi er heilbrigt og gott að menn tali um hlutina. Hreiðar opnar ákveðna umræðu sem hefur ekki verið rædd að ráði. Nú er hún á lofti. Þá skiptast menn í skoðunum og ekkert nema gott um það að segja,“ segir Guðjón en bætir við að misskilnings gæti oft þegar menn tali um verðtrygginguna. Vísaði hann m.a. til orða Kristjáns Gunnarssonar, formanns Starfsgreinasambandsins, sem vitnaði til ummæla Hreiðars Más í ræðu sinni á Ísafirði á frídegi verkalýðsins á mánudag. Kristján sagði verkafólk ekki hafa neina tryggingu fyrir raunávöxtun lífeyris nema verðtrygginguna. Allt tal um afnám hennar við núverandi aðstæður væri árás á launafólk og þjónaði aðeins hagsmunum bankanna.



**HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON, FORSTJÓRI KAUPÞINGS BANKA** Hreiðar velti því upp á ráðstefnu Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, hvort verðtryggingin orsakaði óstöðugleikann hér á landi.

Guðjón segir verðtrygginguna hafa verið tekna upp til að koma böndum á óðaverðbólgu og tryggja sparifé fólks. „Hún hefur þjónað mikilvægu hlutverki. En það eru tæpir þrír áratugir síðan hún var tekin upp og því eðlilegt að menn spyrji hver staða hennar sé í dag. Ég sé ekki að verið sé að tala um afnám hennar yfir nótt eða neitt slíkt.“ segir Guðjón og bendir á að menn verði að gera sér grein fyrir því að verðtrygging sé ekki lögboðin skylda heldur hafi aðilar á fjármálamarkaði heimild í lögum fyrir því að nota verðtryggingu til að verðtryggja lán sín sem eru lengri en til fimm ára.

„Staðreyndin er sú að verðtryggingin hefur fram til þessa verið ráðandi vegna þess að hún hefur að flestra mati verið farsælli í lánum til lengri tíma til að tryggja lán á lægri vöxtum. Það er þess vegna ekkert sem mælir gegn því að fjármálafyrirtæki auglýsi og bjóði óverðtryggð lán til húsnæðiskaupa frá og með morgundeginum,“ segir hann.

**HÆGFARA BREYTING**

Guðjón segir ákveðnar breytingar þurfa að koma til eigi að verða raunhæft að veita óverðtryggð lán á föstum vöxtum til lengri tíma. „Til þess að fyrirtæki verði tilbúin að lána óverðtryggt til lengri tíma þá þurfa þau á sama tíma að eiga kost á því að fjármagna sig með sama hætti. Það hefur ekki verið til neinn alvöru djúpur markaður með óverðtryggð bréf á Íslandi,“ segir hann og bendir á að SBV hafi komið inn á það í tilögum um úrbætur á verðbréfamarkaði sem samtökin sendu frá sér við lok síðasta árs. „Ábending okkar var m.a. sú að stærri fjárfestar, s.s. lífeyrissjóðir, ríkissjóður og aðrir sjóðir, þyrftu að koma inn í meiri mæli inn á hinn óverðtryggða markað en þeir hafa gert. Ef þessir aðilar væru tilbúnir að koma inn á markaðinn sem fjármögnunaraðilar með óverðtryggt fjármagn þá myndi það búa til óverðtryggðan markað fyrir þá sem sækja sér fjármagn til að lána það aftur,“ segir Guðjón. Hann sér hins vegar ekki fyrir sér að verðtryggingunni verði kastað fyrir róða í einu vetfangi, eins og stundum virðist mega skilja á þeim sem mælt hafa gegn henni. Horfa verði til þess að t.d. skuldbindingar lífeyrissjóða séu verðtryggðar og þeir hafi því að mestu leyti sóst eftir verðtryggðri ávöxtun á móti. „Verði það hins vegar ofan á að taka upp evru hér á landi í framtíðinni þá fara menn úr verðtryggðum lánum í óverðtryggð lán sama dag og upptaka evrunnar á sér stað. Umræðan um verðtryggð lán og óverðtryggð á sér því stað svo lengi sem krónan er gjaldmiðill hér á landi,“ segir hann. „Eins og málið er í dag mun það gerast hægt og bítandi en ekki í risastökkum.“



**GUÐJÓN RÚNARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SBV** Guðjón segir erindi Hreiðars Más hafa verið mikilvægt innlegg í umræðuna um verðtrygginguna. Hann segir hana ekki verða lagða niður á einni nóttu eins og sumir haldi.

SHARP® Þú gengur að gæðunum vísum

Hágæða prentarar og ljósritunarvélar fyrir allar stærðir fyrirtækja

Allar nánari upplýsingar veita sölumenn.



3ja ára ábyrgð



SHARP PG-B10S Skjávarpi
• Birta: 1200 ANSI LUMEN
• Upplausn: SVGA 800 x 600
• Þyngd: 2.9 kg
Tilboðsverð:
Kr. 89.900 m/vsk

LJÓSRITUNARVÉLAR
SKJÁVARPAR
TÖLVUSKJÁIR
PRENTARAR
FJÖLNOTATÆKI
SJÓÐVÉLAR
FAXTÆKI
REIKNIVÉLAR
PAPPÍRSTÆTARAR



ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



# Kraftmikil vordagskrá

## 8 vikna námskeið

## KONUR ÁTAK

## KARLAR ÁTAK

## JÓGA á meðgöngu

- takmarkaður fjöldi

NÝTT

## DANSJÓGA

Í Dansjóga er blandað saman jóga og dansi þannig að við hugleiðum, dönsum, gerum jógastöður sem bæði auka styrkleika og sveiganleika líkamans.

LÆKKAÐ VERÐ

## ROPE YOGA

- takmarkaður fjöldi

## PEAK PILATES

- Peak pilates 1, 2 og 3
- takmarkaður fjöldi
- einnig sérsniðin námskeið fyrir **NÝBAKAÐAR MÆÐUR** og **ELDRI BORGARA**

**Námskeiðin hefjast 8. maí og standa yfir til 2. júlí. Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000. Aðgangur að Laugardalslaug, tækjasölum og opnum tímum í World Class. Skoðið úrval opinna tíma í jóga-, styrktar-, brennslu- og kickbox-tímum á www.worldclass.is**

## „EXTREME"-ÞJÁLFUN

- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

**World Class® ICELAND**

Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200

www.worldclass.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**23,63%** hlutur eignarhaldsfélags Hannesar Smárasonar af heildarhlutafé FL Group.

**33,3** milljarða króna virði innflutnings í mars.

**317%** hagnaðaraukning Straums-Burðaráss á milli ára.

BANKAHÓLFIÐ




## Bjarni aftur á Bloomberg

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis banka, var í gærmorgun í viðtali við sjónvarpsstöð Bloomberg viðskiptafréttaveitunnar, í annað sinn á skömmum tíma. Þykir ítrekuð vera hans á skjánum vera til marks um þann aukna áhuga sem erlendir greinendur sýna nú landi og þjóð.

Meðal þess sem Bjarni ræddi var metafkoma bankans á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, auk stöðunnar í íslensku efnahagslífi, vaxtahækkanir Seðlabankans og fleira.

Bjarni sagði ljóst að hægði á í hagkerfinu hér og að vissulega hefði verið nokkur órói á markaði og í kringum krónuna. Hann taldi að til skemmri tíma hægði á vexti bankanna og mikið mundi draga úr þenslu hér heima á næstu mánuðum.

## Verðbólga hugarfarsins

Einn milljarður fyrir fimm árum er orðinn að tíu milljörðum í dag í huga fólks. Kaup Bakkavarar Group á Laurens, einum stærsta eftirréttaframleiðenda Bretlands, hefðu einhvern tíma þótt stórfrétt en í dag er flestum sama þegar fréttir berast af kaupum á erlendum fyrirtækjum fyrir 17,6 milljarða króna. Hornsteinninn að veldi Bakkavarar var einmitt lagður með kaupunum á Katsouris fyrir 15,6 milljarðar króna seint á árinu 2001. Þá eins og nú bætast erlendir hluthafar í hóp eigenda Bakkavarar sem enn telst til tíðinda.

## Svartsýnir heima

Það verður að segja þeim hjá Danske Bank til hróss að þeir eru sjálfum sér samkvæmir í svartsýni sinni. Nú gáfu þeir út skýrslu þar sem þeir telja hættu á því að danska hagkerfið ofhitni. Reyndar segja þeir að hagvöxtur hafi verið minni á síðasta hluta síðasta árs en búist hafi verið við, en á móti komi að atvinnuleysistölur hafi verið minni en þekkist hjá Dönum.

Hætt er við að þær atvinnuleysistölur myndu teljast til kreppueinkenna hér og því kannski ekki nema von að Danske Bank telji að í stöðu hagkerfisins nú séu ríflega allir sótraftar á sjó dregnir.





Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE

Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is

**Stíflulosun Röramyndun**

**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**

**S. 892 7260 & 567 0530.**

**Stífluþjónustan ehf S.5542255: 8965800 Stíflulosun-Röramyndun www.stiflutjonustan.is**

Fjarlægum stíflur úr WC, vöskum og fl. Röramyndavél og viðgerðir á frárennslislögnum. Stífluþjónusta Geirs, s. 697 3933.

## Tölvur

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Netafritun tölvugagna. ANZA, öruggur rekstur tölvukerfa, anza.is

Veftilboð. 8.is

Veftilboð. 8.is

Vefumsjónakerfi. 8.is

## Snyrting

Opnunartilboð! ICY-neglur

## Spádómar

**ALSPÁ**

**908 6440**

**FINN TÝNDA MUNI**

**908 6116**
**Er spákonan Sirrý**
**Ástir - fjármál heilsa**
**Einkatímar í S.845 4009**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Kærleiks-ljósið**
**Spámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla**
**566 7311 905 2005**

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

**Englaljós til þín 908 5050**
Hvað viltu vita um ástina, heilsuna og hvað getur gerst skemmtilegt í sumar, bein miðlun, rágjöf. Opið frá 12-02 eftir miðnætti. Lára

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
**Fljót og góð þjónusta**
**Sími 893 1733**



**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is


SIRKUS SÝN BÍÓ NFS




**SVONA SÉRÐ ÞÚ NFS OG SIRKUS MEÐ DIGITAL MYNDLYKLINUM ÞÍNUM**

FRÁBÆR DAGSKRÁ ÁN AUKAGJALDS FYRIR ALLA MEÐ MYNDLYKIL FRÁ DIGITAL ÍSLANDI






Uppfærðu Digital lykilinn þinn strax í dag og njóttu alls þess sem Digital Ísland hefur upp á að bjóða.

**HVERNIG Á AÐ UPPFÆRA?**
– Ýttu á aðalvalmynd á fjarstýringunni (menu).
– Þaðan ferðu í sjálfvirka leit og ýtir svo á OK.
– NFS og Sirkus skila sér í myndlykilinn þinn á skömmum tíma.

**digital ísland**

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

GOTT FÓLK McCANN


## Trésmíði

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Önnur þjónusta

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta. Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg

Hleðslurafhlöður. Rafhlöðubúðin Rafborg.

# HEILSA

## Heilsuvörur




**Nýtt á Íslandi!**
Með nýrri tækni er mögulegt að fá auka orku og úthald og ná betri árangri í íþróttum m.m. án inntöku efna Mjög góð tekjulind að auki. Uppl. í síma 898 8690 http://www.lifewave.com/ekas

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg S: 896-4662

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í apríl. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 864 8019

**Taktu þér tak!**
Með Herbalife nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Sigga 848 3934.

Herbalife - ShapeWorks Dreymt um það.. Hugsað um það.. Talað um það.. Gerðu eitthvað í því! www.herbal.is Ásthildur & Gunnar 895-8890

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Snyrting

**Hárlengingar**
Ekta evrópskt hár, margir litir sem má slétta og þurrka, dugar vel og lengi. Aðeins 30.000kr með hárkostnaði. Símanúmer:8475236, Erla Dögg

## Þjónusta

**Rafbylgjumælingar**
Ert þú með:
Exem - Þurrk í augum ?
Síþreytu - Vöðvabólgu ?
Verki í fótum og höfði ?
Svefntruflanir ?
Fjarlægum rafbylgjur í tenglum og í jörð.
Klettur ehf
Sími 892 3341 & 581 1564.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**www.tarot.is**
Tarotnámskeið - Talnaspekinámskeið. Uppl. og skrán., á vef og s. 868 0322.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn



**Njóttu sumarsins betur**
Garðkörfurnar frá Þýskalandi eru mjög endingagóðar og þola vel íslenska veðráttu. Viðurinn er gagnvarinn og plastið slitsterkt. Litir og mynstur á áklæði eru fjölbreytt. S. 511 4510 & 862 4510. www.fjarkennsla.is/gardur

Til sölu leðursófasett 3+1+1. Frekari uppl. í síma 557-8164 eða 692-7123

Sófasett 3+2 amerískur ,still sófaborð fylgir. Uppl í s. 869 2631.

Sófasett og sófaborð til sölu. Uppl. í s. 553 9846.

## Heimilistæki

Til sölu mjög vel með farin, um 2 ára gömul InnX eldhúsinnrétting (hvít sprautulökkuð), og tæki (uppþvottavél, ofn, keramikhelluborð og gufugleypir). Uppl. í síma 856 6195.

## Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur



Flott Föt á krakka yfir kjörþyngd . Mikið úrval . Róbert Bangsi og Unglingarnir . s. 555 6688.

## Dýrahald

**Hundaræktin Dalsmynni**
Hundaræktun Dalsmynni auglýsir. Pomeranian hvolpar til sölu.
**Upplýsingar í s. 566 8417.**



Ame. cocker spaniel til sölu, ættb. HRFÍ, tilbúnir til afhendingar. Undan góðum foreldrum. S. 821 5018 & 565 4347.

Til sölu Stóri Dan hvolpar. Rétt litablanda. Húsvanir. Visa/Euro. Uppl. í s. 895 1441 e.kl. 12.

9 mánaða íslenskur hvolpur fæst gefins á gott heimili. Uppl í s. 696 3666 eða 823 1750.

Til sölu hreinræktaðir Labrador hvolpar tilbúnir til afhendingar 10 maí. Uppl. í s. 846 7387 & 462 7779.

5 ára African grey til sölu, uppl. í s. 663 1357.

Bordercollie hundur fæst gefins, upplýsingar í síma 691 0449.

Til sölu 4 sceffer hvolpar, 2 tíkur og 2 hundar. Tilbúnir til afhendingar. Örmerktir, heilsufarsskoðaðir og bólusettir. Uppl. í síma 865-5636

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




## Safnarinn

Gefins fást margar möppur af póstkortum og einnig er til athugunar sala á rúmlega 200 vínilplötum. S. 899 6539.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Akureyri**
Vel staðsett 3ja herbergja íbúð til leigu, stutt í alla þjónustu. Uppl. í s. 661 2967.

**Akureyri**
Herbergi til leigu, stutt í skóla og miðbæinn, með aðgang að eldhúsi og baði. Uppl. í s. 661 2967.

Orlofsíbúðir til leigu á góðum stað í Vestmannaeyjum. Eigum enn eftir eitthvað af lausum dögum í sumar. Sími 567 0790 & 864 4020.

Herbergi á sv. 105. Húsgögn, ísskápur, örbylgjuofn. Eldunaraðstaða, þvottavél, Stöð 2, Sýn. Uppl. í s. 898 2866.

Til leigu 2ja herbergja íbúð á svæði 111. Uppl. í s. 845 4150 & 852 5559.

Til leigu 2ja herb. íbúð í 104, nýstandsett, leiga 68.000 á mán. með rafmagni og hita, reyklaus. Er laus. Uppl. í síma 821 6300 e. kl. 18.

2 lúxus stúdíoíbúði í hjarta miðbæjar, eru til leigu í maí, búnar húsgögnum og sjónvarpi. Leiga 50 & 70 þ. Uppl. í s. 864 5719.

12 fm herb. í Seljahverfi til leigu, aðgangur að WC og sturtu, vaskur og skápur í herb. Uppl. í s. 897 8662 & 557 2963, e. kl. 16.

## Húsnæði óskast

**Snyrtileg íbúð óskast.**
Hjón óska eftir snyrtilegri 3ja herbergja íbúð í langtímaleigu. Helst á svæði 105-108. Má þarfnast lagfæringa. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Upplýsingar í síma 892 2752 & 568 6037

27 ára gamall karlmaður óskar eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu. S. 845 9509, Kent.

Óska eftir til leigu góðri 2 - 3 herb. íbúð í RVK eða Mosó. Snyrtilegri umgengni og traustum greiðslum heitið. Uppl. Helgi 899 3330

Par óskar eftir að leigja húsnæði. Langtímaleiga & leigusamningur. Verð 60-70 þ. Uppl. í s. 869 2270.

Óska eftir stúdíóíbúð á Rvk.svæðinu strax. Leiguverð 40-50 þ. Húsaleigubætur ef möguleiki. Er reglusöm. S. 659 2243.

Erum par og bráðvantar íbúð fyrir 1 maí, helst 2-3 herbergja á höfuðborgarsvæðinu skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 615 0017

Par á þrítugsaldri óskar eftir 2 herb. íbúð til leigu á sv. 103, 104, 105 og 108 fyrir 10 maí á ca 60 þ., s. 896 4075.

## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is



**Vönduð Sumarhús**
Í smíðum sumarhús, tilbúin til flutnings, eða komin á 7000 fm eignarlóð, í Grímsnesi í júní. Uppl. í s. 691 8842 & 698 9915.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum og einnig rúmgott herbergi við Suðurlandsbraut. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Til leigu 562 fm við Smiðjuveg. Lofth 3,3 m, innk.hurð og góðir gluggar, næg bílast. Hægt að sk.í minni ein.Uppl. í síma 8930420 eða 5871590, Guðmundur.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

KFC

**Kentucky Fried Chicken Kópavogi & Mosfellsbæ**
Óskum eftir hressu og duglegu fólki 16 ára og eldra í afgreiðslu og eldhús, vantar á fastar vaktir og aukavaktir, gott með skóla. Umsóknareyðublöð á staðnum.
**KFC Kópavogi s. 554 4700 & KFC Mosfellsbæ s. 586 8222.**

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**
Langar þig til að vinna á skemmtilegum vinnustað þar sem gott viðmót skiptir máli. Hressó auglýsir eftir fólki til að vinna í afgreiðslu. Fullt starf og hlutastarf í boði.
**Upplýsingar í síma 862 1118 eða fyllið út eyðublað á Hressó, Austurstræti 20.**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hluta starf.Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

SNÆLAND VIDEO

Snæland Video Rvk, Kóp., Hafn. óska eftir starfsfólki í fullt starf eða hlutastarf. áhugasamir hringi í 693 3777 Pétur eða petursma@isl.is.

**Kokkarnir**
Kokkarnir veisluþjónusta leitar eftir starfsfólki í aukavinnu seinnipart viku og um helgar í Osta og sælkeraborðunum í Hagkaupum Kringlunni og Smáralind. Umsækjendur þurfa að vera eldri en 20 ára.
**Áhugasamir hafið sambandi í síma 511 4466 eða sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is**

**Vinna við lóðaframkvæmdir**
Vantar verkamenn og verkst. í hellulagnir og lóðaframkvæmdir. Æskilegt sé að viðkomandi sé vanur lóðaframkvæmdum
**Upplýsingar í s. 895 0570. Garðvélar ehf**

## AFÞREYING

**Fyrirtæki - Starfsmannafélög - Félagasamtök**
Fjórhjólaferð í Haukadalsskógi
Er afþreying sem allir hafa gaman af!



Allar uppl. á www.atvtours.is eða í síma 892-4810 & 892-0566.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## TIL SÖLU

**Tómstundahúsið**
HELLFIRE
HPI Hellfire
fjarstýrður bensín keppnistrukkur



Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

**Verslunin Allt í hund og kött**
Gott úrval af gæludýrafóðri



Allt í hund og kött
Kjarnanum Austurvegi
800 Selfoss Sími 482 4366

**Vinna við lóðaframkvæmdir**
Vantar verkamenn og verkst. í hellulagnir og lóðaframkvæmdir. Æskilegt sé að viðkomandi sé vanur lóðaframkvæmdum. Upplýsingar í s. 895 0570. Garðvélar ehf

**Bílstjórar. Veitingahúsið Nings Suðurlandsbraut og Stórhöfða**
Óskum eftir að ráða bílstjóra í kvöld og helgarvinnu. Hægt er að leggja inn umsóknir á nings.is
**Upplýsingar í síma 822 8833.**

**Hjá Dóra**
Erum að leita að röskum og snyrtilegum starfsmanni til afgreiðslu á heitum mat, undirbúningi, frágangi og öðrum eldhússtörfum.
**Frekari uppl. á staðnum eða í síma 567 5318 & 557 3910.**

**Verkamenn**
Óskum eftir að ráða verkamenn í hellulagnir. Mikil vinna.
**Uppl. Trausti í 660-1150 og Guðmann í 660-1155 Fjölverk - verktakar ehf.**

**Vélamenn - bílstjórar**
Óskum eftir að ráða vanan gröfumann á nýlega hjólagröfu. Einnig vantar bílstjóra á 4öxla vörubíl og bíl með krana.
**Uppl. Trausti í 660-1150 og Guðmann í 660-1155 Fjölverk - verktakar ehf.**

**Verkstjóri**
Óskum eftir að ráða verkstjóra í hellulagnir og almenna jarðvinnu.
**Uppl. Trausti í 660-1150 og Guðmann í 660-1155 Fjölverk - verktakar ehf.**

**Góðir tekjumöguleikar**
Lærðu allt um neglur, gervineglur, skraut, lökkun o.fl. Íslandsmeistarar kenna. Naglasnyrtiskóli Kolbrúnar. Símar 565 3760 & 892 9660.

Au pair England. Ísl læknahjón óska eftir barngóðri stúlku t a gæta 8 mán drengs í 3-4 klst á dag í 6-12 mán. Uppl í s 004419922746723 og lapsurg@blueyonder.co.uk

**Sumarvinnna**
Óskum eftir duglegu fólki í garðvinnu. Aldur 15-25 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Umsóknir á www.gardlist.is

Jákvætt og hresst starfsfólk vantar í vellaunaða aukavinnu. Áhugasamir hafi samband í s. 844 6547. Sláttumenn Garðaþjónusta

**ÖJ Arnarsson ehf**
Vantar aðila til að sjá um launaútreikninga 4-5 tíma í mánuði á kvöldin, unnið er eftir launakerfi netbókhalds.is. Viðkomandi, þarf að geta byrjað strax. Vel borguð vinna, uppl í síma 893 8327.

Sólbaðstofan Sól Gallerí vantar aukafólk í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í síma 865 5460.

Matvælafyrirtækji í Hafnarfirði óskar eftir ,reglusömum og duglegum , starfskrafti í verksmiðju okkar. Uppl í s. 530 7700.

Blikksmiðja á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir blikksmiðum, aðstoðarfólki. Áhugasamir hafið samband í síma 588 4933 eða 660 2930.

Fyirtæki sem starfar við iðnaðargólflagnir óskar eftir starfsfólki. góð laun í boði uppl í síma 5641740

**Beitningamaður!**
Vanur beitningamaður óskast. Uppl. í s. 893 1193 & 483 3733.

Óska eftir starfskröftum í garðslátt og umhirðu. Uppl í 691 9151. Garðlíf.

Kaffibrennslan óskar eftir þjónum í fullt starf og hlutastörf. Einnig vantar okkur aðstoð í eldhús og í uppvask. Áhugasamir sem vilja koma og vinna á hressum og skemmtilegum stað vinsamlegast hafið samband við Þröst í sima 663-7773 milli 11 - 18.

Veitingahúsið Kína Húsið Lækjargötu 8 óskar eftir starfsfólki í sal og uppvask kvöldvinna. Upplýsingar á staðnum.

**Vantar mann strax**
Vantar mann strax með meirapróf. Góð laun í boði. Upplýsingar í síma 898 9006.

## Atvinna óskast

**TWC**
**Tempary Work Company**
Ef þig vantar mannskap getum við útvegað þér smiði, múrara, málara, rafvirkja, vélstjóra, meiraprófsbílstjóa, ræstitækna o.m.fl. Góð og örugg þjónusta.
**Uppl. í s. 846 9424 & 899 4443**
**Fax 581 4310**
**e-mail twc@twc.is**

Aðstoðum fyrirtæki við að útvega starfsfólk frá Póllandi úr hinum ýmsu starfstéttum s.s. verkfræðinga, forritara, iðnaðarmenn, sjómenn, hótelstarfsfólk, verkafólk, bakara og fleira. Upplýsingar í síma 821 1714

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn o.fl. S.8457158

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Hálsmen tapaðist frá Dómkirkju að Oddfellow. Finnandi vinsamlega hringji í s. 551 5279.

## Tilkynningar

Kynning æa næami samhliða starfi. Opið hús í dag frá 16:30 til 18:00. Endurmenntun Háskóla Íslands.

## Ýmislegt

Bingó í kvöld. Vinabær.

Þráðlaus innbrota og viðvörunarkerfi. Gott verð. Eldvarnamiðstöðin Sundaborg

Mannauðsstjórnun, nú einnig í fjarnámi. Endurmenntun Háskóla Íslands.

## Einkamál

Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Símaspjall 908-6666. Ég heiti Rósa og er til í símapjall. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

## Leikir

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vinabær.

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33

Fysti vinningur gæti orðið 300 milljónir. Víkingalottó.

# HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

Hrafnhildur Bridde, löggiltur fasteignasali

## HB FASTEIGNIR KYNNA HEITAR EIGNIR

### Einbýlishús
Einimelur 107 glæsilegt einb tilb óskast
Grettisgata 101Rvík verð 41 millj
Logafold 112 Rvík - verð 60,5 millj
Miðtún m/aukaíbúð Selfss – ATH Lækkað verð
Grundargata Grundarfjörður verð 11.millj

### Raðhús
Miðtún 800 Selfossi 136,2fm verð 22.millj

### 4ra herbergja
Laugavegur 101 Rvík verð 24,9 millj Nýtt

### 3ja herbergja
Lyngmóar 10 Garðabæ 3-4 ra m/bílskúr verð 24,6 millj
Strandasel 3 109 Rvík sér garður verð 16,9 millj
Barónsstígur 61 51,8fm verð 10.9 millj

### Sumarhús í smíðum
### Fyrir fjáfesta
Iðnaðarhúsn.Hverag u.þ.b.500fm nytt
4-5 íbuða hús í Hveragerði verð 60,2 millj
laus við kaupsamning.

### BÚJÖRÐ
Glæsileg jörð í Rangárþingi
Selst í pörtum eða einu lagi.

### Kaupendur/ hjá okkur er alltaf opið hús Seljendur/skoðum / og verðm samdægurs.



Kári Kort,
sölustjóri
S. 892-2506




## Starfsmaður óskast í bókhald Katla DMI ehf.

Vanur starfsmaður óskast í bókhald hjá ferðaskrifstofunni Katla DMI ehf. í 50-60% starf. Möguleiki á sveigjanlegum vinnutíma og breytilegu starfshlutfalli.

Nánari upplýsingar veitir Pétur Óskarsson í síma 5617550 eða netfang: **petur@katla-dmi.is**

Katla DMI ehf. er ásamt sumarhúsamiðluninni Viator ehf. og Katla Travel GmbH í München hluti af Katla Travel samstæðunni.

# TILKYNNINGAR

## Aðalfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Áburðarverksmiðju ríkisins verður haldinn í Hafnarstræti 5, 4. hæð fimmtudaginn 18. maí kl 16:30

Fundarefni:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar sjóðsins
3. Tryggingarfræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum
7. Kosning stjórnar
8. Kosning endurskoðanda
9. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Endurskoðaðir og undirritaðir reikningar sjóðsins ásamt skýrslu tryggingarfræðings liggja frammi á skrifstofu Landsbankans Hafnarstræti 5 viku fyrir aðalfund sjóðsfélögum til sýnis.

**Stjórnin**

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir innri Súðavík, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. júní 2000 þar sem fram kom að stofnunin gæti ekki fallist á áður auglýsta tillögu að deiliskipulagsbreytingu þar sem hún væri ekki í samræmi við þágildandi aðalskipulag Súðavíkur. Auglýst tillaga að deiliskipulagsbreytingu er nú hins vegar í samræmi við núgildandi aðalskipulag Súðavíkurhrepps 1999-2018.

Tillagan og uppdráttur með greinagerð liggur frammi á skrifstofu Súðavíkurhrepps, Grundarstræti 3, Súðavík frá og með 3. maí 2006 til og með 31. maí 2006.

Einnig er tillöguna, uppdráttinn og greinagerð að finna á heimasíðu Súðavíkurhrepps, **www.sudavik.is**

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.

Athugasemdum skal skila á skrifstofu Súðavíkurhrepps að Grundarstræti 3 Súðavík.

Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til fimmtudagsins 15. júní 2006 og skulu þær vera skriflegar.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.
Súðavík, 3. maí 2006.

**Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps**

## Sýslumaðurinn á Húsavík

**UPPBOÐ**

Eftirtaldar bifreiðar verða boðnar upp að lögreglustöðinni á Húsavík, miðvikudaginn 10. maí 2006 kl. 14:00:

**RL-626**

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 02. maí 2006.

## Sýslumaðurinn á Húsavík

**UPPBOÐ**

Eftirtaldar bifreiðar verða boðnar upp að hreppsskrifstofunni á Kópaskeri, fimmtudaginn 11. maí 2006 kl. 09:30:

**OO-490**

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 02. maí 2006.

## Sýslumaðurinn á Húsavík

**UPPBOÐ**

Eftirtaldar bifreiðir verða boðnar upp að lögreglustöðinni á Þórshöfn, fimmtudaginn 11. maí 2006 kl. 14:00:

**MY-098**

Greiðsla við hamarshögg.

Sýslumaðurinn á Húsavík, 2. maí 2006.




# Rafvirki óskast

óskum eftir að ráða rafvirkja/nema
í almenna raflagnavinnu, nýlagnir
og viðhaldsverkefni.

Um framtíðarvinnu er að ræða.

**Upplýsingar í síma 897 2488**
**eða á rafgeisli@rafgeisli.is**

RAFGEISLI
RAFVERKTAKAR EHF.

Hamraborg 1-3 · 200 Kópavogi · Sími: 564 5100
E-mail: rafgeisli@rafgeisli.is

allt atvinna
Alla sunnudaga


Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

# AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI ÖSKJUHLÍÐARSKÓLA

**Staða aðstoðarskólastjóra við Öskjuhlíðarskóla er laus frá og með 1. ágúst 2006.**

Skólinn, sem er einn af grunnskólum Reykjavíkur, er sérskóli fyrir þroskahefta nemendur í 1.-10. bekk. Tæplega 100 nemendur, sem búsetu eiga í ýmsum sveitarfélögum auk Reykjavíkur, eru í skólanum.

Markmið skólastarfsins er að gera nemendur hæfa til þátttöku í samfélaginu á sem flestum sviðum. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám nemenda, samstarf fagstétta um skipulagningu námsins og skapandi og lifandi starf, m.a. í gegnum myndlist, leiklist og tónlist.

Skólinn sinnir ráðgjöf varðandi sérkennslu til kennara og annarra fagstétta í almennum grunnskólum.

**Leitað er að umsækjendum sem hafa:**
- Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði sérkennslu og /eða fatlana auk kennslureynslu
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar
- Stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun þar með talið af rekstri
- Eru liprir í mannlegum samskiptum
- Hafa metnað í starfi og áhuga á skólaþróun og nýbreytni í starfi

Upplýsingar um starfið gefa Dagný Annasdóttir skólastjóri Öskjuhlíðarskóla, sími 568-9740, dagnyannas@oskjuhlidarskoli.is og Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri á Menntasviði Reykjavíkurborgar sími 411 7000, ingunn.gisladottir@rvk.is.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og störf, gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála auk annarra gagna sem málið varðar. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1. Umsóknarfrestur er til 29. maí 2006. Laun eru skv kjarasamningi LN og KÍ.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.






ENNEMM / SÍA / NM21411

BÚUM BETUR
BYGG
www.bygg.is







# Jónshús

## í Sjálandshverfinu í Garðabæ

Komnar eru í sölu 133 íbúðir fyrir fólk 60 ára og eldri í Sjálandshverfi í Garðabæ. Um er að ræða sex húsa þyrpingu sem nefnd eru „Jónshús". Húsin eru 6 hæðir nema miðjuhúsið sem er 4 hæðir en í því verður þjónustusel. Húsin standa á sameiginlegri lóð og mynda sameiginlegt garðrými sem opnast til sjávar. Í húsunum verða 2ja til 4ra herbergja íbúðir í ýmsum stærðum. Í öllum íbúðum eru 2 neyðarhnappar sem tengjast íbúð húsvarðar og vaktmiðstöð. Þjónustusel verður á 1. hæð í miðri þyrpingunni. Þar verður að finna matsal og margvísleg rými til þjónustu fyrir eldri borgara. Tenging verður við garð þar sem áætlað er að koma fyrir „púttgreen" og dvalarsvæði sem hvetja fólk til útiveru.

Íbúðir af ýmsum gerðum til sölu. Upplýsingar gefa Fjárfesting og Fasteignamarkaðurinn.

FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF
Borgartúni 31
Sími 562 4250

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

# SJÓNARHORN



**Kóngur í ríki sínu**
Það er fagurt í Landmannalaugum hvort heldur sem er að vetri eða sumri.
Fréttablaðið/Vilhelm


Evíta
Stærri búð, full af fallegum vörum á betra verði



Hárþjónusta á frábæru verði, gerið svo vel að panta tíma.
Hárgreiðsla og gjafavörur
Starmýri 2, 108 Rvík, s. 553-1900 www.evita.is

allt heimili
Alla fimmtudaga



allt brúðkaup
Alla þriðjudaga

Heilsunudd þegar þér hentar

Með fullkominni tölvustýringu og hátækni nuddbúnaði framkallar M-CLASS nuddstóllinn áhrifaríkt nudd frá toppi til táar. Með því að styðja á hnapp á meðfylgjandi fjarstýringu velur þú það nuddkerfi sem þér hentar hverju sinni. Stóllinn nuddar þig líkt og fagmaður þegar þú vilt og þar sem þú vilt. M-CLASS nuddstóllinn er hannaður með þig og þínar þarfir í huga. Við bjóðum þér að koma í nudd í verslun okkar að Skúlagötu 63 til að sannfærast.

M-CLASS

ECC Skúlagötu 63
Sími 511 1001

ECC
www.ecc.is



Komdu í nudd!
Kynningarverð aðeins 139.900 kr.
Opið í dag kl. 10 -18

# Sjókafteinn Hrafnsson og strandið á Lönguskerjum

**UMRÆÐAN**
FLUGVÖLLUR Á LÖNGUSKERJUM



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON**
ALÞINGISMAÐUR

Ágæt tíðindi berast nú af skoðanakönnunum Gallup og Fréttablaðsins. Frjálslyndir og óháðir í borginni styrkja stöðu sína í kosningabaráttunni. exBé listinn er hins vegar kominn í mikil vandræði. Eflaust vegna vitlausra hugmynda um flugvöll á Lönguskerjum sem allir sjá við nánari skoðun og umræður að er fráleit hugmynd.

Nú rifjast upp gömul en sönn saga sem hefur glettilega skírskotun við þá stöðu sem nú er komin upp: „Víkingaskipin lögðu inn á Skerjafjörð laugardaginn 23. júní og stefndu á Seyluna. Steig þá hirðstjóri á hest með sveit manna, og reið flokkurinn fram og aftur með langar stengur, sem smíðaðar höfðu verið. Var það gert í því skyni, að víkingum virtist þar sveit altygjaðra manna. Víkingar tóku að skjóta úr fallbyssum sínum, er þeir nálguðust, og var þeim svarað með fallbyssuskotum úr virkinu og af hirðstjóraskipinu á Seylunni. Véku þá víkingar skipum sínum undan norður á fjörðinn, en við það tók stærra skipið niðri, þar sem heita Lönguskeri, og stóð fast. Lét hirðstjóri þá hætta skothríðinni, því að honum þótti ekki vogandi að egna víkingana til bardaga, ef vera kynni, að þeir létu sér strandið að kenningu verða. Hófu þá víkingar að flytja fanga og þungavarning úr hinu strandaða skipi yfir á hitt, en fleygðu því í sjóinn, er torveldast var viðfangs. Tókst þeim loks eftir hálfan annan sólarhring að ná skipinu af grynningunum og færðu skip sín þá utar, þar sem þeir voru óhultari. Þar selfluttu þeir fólk og varning á ný á milli skipanna, sigldu síðan brott og létu í haf með feng sinn.“

Svona greinir Öldin okkar 1601-1700 frá því þegar sjóræningjar frá Alsír hugðust gera strandhögg og rán á Bessastöðum sumarið 1627. Engin ferð til fjár, heldur ströndaðu þeir á rauðmagamiðum þeim sem tæpum 400 árum síðar varð fyrirhugað flugvallarstæði exBé-listans. Því miður sluppu víkingarnir úr klemmunni, kannski ekki síst vegna þess að Rósinkrans hirðstjóri á Bessastöðum heyktist á því að láta til skarar skríða og ráða niðurlögum ræningjanna á Lönguskerjum. Þetta voru mikil mistök, því bófarnir áttu eftir að gera strandhögg víðar og valda miklum skaða. Nægir að nefna Vestmannaeyjar í því sambandi.

Nú hefur skúta exBé-listans undir stjórn sjókafteins Björns Inga Hrafnssonar steytt á Lönguskerjum eins og skip píratanna árið 1627. Við í Frjálslynda flokknum siglum hins vegar í góðum byr, enda erum við miklu betri sjómenn en þeir sem skipa áhöfnina á ólukkufleytu exBé-listans. Sjókafteinn Hrafnsson og áhöfn hans eru hvergi jafn séðir sjófarendur og víkingarnir forðum frá Algeirsborg, sem fóru strax í að gera ráðstafanir til að losa skip sitt og komust á brott. Þau hafa nefnilega hvergi gert tilraunir til að losa sína lekabyttu. Frekar kappkostað að auglýsa strand sitt með háttstemmdum yfirlýsingum í öllum fjölmiðlum og þannig fest skip sitt kyrfilega á skerjunum. Þar mun fleytan bera beinin. Þau munu ekki komast á brott til að valda landsmönnum ómældu tjóni eins og ræningjarnir forðum. Nóg er það nú samt.

# Ill meðferð á dýrum

**UMRÆÐAN**
JÓN JÓNSSON, FYRRVERANDI VAGNSTJÓRI, SKRIFAR UM LAXVEIÐAR

*Ég er nokkuð viss um að þó nokkur hluti laxa sem sleppt er að lokinni píningu drepst fljótlega á eftir kvalafullum dauðdaga.*

Undanfarin sumur þegar lax- og silungsveiðitímabil hafa staðið sem hæst hefur mér oft verið hugsað til þess hvort fiskar, til dæmis lax séu álitin tilfinningalaus eða yfirleitt ekki álitin dýr.

Hvað segja dýraverndunarsamtök um það að fullorðið fólk verji allt að klukkutíma í að pynta lax og í lokin kyssa fiskinn og sleppa honum síðan. Þegar ég var unglingur stundaði ég veiðar af kappi en þá var markmiðið að landa fiskinum sem fyrst og drepa síðan á sem fljótlegastan hátt og nýta síðan til matar.

Mér finnst dýraverndunarsamtök sofa á verðinum í þessum efnum. Það er ekki verjandi að fullorðið fólk sé að pynta dýr sér til ánægju (fólk kemur jafnvel hingað til lands eingöngu til þess að stunda þetta „sport“ jafnvel efnafólk). Mér finnst að það eigi að banna lax- og silungsveiðar með einni undantekningu þó; að börn og ungmenni fái að stunda takmarkaðar veiðar sem taki sem stystan tíma að landa aflanum og engum fiski sleppt. Hvernig myndi ykkur líða á eftir ef öngli væri krækt í gegnum kinn, kjálka eða tungu og síðan rifið út úr og þið gætuð ekki leitað læknis eða annarrar hjálpar á eftir. Hversu lengi yrðu þau sár að gróa?

Ég er nokkuð viss um að þó nokkur hluti laxa sem sleppt er að lokinni píningu drepst fljótlega á eftir kvalafullum dauðdaga. Það hlýtur að vera til önnur og mannúðlegri afþreying til handa þessum mönnum. Nægir þeim ekki að eiga og aka dýrum og breyttum jeppum sínum eða þenja gólfkúlur. Verða þeir að fá fullnægju grimmdarinnar við að pína saklaus dýr. Ég hvet dýraverndunarsamtök til að láta málið til sín taka.

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga



# Samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni

UMRÆÐAN
ALMENNINGS-SAMGÖNGUR



ÓSKAR BERGSSON
REKSTRARFRÆÐINGUR

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra lýsti því yfir á dögunum að nú vildi hann fara að hefjast handa við uppbyggingu Samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni eins og samkomulagið við Steinunni Valdísi borgarstjóra hljóðar uppá. Sturla er búinn að tryggja fjármagn til verksins og ítrekar mikilvægi þess að lóð verði afmörkuð fyrir starfsemina til þess að hægt verði að hefjast handa. Viðbrögð borgarstjórans í Reykjavík við erindi samgönguráðherrans eru hins vegar engin ef marka má fréttir undanfarna daga. Málið er í nefnd eins og sagt er og ekki er vitað hvort hún á að skila af sér fyrir eða eftir kosningar.

**Tengja saman flugið og almenningssamgöngur á landi**

Staðsetning samgöngumiðstöðvar er gríðarlega mikilvæg og þarf að taka til margra þátta. Samgöngumiðstöðin þarf að þjónusta flugið til og frá borginni og hún þarf að þjónusta almenningssamgöngurnar bæði innan borgar og utan. Til þess að Samgöngumiðstöðin nái að þjónusta þessa meginpósta almenningssamgangna þá þarf staðsetningin að vera vel útfærð. Tilvalinn staður fyrir þessa starfsemi er við gatnamót Hringbrautar og Njarðargötu. Þessi staðsetning tengir saman tvo meginstrauma út úr borginni, hún er vel staðsett miðað við að flugvöllur verði á Lönguskerjum auk þess sem tenging og nálægð við miðborgina er ákjósanleg. Aðrir þættir eins og nálægð við Háskóla Íslands og Landspítalann skipta líka miklu máli. Þetta er lóðin sem borgin á að úthluta Sturlu. Þessi lóð hefur staðsetningu sem getur lagt grunninn að öflugum almenningssamgöngum í Reykjavík sem tengjast landinu öllu. Það er löngu tímabært að miðstöð almenningssamgangna verði fundinn verðugur staður í höfuðborg landsins. Höfum hana miðsvæðis og tengjum saman hina ólíku samgöngumöguleika landsmanna með öflugri samgöngumiðstöð eins og við sjáum útum allan heim í löndum sem við helst viljum bera okkur saman við.



Kort af samgöngumiðstöð

*Reyndar er flokksbróðir samgönguráðherrans, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, ekki alveg viss hvernig hann vill leysa framtíð innanlandsflugsins heldur, þannig að lausnina á staðsetningu samgöngumiðstöðvar er alveg örugglega ekki að finna hjá Samfylkingunni og Sjálfstæðisflokknum.*

**Styð Sturlu**

Það er auðvelt að setja sig í spor samgönguráðherrans. Hann gerði samkomulag við borgarstjórann í Reykjavík um uppbyggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýrinni og vill núna ljúka því máli með því að ákveða endanlega staðsetningu miðstöðvarinnar svo hægt verði að hefjast handa. Ekkert svar, því málið er í nefnd. Framtíðarstaðsetning samgöngumiðstöðvar er mál sem borgarstjórinn í Reykjavík virðist hafa sett á ís vegna þess að hún er í kosningabaráttu þar sem hennar flokkur getur ekki tekið afstöðu til framtíðar innanlandsflugsins. Reyndar er flokksbróðir samgönguráðherrans, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, ekki alveg viss hvernig hann vill leysa framtíð innanlandsflugsins heldur, þannig að lausnina á staðsetningu samgöngumiðstöðvar er alveg örugglega ekki að finna hjá Samfylkingunni og Sjálfstæðisflokknum.

Framsóknarflokkurinn í Reykjavík hefur sett fram skýra stefnu sem tekur mið af hagsmunum ólíkra sjónarmiða og finnur sameiginlega lausn. Flugvöllur á Lönguskerjum er þjóðarsátt í þessu erfiða deilumáli. Þessi þjóðarsátt er tillaga okkar framsóknarmanna og staðsetning á samgöngumiðstöð í höfuðborginni þarf að taka mið af henni. Hversu mótsagnakennt sem það kann að virðast að þá verður Sturla sennilega að bíða eftir því að Framsóknarflokkurinn verði í aðstöðu til að úthluta honum lóð undir samgöngumiðstöð því félagar hans í Sjálfstæðisflokknum geta ekki tekið ákvörðun í málinu. Ekki frekar en Samfylkingin.

*Höfundur skipar 2. sæti B-listans í Reykjavík.*

# Snjöll lausn orðin að pólitísku bitbeini?

UMRÆÐAN
SKIPULAGSMÁL Á AKUREYRI



RAGNAR SVERRISSON
KAUPMAÐUR

*Það kom mér því eins og köld vatnsgusa þegar vinur minn Ásgeir Magnússon tilkynnti fyrir hönd Samfylkingarinnar að best væri að halda áfram að skoða allar hugmyndir um breytingar á miðbænum, rétt eins og menn hefðu ekkert verið að leiða hugann að því undanfarið.*

Síðasta vetur átti ég málefnalega fundi með Samfylkingarfólki um Akureyri í öndvegi og verðlaunatillöguna sem lögð er til grundvallar við endurskipulagningu miðbæjarins. Ekki var annað að skilja á því góða fólki en þeim þætti allt þetta mál mjög álitlegt og sú lausn sem felst í verðlaunatillögunni – að grafa bátaskurð upp að Skátagili – uppfylli þau markmið íbúaþings að mynda þarna „skjól og sól“.

Ég er líka algjörlega sammála dómnefnd arkitektasamkeppninnar um að verðlaunatillagan sé vel til þess fallin að ná þessu markmiði og tryggir að byggingar þróist meira til austurs og vesturs á svæðinu. Það verður til þess að skjól myndast gagnvart ríkjandi vindáttum auk þess sem skurðurinn og bakkarnir í kringum hann tryggja að sólar nýtur mun meira í miðbænum en annars væri. Við það bætist að sportbátar og skútur leggja þar við festar og auðga svæðið viðbótarlífi eins og margir hafa séð í útlöndum og hrifist að. Um þá möguleika sem við þetta myndast væri hægt að hafa mörg orð enda eru flestir sem hafa kynnt sér málið af alvöru sammála um að með þessari lausn hafi nýir möguleikar skapast til þess að gera miðbæinn að lifandi, skjólgóðu og aðlaðandi umhverfi sem íbúar og gestir leita til.

**Eitthvað annað?**

Það kom mér því eins og köld vatnsgusa þegar vinur minn Ásgeir Magnússon tilkynnti fyrir hönd Samfylkingarinnar að best væri að halda áfram að skoða allar hugmyndir um breytingar á miðbænum, rétt eins og menn hefðu ekkert verið að leiða hugann að því undanfarið. Þegar því er svo bætt við að best sé að hverfa frá þeirri lausn sem verðlaunatillagan býður upp á og þar á meðal þeim möguleikum sem skurðurinn veitir, get ég ekki betur séð en að flokkurinn ætli sér að setja allt þetta mál í uppnám og gera svo bara eitthvað. Með þessu er flokkurinn að gefa öllu því ágæta starfi sem unnið hefur verið í þessu máli langt nef. Allt frá íbúaþinginu og til meðferðarinnar innan bæjarkerfisins.

Þegar þeir segja að „Samfylkingin vilji skoða allar hugmyndir um breytingar sem tryggja lifandi og spennandi miðbæ“ þá spyr ég nú bara: Hvar hafið þið eiginlega verið? Hefur umræðan og ákvarðanaferlið sem unnið hefur verið eftir farið algjörlega fram hjá þessu ágæta fólki? Veit það ekkert hvað hefur verið að gerast? – eða er verið að nota allt þetta mál til að skapa sér pólitískt svigrúm til að ná sér í prik fyrir kosningarnar? Svei því.

**Fráleitar kostnaðartölur**

Þó tekur alveg út yfir allt þegar Ásgeir heldur því blákalt fram að gerð skurðarins upp að Skipagötu (fyrri áfangi) muni kosta milli 700 til 1000 milljónir króna og segir að betra sé að nota það fé til „þarfari þjónustu við bæjarbúa“. Þessar tölur eru auðvitað bara bull og vitna ég þá í mjög vandaða kostnaðarúttekt um gerð skurðarins, sem unnin var af sérfræðingum Siglingastofnunar. Þeir komast að þeirri niðurstöðu að kostnaður gæti numið allt að 250 milljónum króna og er þá verið að tala um skurðinn í fullri lengd – upp að Hafnarstræti – en ekki upp að Skipagötu. Við það bætist kostnaður við gerð brúar, sem ríkið mun væntanlega taka þátt í, og ýmis frágangur svo þeir sem vilja byggja á þessum stað geti hafist handa, auk niðurrifs bygginga þegar að því kemur að fara alla leið upp að Hafnarstræti. En að kostnaður bæjarins verði allt að einum milljarði króna við að gera skurðinn upp að Skipagötu er gjörsamlega út í bláinn. Raunar spyr ég mig að því hverju svona málflutningur á að þjóna.

**Jákvæð viðbrögð fjárfesta**

Þegar þess er svo gætt að fjárfestar hafa sýnt mikinn áhuga á að byggja í kringum skurðinn og hefja þar öfluga starfsemi, eru þeir auðvitað um leið að lýsa yfir því að skipulagið í samræmi við verðlaunatillöguna sé mjög áhugavert. Þeir eru þess vegna tilbúnir að leggja fram mikla fjármuni til að taka þátt í uppbyggingu á þeim grunni en ekki einhverjum allt öðrum. Hins vegar veit enginn hvort þeir hafa áhuga á að bíða eftir niðurstöðum Samfylkingarmanna um annað skipulag þar sem kostum verðlaunatillögunnar hefur verið kastað fyrir róða.

Þess vegna er það furðulega innlegg Samfylkingarinnar í þetta mál nú nokkrum mínútum fyrir kosningar hið versta mál. Vonandi verður þetta rugl ekki til að raska þeim áformum sem mótaðar voru á íbúaþingi og fengu líf með þeirri snjöllu lausn sem felst í verðlaunatillögunni. Þetta mikilvæga málefni má ekki verða söluvara í dægurþrasi pólitískrar umræðu og skammtímasjónarmiða. Til þess er það allt of mikilvægt fyrir þróun bæjarins.

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele
30%
AFSLÁTTUR
Íslenskt stjórnborð
TILBOÐSVERÐ
kr. 114.800
Listaverð kr. 164.000

Verðlaunavél

Test, blað þýsku neytendasamtakanna gaf nýju Miele W2241WTS þvottavélinni hæstu einkunn sem þvottavél fékk árið 2005.

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele þvottavélar í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

allt heimili
Alla fimmtudaga

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.433 **- 2,54%** **Fjöldi viðskipta:** 680 **Velta:** 6.638 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | 0,20% | **KB banki** | 4,47% |
| | | **FL Group** | 4,12% |
| | | **Landsbanki** | 3,18% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 59,70 -1,32% ... Alfesca 3,88 -0,51%... Atorka 5,85 -2,50% ... Bakkavör 49,20 +0,20% ... Dagsbrún 5,48 -2,84% ... FL Group 18,60 -4,12% ... Flaga 3,72 -1,33% ... Glitnir 17,00 +0,00% ... KB banki 726,00 -4,47% ... Kögun 74,00 -0,67% ... Landsbankinn 21,30 -3,18% ... Marel 72,20 -0,96% ... Mosaic Fashions 17,90 -0,56% ... Straumur-Burðarás 16,70 -1,18% ... Össur 106,50 -2,74%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Mikilvægt að opna umræðuna

Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, vitnaði í ræðu sinni á frídegi verkalýðsins á mánudag, til erindis Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra Kaupþings banka, sem hann hélt á ráðstefnu Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) í síðustu viku. Hreiðar velti því m.a. upp hvort verðtrygging lána væri orsakavaldur óstöðugleikans hér á landi og ýjaði að því hvort tímabært væri að afnema hana.

Kristján sagði verðtrygginguna einu tryggingu fólks fyrir raunávöxtun lífeyris síns. Allt tal um afnám verðtryggingarinnar væri árás á launafólk og þjónaði slíkt aðeins hagsmunum bankanna.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja (SBV), segir í Markaðnum í dag að erindi Hreiðars Más um verðtrygginguna sé mikilvægt innlegg í umræðuna um kosti og galla hennar. Hins vegar segir hann brenna við að menn misskilji hana og telji að hún geti verið afnumin á einni nóttu.

Guðjón segir verðtrygginguna ekki lögboðna skyldu heldur heimild aðila á fjármálamarkaði til að verðtryggja lán sem eru til lengri tíma en fimm ára.



**KRISTJÁN GUNNARSSON** Kristján sagði í ræðu sinni 1. maí að afnám verðtryggingarinnar væri árás á launafólk.

Verðtryggingunni verði ekki kastað fyrir róða í einu vetfangi, eins og stundum virðist mega skilja á þeim sem mælt hafi gegn henni. Verði evra tekin upp sem gjaldmiðill hér á landi í stað krónunnar í framtíðinni þá verði farið úr verðtryggðum lánum í óverðtryggð lán sama dag og upptaka evrunnar á sér stað. Umræðan um verðtryggð lán og óverðtryggð eigi sér því stað svo lengi sem krónan er gjaldmiðill hér á landi, að hans sögn.

Sjá einnig Markaðinn / - jab

## Evra styrkist gagnvart dal

Evran styrktist gagnvart bandaríkjadal eftir að framleiðslutölur á evrusvæðinu fyrir síðasta mánuð sýndu mestan vöxt í fimm ár.

Evran hefur styrkst um tæp sjö prósent gagnvart dal frá áramótum vegna væntinga um að Evrópski seðlabankinn muni halda áfram að hækka vexti á meðan ýmislegt bendi til þess að tveggja ára vaxtahækkunarferli sé lokið í Bandaríkjunum.

Ein evra kostaði yfir 1,26 bandaríkjadal á mörkuðum í gær.

**- eþa**

## Apple semur um tónlistina

Tölvufyrirtækið Apple Computers hefur endurnýjað samninga við fjóra stærstu plötuframleiðendur í heimi um að selja á föstu verði tónlist á netinu.



**STEVE JOBS** Forstjóri Apple með mp3-spilara.

Á fréttavef Breska ríkisútvarpsins (BBC) er frá því greint að samningurinn sé við fyrirtækin Universal, Warner Music, EMI og Sony BMG, en hann gerir Apple kleift að selja í iTunes nettónlistarversluninni hvert lag á 79 pens í Bretlandi, eða 99 sent í Bandaríkjunum. Verðið jafngildir um 100 krónum fyrir hvert lag.

Plötufyrirtækin hafa viljað innheimta hærra verð fyrir nýja tónlist, en Steve Jobs, forstjóri Apple, hefur sakað þau um græðgi og nú fengið sínu framgengt um sama verð fyrir öll lög.

**- óká**



**Flotinn endurnýjaður** Eimskip hefur skrifað undir samning um smíði á tveimur nýjum frystiskipum.

## Samið um frystiskipasmíð

Eimskip hefur skrifað undir samning um smíði á tveimur frystiskipum fyrir 260 milljónir norskra króna sem jafngildir 3.120 milljónum íslenskra króna. Eiga nýju skipin að leysa eldri skip félagsins af hólmi. Í fréttatilkynningu frá félaginu segir að með nýjum frystiskipaflota geti Eimskip boðið upp á enn fjölbreyttari flutninga á borð við hitastýrða flutninga á kjöti, grænmeti, ávöxtum og fleiri vörum á alþjóðavísu.

Frystiskiptin verða byggð af Myklebust Verft AS í Noregi og verða þau afhent í júlí og nóvember árið 2007. Skipin verða í eigu Eimskips og í rekstri hjá dótturfélagi þess, Eimskip-CTG.




Undirliggjandi sjóður KB Sparifjár er Skammtímasjóður KB banka. Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með fjárfestingum í blönduðu safni verðbréfa. Skammtímasjóður telst vera næst áhættuminnsti sjóður KB banka. Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti útboðslýsingar sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbsjodir.is.

**GOLDA MEIR (1898-1978) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Þeir sem ekki kunna að gráta með öllu hjartanu kunna ekki heldur að hlæja.“*

***Golda Meir hafði bæði ástæðu til að gráta og brosa á ferli sínum sem forsætisráðherra Ísraels.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 3. MAÍ 1986

## *Júróvisjónæðið heltekur landann*

Íslenska þjóðin sat með öndina í hálsinum fyrir framan sjónvarpsskjái sína þann 3. maí árið 1986. Fæstir efuðust um að fyrsta framlag Íslendinga í söngkeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Gleðibankinn, myndi bera sigur úr býtum í keppninni. Gífurlegur áhugi var á Júróvisjón-keppninni hér heima og sást varla hræða á ferli meðan á henni stóð. Víða voru haldin samkvæmi til að fylgjast með sigurgöngu Gleðibankans.
Forkeppnin var haldin í sjónvarpinu og hafði lag Magnúsar Eiríkssonar sigur úr býtum en hann hafði þá um skeið verið einn vinsælasti dægurlagahöfundur landsins. Allt var gert til að búa lagið sem glæsilegast. Þrír vinsælir söngvarar fluttu lagið. Þau Helga Möller, Pálmi Gunnarsson og Eiríkur Hauksson og kölluðu sig Icy af því tilefni.
Vonbrigði íslensku þjóðarinnar urðu því gífurleg þegar lagið lenti í 16. sæti. Landsmenn voru þó fljótir að ná sér og áfallið virðist ekki hafa haft áhrif á óbilandi trú Íslendinga um að sigur í Júróvisjón sé rétt handan við hornið.



ICY TRÍÓIÐ SEM FLUTTI GLEÐIBANKANN

## MERKISATBURÐIR

**1943** Fjórtán bandarískir hermenn farast er flugvél af gerðinni Boeing 24 brotlendir á Fagradalsfjalli á Reykjanesi. Meðal þeirra er yfirmaður alls herafla Bandaríkjanna í Evrópu.

**1968** Fyrsta hjartaígræðslan í Bretlandi er framkvæmd. Hjartaþeginn dó 46 dögum síðar.

**1970** Álver Íslenska álfélagsins hf. í Straumsvík er formlega tekið í notkun, en framleiðsla hófst árið áður.

**1974** Menntamálaráðuneytið birtir auglýsingu um greinamerkjasetningu, þar sem kommum er fækkað, og aðra um stafsetningu.

**1990** Lettar ákveða að lýsa yfir sjálfstæði.

**EINAR BENEDIKTSSON:** 75 ÁRA STJÓRNARFORMAÐUR UNICEF Á ÍSLANDI

# Fékk bakkelsi í afmælisgjöf

Einar Benediktsson sendiherra hefur komið víða við á lífsleiðinni. Hann ferðaðist um heimsins höf sem sendiherra Íslands og sinnti síðan ýmsum öðrum störfum þangað til hann tók við stjórnarformennsku landsnefndar UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, á Íslandi fyrir þremur árum. Lítið var þó um fyrirfólk á 75 ára afmæli Einars sem hann hélt upp á um helgina í góðra vina hópi þar sem nóg var af rjómapönnukökum.

„Við héldum eiginlega upp á annan í afmæli á mánudaginn því allt góðgætið var ekki búið. Ég bannaði allar afmælisgjafir en við komumst nú að þeirri málamiðlun að ef fólk vildi leggja til bakkelsi væri það vel þegið,“ segir Einar. Veislan var að hans sögn afburðavel heppnuð en öll nánasta fjölskylda og vinafólk Einars var þar saman komin ef frá eru talin þrjú börn hans sem búa í útlöndum. „Þetta var mjög góð stund og þýðingarmikil fyrir mig. Maður finnur að einlæg bönd vináttu og tengsla hafa vaxandi gildi eftir því sem árin líða.“



**EINAR BENEDIKTSSON STJÓRNARFORMAÐUR UNICEF Á ÍSLANDI** Þrátt fyrir árin 75 heldur Einar ótrauður áfram í starfi UNICEF. Hann óttast þó ekki að sitja auðum höndum þegar starfsævinni lýkur enda sé alltaf hægt að fylgjast vel með því sem barnabörnin hafa áhuga á. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Mörgum kemur kannski á óvart að æviárin séu orðin 75 hjá Einari enda heldur hann ótrauður áfram í starfi. Hann segist vera heppinn að vera við góða heilsu og hafa enn mikið vinnuþrek. Hann nefnir þar að auki eitt atriði öðrum fremur sem hefur haft mikil áhrif á þá staðreynd að honum hafi tekist að halda sér í sambandi við umheiminn. „Ég þurfti að venjast því tiltölulega fljótlega að vinna með tölvu og það gerir alla hluti auðveldari fyrir mig. Bæði eru það öll samskiptin með tölvupósti og svo kíki ég á erlend dagblöð í tölvunni og nota leitarvélar eins og Google til að finna það sem ég hef áhuga á.“

Einar hefur starfað sem stjórnarformaður UNICEF á Íslandi frá því að félagið var stofnað og segist frá upphafi hafa haft áhuga á því að taka þátt í verkefninu. „Ég hef vegna starfs míns haft mikinn áhuga á þróunaraðstoð og þátttöku Íslendinga í því að rétta hjálparhönd til þess mikla fjölda fólks sem býr við bág kjör og er hægt að hjálpa. Ekki skemmir fyrir að á skrifstofu UNICEF starfar mikið ágætisfólk, vel menntað og duglegt sem er gott að vinna með.“

Starf UNICEF á Íslandi hefur farið vel af stað og segir Einar að mikill hljómgrunnur sé fyrir því að gera félagið að virku afli í því að hjálpa börnum. „Við fengum mikla aðstoð frá fyrirtækjum til að koma af stað fyrsta verkefninu okkar í Gíneu-Bissá þar sem við einbeitum okkur að menntun stúlkna og uppbyggingu á heilsugæslu og fræðslustörfum. Þetta er mjög þýðingarmikið mál fyrir okkur og stórkostlegt fyrir okkur að geta hjálpað fólki í þessu litla landi. Við erum einnig að byrja með annað slíkt verkefni í Síerra Leóne og á morgun kynnum við bólusetningarverkefni sem við erum að fara af stað með í Nígeríu.“ Af öllum verkefnum UNICEF á Íslandi hefur líklega borið mest á heimsforeldrisverkefninu sem er nú stutt af 6.300 einstaklingum. „Á árlegum aðalfundi landsnefnda UNICEF fengum við viðurkenningu fyrir að hafa staðið okkur mjög vel og ver tiltekið hve mikla athygli það hafi vakið hversu margir heimsforeldrar eru á Íslandi.“

Einar segist enn eiga ýmislegt eftir í starfi sínu hjá UNICEF þótt hann sé nú farinn að líta til endaloka starfsævinnar. „Ég held að það sé mjög við hæfi að líta á þetta sem merkilegan lokaáfanga á því sem ég hef fengið að fást við í utanríkisþjónustunni.“ Aðspurður segist hann ekki óttast að sitja auðum höndum eftir að hann lætur af störfum hjá UNICEF. „Maður getur haft mikið að gera þótt maður sé ekki í einhverjum stöðugangi úti um allar trissur. Það er hægt að reyna að fylgjast vel með því sem barnabörnin hafa áhuga á og ég er til dæmis sæmilega vel lesinn í Harry Potter og Hringadróttinssögu.“



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðríður Björnsdóttir**
Mýrarvegi 115, Akureyri,

sem lést 21. apríl, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 5. maí kl. 13.30.

**Jónas Kristjánsson**
**Arnfríður Jónasdóttir** **Vilhjálmur Hallgrímsson**
**Kristján Jónasson** **Sigríður Rut Pálsdóttir**
**Ester Jónasdóttir** **Þórður Ármannsson**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Jóhanna Guðbjörg Jóhannsdóttir**

lést laugardaginn 22. apríl á Landspítalanum. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 4. maí, klukkan 13.00.

**Jórunn Lilja Andrésdóttir**
**Magnús Ingi Sigmundsson**
**Jocelyn Barro Jarocan**
**Eva María Magnúsdóttir**
**Jóhanna Agnes Magnúsdóttir**
**Snædís Margrét Magnúsdóttir**



†

*Ástkær og yndislegur sonur okkar, bróðir, mágur, barnabarn og frændi.*

**Svanberg Ingi Ragnarsson**
Skólavegi 9, Keflavík.

Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju í dag kl. 14.00.

**Sigrún Ögmundsdóttir** **Ragnar Ólafur Sigurðsson**
**Erla Ragnarsdóttir** **Gunnar Daníel Sveinbjörnsson**
**Þóra Lilja Ragnarsdóttir**
**Sigurður Bjarni Gunnarsson**
**Kristín Erla Valdimarsdóttir** **Ögmundur Pétursson**
**Þóra T. Ragnarsdóttir**
**Karen Sigurðardóttir** **Svanberg Ingi Ragnarsson**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Elísabet Benediktsdóttir**
frá Erpsstöðum í Dalasýslu, Álfheimum 36, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 21. apríl á Landspítalanum í Fossvogi, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju í dag, miðvikudaginn 3. maí, kl. 15.00.

**Anna Margrét Albertsdóttir** **Hildiþór Kr. Ólafsson**
**Guðrún Albertsdóttir** **Páll Björnsson**
**Svanhildur Albertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Dagur Hannesson**
járnsmiður,

lést sunnudaginn 3. apríl.

**Sigurður Dagsson** **Ragnheiður Lárusdóttir**
**Bjarki Sigurðsson**
**Dagur Sigurðsson** **Ingibjörg Pálmadóttir**
**Lárus Sigurðsson** **Heba Brandsdóttir**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

## ANDLÁT

**Alda Steina Tómasdóttir Andersen** andaðist á heimili sínu á Lollandi, Danmörku, sunnudaginn 28. apríl.

**Björn Berndsen** málarameistari, Leirubakka 18, Reykjavík, lést að kvöldi laugardagsins 29. apríl.

**Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir**, Kleppsvegi 24, andaðist á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ miðvikudaginn 26. apríl.

**Jón S. Alexandersson**, Aðalstræti 9, lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 1. maí.

**Margrét Hermannsdóttir** frá Bíldudal er látin. Útför fór fram í kyrrþey.

**Rúnar Jón Ólafsson**, Vogatungu 105, Kópavogi, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 27. apríl.

## JARÐARFARIR

13.00 **Haukur Eggertsson** útvarpsvirkjameistari og fyrrverandi forstjóri Plastprents hf., Barmahlíð 54, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

13.00 **Helga Jónsdóttir**, Hrafnistu, áður til heimilis í Grundargerði 2, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Sigríður Arnfinnsdóttir**, Hraunbæ 170, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju.

14.00 **Svanberg Ingi Ragnarsson**, Skólavegi 9, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

15.00 **Elín Guðmundsdóttir**, áður til heimilis í Mávahlíð 1, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

15.00 **Elísabet Benediktsdóttir** frá Erpsstöðum, Dalasýslu, Álfheimum 36, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

15.00 **Herdís K. Karlsdóttir**, fyrrverandi leikskólastjóri, Frostafold 14, Reykjavík, verður jarðsungin frá Áskirkju við Vesturbrún.

15.00 **Jóhannes Helgi Jónsson**, Hvassaleiti 56, áður Álftamýri 30, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

# KALDIR DAGAR

## TROÐFULL BÚÐ AF KÆLI- OG FRYSTITÆKJUM MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI



*Nokkur verðdæmi*

**VESTFROST** SZ399 400 lítra FRYSTIKISTA
Verð áður kr. 52.995 **Verð nú kr. 44.995**

**Whirlpool** ARC5531 168sm KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI
Verð áður kr. 69.995 **Verð nú kr. 49.995**

**GeneralFrost** C290 145sm KÆLISKÁPUR
Verð áður kr. 37.995 **Verð nú kr. 29.995**



**BEKO** FSE27320 173sm FRYSTISKÁPUR
Verð áður kr. 54.995 **Verð nú kr. 39.995**

**INDESIT** BAAN13PX 187sm KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI
Verð áður kr. 79.995 **Verð nú kr. 59.995** *KÁMFRÍTT STÁL*

**GeneralFrost** R130 85sm KÆLISKÁPUR MEÐ FRYSTI
Verð áður kr. 29.995 **Verð nú kr. 19.995**









**YFIR 100 MISMUNANDI GERÐIR Á TILBOÐI**

**TAKMARKAÐ MAGN**

**FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR**

**Heimilistæki**
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR




PAMELA BYRJAR Í KVÖLD!

Skyler Dayton hefur fengið nóg af eilífum partíum og lélegu vali á karlmönnum og er staðráðin í því að breyta lífsstíl sínum. Þegar hún álpast inn í litla bókabúð sem rekin er af fjölskyldu einni fær hún óvænt atvinnutilboð. Hún ákveður að þiggja starfið og er því komin í allt öðruvísi aðstæður en hún var vön.

FYLGSTU MEÐ! SIRKUS TV


## STUÐ MILLI STRÍÐIÐ Gervigreindin tekur yfir mannkynið

**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON** VELTIR FYRIR SÉR MÖGULEIKUM GERVIGREINDAR



Ég hef fylgst spenntur með umræðunni um gervigreind sem nú á sér stað í þjóðfélaginuogflestöllum fjölmiðlum landsins. Ástæðan er ráðstefna sem fer fram á vegum HR um gervigreind þar sem kynntar hafa verið ýmsar nýjungar á því sviði. Helstu sérfræðingar okkar um gervigreind tala um að almennt séð sé þróun á gervigreind algjörlega á frumstigi og þróunin eigi eftir að verða hröð næstu árin.

Ég eins og örugglega margir aðrir set smá spurningarmerki við þessa þróun. Ég meina hefur fólk ekki séð myndir á borð við The Matrix, Terminator, Stealth og I, Robot? Er hægt að forrita í einhverjar sálarlausar vélar mannlegar tilfinningar, láta þær skilja rétt frá röngu? Eða erum við kannski að láta fáránlegar Hollywood-myndir blekkja sýn okkar á framtíðina? Þekkjum við mannfólkið eitthvað betur muninn á réttu og röngu?

Við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér en engin lög segja til um að við megum ekki ímynda okkur. Prufum samt að spóla til baka og sjá hvernig kvikmyndagerðarmenn fortíðarinnar sáu framtíðina fyrir sér.

Með réttu má nefnilega fullyrða að kvikmyndagerðarmenn séu áhrifamestu ímyndunarsmiðir samtímans.

Hefur eitthvað ræst af því sem kom fram í 2001: A Space Odyssey, 1984 eða Death Race 2000? Jú, kannski eitthvað en flestir hlæja þó að samanburðinum. Escape from New York á að gerast árið 1998 og hin ægilega hallærislega (en góða) Blade Runner á að gerast árið 2019. Er sá raunveruleiki sem blasir við okkur í Blade Runner eitthvað sem við sjáum fyrir okkur eftir aðeins þrettán ár? Neeee, ég hugsa ekki. Þess vegna held ég að viðhorf mitt til gervigreindar sé byggt að einhverju leyti á hræðslu, fordómum og hugmyndaflugi einstakra kvikmyndagerðarmanna. Ég ætla þess vegna að bíða með að slá varnaglann við þessu strax. ■

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# STÓRSIGUR SIRKUS!




Uppsafnað áhorf á Sirkus TV eykst um tæp 30% samkvæmt nýrri fjölmiðlakönnun Gallup! Þetta er stórsigur fyrir Sirkus sem þakkar frábærar viðtökur.

## VINSÆLAST Á SIRKUS!


AMERICAN IDOL


FRIENDS


X-FILES


TIVOLI


BAK VIÐ BÖNDIN


SUPERNATURAL

Þann 15. apríl síðastliðinn fór Sirkus TV inn á Breiðbandið og ADSL kerfi Símans. Könnunin sem Gallup kynnti í dag var gerð áður en dreifisvæði Sirkus TV stækkaði til muna og því má fullyrða að hún sýni mun minna áhorf en raunin er í dag. Viljum við nota tækifærið og bjóða nýja áhorfendur velkomna í Sirkus fjölskylduna.

www.minnsirkus.is

SIRKUS TV

**!**

**Kl. 17.00**
*Verkefnisstjórnun í íslenskum leikhúsum, meistaranemar í verkfræði kynna rannsóknarverkefni á sviði verkefnisstjórnar í VR II, Hjarðarhaga 6. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Múlinn fagnar vorinu

Jazzklúbburinn Múlinn stendur fyrir tónleikum í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld þar sem Kvartett Kjartans Valdemarssonar treður upp og leikur lög úr amerísku söngbókinni ásamt nokkrum frumsömdum lögum sem vafalítið verða sígild á komandi árum. Kvartettinn skipa auk Kjartans sem leikur á píanó, þeir Jóel Pálsson saxófónleikari, Gunnar Hrafnsson kontrabassaleikari og Pétur Pálsson trommuleikari.

Klúbburinn hefur staðið fyrir reglulegum tónleikum í kjallaranum og auk tónleikanna í kvöld verða haldnir tveir tónleikar í maímánuði en í næstu viku kemur gítartríóið fram, skipað þeim Ásgeiri Ásgeirssyni, Eðvarð Lárussyni og Jóni Páli Bjarnasyni. Lokatónleikar vordagskrárinnar verða síðan 17. maí þegar Kristjana Stefánsdóttir söngkona heldur tónleika ásamt Agnari Má Magnússyni, Ólafi Stolzenwald, Scott McLemore, Sigurði Flosasyni og Árna Scheving.

Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 21.00.



**JÓEL PÁLSSON SAXÓFÓNLEIKARI** Amerísk djassklassík og íslenskar nýsmíðar í bland. FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

### > Ekki missa af...



Hláturtíð í Borgarleikhúsinu, óborganlegt grín og skens út mánuðinn. Fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna, sérlegur verndari hátíðarinnar er Flosi Ólafsson.

Tónleikum Fjölmenntar í Salnum á fimmtudagskvöldið. Hljómsveitirnar Plútó og Hraðakstur bannaður, Hrynsveitin og Munnhörpuhljómsveit íslenska lýðveldisins ásamt fleiri góðum. Tónleikarnir eru hluti af listahátíðinni List án landamæra.

Sýningu Frú Emilíu á Hundrað ára húsi eftir Jón Atla Jónasson. Sýnt er í tjaldi í útivistarparadísinni Nauthólsvík.


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ** Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
Fim. 4/5, fös. 5/5 nokkur sæti laus, lau. 6/5 nokkur sæti laus, fös. 12/5 örfá sæti laus, lau. 13/5. **Síðustu sýningar.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
**Aukasýningar fös. 5/5 uppselt, lau. 6/5** nokkur sæti laus, **sun. 7/5**. **Aðeins þessar 3 sýningar eftir.**

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Fös. 5/5 **uppselt**, lau. 6/5 **uppselt**, sun. 7/5 **uppselt**, lau. 13/5 **uppselt**. **Ósóttar pantanir seldar daglega. Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

LITLA SVIÐIÐ
NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR
**Frumsýning fim. 4/5 kl. 18:00 uppselt** og **kl. 20:00 uppselt**, fös. 5/5 kl. 15:00 **uppselt**, lau. 6/5 kl. 13:00 og kl. 15:00, sun. 7/5 kl. 13:00 og 15:00.
**Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Jassklúbburinn Múlinn - Kvintett Jóels Pálssonar.** Í kvöld mið. 3/5 kl. 21:00
**Leiklistarsamband Íslands/Fræðsludeild Þjóðleikhússins:**
**Hvað kemur okkur þetta við?** Lau. 6/5 kl. 15:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.




**SAMKÓR KÓPAVOGS** Fagnar 40 ára starfsafmæli í haust.

## Vortónar í Digranesi

Samkór Kópavogs heldur sína árlegu vortónleika í Digraneskirkju í Kópavogi í kvöld og flytur kórinn fjölbreytta efnisskrá, þar á meðal valinkunn íslensk þjóðlög og lagasyrpu úr söngleiknum My Fair Lady.

Kórfélagarnir eru um fimmtíu talsins og hafa æft ötullega í vetur. Stjórnandi kórsins er Björn Thorarensen en einsöngvari á tónleikunum í kvöld verður Jóhann Friðgeir Valdimarsson og undirleikari Antonía Hevesi. Kórinn fagnar 40 ára starfsafmæli í haust og stefnt er að veglegum tónleikum af því tilefni. Tónleikarnir hefjast kl. 20.

- khh

## Bach og Beethoven

Júlía Mogensen sellóleikari kemur fram á tónleikum í Salnum í kvöld kl. 20. Á efnisskránni eru verk eftir Bach, Max Bruch, Beethoven og Hans Werner Henze. Gerrit Schuil leikur með á píanó. Tónleikarnir eru liður í útskriftartónleikaröð tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Júlía lærði hjá Gunnari Kvaran í Tónlistarskóla Reykjavíkur en hóf nám í LHÍ haustið 2003.

Ókeypis er á tónleikana í Salnum og eru allir velkomnir. - khh



**JÚLÍA MOGENSEN SELLÓLEIKARI** Útskrifast úr tónlistardeild LHÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ STEFÁN


LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

**LITLA HRYLLINGSBÚÐIN**
**Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar**
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - UPPSELT
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 20. MAÍ KL. 22 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 27. MAÍ KL. 22 - Aukasýning
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti

*Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.*
*Sýnd í Óperunni í maí og júní.*
*Miðasala hafin*

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN



JAKKAR ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100









BORGARLEIKHÚSIÐ

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Lau 6/5 kl. 14 UPPS. Su 7/5 kl. 14
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Su 7/5 kl. 20 UPPS.
Má 8/5 kl. 20 UPPS. Þr 9/5 kl. 20 UPPS.
Mi 10/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 22:30 AUKASÝNING
Má 5/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Forsýningar miðaverð 1.500
Fö 12/5 kl. 20 Lau 13/5 kl. 20
Má 15/5 kl. 20 Þri 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

**MIKE ATTACK**
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 7/5 KL. 14 Su 14/5 kl. 14
AÐEINS ÞESSAR SÝN. MIÐAVERÐ 1.900

**TYPPATAL**
Fö 5/5 KL. 20 Lau 13/5 kl. 20
MIÐAVERÐ 2.500

**BELGÍSKA KONGÓ**
Lau 6/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20
Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Mi 24/5 kl. 20

**HUNGUR**
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

**NAGLINN**
Fi 1/6 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**
Fö 5/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

**TENÓRINN**
Lau 6/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Lau 27/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

**HLÁTURHÁTÍÐ**
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR Í MAÍ
Fi 4/5 kl. 22:30 UPPISTAND
Þorsteinn Guðmundsson
Björk Jakobsdóttir
Steinn Ármann Magnússon
Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir
MIÐAVERÐ 1.000

Fi 11/5 kl. 22:30 PÍKUSÖGUR OG PÖRUPILTAR
Halldór Gylfason, Friðrik Friðriksson og Björgvin Franz flytja Píkusögur og Pörupiltarnir troða upp. MIÐAVERÐ 1.000

Fi 18/5 kl. 22:30 LEiKTU FYRIR MIG
Fi 25/5 kl. 22:30 BANANABIKARINN
Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ
MIÐAVERÐ 1.000

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is






VIÐTALIÐ
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur og Margréti Pétursdóttur
laugardagur 6. maí
*allra síðasta sýning*
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Allra síðasta sýning 6. maí

# Söngkabarettinn Nína og Geiri

**25.000 gestir hafa séð þessa frábæru sýningu með Björgvini Halldórssyni,** Steini Ármanni, Regínu Ósk, Friðriki Ómari, Heiðu, Bryndísi, Soffíu og hópi dansara.
Hljómsveitina skipa fremstu tónlistamenn landsins:
Þórir Baldursson, Þórir Úlfarsson, Vilhjálmur Guðjónsson, Matthías Stefánsson, Róbert Þórhallsson og Benedikt Brynleifsson.



## Le' Sing

**Ein vinsælasti kabarett seinni ára, þau eru hreint ótrúleg. Alltaf jafn fersk, alltaf jafn skemmtileg. 29. apríl uppselt, 13. maí, 20 maí og 27. maí**

Le' Sing hópurinn eru þau Bjarni „töframaður" Baldvinsson, Sigurjón Brink, Brynja Valdís Gísladóttir, Soffía Karlsdóttir, Þórunn Clausen og Pálmi Sigurhjartarson. Leikstjóri er Ingrid Jónsdóttir



## Ungfrú Ísland

**24. maí verður ungfrú Íslands valin á Broadway. Stúlkur frá öllum fjórðungum landsins keppa um titilinn.**

Glæsilegt kvöld og matseðill frá einu fremsta veisluelhúsi landsins.

Einnig í beinni útsendingu á Skjá einum.



Nánari upplýsingar í síma 533-1100 og á www.broadway.is
Miðasala opin alla virka daga til kl. 18.00 og á netinu: midasala@broadway.is

BROADWAY

fjörið … fólk
folk@frettabladid.is

## EUROVISION 2006 GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM SILVÍU OG KEPPINAUTANA

# Silvía Nótt í hópi tíu efstu í undankeppninni

Um 21 þúsund manns hafa sagt sína skoðun á því hvaða tíu lönd komast upp úr undanúrslitum Eurovision á síðunni oikotimes.com. Ísland er meðal tíu efstu. Gengið er úr skugga um að hver kjósi aðeins einu sinni með því að skoða IP tölu tölvunnar.

Löndin sem valin voru líklegust áfram eru: Armenía, Belgía, Bosnía og Hersegóvína, Finnland, Ísland, Makedónía, Pólland, Rússland, Svíþjóð og Tyrkland. Gangi þessi spá eftir sitja eftir með sárt ennið: Albanía, Andorra, Búlgaría, Eistland, Holland, Hvíta-Rússland, Írland, Kýpur, Litháen, Mónakó, Portúgal, Slóvenía og Úkraína.

Hollensku stúlkurnar í Treble, þær Caroline Hoffman, sem er þrítug og systurnar Niña sem er tvítug og Djem van Dijk, átján ára, mega því eiga von á að ferðalag þeirra um Evrópu skili sér ekki í auknum vinsældum. Þær voru á Íslandi í síðustu viku, án þess að eftir væri tekið af flestum, en Silvía Night hitti stúlkurnar þar sem þær sátu á kaffihúsinu Oliver. Sagt er að stúlkunum hafi ekkert litist á blikuna og ekki vitað hvort Silvía væri grín eða alvöru.

Við hollenska blaðið De Telegraaf, sögðu stúlkurnar: „Eftir að hafa heimsótt 28 þátttökulönd er auðvelt að sjá hvar keppnin skiptir fólk máli. Í Bretlandi og Írlandi finnst fæstum eitthvað til keppninnar koma. Hins vegar er keppnin verulega vinsæl í Tyrklandi, á Íslandi og Möltu.“ Þær minntust sem sagt ekki einu orði á stórstjörnuna Silvíu, sem hætt er að tala íslensku, enda alþjóðleg stjarna þessa stundina.

Á síðunni er sem áður sagði aðeins hægt að kjósa einu sinni og ekki sitt eigið land. Pottinum lokar 16. maí og úrslitin kynnt þann 17.


Hollensku keppendurnir á Oliver fengu ekki að vera óáreittir, því Silvía og Rómarió mættu og heilsuðu upp á þá.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

30 1 2 **3** 4 5 6

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.00 **Júlía Mogensen** sellóleikari heldur tónleika í **Salnum í Kópavogi**. Tónleikarnir eru liður í útskriftartónleikaröð **tónlistardeildar LHÍ**.

☐ 20.00 **Samkór Kópavogs** heldur árlega vortónleika sína í **Digraneskirkju**. Stjórnandi er **Björn Thorarensen**.

☐ 21.00 **Kvartett Kjartans Valdemarssonar** spilar á vegum **Jazzklúbbsins Múlans** í **Þjóðleikhúskjallaranum**. Lög úr amerísku söngbókinni ásamt frumsömdum framtíðarstandördum.

☐ 21.30 Hljómsveitin **The Diversion Sessions** heldur tónleika á **Kaffi Hljómalind** við **Laugaveg**. Ókeypis aðgangur og ekkert aldurstakmark.

### FYRIRLESTRAR

☐ 17.00 Verkefnisstjórnun í íslenskum leikhúsum, meistaranemar í verkfræði kynna rannsóknarverkefni á sviði verkefnisstjórnar í **VR II**, **Hjarðarhaga 6**. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

### SAMKOMUR

☐ 20.00 Afmælishátíð verður haldin til minningar um **Indriða G. Þorsteinsson** rithöfund í hátíðarsal **Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki**. **Héraðsskjalasafn Skagafjarðar** og **Edda útgáfa** standa að dagskránni.

### NÁMSKEIÐ

☐ 17.30 **Ásta Valdimarsdóttir** hláturjógakennari verður með opinn hláturjógatíma í húsakynnum **Manns lifandi** í **Borgartúni 24.** Allir velkomnir. Aðgangseyrir 1000 kr.

## ÁRÉTTING

Af gefnu tilefni skal áréttað að fyrirsögn í frétt um tónleika Katherine Jenkins og Garðars Thórs Cortes vísaði eingönu til væntanlegs samstarfs þeirra á Bretlandseyjum.

# Afmælisveisla Fréttablaðsins í Hafnarhúsinu

Fréttablaðið fagnaði fimm ára afmæli á föstudaginn og bauð af því tilefni velunnurum og starfsmönnum til mikillar veislu í Listasafni Reykjavíkur. Síðdegis var auglýsendum og markaðsfólki boðið upp á léttar veitingar en um kvöldið mættu starfsmenn blaðsins til að gera sér glaðan dag og er óhætt að segja að þeir máluðu bæinn rauðan. Umgjörð veislunnar í Hafnarhúsinu var skemmtileg og settu lifandi gínur frá Götuleikhúsinu svip sinn á veisluna og einnig stafli með 1600 blöðum, um það bil fjöldi tölublaða frá upphafi fram á þennan dag.


**Í AFMÆLISSKAPI** Bræðurnir Sigurjón M. Egilsson, fréttaritstjóri Fréttablaðsins, og Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, og Steinunn Stefánsdóttir ritstjórnarfulltrúi á Fréttablaðinu voru ánægð með daginn.


**LIFANDI GÍNUR** Götuleikhúsið útvegaði lifandi gínur sem lásu í Fréttablaðinu meðan á veisluhöldum stóð. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN


**MARKAÐSMENN** Hafliði Helgason, ritstjóri Markaðarins, Þórlindur Kjartansson, Skarphéðinn Berg Steinarsson og Þorsteinn Pálsson ritstjóri Fréttablaðsins voru glaðir í bragði.


**MANNLÍFSMENN MÆTTIR** Feðgarnir Jón Trausti og Reynir Traustason af Mannlífi mættu ásamt ljósmyndaranum Sigurjóni Ragnari til að samgleðjast Fréttablaðinu á þessum merku tímamótum.






## Cacharel ilmirnir fagna sumrinu með þessum fallegu gjafaöskjum



**Promesse taska** með edt
50ml ilmi og 100ml húðmjólk.
**Verð kr. 4.300** (Verðmæti kr. 7.000)



**Noa taska** með edt
50ml ilmi og 50ml húðmjólk
og sturtusápu.
**Verð kr. 4.300** (Verðmæti kr. 7.050)



**Amor Amor taska** með edt
50ml ilmi og 50ml húðmjólk
og sturtusápu.
**Verð kr. 4.300** (Verðmæti kr. 6.950)



**Anais Anais taska** með edt
50ml ilmi og 50ml húðmjólk
og sturtusápu.
**Verð kr. 3.980** (Verðmæti kr. 6.650)

***Fallegar gjafir á næsta cacharel útsölustað***




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |
| PRIME | kl. 8 og 10.30 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 4, 6 og 8 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 6 |
| PRIME | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 6 og 10 |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| INSIDE MAN | kl. 8 og 10.25 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI | kl. 6 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSL. TALI | kl. 6 |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 8 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Dvelur viku ofan í vatnskúlu

Sjónhverfingamaðurinn David Blaine ætlar að dvelja í eina viku inni í kúlu fullri af vatni í New York-borg. Þvermál kúlunnar er 2,5 metrar.

Gríma og loftpípa mun halda lífinu í Blaine. Mun hann jafnframt fá mat í gegnum slöngu. „Minn eini ótti er óvissan,“ sagði hinn 33 ára Blaine áður en hann fór ofan í kúluna á mánudagsmorgun. Hundruð manna fylgdust með Blaine, sem eyddi 44 dögum í boxi yfir ánni Thames árið 2003, fara á kaf í gær.

Eftir að hann hefur lokið vikulangri dvöl sinni í kúlunni mun hann reyna að bæta heimsmetið í að halda niðri í sér andanum í kafi. Núverandi met er átta mínútur og 58 sekúndur. Meðan á tilrauninni stendur verður Blaine handjárnaður og festur við þykkar keðjur.

„Fyrir utan það að reyna að halda í mér andanum í níu mínútur þarf ég að losna úr þessum keðjum og ef ég mun ekki drukkna á fólk eftir að sjá svolítið rosalegt eiga sér stað,“ sagði Blaine.

Læknar hafa ítrekað varað Blaine við því að reyna að halda í sér andanum svo lengi og telja að hann geti aldei orðið samur eftir það.



**OFAN Í KÚLUNNI** David Blaine mun dvelja í viku ofan í kúlunni og reyna síðan að halda niðri í sér andanum í rúmar níu mínútur. MYND/AP

# Uppistand í kvöld

Uppistandskvöld verður haldið á Gauki á Stöng í kvöld. Fram koma Þórhallur Þórhallsson, Oddur Eysteinn Friðriksson og Björk Jakobsdóttir.

Heimasíðan uppistand.is er nú að halda uppistandskvöld til styrktar góðu málefni í sjöunda skiptið í samstarfi við Sláturfélag Suðurlands. Í þetta sinn mun allur ágóði renna til dagdeildar hjúkrunarheimilisins Eir.

Þórhallur, sem er sonur Ladda, hefur verið að gera það gott á opinberum vettvangi undanfarið og er gjarnan líkt við Jim Carrey í hreyfingum og látbragði. Oddur er þekktur fyrir svartan húmor og fyrir að gera grín að alls kyns fólki, þar á meðal sjálfum sér. Björk er ein af fáum kvenkyns uppistöndurum í dag og er að koma fram á vegum uppistand.is í fyrsta sinn.

Kvöldið hefst klukkan 21.30 og er aðgangseyrir 500 krónur.



**BJÖRK JAKOBSDÓTTIR** Leikkonan vinsæla verður með uppistand í kvöld ásamt Þórhalli Þórhallssyni og Oddi Eysteini Friðrikssyni.








**SJÁLFSMORÐSSTAÐUR** Golden Gate-brúin í San Francisco er vinsæl til sjálfsmorða og nú hefur verið gerð heimildarmynd sem sýnir 20 manns stökkva í dauðann af brúnni.

# Allt brjálað á Tribeca

Um helgina var umdeild heimildarmynd sýnd á kvikmyndahátíðinni Tribeca í New York. Myndin ber heitir The Bridge og sýnir hún sjálfsmorð tuttugu einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að hafa endað líf sitt með því að fleygja sér fram af Golden Gate brúnni í San Francisco. Brúin hefur verið afar vinsæl meðal fólks í sjálfsmorðshugleiðingum því allt frá því að hún var opnuð í maí 1973 hafa milli 1200-1300 manneskjur náð að hoppa fram af brúnni og í dauðann. Framleiðandi The Brigde, Eric Steel, lét kvikmyndatökulið vakta brúna í 24 tíma á sólarhring í heilt ár og afraksturinn er 20 stökk af brúnni sem eru sýnd á 93 mínútum auk viðtala við aðstandendur. Myndin hefur nú þegar vakið hörð viðbrögð fólks, sérstaklega samtaka sem vinna að því að koma í veg fyrir sjálfsmorð. Aðstandendur sem teknir eru tali í myndinni eru ekki heldur ánægðir því þeir vissu ekki að Steel hefði upptökur af sjálfsmorðunum þegar þeir veittu viðtal. Sjálfur segir Steel að heimildarmyndin sé gerð til að vekja athygli á öllum þeim sjálfsmorðum sem framin eru í heiminum, en hann segir að Golden Gate brýr finnist víða. Hægt er að sjá brot úr myndinni á www.tribecafilmfestival.org.

# Aukasýning á Sewell

Uppselt er á sýningu James Sewell Ballet í Austurbæ á föstudaginn. Miðarnir seldust skyndilega upp og því var gripið á það ráð að slá upp aukasýningu á laugardaginn með litlum fyrirvara.

„Það kom rosalegur lokakippur í miðasöluna hjá okkur þannig að það er uppselt á sýninguna á föstudaginn,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson hjá Event.is.

„Það var því ljóst að færri myndu komast að en vildu en okkur tókst að fá hópinn til þess að halda aðra sýningu þó fyrirvarinn væri eiginlega enginn.“

Aukasýningin verður laugardaginn 6. maí klukkan 20 í Austurbæ en húsið opnar 19.30.

Miðar eru seldir í verslunum Skífunnar í Reykjavík, verslunum BT á Akureyri og Selfossi og á www.event.is.



**JAMES SEWELL** Sala á miða á sýningu hans tók svo hressilegan lokakipp að engir miðar eru eftir og því var brugðið á það ráð, vegna fjölda áskorana, að bæta við sýningu á laugardaginn.





# Barkley á toppinn

Nýjasta plata Gnarls Barkley, St. Elsewhere, fór beint á topp breska breiðskífulistans í þessari viku og er smáskífan við lagið Crazy enn á toppi breska smáskífulistans.

Lagið er þegar farið að hljóma á íslenskum útvarpsstöðvum og segja sumir að hér sé einn af fyrstu sumarsmellunum í ár.

Dúettinn Gnarls Barkley skipa þeir Danger Mouse og Cee-Lo. Danger Mouse sló í gegn með plötu sinni Grey Album sem var eingöngu fáanleg á netinu. Á henni blandaði hann saman hvíta albúmi Bítlanna og svörtu plötu rapparans Jay Z með eftirminnilegum árangri. Síðan þá hefur hann m.a. tekið upp nýjustu plötu Gorillaz, Demon Days, sem fékk mjög góðar viðtökur.

Nýja platan með Gnarls Barkley kom út á Íslandi á sama tíma og í Bretlandi og hefur þegar fengið prýðileg viðbrögð.



**GNARLS BARKLEY** Dúettinn Gnarls Barkley er kominn á topp breska breiðskífulistans.

# Jon Spencer til Íslands

Jon Spencer, úr hljómsveitinni Jon Spencer Blues Explosion og Pussy Galore, kemur fram með rokkabillýbandi sínu Heavy Trash á Nasa föstudaginn 26. maí.

Með honum í hljómsveitinni er Matt Verta Ray sem var áður í Madder Rose og Speedball Baby. Á síðasta ári sendi Heavy Trash frá sér samnefnda plötu sem hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda fyrir óð til rokksins í sinni einföldustu mynd. Jon Spencer er frægur fyrir öfluga sviðsframkomu og gleyma þeir 1.000 Íslendingar sem sáu hann í kjallara Rásar 2 fyrir nokkrum árum með Blues Explosion því ekki svo glatt.

Ærslabelgirnir í dönsku hljómsveitinni Powersolo munu einnig koma fram á tónleikunum. Powersolo spilaði á síðustu Airwaves hátíð og vakti mikla lukku. Sveitin er um þessar mundir að gefa út sína þriðju plötu, Egg, en fyrsta smáskífulagið af henni, Knucklehead, var smáskífa vikunnar hjá danska ríkisútvarpinu.

Þriðja sveitin sem kemur fram þetta kvöld er hljómsveitin The Tremelo Beer Gut en þessar þrjár sveitir eru allar á mála hjá fremsta indí-plötufyrirtæki Dana, Crunchy Frog.

Miðaverð á tónleikana er 1.800 krónur auk miðagjalds. ■



**HEAVY TRASH** Hljómsveitin Heavy Trash kemur fram á Nasa föstudaginn 26. maí.

# Ný plata frá Cash

Síðustu lögin sem kántrítónlistarmaðurinn Johnny Cash tók upp fyrir dauða sinn árið 2003 verða gefin út 4. júlí.

Þá kemur út platan American V: A Hundred Highways, sem hefur m.a. að geyma Like the 309, síðasta lagið sem Cash samdi. Annað lag eftir Cash er á plötunni og nefnist I Came to Believe.

Á meðal laga sem Cash syngur eftir aðra tónlistarmenn á plötunni eru Further On (Up the Road) eftir Bruce Springsteen og If You Could Read My Mind eftir Gordon Lightfoot.

„Ég held að American V sé uppáhaldsplatan mín í American-röðinni,“ sagði upptökustjórinn Rick Rubin.

„Hún er öðruvísi en hinar plöturnar. Ég held að þetta sé ein besta platan sem Johnny gerði,“ sagði hann. ■



**JOHNNY CASH** Kántríhetjan söng inn á plötuna American V: A Hundred Highways áður en hann lést. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**KEITH RICHARDS** Rokkarinn síungi er að jafna sig eftir heilahristing.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Richards útskrifaður

Keith Richards, gítarleikari The Rolling Stones, hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi á Nýja-Sjálandi eftir að fengið höfuðmeiðsl er hann féll úr pálmatré.

Richards, sem er 62 ára, fékk vægan heilahristing eftir að hafa fallið úr trénu þegar hann var í fríi á Fiji-eyjum með vini sínum úr Stones, Ronnie Wood.

The Rolling Stones eru á tónleikaferð um heiminn undir yfirskriftinni A Bigger Bang. Í síðasta mánuði spilaði sveitin í Japan, Kína, Ástralíu og Nýja-Sjálandi en þann 27. maí hefst Evrópuför sveitarinnar í Barcelona á Spáni. ■






## Hitað upp fyrir sumarið

Í kvöld klukkan 20 verður hitað rækilega upp fyrir knattspyrnusumarið þegar Íslandsmeistarar FH og Keflavík mætast í úrslitaleik deildabikars KSÍ. Leikurinn fer fram á Stjörnuvelli í Garðabæ og minnir rækilega á að tæpar tvær vikur eru í að Íslandsmótið hefjist.

**sport**

sport@frettabladid.is

LÍNUMAÐURINN ÓGNARSTERKI SIGFÚS SIGURÐSSON: ER Á FÖRUM FRÁ ÞÝSKA LIÐINU MAGDEBURG

# *Ætla að reyna að fá sem mestan pening*



„Miðað við hvernig komið hefur verið fram við leikmenn í vetur, fyrrum þjálfara Alfreð og núverandi þjálfara hef ég engan áhuga á því að vera hér áfram," sagði Sigfús við Fréttablaðið í gær. Sigfús hefur ekki verið í náðinni undanfarið og er orðinn langþreyttur á stöðu sinni og hugsar sér því til hreyfings.

Sigfús hefur verið í viðræðum við danska félagið Tvis/Holstebro en nú er ljóst að hann er ekki á leiðinni til Danmerkur. „Ég kann ekki við það þegar klúbbar gera mér tilboð í gegnum tölvupóst, breyta þeim síðan og ljúga að mér hvað varðar skatta og fleira. Ef menn reyna þetta einu sinni þá reyna þeir þetta aftur. Ég afþakkaði því tilboð Holstebro," sagði Sigfús sem leist þó ágætlega á aðstæður hjá félaginu.

„Það eina sem ég fór fram á var að ég fengi það sem þeir buðu mér fyrst. Hefðu þeir staðið við það og verið með öll önnur mál á hreinu, þá hefði ég samið við liðið. Þeir buðu mér ákveðna upphæð, bíl og íbúð, en síðan breyttu þeir tilboðinu til muna. Þá höfðu þeir til dæmis lækkað heildarlaunin um fimmtíu prósent," sagði Sigfús sem afþakkaði tilboðið pent.

„Eftir allt þetta fúsk sagði ég hingað og ekki lengra. Ég hef ekki áhuga á því að láta einhvern forráðamann fífla mig, og reyna svo að koma sér út úr þessu. Það kemur ekki til greina," sagði Sigfús sem er orðinn mjög eftirsóttur.

Sex lið í þýsku úrvalsdeildinni hafa verið í sambandi við kappann, auk fjögurra liða á Spáni. Hann á fund með forráðamönnum Nordhorn síðar í vikunni og viðurkennir að peningar muni hafa áhrif á það hvaða lið hann velur. „Ég ætla að reyna að fá sem mestan pening þar sem það fer að styttast í annan endann á ferlinum hjá mér," sagði Sigfús Sigurðsson.

## > Dani æfir með Fylki

Danski vinstri bakvörðurinn Rasmus Olsen æfir þessa dagana með Fylki en hann kom til liðsins á sunnudaginn. Hann er samningslaus og því þyrfti Fylkir ekki að borga liði hans, Thisted FC, krónu fyrir þjónustu hans. „Ég ætla að líta á aðstæður og sjá svo til. Ég er ekki viss um hvort þetta sé eitthvað fyrir mig en það verður bara að koma í ljós. Ef ég fæ góðan samning getur vel verið að ég semji við liðið og komi svo aftur eftir sumarið og spili með Thisted í 1. deildinni," sagði hinn 24 ára gamli Olsen við staðarblaðið í Thisten í gær. Olsen spilaði æfingaleik með Fylki í gær gegn Víði í Garði en hvort samið verður við hann ætti að skýrast í vikunni.



**ÍSLANDSMEISTARAR FRAM** Ætla sér sigur í deildarbikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓMAR

Deildarbikar karla:

## Erum ekki orðnir saddir

**HANDBOLTI** Deildarbikar karla í handbolta hefst í kvöld með tveimur leikjum en rétt eins og í kvennaflokki eru það þau fjögur lið sem höfnuðu í efstu sætum DHL-deildarinnar sem taka þátt í keppninni. Íslandsmeistarar Fram taka á móti Fylki í Safamýrinni, en Fylkir hafnaði í 4. sæti deildarinnar. Þá taka Haukar á móti Valsmönnum á Ásvöllum. Það lið sem er fyrr til að vinna tvo leiki í einvígjunum vinnur sér rétt til að spila í úrslitum deildarbikarsins.

Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, sagði við Fréttablaðið í gær að hans menn væru ekki orðnir saddir þrátt fyrir að hafa tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn um síðustu helgi. „Við mætum í þessa leiki af fullum krafti og stefnum á sigur," sagði Guðmundur. **- vig**



**KOBE OG SHAQ** Ná ekki vel saman en eru þó samstiga í barneignum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Shaq og Kobe:

## Eignuðust dætur á sama tíma

**KÖRFUBOLTI** Fyrrverandi samherjarnir og erkifjendurnir, Kobe Bryant og Shaquille O´Neal, fjölguðu mannkyninu nánast á sama tíma í fyrrinótt en þá eignuðust þeir báðir dóttur. Að–eins sex mínútum munaði á fæðingunum tveim en þetta var sjötta barn Shaq en annað barn Kobe. Eins og frægt er orðið töluðust þeir kumpánar ekki við í langan tíma en ákváðu að slíðra sverðin fyrr í vetur.

Nokkrum klukkustundum fyrir fæðinguna hafði Kobe tryggt LA Lakers ótrúlegan sigur á Phoenix í fjórða leik liðanna í úrslitakeppni NBA með stórkostlegri flautukörfu í framlengingu. „Þetta var stórkostlegur endir á ótrúlegum degi í lífi mínu," sagði Kobe. **- vig**

# Arnór og Kenyon ræddu um stöðu Eiðs Smára

**Arnór Guðjohnsen, faðir og umboðsmaður Eiðs Smára Guðjohnsen, átti fund með Peter Kenyon, stjórnarformanni Chelsea, í gærmorgun þar sem staða Eiðs hjá félaginu var rædd. Góður fundur, segir talsmaður Eiðs Smára á Íslandi.**

**FÓTBOLTI** Staða Eiðs Smára Guðjohnsen hjá Englandsmeisturum Chelsea var helsta umræðuefnið á fundi Arnórs Guðjohnsen, föður og umboðsmanns Eiðs Smára, og Peter Kenyon, stjórnarformanni Chelsea, sem fram fór í London í gær. Að sögn Eggerts Skúlasonar, fjölmiðlafulltrúa þeirra feðga hér á landi, var fundurinn mjög góður þó svo að engin niðurstaða hefði fengist um hvort framtíð Eiðs lægi hjá Chelsea eða annars staðar.

Hvorki Eiður né knattspyrnustjórinn Jose Mourinho voru viðstaddir fundinn þar sem þeir voru í miðjum undirbúningi fyrir leikinn gegn Blackburn sem fram fór í gærkvöldi.

„Það eina sem var ákveðið var að halda áfram að ræða saman á næstu vikum. Það er fjarri því að Eiður sé eini leikmaðurinn hjá liðinu sem er að kanna og meta sína stöðu og það er því mikið um fundahöld hjá þessum mönnum," sagði Eggert en staðfesti að á fundinum hefði verið blásið á allar sögusagnir þess efnis að Eiði og Mourinho hefði lent saman.

Eiður á enn tvö ár eftir af samningi sínum við Englandsmeistarana og segir Eggert að það geti vel farið svo að hann klári þann samning. „Það getur verið að hann verði lykilmaður hjá Chelsea á næsta tímabili og það getur líka verið að hann fari frá liðinu."

Spurður um hvort einhver önnur félög hafi spurst fyrir um



**EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN** Gæti verið á leið frá Chelsea í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Eið sagði Eggert: „Það hefur verið þannig síðan Eiður var hjá Bolton en það er ekkert öruggt eða ákveðið í þeim efnum."

Eiður hefur verið orðaður við ýmis lið í enskum fjölmiðlum á undanförnum dögum og í gær sagði blaðið Independent frá því að Eiður væri einn af þremur leikmönnum sem væru líklega á förum frá Chelsea í sumar. Er hann sagður undir smásjánni hjá Tottenham og að svo gæti farið að Chelsea myndi bjóða Eið sem hluta af



**ARNÓR GUÐJOHNSEN**



**PETER KENYON**

kaupverðinu á sóknarmanninum Jermain Defoe. Þá eru Manchester United og Arsenal einnig sögð vera með Íslendinginn undir smásjánni.

Stuðningsmenn Chelsea tjá sig mikið um hugsanlega för Eiðs frá félaginu á opinberri heimasíðu sinni og sést ljóslega að flestir stuðningsmannanna vilja með engu móti að hann verði seldur. „Einn af okkar hæfileikaríkustu leikmönnum" og „leikmaður sem á sér engan líkan í Evrópu. Það yrði ómögulegt að leysa hann af," eru dæmi um þau ummæli sem sögð eru um Eið á spjallinu.

**vignir@frettabladid.is**



**BARÁTTA** Hún dugði Chelsea ekki til sigurs gegn Blackburn. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Enska úrvalsdeildin í gær:

## Blackburn lagði Chelsea

**FÓTBOLTI** Blackburn tryggði sér 6. sætið í ensku úrvalsdeildinni í gær með fræknum sigri á Chelsea. Eiður Smári Guðjohnsen spilaði allan leikinn fyrir Englandsmeistarana.

Craig Bellamy fékk besta færi Blackburn en skot hans fór í þverslána, David Bentley náði frákastinu en skallaði boltann fram hjá markinu úr dauðafæri. Eiður Smári fékk besta færi Chelsea þegar hann skaut boltanum í stöng eftir fyrirgjöf en inn vildi boltinn ekki.

Steven Reid skoraði eina mark leiksins með skalla eftir aukaspyrnu og allt ætlaði um koll að keyra á Ewood Park, enda rík ástæða til. Það er ekki alltaf sem Chelsea er lagt af velli. **- hþh**

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Deildabikar kvenna:*

| | |
|---|---|
| ÍBV-VALUR | 21-24 |

**Mörk ÍBV:** Renata Horvadt 5, Ingibjörg Jónsdóttir 4, Pavla Plaminkova 4, Simona Vintila 4.

**Mörk Vals:** Ágústa Edda Björnsdóttir 8, Alla Georgijsdóttir 7, Sigurlaug Rúnarsdóttir 4.

*Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| BLACKBURN-CHELSEA | 1-0 |

1-0 Steven Reid (43.).

*Þýski handboltinn:*

| | |
|---|---|
| GÖPPINGEN-KRONAU/ÖST. | 29-28 |

Jaliesky Garcia Padron skoraði tvö mörk fyrir Göppingen.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

30 1 2 **3** 4 5 6

**Miðvikudagur**

### LEIKIR

- 19.30 **Fram** og **Fylkir** mætast í deildarbikar karla í handbolta í Framhúsinu.
- 19.30 **Haukar** og **Valur** mætast í deildarbikar karla í handbolta á Ásvöllum.
- 20.00 **FH** og **Keflavík** mætast í úrslitaleik deildabikars karla í knattspyrnu á Stjörnuvelli í Garðabæ.

### SJÓNVARP

- 18.40 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Manchester City** og **Arsenal.** *Sunderland-Fulham sýndur á hliðarrás.*
- 18.40 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Celta Vigo** og **Barcelona.**

Valur bar sigurorð af ÍBV í fyrsta leiknum í úrslitum deildabikars kvenna í gær:

# Ótrúlegur viðsnúningur Vals

**HANDBOLTI** Fyrri hálfleikur var lengst af jafn og spennandi. Valsstúlkur byrjuðu betur og skoruðu tvö fyrstu mörkin en ÍBV svaraði strax og komst í 3-2. Jafnræði var með liðunum þar til undir lok hálfleiksins þegar Eyjastúlkur áttu góðan kafla, skoruðu fjögur mörk í röð og lögðu grunninn að 13-10 forystu í hálfleik. Renata Horvadt lék virkilega vel og skoraði fimm mörk í fyrri hálfleiknum í jafn mörgum skotum.

Íslandsmeistararnir í ÍBV komu gríðarlega grimmar til leiks í síðari hálfleik en Valsstúlkur sváfu aftur á móti rækilega á verðinum. Þær skoruðu fyrstu þrjú mörkin og Valsstúlkur gátu ekkert gert gegn leiftursóknum ÍBV, með Florentinu Grecu í sérflokki í markinu.

Valsstúlkur skiptu síðan um ham og áttu frábæran sprett sem skilaði þeim í stöðuna 18-17. ÍBV komst aftur þremur mörkum yfir og var spennan mikil.



**ÁGÚSTA EDDA** Átti frábæran leik fyrir Valsstúlkur í gærkvöldi og skoraði átta mörk. Hún var einkum drjúg á lokasprettinum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Frá því að vera 16-10 undir náðu Valsstúlkur að jafna leikinn í 20-20, með mikilli baráttu í bland við klaufaskap Eyjastúlkna sem glutruðu forskoti sínu á ótrúlegan hátt.

Berglind Íris Hansdóttir hreinlega lokaði Valsmarkinu á lokasprettinum og var, eins og svo oft áður, vítamínssprautan sem tryggði Valsstúlkum sigurinn en lokatölur í Eyjum voru 24-21, Valsstúlkum í vil. Svo sannarlega frækinn sigur hjá þeim á erfiðum útivelli í Vestmannaeyjum.

Þær eru því komnar með forystu í úrslitaeinvíginu um deildabikar kvenna en næsti leikur liðanna fer fram annað kvöld í Laugardalshöll klukkan 19.30. Ljóst er að verkefni ÍBV verður erfitt en sigur Valsstúlkna gefur þeim góð fyrirheit fyrir næsta leik á heimavelli sínum. Tvo sigurleiki þarf til að tryggja sér deildabikarinn og því gæti bikar farið á loft í Höllinni annað kvöld. **- hþh**

## 8. SÆTI | VÍKINGUR

FRÉTTABLAÐIÐ SÝN besta sætið

LANDSBANKADEILDIN 2006

**LEIKMANNAHÓPURINN**

**MARKMENN**
Ingvar Þór Kale
Orri Einarsson

**VARNARMENN**
Höskuldur Eiríksson (fyrirliði)
Andri Tómas Gunnarsson
Valur Úlfarsson
Milos Glogovac
Grétar Sigfinnur Sigurðsson
Carl Dickinson
Björgvin Vilhjálmsson

**MIÐJUMENN**
Haukur Úlfarsson
Jón Guðbrandsson
Hörður Bjarnason
Viktor Bjarki Arnarsson
Jökull Elísabetarson
Arnar Jón Sigurgeirsson
Ágúst Örlygur Magnússon
Þorvaldur Sveinn Sveinsson

**SÓKNARMENN**
Daníel Hjaltason
Davíð Þór Rúnarsson
Elmar Dan Sigþórsson

**KOMNIR:** Ágúst Örlaugur Magnússon (frá ÍA), Jökull I Elísabetarson (frá KR), Arnar Jón Sigurgeirsson (frá KR), Carl Dickinson (frá Stoke), Keith Thomas (frá Stoke).
**FARNIR:** Andri Steinn Birgisson (í Grindavík), Stefán Örn Arnarson (í Keflavík).

**ÞJÁLFARINN**

### Magnús Gylfason

Tók við liði Víkings í haust eftir skamma dvöl hjá KR í Landsbankadeildinni síðasta sumar. Hafði þar áður þjálfað ÍBV í tvö ár við afar góðan orðstír en árið 2004 höfnuðu Eyjamenn í 2. sæti deildarinnar undir stjórn Magnúsar. Afar reyndur þjálfari, með mikla reynslu úr yngri landsliðum Íslands og því vanur að vinna með ungum leikmönnum.

# Erum reynslunni ríkari

**Fréttablaðið og Sýn spáir nýliðum Víkinga 8. sæti Landsbankadeildarinnar í ár. Grétar Sigfinnur Sigurðsson segir leikmenn liðsins ætla sér mun meira en það.**

**LANDSBANKADEILDIN** „Ég get sagt að það komi okkur á óvart að þið spáið okkur 8. sæti en við ætlum okkur miklu meira. Markmiðið er að blanda sér í toppbaráttunna, við erum ekkert í þessu til að standa í einhverjum fallslag.

Við erum með mjög gott lið og svo geta erlendu leikmennirnir gert gæfumuninn,“ segir Grétar en tveir leikmenn Stoke munu spila með Víkingi í sumar og er annar þeirra, Carl Dickinson, búinn að spila mikið með liðinu í lokaumferðum 1. deildarinnar í Englandi. „Ég bind miklar vonir við að hann bindi saman miðjuna. Það er helst þar sem við höfum verið í basli,“ segir Grétar.

Víkingarnir höfnuðu í 2. sæti 1. deildarinnar í fyrra þar sem helsti styrkur liðsins var gríðarlega öflugur varnarleikur. Grétar segir að liðið muni áfram byggja leik sinn á sterkri vörn. „Það er okkar helsti styrkur og verður aðalsmerki Víkings í sumar,“ segir hann.

Grétar var hluti af kornungu liði Víkings sem féll úr Landsbankadeildinni fyrir tveimur árum síðan, þar sem helst var um að kenna slæmri byrjun á mótinu. Grétar segir að lið Víkings í dag sé mun betur í stakk búið til að spila í efstu deild. „Við erum reynslunni ríkari. Fyrir tveimur árum migum við næstum því í okkur í fyrsta leiknum vegna spennu. Nú er þetta öðruvísi – við erum virkilega tilbúnir og það er allt annað hugarfar hjá okkur.



**ÁFRAM VÍKINGUR!** Stuðningsmenn Víkings gera sér vonir um góðan árangur sinna manna í Landsbankadeildinni í sumar.

**LYKILMAÐURINN**

### Höskuldur Eiríksson



Leiðtogi og fyrirliði þessa unga Víkingsliðs og sá sem lemur samherja sína áfram með baráttu og eljusemi. Spilaði frábærlega í vörn liðsins í fyrra, í óhefðbundinni stöðu sem miðvörður, og þarf að vera í sama formi í ár til að Víkingar fái ekki á sig of mörg mörk. Gríðarlega öflugur varnarmaður sem hefur sýnt miklar framfarir ár eftir ár.

**FYLGSTU MEÐ....**

### Grétari S. Sigurðssyni

Langaði engan veginn að spila fyrir félagið í allan vetur en átti að lokum ekki annarra kosta völ en að vera áfram. Fróðlegt verður að sjá hvernig hann stendur sig fyrir félagið sem þvingaði hann til að virða samning sinn við það.

**Sóknin:**
Veiki hlekkurinn í liði Víkings. Davíð Þór Rúnarssyni er ætlað að skora mörkin en Keith Thomas frá Stoke er stórt spurningamerki. Ef þeir ná sér ekki á strik er illt í efni.

**Vörnin:**
Sterkasti hlekkur Víkingsliðsins þar sem valinn maður er í hverju rúmi. Endurkoma Grétars Sigfinns Sigurðssonar styrkir liðið gríðarlega.




*Líklegt byrjunarlið 4-4-1-1*

**Miðjan:**
Viktor Bjarki Arnarsson verður máttarstólpinn á miðju liðsins en annars vantar nokkuð upp á breiddina þar. Carl Dickinson þarf nauðsynlega að standa undir væntingum.

**Markið:**
Ingvar fékk aðeins á sig níu mörk í átján leikjum í 1. deildinni í fyrra. 23 ára gamall og hefur rifið sig upp úr þeim stimpli að vera efnilegur í það að vera góður. Á það þó til að gera klaufaleg mistök.

**Bekkurinn:**
Víkingar eru með mikið af ungum og efnilegum leikmönnum sem skortir tilfinnanlega reynslu. Vörnin er vel mönnuð en framherjalínan er af skornum skammti.

Trajet
Kr. 25.790 á mánuði*
- Sæti fyrir 7 fullorðna
- ABS bremsur
- 3 punkta öryggisbelti fyrir öll sæti
- Snúningsstólar að framanverðu
- Fáanlegur með díselvél

FIFA World Cup Germany 2006 HYUNDAI Official Partner

Með bílinn handa þér

Þægindin eru til að njóta þeirra



STÓRI HM LEIKURINN
Félag íslenskra fótboltaáhugmanna www.soccer.is
Langar þig að upplifa stærsta íþróttaviðburð í heimi?
Þú kemst í pottinn með því að reynsluaka Hyundai hjá B&L, borða á McDonalds eða fara inn á Icelandair.is
- 4 VIP miðar á úrslitaleikinn í HM 9.júlí
- 2 miðar á leik í undanúrslitum
- 2 miðar á leik í 16-liða úrslitum
- 2 miðar á leik Brasilíu og Króatíu í F-riðli
- 10 helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
- 400 máltíðir frá McDonalds
- 500 Hyundai HM-leðurboltar
HYUNDAI i'm lovin' it RÁS 2

* Bílasamningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Umoðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Mr. Kowalski is too busy making a pig of himself... Your face and your fingers are disgustingly greasy.“**

**Svar:**
Stella úr A Streetcar Named Desire frá 1951

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON KANN VEL VIÐ MORGUNVAKTINA**

## *RÚV stelur senunni af NFS*

Ljósvakamiðlar eru ákaflega vandmeðfarið fyrirbæri. Sjónvarp og útvarp eru vinsælasta afþreyingarefni nútímamannsins og vegna síaukinnar tækni gerir sá hinn sami mun meiri kröfur. Dagskrárgerð, fólkið fyrir framan myndavélarnar og efnistökin hafa gríðarlegt vægi í lífi ljósvakamannsins sem dag hvern þarf að höfða til þeirra sem á hann hlusta eða horfa. Sá sem ekki nær sambandi við áhorfendur getur orðið fyrir þeim skelfilegum örlögum að skipt er um rás.

NFS-sjónvarpsstöðin færir landsmönnum fréttir allan daginn en því miður hefur hún ekki náð að fanga athygli mína. Þrátt fyrir augljóst notagildi sjónvarpsstöðvar af þessu tagi er líkt og einhver eingyðistrú sé í hávegum höfð. „Leikmyndin“, ef svo mætti kalla, er ákaflega einhæf og það er sama hvort Silfur Egils, Ísland í dag eða Ingvi Hrafn eru í loftinu, alltaf blasa við sjónvarpsáhorfendanum þessir mónótónísku litir. Fólkið sem birtist á skjánum fellur í sömu gryfju og bakgrunnurinn: Allir eru eins.



**EIRÍKUR GUÐMUNDSSON** Einn stjórnandi Víðsjár á Rás 1 en þættirnir hafa notið mikilla vinsælda meðal þeirra sem vilja fræðast um menningu af öllum stærðum og gerðum.

Ég tel mig ákaflega heppinn að hafa netið á mínum snærum. Sökum áralangrar baráttu við hinn galandi hana og öskrandi síma, sem reynt hafa að vekja mig á morgnana, missi ég yfileitt af morgunþáttunum. Netið nýti ég mér því óspart þegar lúnir leggir eru lagðir til hvílu og hlusta á endurtekið efni frá því fyrr um daginn.

Morgunvakt Rásar 1 er þar í miklu uppáhaldi auk Víðsjár en báðir þættirnir eiga það sameiginlegt að vera í hljóðvarpi allra landsmanna. Þættirnir þurfa ekki æsta fréttamenn sem vonast til að allt fari fjandans til heldur er tekið á málefnum líðandi stundar af mikilli festu. Þetta eru þættir sem stjórnendur NFS mættu horfa til bæði í efnistökum og framsetningu.



▶ 20.30 *Tíska*

TÍSKUÞRAUTIR



▶ 21.35 *Drama*

MEDIUM



▶ 19.30 *Gaman*

MY NAME IS EARL



▶ 21.00 *Veruleiki*

AMERICA'S NEXT TOP MODEL



▶ 19.40 *Umræða*

MIKLABRAUT

### SJÓNVARPIÐ

**16.00** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (2:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (45:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (31:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (53:65)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.30 Tískuþrautir (10:12)** (Project Runway) Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli.
**21.15 Svona er lífið (10:13)** (Life As We Know It) Bandarísk þáttaröð um þrjá vini á unglingsaldri.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Ístölt í Laugardal 2006** Þáttur um hefðbundna ístöltskeppni í skautahöllinni í Laugardal, sem haldin var 1. apríl sl. Mót þetta er hið fyrsta sinnar tegundar hér á landi, og er nú haldið í níunda sinn.
**22.50 Formúlukvöld**

**23.10** Vesturálman (1:22) **23.55** Kastljós **0.55** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** George Lopez **13.55** Whose Line Is it Anyway? **14.20** Amazing Race **15.10** The Apprentice **16.00** Sabrina **16.25** BeyBlade **16.45** Könnuðurinn Dóra **17.10** Pingu **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir**
**20.05 Veggfóður (14:18)** Lífstíls- og hönnunarþátturinn Veggfóður hefur þátturinn fengið rækilega andlitslyftingu – er bæði breyttur og bættur.
**20.50 Oprah (56:145)**
▶ **21.35 Medium (7:22)** (Miðillinn) Dáleiðandi bandarískur spennuþáttur með yfirnáttúrulegu ívafi. Patricia Arquette fékk á dögunum Golden Globe-tilnefningu fyrir túlkun sína á Alison Dubois.
**22.20 Strong Medicine (6:22)** (Samkvæmt læknisráði 5)

**23.05** Grey's Anatomy **23.50** Stelpurnar **0.15** Cold Case (B. börnum) **1.00** Ganga stjörnurnar aftur? **1.45** Sometimes They Come Back For More (Str. b. börnum) **3.10** Darkness Falls (Str. b. börnum) **4.35** The Simpsons **5.00** Fréttir og Ísland í dag **6.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.25 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
▶ **19.30 My Name is Earl (e)** Fylgstu með þáttunum sem allir eru að tala um.
**20.00 Friends (21:24)** (Vinir 8) Monica skráir sig á matreiðslunámskeið eftir að hún fær harða gagnrýni hjá matargagnrýnanda á sama tima og Chandler fær vafasaman tilsögn frá Phoebe vegna mikilvægs atvinnuviðtals.
**20.30 Sirkus RVK**
**20.55 Þrándur bloggar** Fyrsta videobloggstjarna Íslands
**22.15 Woman on Top** ( Konan ofan á) Rómantísk gamanmynd. Aðalhlutverk: Penélope Cruz. 2000.

**23.45** „bak við böndin“ **0.15** Þrándur bloggar **0.20** Friends (21:24) (e) **0.45** Sirkus RVK (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**16.05** Innlit / útlit (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier – 1. þáttaröð**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.35 The Drew Carey Show (e)** Stórundarlegir þættir.
**20.00 Homes with Style** Í þættinum eru skoðuð falleg heimili jafnt utan sem innan.
**20.30 Fyrstu skrefin** Umsjónarmaður þáttarins er Guðrún Gunnarsdóttir söngkona.
▶ **21.00 America's Next Top Model V** Nú er komið að fimmtu þáttaröðinni og er óhætt að búast við jafn mikilli spennu og áður, ef ekki meiri.
**22.00 Leiðin að titlinum**
**22.30 The L Word** Fylgst er með hópi lesbía í Los Angeles, ástum þeirra og sorgum, sigrum og ósigrum.

**23.15** Sex and the City – 6. þáttaröð **23.45** Jay Leno **0.30** Close to Home (e) **1.15** Frasier – 1. þáttaröð (e) **1.40** Fasteignasjónvarpið (e) **1.50** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá.

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttir/Veður/Leiðarar dagblaðanna/Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** Fimmfréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

▶ **19.40 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.
**20.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimfréttirnar.
**21.00 Fréttir**
**21.10 This World 2006** (At the Epicentre)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Just For Kicks **8.00** Dirty Dancing: Havana Nights **10.00** Jackass: The Movie (Stranglega bönnuð börnum) **12.00** Í takt við tímann **14.00** Just For Kicks **16.00** Dirty Dancing: Havana Nights **18.00** Jackass: The Movie (Str. b. börnum) **20.00 Í takt við tímann** **22.00 The Whole Ten Yards** (Vafasamur nágranni 2) Stórskemmtileg glæpagrínmynd. Bönnuð börnum. **0.00** People I Know (B. börnum) **2.00** Nine Lives (Str. b. börnum) **4.00** The Whole Ten Yards (B. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** Pop Stars Gone Bad **17.30** 10 Ways **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.30** Supermodels Gone Bad **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Good Girls Gone Bad **22.30** Big Hair Gone Bad **23.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **0.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Birmingham – Newcastle frá 29.04 **16.00** Blackburn – Chelsea frá 29.04 **17.50** Að leikslokum (e)

**18.50 Bolton – Middlesbrough (b)**
**21.00 Chelsea – Man. Utd. frá 29.04**

**23.00** Sunderland – Arsenal frá 01.05 **1.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Veggfóður **Stöð 2** kl. 20.05

### *Skilrúm og unglingaherbergi*



Í Veggfóðri í kvöld ætla Sess-elja og Gulla meðal annars að sýna áhorfendum einfalda og sniðuga hugmynd að skilrúmi sem allir ættu að geta útbúið. Einnig verður kíkt á litríkt og frumlegt unglingaherbergi á Kárastíg. Sýndar verða ótrúlegar breytingar á húsnæði og skoðuð verða bresk áhrif á endurgerð á gömlu húsi á Suðurgötunni. Þetta og margt fleira í Veggfóðri í kvöld og því ætti fólk á öllum aldri að geta uppgötvað skemmtilegar lausnir og hugmyndir í þættinum í kvöld.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 4 | | 1 | | | | 9 | 7 |
| | | | | 8 | | | 3 | 1 |
| | | | | | 5 | | 2 | |
| | | | 7 | | | | | |
| | | 1 | | 9 | | 8 | | |
| | | | | | 6 | | | |
| | 9 | | 6 | | | | | |
| 7 | 3 | | | 1 | | | | |
| 5 | 1 | | | | 2 | | 6 | 3 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 7 | 4 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 |
| 5 | 3 | 9 | 7 | 4 | 1 | 6 | 2 | 8 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 5 | 8 | 3 | 4 | 7 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 7 | 6 | 8 | 5 | 3 |
| 7 | 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 9 |
| 4 | 6 | 5 | 8 | 9 | 3 | 2 | 7 | 1 |
| 9 | 4 | 8 | 6 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 9 | 1 | 6 |
| 6 | 1 | 2 | 5 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 |



▶ **20.55**

*Veruleiki*

SÆNSKU NÖRDARNIR

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Spænsku mörkin** Síðustu umferð í spænska boltanum gerð ítarleg skil.

**18.55 Spænski boltinn** (Spænski boltinn 05/06)

▶ **20.55 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið? Þeir eru þjálfaðir af topp þjálfara í þrjá mánuði og að lokum mæta þeir besta liði Svíþjóðar. Nördarnir er nýtt raunveruleikasjónvarp þar sem fylgst er með liðinu frá fyrstu æfingu.

**21.45 Hápunktar í PGA mótaröðinni** Farið yfir það helsta sem gerðist í PGA mótaröðinni um síðustu helgi.

**22.40 Spænski boltinn**

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Orð skulu standa **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.10** Frumkvöðlar eða fígúrur

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið /** Enginn viðbjóður





Nú er tími vorverkanna.

Fyrstu skrefin að sælureit fjölskyldunnar liggja í Fornalund. Landslagsarkitekt okkar aðstoðar þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Hringdu í 585 5050 og fáðu tíma í ráðgjöf.
Það kostar ekki neitt.

BM•VALLÁ

Söludeildir BM•Vallá: Í Fornalundi 110 Reykjavík Sími: 585 5050 • Suðurhrauni 6 210 Garðabæ Sími: 585 5080
V/Súluveg 600 Akureyri Sími: 460 2200 • Ægisgötu 6 730 Reyðarfirði Sími: 477 2050 • Höfðaseli 4 300 Akranes Sími: 433 5600



## HRÓSIÐ

*...fær Ingvi Hrafn Jónsson en þáttur hans Hrafnaþing verður fluttur yfir á besta útsendingartíma og mun nú verða klukkan hálfátta á kvöldin, strax á eftir fréttum og Íslandi í dag.*



**LÁRÉTT 2** stórt spendýr **6** í röð **8** spíra **9** vandlega **11** skóli **12** teygjudýr **14** helgimyndir **16** utan **17** runa **18** hafði sæti **20** klukkan **21** þriggja manna hljómsveit.

**LÓÐRÉTT 1** hvetja **3** hætta **4** dagatöl **5** draup **7** námskeið **10** rúm ábreiða **13** al **15** tigna **16** kærleikur **19** golf áhald.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** hval, **6** rs, **8** ála, **9** vel, **11** mk, **12** amaba, **14** íkona, **16** án, **17** röð, **18** sat, **20** kl, **21** tríó. **LÓÐRÉTT: 1** örva, **3** vá, **4** almanök, **5** lak, **7** seminar, **10** lak, **13** bor, **15** aðla, **16** ást, **19** tí.

## VEISTU SVARIÐ

1. Guantanamo á Kúbu
2. Kasmír
3. Gunnar Þór Gíslason

allt
ný vöru- & þjónustuskrá á visir.is
vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

## ÞRÍR SPURÐIR LANDSMENN FENGU SENDA ÞÚSUND KRÓNA ÁVÍSUN TIL BÓKAKAUPA

# *Nýttirðu Þjóðargjöfina til bókakaupa?*



**Beint í ruslið**
Þjóðargjöfin fór beint í ruslið hjá mér. Það berst svo mikill ruslpóstur inn um lúguna hjá mér að ég hendi öllum svona blöðungum. Annars keypti ég nokkrar bækur um daginn og hefði nú getað notað gjöfina þá. Ég kaupi líka töluvert af bókum. Konan er alltaf að skammast í mér fyrir að koma með svona mikið af ritum heim.

**EGILL HELGASON**
sjónvarpsmaður



**Á fullt af ólesnum bókum**
Ég ákvað að nýta mér ekki þessa ávísun þar sem ég á heilmargar ólesnar bækur í hillum mínum. Ég vona að ég verði bara búin með þær allar á næsta ári og geti nýtt mér þetta tilboð þá, því mér finnst þetta fínt átak.

**HELGA VALA HELGADÓTTIR**
laganemi



**Góður aflvaki**
Ég nýtti Þjóðargjöfina til að kaupa fimm binda þjóðsagnasafn. Mig hafði lengi langað til að eignast þetta og þótt hafi svo sem ekki strandað á einum þúsundkalli þá var þessi ávísun vissulega aflvaki. Ég er byrjaður að lesa og er hæstánægður með þessi kaup.

**ÁRMANN JAKOBSSON**
íslenskufræðingur

## KAPPAKSTURINN GUMBALL 3000: ICELANDAIR TEKUR ÞÁTT

# Stjörnur í íslenskri þotu

Gumball 3000, sem er kappakstur ríka og fræga fólksins sem nær yfir þrjár heimsálfur, hófst í áttunda sinn á sunnudag.

Byrjunarreitur var London og á meðal þeirra sem þar voru í startholunum voru fjórir Íslendingar: þeir Hannes Smárason, forstjóri FL Group, sem ekur á Porsche, Ragnar Agnarsson á BMW M5 og Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, og félagi hans Guðmundur Ingi Hjartarson sem keppa á Bentley. Meðal þeirra sem horfðu á eftir köppunum ræsa bílana sína var Íslandsvinurinn Jose Mourinho en hann þjálfar lið Chelsea sem Eiður Smári Guðjohnsen leikur með.

Icelandair tekur þátt í kapphlaupinu á sinn hátt því fyrir utan þátttöku Hannesar Smárasonar mun fyrirtækið leigja aðstandendum keppninnar eitt stykki Boeing-þotu fram yfir sjöunda maí, sem er næstsíðasti dagur keppninnar.

„Við tökum þátt í styrktarmálefnum hjá fjölda fyrirtækja úti um allan heim og þetta var eitt af þeim sem kom upp á yfirborðið og okkur leist vel á,“ segir Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair. „Aðstandendur þessarar keppni föluðust eftir flugvél til leigu og við erum að flytja í henni mannskap á milli staða,“ segir Guðjón og á þar við keppendur og starfsfólk Cannonball 3000. Á meðal þeirra sem munu því setjast inn í Flugleiðavélina meðan á keppninni stendur eru fræg nöfn á borð við Pamela Anderson, Viggo Mortensen, Adrien Brody, Paris Hilton og klámmyndaleikarinn þekkti Ron Jeremy, sem kom hingað til Íslands fyrir ekki svo löngu síðan.



**HEFNER Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP** Þátttakendur í keppninni Gumball 300 kíkja í partí á Playboy-setur Hughs Hefners næstkomandi sunnudagskvöld. Fjórir Íslendingar verða væntanlega þar á meðal. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Orðrómur hafði verið uppi um að Icelandair sæi einnig um að flytja glæsikerrur keppendanna á milli staða en hann virðist ekki eiga við rök að styðjast.

Keppendurnir, sem eru 240 talsins, þar af tveir í hverjum bíl, gera ýmislegt sér til skemmtunar meðan á ferðinni stendur. Í fyrrakvöld voru þeir viðstaddir tónleika í Búdapest með ensku hljómsveitinni The Prodigy og á föstudag fara þeir á frumsýningu hasarmyndarinnar Mission: Impossible 3 í Salt Lake City í Utah. Kvöldið eftir hlýða keppendurnir síðan á tónleika Snoop Dogg í Las Vegas og á lokadeginum mun sjálfur Hugh Hefner efna til veislu fyrir þreytta ferðalanga á hinu fræga Playboy-setri sínu í Los Angeles.

Gumball 3000 er nútímaútfærsla á kvikmyndinni vinsælu Canonball Run frá árinu 1981 þar sem Burt Reynolds var í aðalhlutverki. Kappaksturinn er ekki viðurkennd keppni, þannig að keppendur geta auðveldlega komist í kast við lögin virði þeir ekki hraðatakmarkanir á leið sinni. Þegar hafa fjölmargir keppendur verið stöðvaðir á leiðinni. Keppendurnir ættu þó að eiga fyrir sektarmiðunum því þátttökugjaldið er hvorki meira né minna en fimm og hálf milljón króna.

Hægt er að fylgjast með framvindu mála í kappakstrinum á slóðinni live.gumball3000.com.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Íslendingar halda áfram að gera það gott á Cannes-hátíðinni en eins og greint var frá fyrir skömmu var kvikmyndaframleiðandanum Ingvari Þórðarsyni boðið að kynna verk sín sem ein af vonarstjörnum í evrópskri kvikmyndagerð. Ingvar og félagi hans hjá Kvikmyndafélagi Íslands, **Júlíus Kemp**, kom einnig við sögu í kvikmyndinni Den Brysomme Mannen eða Uppáþrengjandi náunginn sem valin var til þátttöku á Critics Week á Cannes. Myndin er í leikstjórn hins norska Jens Lien en þeir Júlíus og Ingvar eru meðframleiðendur myndarinnar. Den brysomme mannen fjallar um fertugan mann sem kemur til undarlegrar borgar án þess að muna hvernig hann komst þangað. Myndin verður væntanleg sýnd hér í haust.

**Eiríkur Jónsson**, sem án efa er einn þekktasti blaðamaður landsins, hefur látið af störfum á DV í kjölfar þess að blaðinu var breytt úr dagblaði í vikublað. Eiríkur lét af störfum að eigin ósk en hann hefur verið viðloðandi DV lengur en flestir aðrir sem þar hafa stungið niður penna auk þess sem hann hefur ætíð sett sterkan svip á blaðið með stíl sínum og löngu fréttanefi. Auk blaðamennskunnar hefur Eiríkur tekið eftirminnilegar rispur bæði í útvarpi og sjónvarpi og ólíklegt þykir að brotthvarf þessa reynslubolta frá DV verði til þess að hann hverfi alfarið úr fjölmiðlum enda stýrir hann enn þættinum Helgin sem sendur er út á sjónvarpsstöðinni NFS á laugardögum.



**Hilmar Björnsson** og félagar hjá sjónvarpsstöðinni Sýn eru himinlifandi með þau viðbrögð sem nördar þessa lands hafa sýnt nýjustu raunveruleikaþáttaröðinni FC Nörd. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu yfir 150 manns skráð sig í liðið en sextán einstaklingar verða valdir úr þeim hópi til að skipa knattspyrnuliðið. Leitinni er þó hvergi nærri lokið og geta áhugasamir skráð sig á heimasíðu sjónvarpsstöðvarinnar, syn.is. Verður forvitnilegt að sjá hvort frímerkjasafnarar og stærðfræðiséní Íslands slái við vinsældum Ástarfleysins og Piparsveinsins sem báðir fengu hálfgerðan skell.



- fgg / þþ




# *Yrkir um pönnukökur og tröll*

Hilmir Hrafn Hilmarsson er níu ára gamall Hafnfirðingur sem hefur afar gaman af því að búa til ljóð og heldur hann úti eigin heimasíðu þar sem verk hans eru birt. „Ég hef samið ljóð um tennur, tröll, pönnukökur og sett saman bullvísur,“ segir Hilmir Hrafn og bætir við að fáir jafnaldrar hans deili þessari ljóðagleði hans. „Þetta er mitt áhugamál enda er ég góður í þessu,“ segir Hilmir Hrafn kokhraustur. Hann er ófeiminn við að sýna öðrum skrif sín, ljóð eftir hann hefur birst í Fjarðarpóstinum og heimasíðuna sína kallar hann Skáldið yrkir en þar gefur á að líta ljóð um allt milli himins og jarðar. Hilmir Hrafn semur mest af stuttum ljóðum en hann vill reyndar helst hafa þau sem lengst, því hann er ánægðastur með þau. „Besta ljóðið sem ég hef ort er um tröll og er 22 línur,“ segir Hilmir Hrafn sem var orðinn fluglæs fimm ára gamall og hefur mjög gott á vald á íslensk-



**HILMIR HRAFN HILMARSSON LJÓÐSKÁLD**

unni en hann yrkir reyndar líka á ensku. Auk þess að eyða frítíma sínum í ljóðagerð er Hilmar Hrafn í skátunum en hann er nemandi í 4. bekk í Víðisstaðaskóla. Spurður að því hvort hann ætli að verða skáld þegar hann verður stór vill hann engu lofa enda segist hann ekki vilja segja eitthvað sem hann standi svo kannski ekki við það. Fréttablaðið birtir hér eitt ljóð eftir þetta upprennandi skáld en þeir sem vilja lesa meira geta kíkt á heimasíðuna hilmirhrafn.blogspot.com.

-snæ

**Svínið**

Ég borða allt
og mér er stundum kalt
Ég velti mér í drullu
en ég vinn aldrei á fullu
því ég er svínið
meðan fólkið drekkur vínið
þau nota mig sem steik
þau hafa þetta sem leik

En villisvínin spjara sig
með skögultennur þau stinga þig
þau lifa inni í skógi í engi
og lifa þar mjög lengi
Hvað lifa þau lengi? Ekki veit ég það
og örugglega ekki þau
en við kveðjum þau nú!

Við komum aftur fljótt
Og vonandi mjög skjótt
Bless bless litla svín
Við söknum þín.




HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

# 4x4xInnkaupakerra




Fullbúinn CR-V með lipurð og rými fyrir þig, þína
og allt sem fylgir á Honda góðu verði.

honda.is

Fjölbreytilegt innanrýmið, sem þú getur stillt á fjölda vegu og fótviss fjórhjóladrifsbúnaðurinn gera Honda CR-V að borgarjeppanum fyrir innkaupaferðirnar þínar - hvort sem þær eru í þröngum strætum miðbæjarins eða víðum vegum landsins. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þess sem tryggir öryggi og akstursseiginleika eins og best verður á kosið. **Tryggðu þér bestu kaupin í Honda CR-V borgarjeppa.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Flottar innréttingar

Hönnun - Ráðgjöf - Þjónusta



HEIMILID | HEILD

Síðumúla 35 · 108 Reykjavík · Sími 517 0200

www.heild.is




BAKÞANKAR

GERÐAR KRISTNÝJAR

## Atvinnuþátttaka kvenna

Á dögunum voru kynntar niðurstöður í könnun sem gerð var á atvinnuþátttöku kvenna í OECD-ríkjunum. Hér á landi mældist hún langmest eða 79,4 prósent. Norskar, danskar og sænskar konur fylgdu í kjölfarið en 72-73 prósent þeirra vinna úti. Forsætisráðherra minntist á þessa niðurstöðu í ræðu sem hann hélt á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins. Hann var stoltur af iðjusemi íslenskra kvenna og taldi atvinnuþátttöku þeirra mikilvæga skýringu á öllum hagvextinum. Líklega eru flestir Íslendingar álíka ánægðir með þennan dugnað. Við höfum tamið okkur að ganga prjónandi á milli bæja og það hlaut að koma að því að einhver langsokkurinn kæmi út úr þeim prjónaskap öllum.

**ÁÐUR** fyrr var algengt að foreldrar hefðu samviskubit yfir því að setja börnin sín á leikskóla svo þeir gætu unnið úti. Talað var með þjósti um að það væri til lítils að eignast börn ef fólk ætlaði síðan að láta aðra sjá um uppeldi þeirra. Slíkt heyrist varla lengur. Þess í stað breiðist nú út taumlaus gleði þegar fréttist af því að barn hafi komist að hjá dagmömmu eða inn á leikskóla.

**KÖNNUN** OECD sýnir líka að heimavinnandi konur verja ekki endilega meiri tíma með börnunum sínum en þær sem vinna úti. Þjóðverja urðu hvumsa þegar hún leiddi í ljós að þýskar konur vörðu aðeins 2,5 tímum með afkvæmum sínum þrátt fyrir frekar litla atvinnuþátttöku en það er svipaður tími og norrænar konur verja með sínum þrátt fyrir langan vinnudag. Hvað eru dömurnar þá að gera? spurði Spiegel og komst helst að þeirri niðurstöðu að þær væru að spila golf eða tennis, sætu á kaffihúsum eða skryppu í búðir. Með öðrum orðum þá eru þær að frílista sig.

**KANNSKI** gefur OECD-könnunin tilefni til að athuga hvort norræn börn séu svona miklu skemmtilegri en þau þýsku, að það geti verið ástæðan fyrir því að mæður þeirra sæki svona í þau. Það væri samt til lítils, enda segja kannanir ekki alla söguna. Fjölskylduspekúlantar fullyrða að ekki skipti máli hvað fólk verji miklum tíma með börnunum sínum, heldur hvernig sá tími sé notaður. Kannski horfa þessar skandinavísku þegjandi á sjónvarpið með ungunum í þessar 2,5 klukkustundir á meðan þær þýsku þræða perlur upp á band með börnunum sínum og fræða þau um gildi þess að gleðja aðra.





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**KIA Rio** er magnaður bíll og með aflmikilli 112 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 4,7 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Eins og alltaf fara hér saman gæði, afl og hagkvæmni. Rio er jafnframt búinn aksturstölvu, átta öryggisloftpúðum, ABS hemlalæsivörn og álfelgum. **KIA Rio dísil kostar 1.698.000 kr.**

**KIA er sá bílaframleiðandi** sem er í mestum vexti í heiminum í dag. Það er ekkert skrýtið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

*KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi*
*3 ára ábyrgð*

KIA MOTORS

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



FREMSTIR MEÐAL JAFNINGJA

Firestone



Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**Firestone F590**
er að öllum líkindum
**langódýrasta**
**ALVÖRU**
**fólksbíladekkið**
sem þér stendur til
boða í
sumar.

**BETRA GRIP**
**DEKKJAÞJÓNUSTA**
**LÁGMÚLA 9**
**SÍMI: 5-333-999**

**SUMARDEKKIN**

BRIDGESTONE

**Bridgestone D694**
eru frábær jeppa-
og pallbíladekk,
mjúk og gripmikil.
Flott dekk sem
vekja athygli.
Heilsársdekk.






UMFELGUN FRÁ KR. 4.900

VERÐDÆMI:
13" frá kr.: 4.590.-
14" frá kr.: 6.990.-
15" frá kr.: 7.990.-

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA